

# Þegar syndin deyr

Skáldsaga.



Hrafnkeli formanni á Fróða RE þykir gott af fá sér í pípu.



Höfundur. Konráð Rúnar Friðfinnsson.

2009.

Hrafnkell Ámundason er formaður á bát sínum Fróða Ben RE, sexæringi frá Reykjavík. Hrafnkell ásamt áhöfn rær út á Faxaflóa . Flóann þekkir hann eins og fingur sína.

Fólkið sem hann umgegnst mest trúir á Jesús Krist og hefur vanist því að leggja allt sitt í hans hendur í bæn.

Sagan fjallar um þennan formann og fólk sem honum eru næstir.

Brugðið er upp mynd af Reykjavík eins og hún blasti við mönnum um aldamótin 1900.

Kristin trú spilar stórt hlutverk í lífi sögupersónanna.

Sagan er skáldskapur.

Persónur styðjast ekki við raunverulegar fyrirmyndir.

Janúar 2009 .



# 1 kafli

## Október árið 1897.

Borgin sefur. Hvinurinn eykst í vindi sem fer vaxandi. Opin gluggi á jarðhæð hleypir vindinum inn og tekur út með sér neðri endann á gardínu sem flaksast til og eins veifar til þeirra sem hugsanlega voru á göngu í dimmri nóttinni. Vindurinn fer um svæðið og skellur á húsunum sem fyrir eru og nær annað veifið að mynda sín þekktu „hviss“ hljóð í rifum og raufum húsanna á ferð sinni yfir svæðið.

Flestir borgabúar verða hans ekki varir og sofa áfram á sitt græna eyra varðir undir þykkri og hlýrri sænginni á bak við vegg sem klæddir eru timbri með einangrun á milli sem viðgengst í hýbýlum manna. Og til eru menn sem starfs síns vegna þurfa að vera vakandi og á verðinum í þágu borgarana. Að ógleymdum mönnum og konum næturinnar sem að eigin vali nota dimmuna og rökkrið til að svolgra í sig krydduðum veigum og láta renna um æðarnar sem svo sljóvgar dómgreind fólksins.

Kirkjan í bænum með sínum háa turni og bjöllu er þögul. Þaðan berst hvorki bjölluómur né orgelleikur organistans.

Hrafn flógrar yfir turni kirkjunnar. Hann tekur stóran hring áður heldur en hann sést á krossinn sem stendur upp úr toppnum. Og þar lætur hrafnninn í sér heyra með sínu gamalkunna krunk, krunki.

### **Ólsen Larsen næturvörður**

Ólsen Larsen næturvörður stendur vaktina. Hann er á vanabundinni göngu um götur borgarinnar. Lögregluskjöldurinn sem honum bar að hafa á sér við störf var vel festur á yfirhöfnina. Einkennishúfan á höfði hans fer honum og vel.

Hann vætir vísingur sinn með munnvatni og strýkur honum létt yfir yfirvarskegg sitt. Fyrst yfir vinstri helminginn og svo þann hægri. Allt nákvæmt, formfast og með ákveðnu lagi. Verkið var svona kækur hjá Ólsen næturverði sem margir í borginni vissu um og sumir göntuðust með.

Ólsen næturvörður gekk eftir götunni meðfram sjónum. Stöðu næturvarðar hefur hann gegnt í um sjö ár. Að vaka á meðan flestir borginni sváfu var hans starf.

Hann er Danskur en giftist á yngri árum íslenskri stúlku og hefur síðan þá búið í Reykjavík ásamt konu sinni. Saman eiga þau þrjár dætur og einn son sem stundar sjóinn og rær frá borginni með virtum formanni. Kirkjusókn fjölskyldunnar er regluleg og Biblían bókin sem oftast er lesinn á heimili hans.

Ólsen er hávaxinn og sterkur og þykir skörulegur maður sem kann tókin á fólki og reynir eftir að framfylgja lögunum. Enda í hópi lögreglumanna borgarinnar.

Stundum þarf hann að hafa afskipti af mönnum og konum næturinnar sem sitja að sumbli fram eftir nóttu og gerast óviturt sökum ölvunar. Stundum kemur hann að mönnum sem fljúgast á og þarf þá að skakka leikinn og róa menn niður og jafnvel færa á stöðina til frekara spjalls.

### **Nonni Karls**

Síðastliðna nótt gómaði Ólsen þjóf sem brotið hafði glugga í einni versluninni í borginni og hafði á brott með sér forlátu ritvél sem stillt var upp í þessum glugga með verðmerkingu á sem hvorki verkamenn né sjómenn gátu eignast með neinum einföldum hætti. Á móti má segja að sú nótt hafi ekki verið happanótt þjófsins því að manngreyfið beinlínis hljóp í fanga Ólsen sem gekk fyrir hornið í átt að lögreglustöðinni í sama mund og maðurinn með ritvélinu í fanginu kom beint í flasið á honum úr gagnstæðri átt. Við þessa skyndilegu

fundi brá þjófnum svo að hann missti ránsfeng sinn í götuna. Brothljóð heyrðist og þjófurinn hljóp sem fætur toguðu í hina áttina með Ólsen næturvörð á hælum sér hrópandi:

„ Stansið! Stansið í laganna nafni! Stansið maður minn!„

Eftir nokkurn eltingarleik náði hinn Danski Ólsen að hlaupa manninn uppi og grípa þéttingsfast í öxl hans. Maðurinn reyndist vera Nonni Karls sem var kannski ekki beint góðkunningi lögreglunar en hafði áður verið uppvis að hnupli úr búðarglugga að næturlagi og lent af þeim orsökum í kast við lögin og hlotið dóm og þurft að dúsa tímabundið á bak við lás og slá.

Með handjárn fyrir aftan bak gengu þeir svo saman niður á stöð þar sem járnin voru fjarlægð og Nonna stungið í svartholið til morguns er lögreglumaðurinn á vakt tók skírslu af honum. Og Nonni játaði brot sitt. Enda fátt til varnar.

Að öðru leiti hafði þessi nótt verið róleg og fátt frásagnarvert markverð gerst hjá Ólsen. Hinn aukni vindur var reyndar erfiður og kældi manninn sem eins og svo oft áður var fremur illa búinn undir yfirflíkinni og var hans eigið kæruleysi.

Mjósleginn hundur af erlendu kyni hljóp á móti honum og stoppaði annað veifið til að hnusa af einhverju sem vakti athygli hans og lyfta löpp og spræna utan í grjótt og staura. Hann stansaði hjá Ólsen og þefaði af fötum hans og flaðraði svo upp um manninn og gelti lágværu gleðigelti. Greinilega var að seppi kannaðist við Ólsen næturvörð.

Ólsen strauk honum um bakið og sagði:

„ Sæll minn gamli vinur. Enn einu sinni hefur þér tekist að stelast út. Ósköp ertu horaður greyið mitt. Ef ég þekkti ekki eigendur þína myndi ég halda að þú fengir ekki nægjanlega mikið að éta..„

Hundurinn galti og dillaði rófunni. Röddina þá arna þekkti seppi vel og kunni eins og áður að meta strokurnar eftir baki sínu frá veðurbarði hönd mannsins.

Ólsen gaf hundinum nokkrar mínútur í viðbót áður en hann hélt ferð sinni áfram. Rakkinn elti hann nokkra metra en þaut svo í burtu. Hundurinn var haldinn flökkueðli sem magnaðist upp á tíma náttúrunnar.

### **Hrafnkell Ámundason formaður**

Um hádegisbilið sama dag var Hrafnkell Ámundason á gangi niður fjöruna með hendur í vösum. Hann var formaður á bát sínum Fróða Ben ER. Bátur hans stóð rétt fyrir ofan fjöruborðið. Maðurinn var álútur og hokinn í herðum af margra ára erfiði til sjós. Aflinn sem hann og áhöfn hans bar að landi fór allur í salt.

Hrafnkell útgerðarmaður og formaður var ekki í neinu frábrugðin öðrum sjómönnum í borginni. Útgerð og sjósókn var aðalgreinin og hafði lengi verið stunduð í landinu og frá fyrsta degi þótt þrælupuð og engum heiglum hent að vinna slíkt starf hvort sem var í borginni sjálfri eða frá öðrum útróðrastöðum hringinn í kringum landið. Hafið krefst ákveðinnar virðingar manna sem nýta sér gjafmildina sem leynist undir yfirborði hins mikla lagar.

En núna var bræla sem gerði að verkum að bátur Hrafnkels var á þurru landi. Öruggara þótti að draga bátinn á þurrt til að aldan tæki hann ekki með sér út aftur ef hún skyndilega æstist og byrjaði að ygla sig.

Nóttina vildu þreyttir sjómenn fá að nota til hvíldar án þess að eiga á hættu að verða ræstir út fyrir tímann til að huga að bátnum sem slælega hafði verið gengið frá kvöldið áður. Að flýta sér um of þarna kom í versta falli í bak mannskapsins og því betra að gefa sér örlítið lengri tíma í verkið áður en haldið var heimleiðis.

Haustið hafði þegar knúið dýra á Íslandi og boðað komu vetrarins með skyndilegum og óvæntum veðrabreytingum. Það dansaði sinn stundum kalda og vindasama darraða dans á Íslandi og blóm, gras og annar gróður vallarins sofnaði sínum vetrarsvefni og lagðist á jörðina og skrælnaði.

Framundan voru stór tímamót með innreið nýrrar aldar. Ekki einvörðungu á Íslandi heldur út um allan heim.

Hrafnkell var klæddur þykkri margþæfðri lopapeysu með pípu í munninum og lopahúfu á höfði og ullarvettlinga á höndum með tvo þumalfingur á sem gerði að verkum að vettlingarnir nýttust betur og slitnuðu jafnt báðum megin. Þetta lengdi lífdaga flíkanna umtalsvert.

Allur þessi skjólgóði fatnaður var vel þéttar og þæfðar af seltu sjávar og mörgum þvottum frúarinnar í volgu grænsápuvatni á hrjúfu þvottabrettinu sem stóð upp á rönd ofan í þvottabalanum ýmist heima eða í Þvottalaugunum í Laugardal.

Í vinstra munnvikinu var hann með pípu og blés frá sér reyknun út um hægra munnvikið. Leikni sem næst með ástundun og ákveðni pípureykingafólks með sinn pípustert. Þétt og mikið skegg hans var orðið eilítið grátt og þakti stærsta hluta andlitsins og flaksaðist lítið eitt til í vindinum sem skall á honum með stuttum hléum.

Engin ástæða var fyrir formanninn að dvelja lengi við fley sitt. Hann aðgætti stoðirnar sem héldu Fróða Ben á réttum kili. Allt var í himnalagi og engin ástæða til að dvelja lengi á staðnum.

Á leiðinni heim tók hann ofan húfuna skoðaði hana sló henni svo fast og ítrekað við lærið áður en hann setti hana aftur á höfuð sitt. Er húfan hafði verið fjarlægð kom í ljós hárlaust svæði efst sem myndaði eins og hring. En þæfð og margþveginn húfan gerði sitt gagn og hélt hita þar sem hárið sat áður og sá að mestu um að gera. Strípað skinnið ofan á hárvana hvirfli mannsins var óvarið í sér sjálfu



og manningnum varð því stundum kalt á hausnum húfulausum á vetrum á fiskislóðinni eða á göngu eins og þessari.

Daginn áður hafði veðrið verið þokkalegt en birtan í vestri og skýin á himnum bentu sameiginlega til breytinga.

Og veðurglökkur formaðurinn hafði á réttu að standa. Er Hrafnkell sté fram úr rúminu um fimm leitið næsta morgunn og leit út um gluggann var hann brostinn á með stífri vestanátt. Engum báti var fært út á Flóann sökum veðursins.

Ólsen næturvörður gekk í sama mund framhjá húsi Hrafnkels og konu hans og sló handleggjunum nokkrum sinnum fast að sér til að fá eilítið meiri hita í kroppinn án þess að veita manningnum á bak við gluggann athygli.

„KarlGREYIÐ ætlar seint að læra að hægt er að mæta veðrinu með réttum klæðnaði „ – hugsaði Hrafnkell um leið og hann dró gardínurnar fyrir og klæddi sig í flíkurnar sem lágu samanbrotnar ofan á stólbaki í herbergi hjónanna. Konan hans bylti sér um í rúminu og hélt svo áfram að hrjóta.

Þar sem Hrafnkell var formaður og hafði mannaforráð var ekki um annað að ræða fyrir hann en að drífa sig í fötin, skella í sig ísköldu kaffi og fá sér rúgbrauðsneið með vænu makarín -lagi ofan á og arka niður eftir og tilkynna köllunum um að ekki yrði róíð í dag. Þar sem ekki yrði róíð varð skrinukosturinn eftir heima.

Um tíu mínútna labb var heiman frá honum að bátsstæðinu í fjöruborðinu.

Er Hrafnkell kom stóð áhöfnin algölluð og tilbúna að vippa sér um borð undireins og fleyið væri komið á flot.

Þetta var nýtt. Vanalega var hann fyrstur á staðinn. En þessa nótt hafði hann sofíð óvenju fast og því vaknaði í seinna lagi. En málið

var ekki alvarlegt og ekki komið framyfir tímann sem kvöldið áður var gefin upp sem brottfarartími.

### **Flosi Alfreðsson**

„ Hvað kemur til að formaðurinn er ekki mættur á undan fyrsta manni? „ – sagði hinn fimmtán ára gamli Flosi Alfreðsson háseti og um leið yngsti maður áhafnarinnar.

Hrafnkell hló og sagði:

„ Svona bara gerist Flosi minn. Hafðu samt engar áhyggjur. Kallinn mætir þegar á þarf að halda. Og vertu viss minn kæri vin að við róum til fiskjar ef veður heimilar og muni ég þetta rétt varst það þú sem komst síðastur í gær eftir harða hlaup heiman frá þér með stórar stírir í augunum. „

„ Það var vegna þess að pabbi gleymdi að ýta við mér eins og hann vanalega gerir. Og er ég var á leið niður eftir sá ég Olsen næturvörð hlaupa á eftir manni sem hann greinilega átti eitthvað vantalað við. Forvitnin greip mig og ég stoppaði til að fylgjast með hvernig næturverðinum gengi. „ – sagði Flosi sem sína löggiltu afsökun og rótaði upp sandinum fyrir neðan sig með stígvélatánni svolítið vandræðalegur.

„ Já, pabbi og Ólsen. Alltaf má skella skuldinni á einhvern annan. En þú komst og það er gott þegar syndin deyr. En nóg um það. „

### **Andrés Ólsen**

Flosi snéri sér að Andrési Ólsen og spurði:

„ Veistu þú hvers vegna Olsen var að elta manninn og hver hann er?

" Þetta var bara hann Nonni sem hafði víst misst grjót í glugga verslunarinnar sem selur ritföng og tekið ritvélinu í glugganum traustataki og forðað sér með hana á hlaupum til að annar yrði ekki fyrir til. Sagði hann að minnsta kosti við þabba eftir handtökuna á leiðinni niður á stöð. „

" Jæja var Nonni Karls greyið að gera skandall af sér eina ferðina enn. Alveg er þetta makalaust að menn skuli ekki láta af þjófsáráttu sinni og vera bara heiðarlegt Guðs fólk. „ – sagði Hrafnkell sem hafði heyrt á tal mannanna.

Hrafnkell stakk hendinni í vasann og dró upp vasklút sem hann snýtti sér hressilega í og sagði svo við kallanna á meðan hann braut klútinn saman og kom aftur fyrir í vasa sínum:

„ Það var góður hlutur hjá okkur í gær strákar mínir en veðrið er vont og við verðum víst að lúta því og halda kyrru fyrir í dag. En ljósan punkt má við allt sjá því að reikna má með að sá guli haldist á sömu miðum sem hann hefur lengi hafst við á. „ – sagði hann með glettnisglampa í augunum.

Lágvær hlátur fór um mannskapinn.

Þótt að flestir af þeim hafi reiknað með að ekki yrði róíð varð kallinn samt að gefa sín fyrirmæli þar um og svo var aldrei að vita upp á hverju Hrafnkell tæki þegar sjórinn var annars vegar. Hann átti nefnilega til að ýta frá landi þótt útlitið væri dökkt og líka stundum þurft að snúa við og lenda farinu á sama stað skömmu síðar. En Hrafnkell var aðilinn sem tók ákvörðun sem þeir urðu að hlýða.

En þrátt fyrir að ekki væri róíð var samt engin ástæða til fyrir þá að gleyma bæninni sem þeir gjarnan báðu í upphafi ferðar. Og þar sem mannskapurinn var þessu vanur tóku allir ofan höfuðfatið, lutu höfði og fylgdu formanni sínum eftir og báðu saman við bátinn í neþjunn og rigningarskúrunum sem annað veifið gengu yfir þá við undirleik öldunnar sem skall á sendna fjöruna:

„Kæri Jesús! Við þökkum þér fyrir varðveislu báts og mannskaps og viljum að þú vitir að allir sem hér eru samankomnir bera djúpa bæn í sínu hjarta um að áfram megi verndarhendi þín hvíla yfir fleyi, fjölskyldum okkar og öðru sem að okkur snýr. Amen. „

Hrafnkell signdi sig.

Nokkrum mínútum síðar hvarf mannskapurinn frá og kom við í skúrnum og tóku af sér sjófátnaðinn og hengdu hann upp hver á sinn stað. Hrafnkell stóð einn eftir með vindinn ýlfrandi í kringum sig.

Bárujárnsskúrinn sem stóð á kambi rétt við flæðarmálið var fyrir sjófátnaðinn og annað dót í eigu útgerðar Fróða Ben. Núna söng þessi skúr hástöfum þegar regnið bankaði á ryðgaðar bárujárnsplöturnar og breytti um tóntegund og hækkaði sig er regnið skyndilega breyttist yfir í haglé.

Þar sem ekkert var við að vera og enn bara morgunn gekk Hrafnkell heim á leið og lagðist upp í rúm við hlið Bjargveigar Halldórsdóttur konu sinnar og sofnaði aftur.

En núna var hádegi og hann á leiðinni heim til sín eftir að hafa fullvissað sig um að Fróða Ben væri óhætt.

Hann gekk eftir slóðinni sem lá upp hæðina og áfram heim að húsinu sem hann bjó í. Á hæsta punktinum stoppaði hann stundarkorn til að kasta mæðinni. Hann leit út á fjörðinn og átti sem vonlegt var ekki von á að sjá bát á sjó heldur einvörðungu hvíta öldutoppa um allan Flóann svo langt sem augað eygði í endalausri röð dala og hæða.

### **Böðvar á Blesa RE**

En hvað var þarna. Hrafnkell pírdi augun og fékk smá formannsfiðring í magann við það sem augu hans litu:

„ Ja, hérna. Böðvar á Blesa RE hefur lætt sér út í morgunn þótt veðrið væri eins og það er og fari vaxandi. Honum er ekki fisjað saman honum Böðvari blessuðum þótt augljóst sé að ekki er hægt að hafast neitt að við veiðarnar. En Drottinn blessi Böðvar og áhöfnina og gefi örugga lendingu. „ - sagði Hrafnkell við sig sjálfan.

Að sjá Böðvar á heimleið svo snemma dags létti á Hrafnkeli og hann sannfærðist endanlega um að hafa tekið rétta ákvörðun er hann valdi að fara ekki á sjó um morguninn. Ávallt er erfitt fyrir formann að geta ekki róíð og stundum er vandasamt að ráða í aðstæður og stundum hefði verið hægt að róa þótt menn hafi tekið ákvörðun um hið gagnstæða. Í svona sálarstríði gat formaðurinn lent.

### Ámundi Axelsson

Ámundi Axelsson, faðir Hrafnkels, hafði keypt Fróða Ben vestur á Patreksfirði er hann sem ungur maður réri þar sem háseti. Þarna kviknaði áhugi hans á að gerast sjálfur formaður á eigin bát hvort sem báturinn væru sex- eða áttæringur með segli eða segllaus. Og einmitt á Patreksfirði opnaðist honum leið er maður sem hann var málkunnugur sagði í hans áheyrn að hann vildi selja bát sinn og hætta sjómennsku vegna veikinda og aldurs sem færðist yfir hann. Og eitthvað vaknaði innra með Ámunda sem síðar varð að fullvissu um að stíga skref og eignast téðan bát. Bát sem var vönduð smíð og traustur með gott viðhald og í góðu lagi. Og bátur mannsins uppfyllti kröfur Ámunda að þessu leiti.

Eftir spjall við manninn var gengið frá kaupunum.

Bankastjórinn sá strax efnilegan mann í Ámunda og ákvað að greiða götu hans með fjármagni frá bankanum. Strax næsta sumar var bátnum siglt til Reykjavíkur með nýtt nafn sem enn loddi við hann. Þannig komst Fróði Ben í hendur Ámunda og fjölskyldu hans.

En árin æða yfir manninn og kynslóðirnar hverfa. Fyrst af atvinnumarkaðnum og svo úr þessum heimi.

Ámundi eins og margir aðrir feður átti sinn draum um að einhver af sonum hans tæki við útgerðinni af sér. Og þar sem Hrafnkell var líklegastur af strákunum til verksins bar hann málið undir hann þegar ljóst var að hann myndi senn draga sig í hlé. Og föður sínum til yndis þáði Hrafnkell boðið sem í fyllingu tímans tók við útgerð og formennsku á sexæringnum Fróða Ben RE af Ámunda föður sínum.

Þekkinguna sem Ámundi hafði aflað sér á langri ævi og mikilli sjósókn hafði hann lagt áherslu á að Hrafnkell eignaðist og varðveitti. Slík þekking föðurins gat orðið Hrafnkeli hjálpleg á veiðum í Flóanum sem höfuðborg Íslands Reykjavík stóð við og aðrar byggðir einnig sem liggja við sama flóa.

En síðan voru liðin mörg ár og Fróði Ben en undir stjórn Hrafnkels. Karlinn var stálhraustur og heilsugóður og enn fær í flestan sjó.

### **Bjargveig Halldórsdóttir.**

Hrafnkell gekk spölinn sem eftir var heim til sín. Bjargveig var með tilbúinn mat er eiginmann hennar bar að. Hrossket sem geymt var í tunnu utandyra var fæðan sem fram var borinn sem hádegismatur. Hún vissi þegar Hrafnkell fór út til að huga að bát sínum að hann kæmi fljótlega heim aftur.

### **Hákon Lúðvík Hrafnkelsson.**

Yngsti sonur þeirra Hákon Lúðvík, sem enn bjó í foreldrahúsum, kom inn og settist við borðið. Hann hafði lagt stund á læknanám í Háskóla í Kaupmannahöfn í Danmörku og var heimilislæknir með eigin stofu í borginni. Nýi Talsíminn sem komið var upp í húsi einu í Reykjavík og tengdi borgina beint við Hafnarfjörð auðveldaði fólki að ná fljótar í lækni og gera ýmis viðskipti með því að fara þangað sem síminn var staðsettur og hringja yfir. Enda ávallt maður á vakt sem gat flutt skilaboðin áfram. Talsíminn var mikill tímasparnaður og auðveldaði læknum vinnu sína sem fljótar fékk sín skilaboð. Sjúkdómar gera engin boð á undan sér og menn bara veikjast.

Stundum sker flýtirinn úr um líf og dauða manna þegar um alvarlegri tilvik er að ræða. Engum blöðum var um það að fletta að nýi Talsíminn var Guðsverk. Drottinn vill bjarga mannlífum. Var alltént skoðun læknisins Hákons Lúðvíks á símamálinu sem nokkuð skiptar skoðanir voru þó um.

## 2 kafli

Brælan teygði sig um allt suðvesturhornið. Lítið var fyrir kallanna á Fróða Ben að gera annað en að bíða og vona að sem fyrst rofaði til. Landlega var sama og kauplaus dagur. Og að vera kauplaus var óviðunandi staða.

Að öðru leiti var líf reykvíkinga í venjubundnum farvegi. Fiskverkafólkið gekk til vinnu sinnar og saltaði flattan fisk, umstaflaði fiski úr stæðum á gólfinu sem teygðu sig hátt til lofts. Batt tvo þorska saman á sporðunum og umbreyttu í skreiðarafurðir. Langvarandi bræla gat þó merkt að fiskurinn í húsunum kláraðist og fólk yrði verkefnaust og um leið kauplaust alveg eins og sjómennirnir máttu þola.

En veðrið hafði sinn gang og menn vissu að einn daginn mundi birta til með sól í heiði og róðrafærum sjó og meiri afla að landi.

Hrafnkell þekkti mátt bænarinnar og vissi að hún hreyfði við hjarta Guðs. Sjálfur var hann viss um að sjósóknin þennan eða hinn daginn var möguleg vegna bænakvaks hans og konu sinnar við rúmstokkinn heima. Mannskapurinn á bát hans þekkti bænina. Hver róður á Fróða Ben hófst með bæn. Mennirnir lutu höfði og fóru sameiginlega með sína bæn til Föðurins. Eftir bænina gat sjálfur róðurinn hafist. Þá fyrst fengu mennirnir leyfi formannsins til að dýfa árunum í sjóinn og að taka á honum stóra sínum og báturinn tók að hreyfast með stefnuna út á Flóann.

„Gott bænalíf er hverjum manni nauðsýnlegt sem vill sjá breytingar og eflast í sinni trú „ – voru orð sem Hrafnkell viðhafði oft í áheyrn manna sinna.

Þegar Hrafnkell var tíu ára þjuggu afi hans og amma hjá foreldrum hans í móðurætt. Þau voru þá hætt að vinna og höfðu góðan tíma til að fræða drenginn um réttan veg Guðs á meðan fullorðna fólkið sinnti störfum. Eitt sinn er hann var á leiðinni niður í fjöru til að tala



við sjómennina, eins og venja hans var, upplifði hann skyndilega Jesús við hlið sér og vissi að hann var frelsari manna sem upp frá þessu myndi aldrei yfirgefa hann hvorki í blíðu né stríðu. Og eftir mörg ár hafði Jesús staðið við sitt og veitt honum kraft og styrk að ógleymdri visku þegar hæst stöð á stönginni og aðstæðurnar og verkefnið voru við að skella honum á bólakaf í sér sjálfum. Jesús kom með lausnina og lauk upp dyrum sem áður voru honum ósýnilegar.

Þótt Guð sé góður og miskunnsamur var hann samt ekki eitthvað sem Hrafnkell formaður gat haft í vasa sínum og notað að eigin geðþótta heldur Guð sem hann sjálfur varð skilyrðislaust að beygja sig undir og lúta í einu og öllu.

Hversu oft höfðu ekki Hrafnkell og Bjargveig kona hans kropsið við rúmgaflinn í herberginu sínu heima og beðið Guð um varðveislu og góðar gæftir áður en Hrafnkell fór að heiman frá sér að morgni dags til að sækja sjóinn?

Og líkt og gerðist í tíð Ámunda föður hans hafði útgerðar- og formannssaga Hrafnkels einnig verið merkt happasæld og hann ávallt skilað sér heill heim.

En ævinlega er hann var á þessum stað blessananna kom líka á sama tíma upp í huga hans atvik sem vissulega hefði getað endað illa og greinilegt að Drottinn vildi ekki að hann gleymdi á neinn auðveldan hátt þessu atviki sem henti hann.

Atvikið gerðist fyrir um átta árum er þeir voru að veiðum að vetralagi á gamalli og þektri veiðislóð utan miðanna sem bátarnir notuðu oft á vetraveiðum sínum í Faxaflóa. Miðin sem fangaði huga formannsins umræddan dag voru svolítið dýpra og meira svona sumarmið. Á þessum miðum gaf þorskurinn og ýsan sig oft.

Og hann tók sína ákvörðun og stefndi fleyinu lengra út til að renna önglum. Ástæða ákvörðunarinnar var hversu veðrið hefði haldist gott

daganna á undan og allt útlit fyrir að svo mundi áfram verða. Að fara aðeins dýpra út hlaut því að vera í lagi með. Svona í þetta skipti.

Eftir að þeir vor komnir framhjá Gróttu stefndu þeir í norðnorð vestur. Fróði Ben lét vel að stjórn og fór vel með mannskapinn í sléttum sjónum.

Fjörugar hnísur sáu stunda skammt frá bátnum og stökkva ein af annarri upp úr sjónum. Af og til sáu hnísur á þessum slóðum. Þær voru því engir furðufiskar hvorki í augum Hrafnkels né hinna áhafnarmedlimanna.

Þótt veðrið léki við hvern sinn fingur var samt frekar kalt úti. Skjólfatnaðurinn og innri flíkurnar gerðu sitt gagn. Og með hjálp árana og áreynslunnar varð þeim ef eitthvað var of heitt.

Hrafnkell sat á öftustu þóftunni og hélt um stýrisveifina og barði sér annað veiði til að fá blóðið á örlítið meiri hreyfingu. Að þessu leiti var staðan um borð ójöfn. En hver maður hafði sitt sérstaka verk og starf sem hann varð að sinna.

Mannskapurinn tók hraustlega árunum sem skullu taktfastar í sjónin. Báturinn var á góðu skriði og ferðin gekk eins og efni stóðu til. Smá skvettur, eða meira svona úði, gengu yfir mannskap og bát án þess að til vandræða horfði. Austurstrogið var á sínum stað og hægt að grípa það ef með þurfti.

Árarnar svignuðu undan mótstöðunni sem hafði veitti afli mannanna sem streittust við og unnu sigur og báturinn hélt jöfnu skriði.

Kennileiti í landi sögðu Hrafnekli hvar hann var staddur og leiddu að lokum bát og menn á réttan stað, með fjöllin við sjóndeildarhringinn á stjórnborða og Snæfellsjökul framundan eilítið á bakborða. Jökullinn blasti tignarlegur við í heiðskýrunni og var að sjá eins og hvítur kollur upp úr hafinu. Heiðblár himinn yfir jöklinum og öllu sem sást undirstrikaði fegurð augnabliksins.

Engir aðrir bátur voru sjáanlegir á svæðinu og átti Hrafnkell ekki von á öðru en að vera einskipa á þessum slóðum að morgni dags í febrúar árið 1889.

Seglið var á sínum stað ofan á þóftunum á milli manna. Það hafði ekki verið notað í þetta skiptið. Í hagstæðum byr kom fyrir að seglmastrið var sett í skorður og notað án þess að föst regla væri á notkun seglabúnaðarins. Kannski fannst mannskapnum of mikið fyrir seglinu haft og uppsetningin tóm tímaeyðsla. Málið var að komast sem fyrst á miðinn og án ónaúðsýnlegra tafa og sækja þann gula, ýsuna og sprökuna sem stundum slæddist með á færinu og var vinsæl soðning á heimilum sjómannanna á Fróða Ben RE.

Hrafnkell gaf skipanir og mennirnir lyftu árunum samtaka upp úr sjónum og gengu frá þeim í bátnum. Báturinn hægði skriðið og mennirnir notuðu tímenn til að gera færin klár. Þeir voru tilbúnir að kasta sökkunni með önglum á útfyrir borðstokkinn undireins og formaðurinn gæfi sín fyrirmæli. Undireins og báturinn stöðvaðist runnu sökkurnar sjö leifturhrott niður í undirdjúpin. Fyrst alveg niður á botn og svo nokkra faðma upp aftur uns réttu dýpi var náð sem reikna mátti með að fiskurinn héldi sig. Mannskapurinn byrjaði að keipa. Girnið rann upp og niður eftir borðstokknum með sína lokkandi beitu á önglum ætluð forvitnum og sí svöngum fiski undir sem í sífellu synti um undir yfirborði hafflatarins í endalausri leit sinni að örlitlu meira af æti.

Að vera með veiðarfærið á réttu dýpi var svona tilfinning sem menn áunnu sér og kom með æfingunni og aukinni þekkingu á viðfangsefninu. Reynsla sjómansins þarna var honum einkar dýrmædd.

Báturinn ruggaði mjúklega á hafinu og vart hreyfðist hár á höfði. Glatt var yfir köllunum og sögurnar gengu milli manna um allt og ekki neitt. Múkkinn hélt sig í námunda við bát og menn tilbúinn til að éta lifur og innnyfli undireins og mennirnir fleygðu þeim í sjóinn.

Stór hnúfubakur stakk hausnum upp úr sjónum í nokkra metra fjarlægð, blés og hvarf svo aftur ofan í undraheim undirdjúpanna. Úðinn frá blæstrinum gekk yfir bátinn.

Hrafnkell varð var og sá fyrsti í hópnum til að fá afla. Hann tók um færið og byrjaði að hala það inn. Þegar styttist í að önglarnir kæmu upp kíkti hann útfyrir borðstokkinn til að aðgæta hvort þorskur eða ýsa væri á önglinum.

Hann hafði sett í stóra og væna þorska. Hrafnkell mat aðstæður þá rétt og þorskur á miðunum eins og honum grunaði.

Skömmu síðar lá sá guli spriklandi og blóðgaður í botni bátsins.

Nú voru aðrir áhafnarmeðlimir einnig farnir að hala inn sín færi og greinilegt að dagurinn yrði fengsæll og nóg af verðmætum fiski undir. Við þetta hljóp mönnum kapp í kinn og veiðieðlið blossaði upp og fossaði um æðarnar að þeir gleymdu stund og stað. Fljótlega varð botnfullir í bátnum og stöðugt bættist við aflann.

Í hita leiksins veitti Hrafnkell ekki athygli skýjum sem skyndilega birtust á himni í suðri og regni sem þessi ský helltu úr sér og gekk yfir hafflötinn í áttina að þeim. Allir um borð voru uppteknir við veiðiskapinn og þegar komnir með allgóðan afla og allt útlit fyrir að styttist í heimsiglinguna og að túrinn yrði stuttur en gjöfull.

Vindsveipurinn sem kom og strauk um vanga formannsins vakti hann af sinni veiðigleði. Hann leit upp og sá þá skýin dökk sem færðust nær. Í fyrstu taldi hann þau ekki saka og hélt veiðunum áfram. Vindurinn færðist í aukanna. Að lokum og eins og hendi væri veifað var hann skollin á, í fyrstu með regni og öflugum vindi sem síðan breyttist yfir í þetta snjókomu að ekki sást handa skil. Hrafnkell gaf þegar skipun um að innbyrða færin og að menn settust undir árar til að hann gæti beitt stefni bátsins upp í vindinn og ölduna og haldið sjó.

Aldan ætist furðu fljótt og ágjöfin jókst að sama skapi. Fiskurinn sem veltist til og frá í botni bátsins var færður fyrir framan skilrúmin sem komið var upp í skyndingu sitt hvoru megin við miðju bátsins og autt rúm útbúið sem hægt var að ausa úr. Hver maður gerði sitt enda mikilvægt að allir hlekkir keðjunnar væru jafn sterkir. Hrafnkell vonaði að hann gengi fljótt yfir og hélt því bátnum upp ölduna enn um stund.

Þegar ljóst var að veðrið fór versnandi ákvað hann að setja upp seglbúnaðinn og hleypa fleyinu undan vindinum í þeirri von að komast á lygnari sjó eða í var einhverstaðar við Snæfellsnes, sem var staðurinn sem þeir myndu líklega stefna til í ríkjandi vindátt.

Vel gekk að losa seglmastrið og með sameiginlegu átaki var mastrið reyst upp en öflugri vindhviðu tókst að rífa það úr höndum mannskapsins og skella flötu í sjóinn að engu mátti muna að þeir horfðu á eftir því í ólguna fyrir utan. Tveir menn sátu en undir árum og streittust við að sinna verki sínu undir styrkri og öruggri stjórn formannsins sem sat eins og vanalega í skutnum og hélt um stýrið og fylgdist með og hrópaði sínar fyrirskipanir í gegnum sortann. Í annarri tilraun tókst að koma mastrinu fyrir og gera brúkhæft.

Einn mannanna hafði það áriðandi verk að ausa bátinn. Hann hamaðist með trogið sem óður maður væri og hafði betur. Sjórinn sem gekk yfir opinn bátinn hélt manninum með trogið við efnið. Margt gerðist á sama tíma um borð í knerrinum Fróða Ben sem barðist fyrir lífi sínu.

Með lagi, þekkingu og reynslu af hafinu og á réttu andartaki tókst Hrafnekli að sveigja bátnum undan vindinum. Að snúa báti undan við slíkar aðstæður var mesta háskaför og á meðan knörrinn var flöt fyrir öldunni gat bátnum hreinlega hvolft væri ekki rétt að verki staðið. En allt fór vel og báturinn tók kipp þegar búið var að hífa upp seglið og vindurinn fyllti seglflötinn.

Fróði Ben sigldi af stað með ölduna hvæsandi við skutinn sem gekk frameftir bátnum eins og stór fjöll á sífelldri hreyfingu. Hvar þeir

nákvæmlega voru staddir vissi formaðurinn ekki um. Öll sýn til lands var horfinn. Eina sem sást voru milljón snjókorn og ógnvænlegar öldur.

Veðrið viðhélst með svipuðum styrk og áður. Vindhviðurnar strekktu böndin sem bundin voru í borðstokkinn bæði til að halda seglinu réttu og mastrinu kyrru á sínum stað. Báturinn varðist vel og austurinn orðin viðráðanlegur.

Snjókoman blindaði mönnum alla sýn og karlarnir urðu algerlega að treysta reynslu og visku formannsins sem öndvert stólaði á sinn Herra sem bjó í efra.

Bjargveig kona Hrafnkels var á heimleið með innkaupatösku í hendinni. Hún hafði komið við í matvörubúðinni og varð eins og aðrir vör við hið skyndilega breytta veður sem æddi yfir og vissi af manni sínum og áhöfn úti á opnu hafi. Hún fylltist sem vonlegt var áhyggjum og eirði sér ekki heima heldur fór út og upp á hæðina sem var í námunda við heimilið til að athuga hvort Fróði Ben væri í sjónmáli. Hún leit út á sjóinn þaðan sem hún stóð og sá nokkra báta koma heim. Fróði Ben var hvergi sjáanlegur.

Hún flýtti sér niður á höfn og spurðist þar fyrir. Engin hafði orðið var við bát Hrafnkels. Hann hafði ekki fiskað á sömu miðum og þeir og Hrafnkell líklega farið dýpra. Engin reiknaði með svo skyndilegri veðrabreytingu.

„ Góði Guð! Góði Guð! Miskunna þú okkur og verndaðu bátinn og alla áhöfnina og skilaðu þeim heilum heim „ – hrópaði Bjargveig. Hróp hennar var hróp örvæntingarfullrar konu sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og upplifði sig kraftlaus og kjarklaus með enga lausn í hendi.

„ Góði Guð Miskunna þú fyrir Son þinn Jesús Krist „ - hrópaði Bjargveig aftur og gekk inn á heimili sitt og fór beint inn í

svefnherbergið og kraup við rúm þeirra hjóna og hélt bænakvaki sínu áfram.

„ Góði Guð. Miskunn sami Guð. „ - var það eina sem kom út um munn örvæntingarfullrar konunnar sem átti allt eins von á að missa manninn sinn í vota gröf eins og svo margar aðrar konur höfðu upplifað sem gíftar voru sjómönnum. Hafið tók sinn toll á hverju ári. Þetta þekktu og vissu íbúar Reykjavíkur.

Á sama tíma sem Bjargveig kraup og hrópaði til Drottins sigldi Fróði Ben undan vindinum. Styrk hönd formannsins hélt um stýrið. Augu hans fylgdust með öldunni aftur undan bátum. Sjóndeildahringur hans var aðeins fáeinir metrar sökum snjókomunnar. En með heyrninni gat hann greint hvort brotsjóir væru á leiðinni. Mannskapurinn var í viðbragðsstöðu, reiðubúinn til að framkvæma hverja skipun kaftainsins.

Veðurhamurinn hélst óbreyttur.

„ Viðbúnir menn! Viðbúnir! Brotsjór kemur! „ – heyrðist skyndilega hrópað úr skutnum.

Mannskapurinn greip í það sem hendi var næst og beið sjósins. En Guði sé lof. Brotsjórinn náði ekki til þeirra og koðnaði niður og eyddist áður en hann skall á bátum í sínum eyðandi tilgangi.

Eftir nokkra klukkustunda siglingu, austur og barning rofaði eitt augnablik til og þeir sáu land framundan.

Hrafnkell þekkti staðin og vissi að þeir væru komnir til Dritvíkur á vestanverðu Snæfellsnesi. Þeir höfði hrakist undan veðrinu langa leið og barist til sigurs.

Sem vonlegt var létti mönnunum við það sem þeir sáu. Innan skamms sigldu þeir fyrir tanga og inn í hina náttúrugerðu höfn í

Dritvík og fengu skjól af stórum kletti sem varði þá fyrir sunnátinni sem ríkti.

Nokkrir bátar stóðu í fjörunni í Dritvík og var frá þeim gengið á venjubundin máta. Ofar voru verbúðir sem sjómenn á staðnum höfðust við í. Nokkrir verbúar stóðu í fjöruborðinu þegar Fróði Ben sigldi fyrir tangann og mennirnir felldu seglið og réru síðustu metranna í land. Verbúar höfðu veitt bátnum athygli dálitlu áður en hann kom inn og reiknað með að fleyið væri langt að komið og mennirnir um borð orðnir þrekaðir af volkinu. Og undireins og vætt var óðu kallarnir til manna og hjálpuðu þeim frá borði og drifu þá í hús. Aðrir sáu um að koma bátum í öryggið fyrir ofan stórstraumsfjöru.

Í verbúðinni beið áhafnarinnar matur ásamt sjóðheitu kaffi og rúmstæði sem þeir gátu gist í um nóttina. Og nóttin leið án frekari tíðinda.

Um tvö leitið næsta dag var veðrið gengið niður. Hrafnkell þakkaði verbúum hlýjar móttökur og bað Guð að blessa þá og varðveita ásamt að biðja um gott leiði fyrir sjálfan sig og áhöfnina yfir Flóann og til Reykjavíkur.

Með hlýjum kveðjum og sannri vináttu, faðmlögum og votum hvörmum yfirgáfu þeir mennina og gengu að bátum sem beið í fjörunni. Fáeinum mínútum síðar var báturinn kominn á flot og hver maður sitjandi á sinni þóftu tilbúin að beita sinni ár um leið og búið var að fara með sjóferðabænina.

Með takvissu áralagi og söng um hina hraustu hetju Jesús Krist hurfu verbúar þeim sjónum og við tóku víðáttur hafsins og sunnan gola blönduð saman við slétt og meðfærilegt sjólag.

Ferðin til Reykjavíkur var tíðindalaus. Þreyttir en glaðir menn komu til hafnar um kvöldið og fegnir að engan af þeim vantaði.



Tár runnu er mennirnir af Fróða Ben stigu í land og hittu fólkið sitt sem hafði fyllst æ meiri ótta eftir því sem tíminn leið og báturinn enn ókomin. Fiskisagan flaug um komu bátsins og menn og konur þustu á bryggjuna til að fagna skipverjum og gleðjast með þeim sem voru um tíma fullir áhyggna og efa um afdrif manna en hrepptu þá lifandi úr háskanum sem hafið er og margur sjómaðurinn hefur endað ævi sína í og skilið eftir ekkjur og föðurlaus börn í landi.

Þarna sýndi Drottinn mátt sinn í lífi Hrafnkels og sannaði honum hversu smár og varnarlaus maðurinn er andspænis náttúruöflunum sem ygla sig og sýna mönnum alvöruna, oft svo miskunnarlaus og harðsnúna.

En þetta átti sér stað fyrir átta árum.

Háskaförin sem hann lenti þá í ásamt mönnum sínum kenndi honum margt um sjóinn og mikilvægi samstöðunnar um borð.

Hrafnkell var staddur við bát sinn eins og hans var von og vísa. Enn var bræla en svolítið hafði þó lygnt sem var merki um að veðrið væri byrjað að ganga niður.

Bárujárnskúrinn ofar í fjörunni eins og kallaði til hans. Hann stakk höndunum í vasann og gekk rólegum skrefum í átt að skúrnum.

Tréflægur sem bandspotti var bundin í var rekinn í lykkjuna sem hespan fór yfir og hélt dyrunum lokuðum. Hann kippti fleygnum úr. Lágvært ískur heyrðist er hurðin snérist á lömum og birtan streymdi inn í annars dimman kofann. Sjófataður karlana og hlífðarbúnaður hékk á sínum stað á snögum og blasti við augum undireins og opnað var. Þarna lágu líka línur og annað dót í eigu útgerðarinnar.

En hvað var nú þetta!

„ Ja hérna nú bar vel í veiði og gott ef kvöldmaturinn er ekki kominn í leitirnar,, – sagði Hrafnkell við sjálfan sig og gat ekki varist hlátri yfir eigin orðum og því sem blasti við honum er hann gekk inn og augun höfðu vanist rökkriinu. Það sem vakti áhuga hans og kátínu voru þrjár feitar, dauðar rottur sem höfðu álpast í jafn margar uppspenntar gildirur á gólfinu sem kallarnir sáu um að hreinsa úr og spenna aftur upp til að halda óværunni í skefjum. Skrjáf í poka á gólfinu og tíst benti til að fleira akfeitar rottur væru á staðnum og að betur mætti ef duga skyldi í baráttunni við þessi meindýr.

„ En ætli maður hlífi ekki konu greyinu við slíkri sendingu og hendi kvikindunum frekar í sjóinn. „

Hrafnkell beygði sig niður og tók gildirurnar upp, losaði bráðina úr og gekk svo frá þeim á nýjan leik með ostbita í fór út og lokaði kofahurðina á eftir sér. Í flæðarmálinu fleygði hann kvikindunum þremur eins langt og hann gat út á sjóinn með orðunum:

„ Far vel frans. Farið hefur fé betra „ - hrópaði hann á eftir hræjunum sem flugu í loftinu og skullu í sjóinn með skvampi.

### 3 kafli

„ Að sjá til míns gamla og góða vinar. Og hvað kemur til að hann fleygir - „ afla „ - í sjóinn í stað þess að nýta sér hann? Hvað hefur orðið um hinn nýtna mann sem kann öðrum mönnum betur í höfuðstaðnum að nýta hlutina til síðasta roðs? „ - heyrðist hlējandi rödd að baki Hrafnkels um það bil sem hann sleppti hendi af rottunum þremur.

„ Fyrirgefðu Böðvar minn en þú hefur væntanlega getað nýtt þér þennan afla minn. Ég skal muna þetta næst þegar ég verð var og geyma þær - með þig í huga.

En góðan daginn!

Þú eins og ég ert líklega orðin langeygur eftir róðraveðri? „ – sagði Hrafnkell við Böðvar sem kom labbandi til hans.

Hann teygði sig í brjóstvasa skyrtunnar innanundir þykkri lopapeysunni og dró fram pípu sína. Í hægri buxnavasanum geymdi hann tóbakið sem hann tróð í pípuhausinn og bar eld að og saug að sér reykin:

” Svo virðist sem töluvert sé af rottum í borginni. Við alltént höfum fengið nokkur stykki í gildrunar okkar. “ - sagði Hrafnkell:

“ Sama hér. Við erum í hreinustu vandræðum með kvikindið og eigum í basli með að halda skúrgarminum hreinum af þessum ófögnuði. Kvikindið nagar soddann óhemju og sóðaskapur mikill af þessu. Og svo smýgur þetta inn um hverja smugu sem á kofanum er og er einkar naskt á að finna sér inngönguleið. Nú ef ekki þá er tönnum beitt og nagað í gegn. Í kjölfarið kemur svo heill flokkur - nei – rottuher stormandi inn og tekur sér bólfestu. Allt óvelkomið. Og plágan vex með endalausum gotum kvendýrana.

Um daginn þegar við tókum fram eitt tógið okkar var búið að naga það svo að við urðum að skera það í sundur á nokkrum stöðum og splæsa aftur saman til að geta brúkað það “ – sagði Böðvar og tók um munninn og hóstaði eins og lungun ætluðu upp úr honum. Málið virtist vera honum ofarlega á baugi:

“ Kvefið ætlar aldrei úr mér “ - sagði hann á milli hóstakviðanna.

Böðvar tók pípustertinn sinn fram og innan stundar stóðu reykjarbólstrar út um munnna beggja mannanna á meðan þeir töluðu hvorir við annan. Enda báðir snillingar í að tala og reykja í sömu andrá.

Eftir fleiri orð um ástandið í skúrum mannanna barst talið að sjónum og sjómenskunni og fiskidrættinum, eins og gjarnan gerist þegar formenn á fiskibátunum koma saman. Búið var að afgreiða rottupláguna og báðir orðnir ásáttir um að halda baráttunni áfram við skaðræðis pláguna uns sigur ynnist.

Böðvar leit upp í himininn. Reykjarbólstrarnir sem gengu út um munn hans hurfu jafnharðan út í vindinn. Hann sneri sér að Hrafnkeli:

„ Mikið er. Hann er loksins byrjaður að ganga niður. Ég trúí að sjóveður verði komið í fyrramálið eða í síðasta lagi seinni partinn á morgunn. „

Böðvar var kominn með hægri hönd sína á kaf ofan í hægri buxnavasa sinn og gramsaði þar í örvæntingarfullri leit að eldfærum til að kveikja betur í tóbakinu sem hafði að mestu slokkað í vegna of mikils raka í því. Í vasa sínum geymdi hann ýmislegt dót eins og lykla, vasahníf og snepla sem voru svona um leið minnisblöð. Allt þvældist þetta nú fyrir honum og töfðu mikilvæga leitina að eldspýtnastokki eða stökum eldspýtum sem kynnu að leynast í vasanum. Maðurinn varð að játa sig sigraðan:

„Ææ. Þar fór í verri! -

Eldspýtustokkurinn minn er tómur og ég hélt að annar stokkur væri í vasa mínum. En hann líklega liggur á eldhúsbörðinu heima. „

Hrafnkell stak hendinni ofan í sinn vasa og dró þaðan upp stokk og rétti honum.

Lítill logi stóð upp af nettri eldspýtunni sem lófi mannsins skýldi fyrir vindinum á meðan loginn skerpti á svo til kulnaðri glóðinni í pípuhausnum. Böðvar saug stertinn sinn uns líf var komið í og allt orðið aftur eins og ætlast var til:

„ Þetta er betra „ – heyrðist í honum.

Aftur stóðu mennirnir tveir með sína pípuna hvora í munnum og héldu spjalli sínu áfram. Vindurinn kom svona í hviðum og í einni snarpri hviðu munaði minnstu að húfan fyki af höfði Hrafnkels sem með snarræði skellt hönd sinni ofan á höfuðfatið og bjargaði verðmæti frá að fjúka í sjóinn.

Bátar sjómanna lágu í fjörinni. Færi og tóg voru ýmist við hlið þessara báta eða um borð og tilbúin til notkunar. Formaður og útgerðarmaður fleyjanna sá um að allt væri gert klárt svo að unnt væri að ýta frá landi undireins og veðrið segði „ Já.“

Út á höfninni lágu nokkur skip við stjóra. Þetta voru stærri skip. Þarna voru einnig tvímastra kúttar sem íslenskir sjómenn voru í æ ríkara mæli að eigna sér og sækja sjóinn á. Kúttarnir voru stór og öflug veiðiskip sem gátu farið töluvert lengra en menn höfðu möguleika á að gera á litlum arabátum. Kúttarnir gátu athafnað sig í verri veðrum og ágjöf skipti þá ekki eins miklu máli og opnu arabátana. Voru þeir enda þilfarskip með talsvert af innbyggðum vörnum í glímunni við háskalega ölduna sem yggldi sig þegar vindar blésu eins og undanfarna daga.

Byggingarlag kúttanna jók sjóhæfnina og um leið öryggi áhafnarinnar sem unnu á þessum skipum. Þótt sjór gengi yfir bát og menn hélt sjórinn ekki við né heldur kallaði á austurtrogið heldur rann eftir þilfarinu og út um lensportin á síðunni án þess að gera annan skandall af sér en að vökva örlítið mannskapinn og timburverkið og í versta falli taka með sér gogga og kannski aðgerðahnífa og einstaka vasahníf sem einhver áhafnameðlimurinn missti í ógáti niður á dekkið og var ekki nógu snöggur að taka upp aftur áður en aldan reið yfir. Atvikið kallaði að vísu ákveðinn orðaforða fram á varir sjómannsins. Að öðru leiti var málið ekki alvarlegt. Alltaf mátti fá sér annan hníf og annan vasahníf og annan gogg í landi.

Á þessum kúttum var allur aðbúnaður sem vonlegt var betri og menn gátu búið um borð og dvalist í upphituðum vistarverum og hvílt í sínum kojum og etið skínukostinn í þægilegu umhverfi neðanþilja. Nokkuð sem var útilokað í opnum róðrabáti sem rúmaði litlu meira heldur en kallana sjálfa og einfaldan búnað þeirra til veiða og aflann sem þeir drógu. Vissulega voru kúttarnir bylting sem margir væntu mikils af. En uppistaða íslenska flotans var samt árabáturinn. Hann var það sem mest mæddi á fyrir íslenskan efnahag.

Ytri höfnin var á að líta eins og skógur mastra sem lítilega hreyfðist. Skipin snérust á legufærunum í breytilegum vindinum. Og þar var ekki tekið tillit til stærðar skipanna.

Sumar kúttarnir á legunni voru mannlausir og líflausir að sjá. Í öðrum bjuggu menn annarstaðar af á landinu uns vertíð var að baki. Sumir kúttanna voru erlendir með erlendri áhöfn.

Þótt skipin stækkuðu var samt til lögmál sem allir urðu að beygja sig fyrir. Hafíð og aldan sem í bjó gríðarlegur og eyðandi kraftur sem menn urðu að gæta sín á.

Tvö flutningaskip lágu útá. Um borð sáust menn sinna verkefnum sem þeim hafði verið falið af yfirmönnum sínum. Þetta voru stór og

öflug skip smíðuð úr stáli og hnoðuð saman með sérstökum hnoðnögglum og styrkt bæði til siglingar í ís og til að þola allar hamfarirnar á höfunum. Stundum heyrðust hróp og köll frá þessum mönnum sem barst með vindinum til kallanna í fjörunni. Hvað mál þessir menn töluðu gátu hvorki Hrafnkell né Böðvar greint. Til þess var fjarlægðin of mikil. En þeir vissu að mannskapurinn var af erlendu bergi brotinn. Annað skipið hafði margsinnis komið til Reykjavíkur með sína erlendu áhöfn.

Þessi skip átti það sameiginlegt að bíða losunnar og svo lestunnar til að geta sem fyrst létt ankerum og haldið til hafs. Ákveðin lömum af völdum veðurs hamlaði flutningsbátunum för út í skipin. Verkið lá því niðri af óviðráðanlegum orsökum.

Hávaxinn maður snyrtilega klæddur gekk eftir veginum meðfram sjónum. Hann var léttstígur og klæddur í þykka hettuúlpu með derhúfu á höfði, eins og algengt var í borginni. Maðurinn gekk sín léttu skref og blístraði lítinn lagstúf. Hann vætti vísfingur sinn og strauk með honum yfir efrivarskegg sitt, fyrst hægra megin og svo vinstri helming skeggsins.

Framundan sér og eilítið til hliðar koma hann auga á tvo menn í hrókasamræðum. Er hann kom nær þekkti hann Hrafnkel og Böðvar sem veittu honum ekki athygli.

Þegar hann nálgadist gat hann ekki lengur á sér setið og hrópaði:

„Hvað er að sjá til ykkar piltar mínir! Miðað við allan reyking í kringum ykkur mætti halda að það væri annaðhvort kviknað í ykkur sjálfum eða einhverju dóti sem hjá ykkur er. „

Mennirnir snéru báðir höfði sínu til hljóðsins að baki sér.

Böðvar var fyrri til svars:

„ Að heyra þetta. Verta bara stilltur ellegar við setjum á þig frímerki, pökkum þér inn og sendum aftur til Danmerkur með næstu skipsferð. „ -

Böðvar saug hressilega að sér reykingu úr pípunni sinni og blés út í andrúmsloftið. Í kjölfarið fylgdi svo önnur hóstakviða engu minni heldur en hin var. Maðurinn fór í keng undan sínum hósta.

„ En komdu blessaður gamli vin og talaðu stundarkorn við okkur. „ - sagði Hrafnkell og rétti honum hlajandi hönd sína og bætti við:

„ Ekki taka Böðvar of alvarlega. Þú veist hvað hann er stundum snöggur til svars án þess að meina neitt illt.

En hvað er að fréttu úr borginni? Eru nátthrafnarnir til friðs eða þarftu að eiga við þá og jafnvel smella járnum utan um úlnið þeirra og færa á stöðina til frekara skrafs? „

„ Blessaðir báðir tveir! -

Ólsen Larsen horfði á Böðvar sem var í einum keng fyrir framan hann og hóstaði og hóstaði:

„ Nú vaktirnar ganga vel og borgarinn er til friðs - í svona flestum tilvikum. En vitaskuld kemur fyrir að menn bregði fyrir sig verri fætinum og taki spor sem þeir ættu alls ekki að stíga. Og þá kemur til minna kasta sem næturvörð, eins og líka lög landsins gera ráð fyrir.

En hvað kemur til að þið hangið hér í fæðarmálinu blaðrandi hvor við annan og í stórreykingum í stað þess að vera út á Flóanum að fiska í bátanna ykkar og afla tekna fyrir bú og samfélag? „ - Ólsen Larsen næturvörður varð aðeins að fá að svara fyrir sig vegna undangengis skots Böðvars á sig.



Hóstinn leið hjá en bjó til tár í augum Böðvars sem nú hafði reist sig upp og benti annarri hendi sinni til himins og þurrkaði sér um augun með hinni og sagði hásum rómi:

„ Nú þetta er ástæðan. „ - Böðvar ræksti sig og röddin varð aftur eins og hún átti að sér að vera.

„ Veðrið vinur. Veðrið gerir að verkum að við stöndum hér og spjöllum saman í stað þess að stunda sjóinn í dag. „

Nú var eitthvað farið að gerast við aðra bryggjuna sem nýverið var risinn á hafnarsvæðinu og stóð eins og spjót út í sjóinn og átti að þola mikinn öldugang án þess að haggast. Vitaskuld var bryggjan gríðarleg búbot og mesta þarfaping sem auðveldaði mönnum alla vinnu. Og með aðgang að bryggjunni gekk þjónusta við skipin hraðar fyrir sig en áður þektist. Fiskibátarnir nutu og góðs af bryggjuhausnum sem eftir byggingu hennar gátu lagst þar að og fleygt aflanum á bryggjugólfið þar sem menn með sína handvagna eða kerrur með hesta spennta fyrir settu fiskinn upp á og fluttu yfir í verkunarstöðina á lögðum vegi. Engum blöðum var um að fletta að bryggjan var mesta þarfaping og til mikils hægðarauka og reyndar bylting frá sandfjörrunni. Að vísu þurfti að greiða eigendum bryggjunnar gjald fyrir afnotin. En gjaldið skilaði sér til baka í skjótari afgreiðslu bátanna og þægindunum.

Bátarnir sem notaðir voru til að flytja varninginn til og frá skipunum lágu bundnir við bryggjuna og veltust til og frá í öldunni og nudduðust utan í timburverkið.

Veðrið hafði hægt nóg til að hægt væri að kalla út mannskap sem tók sér stöðu um borð í þessum bátum réru út í skipið sem lengur hafði beðið. Karlarnir sem fylgdust með veðrinu um borð í skipunum byrjuðu að gefa bryggjunni auga og sáu er mennirnir stigu um borð í knerrina og gerðu sig klára að sínu leiti.

Hvæs barst frá skipinu er gufuspilin fóru í gang. Hvæs sem barst yfir til manna sem stóðu í fjöruborðinu og fylgdust með. Bómur við fremstu lúguna lyftust og náðu rétttri hæð. Allt var gert klárt undireins og báturinn legðist að stórum og þungum skipsskrokknum. Sérbúið net fullt af varningi úr lestinni kom upp fyrir lestarkarminn og var slakað niður í bátinn sem beið eftir farminum. Karlarnir losuðu krókinn úr. Nokkrum mínútum síðar barst önnur hífing sem fékk sömu afgreiðslu.

„Jæja! Mikið var að líf hefur aftur færst í tuskurnar og menn loksins byrjaðir að starfa. „ – sagði Hrafnkell við Böðvar og Larsen næturvörð.

“ Fáum okkur göngutúr yfir til kallanna og athugum hvort þeir hafi ekki einhverjar fréttir sem við höfum ekki enn heyrt? „ –

Hrafnkell hugsaði sér til hreyfings og vildi fá vini sína með sér í þessa ferð.

Böðvar og Larsen gengu með honum. Fótsporinn sem fætur þeir mynduðu sáust greinilega í sandinum

Bryggjan iðaði öll af lífi. Þar sem áður ríkti stöðnum með vindinn einan leikandi um mannvirkið heyrðist tal og hlátrar manna.

Menn með hesta spennta fyrir vagna og aðrir með handvagna sáust labbandi eftir veginum í átt að bryggjunni til nota undir vörurnar úr skipinu. Vagnarnir innihéldu flestir saltfisk sem kaupendur erlendis höfðu gert samkomulag um kaup á við íslenska framleiðendur. Og nú var komið að því að standa við samninginn og senda vöruna með skipunum til kaupenda.

Um borð í flutningaskipinu gerðust hlutirnir hratt. Báturinn við skipshlið bar ekki meira og snéri frá. Annar bátur tók stöðu hins. Og þannig gekk uppskipunin fyrir sig. Hratt og markvist.

Þegar Hrafnkell, Böðvar og Larsen næturvörður komu var fyrri báturinn um það bil að leggjast upp að bryggjunni. Tóg sveiflaðist í land sem einhver nærstaddur greip og skellti á bryggjupolla.

Í botni bátsins lágu nokkrir trékassar með varningi í og pokar með hveiti og korni til brauðgerðar og baksturs bæði til heimabruks og fyrir bakaríð í borginni. Þarna voru einnig nokkrir sekkir af sykri. En sykurskortur hafði verið í Reykjavík daganna á undan og sykurinn því skammtaður í verslununum. Farmurinn nú leysti þann vanda.

Eins og vanalega heyrðust hróp og köll sem bárust um bryggjusvæðið strax og menn hófu að taka upp úr bátunum og koma fyrir á auðum pöllum kerranna sem biðu á bryggjunni og koma saltfiskunum um borð. Öðru hverju heyrðist hestur frussa. Annar sást japla á beislismélunum upp í sér. Að öðru leiti voru þeir rólegir. Enda vel tamdir og vanir svona vinnu.

Kúskarnir, allt unglingar, stóðu við hlið hesta sinna. Þeirra verk var að ganga með sínum hestum til skemmu og svo aftur niður á höfn fram og til baka uns verki lauk.

„Góðan daginn. Hvernig gengur? „ – sagði Hrafnkell við einn verkamanninn sem streittist við að koma kassa upp á kerru:

„Góðan daginn. Færðu þig aðeins svo að ég geti athafnað mig betur. „ – sagði maðurinn án þess að svara spurningu hans frekar.

Honum lá greinilega mikið á.

Hrafnkell steig til hliðar. Augljóst var að ekki yrði mikið um fréttaflutning á meðan hamgangurinn var hvað mestur. En hann þekkti ástandið og vissi um allt kappið sem hljóp í menn á slíkum stundum og var því ekkert að gera sér neina grillu vegna orða mannsins og skeytingarleysi vegna spurningar hans. Og maður má

víst heldur ekki að trufla vinnandi menn. Var alltént eitt af því sem Ámundi faðir hans kenndi honum er hann var enn lítill drengur.

Kúskurinn sem var fremstur fékk á sinn pall og lagði af stað upp bryggjuna.

Báturinn leysti festar og tók skriði í átt að skipinu. Á miðri leið mættust bátarnir.

Í skut bátsins sem kom sat séra Þorgrímur prestur í borginni. Ekki var algengt að sjá hann á þessum stað. Á sínum yngri árum réri hann til fiskjar frá vestfjörðum á áttæringnum Guffa en gekk svo Guði á hönd dreif sig í prestaskóla og tók eftir það ákvörðun um að þjóna Drottni og fluttist að vestan og til borgarinnar til að sinna sínu prestakalli sem biskupinn veitti honum og blessaði hann í.

Þar sem þremmingarnir þekktu allir séra Þorgrím gengu þeir til hans. Breitt bros breiddist yfir andlit séra Þorgríms:

„ Sælir piltar! Það kom svolítið skríttinn svipur á ykkur er þið sáu mig með stýrisveifina í hendi í stað þess að standa á bak við púltið í kirkjunni og flytja predikun dagsins. „

Séra Þorgrímur teygði sig eftir vatnsflösku í bátnum, skrúfaði tappann af og fékk sér góðan sopa af heilnæmu vatni úr flöskunni.

„ Oh ekki segi ég það nú „ - sagði Larsen næturvörður og strauk yfirvarskeggið:

„ En hvað kemur til að þú ert hér en ekki þar sem þú ert ráðinn til að vera? Ekki ætlar þú að segja mér að þú hafir yfirgefið Guð þinn til að þjóna öðrum herrum? „

„ Það er von að spurt sé. Ástæða þess að ég er hér en ekki þar er að ráðinn formaður á bátnum forfallaðist skyndilega og einhver á staðnum vissi um mína fyrri stöðu. Þá var leitað til mín og ég beðin

um að hlaupa í skarðið. Sjálfsagt var að verða við þessari bón og æfa um leið upp gömul handtök.

Spurning þín um að ég sé hættur að þjóna Drottni og kominn til starfa hjá öðrum herra að svarið við þeirri spurningu er vitaskuld þvert nei. Maður yfirgefur ekki sinn lifandi Guð. Og hví ætti ég svo sem að gera slíka ósvinnu og heimsku?,, –

Séra Þorgrímur hirti ekki um þótt hann talaði sínu máli á háu nótonum úr skut bátsins. Margir aðrir á staðnum gerðu það einnig og tal hans skar sig ekki úr fjöldanum. En vegna orða hans um Guð og Drottinn litu samt nokkrir á hann með svip sem bar í sér hugsanir um eitt og annað og ekki allt velviljað boðskapnum um upprisinn Jesús.

Séra Þorgrímur hélt áfram:

„ Strákar! Úr því að þið eruð staddir hér er gott tækifæri til að segja ykkur frá bæna- og söngstundinni sem mig langar til að vera með í kirkjunni klukkan tuttugu í kvöld. Þið sjómennirnir hafið gott af að styrkja trú ykkar og jafnvel að segja nærstöddum frá vitnisburði um verk Drottins í eigin lífi. Og þú Larsen minn! Drottinn vill fá að vera með þér á næturgöngunni. Jæja piltar! Hvað segið þið um kostaboð mitt? „

Böðvar setti upp skritin svip og varð vandræðalegur, leit niður og gerði hring með tánum í bryggjugólfið. Bæði Larsen næturvörður og Hrafnkell formaður voru strax með á nótonum:

„ Ég læt sjá mig hjá þér í kvöld og tek Bjargveig konu mína með mér. Stund með Drottni lyftir upp andanum og þar sem ekki hefur verið róíð um skeið en útlit fyrir að morgundagurinn beri í sér enn einn sjóróðurinn er tilvalið að lofa Drottinn kvöld. „

Larsen tók í sama streng. Snéri sér svo að Böðvari og setti hönd sína á öxl hans og sagði:

„Kemur þú ekki líka með okkur?“

## 4 kafli

Böðvar var ekki undir þessa spurningu búinn. Hann sem alla jafna var skjóttur til svars og með já sitt og nei á hreinu og oft óvæginn í orðum. En núna hikaði hann. Maður sem lét engan eiga neitt inni hjá sér varð skyndilega orðvana og vissi ekki hverju skildi svara. Kannski var spurning Ólsen Larsen of einföld? Kannski gekk hún nær hjarta hans heldur en hann gat viðurkennt og borinn upp með meiri hlýju og alúð heldur en þessi harðgerði maður hafði áður kynnst?

Böðvar sem var þekktur á meðal sjómanna í borginni sem harður sjóhundur sem ekki kallaði allt ömmu sína og réri oft einskipa og þegar allir aðrir formenn í borginni héldu kyrru fyrir vegna veðurs upplifði veikleika í sínu fari sem hann kunni ekki að bregðast við. Og hann fann til mýktar í sínu hjarta. Eitt augnablik reyndu meira að segja tár að brjótast fram og renna niður kinnar hans. Eins og slíkt væri boðlegur gerningur hjá virtum formanni og aflakló verandi innanum alla harðjaxla bryggjunnar sem blótuðu og streðuðu og notuðu röddina með mesta styrk þegar munurinn var á annað borð opnaður. Menn sem báru á sjálfum sér pakka, poka, trékassa og annan varning úr skipinu svo svitann lagði af þeim.

Hvað var í gangi? Hví leið honum svo? Var hann að missa vitið og líkastur vælandi kerlingu? Allt var fyrir honum svo ruglingslegt og einkennilegt. Átökin voru öll innra með honum og ósýnileg öðru fólki.

Hann vissi vel að Hrafnkell ekki bara fór með sjóferðabæn og las daglega í Biblíunni heima fyrir heldur einnig að hann greip til bókarinnar á útleiðinni og las nokkur vers þegar sjór var stilltur og hægt um vik.

Böðvari vissi og um kirkjuferðir hans „ sem Drottinn var lofaður á „ – eins og Hrafnkell sjálfur orðaði þetta - þegar tóm gafst frá sjósókninni og " sérann " auglýsti stund.

Böðvar gat svo sem vel viðurkennt að oft hugleiddi hann hvað það væri sem Hrafnkell og Bjargveig kona hans sóttist eftir með kirkjuferðunum og hvað Guð væri fyrir þeim. Sjálfur hafði hann enga sérstaka skoðun á Guði og mat hvorki góðan eða vondan heldur eitthvað sem hugsanlega var, nú eða var ekki og sem slíkan hlutlausan í hverju máli.

Skapari, lífgjafi, frelsari - eins og Hrafnkell talaði um Guð var ofar skilningi Böðvars. Tími Böðvars var einfaldlega mikilvægari en svo að hann brúkaði hann í slíka vitleysu. Biblíufræðin rákust enda á hvers annars horn þegar upp var staðið. Að vísu hafði Böðvar lítið lesið Orðið nema í mesta lagi versin sem flutt voru á undan eða eftir sjóferðabæn manna í fjöruborðinu.

Að karlmaður hefði ekki komið nærri getnaði Maríu er hún varð þunguð af Jesús heldur - hm – þarna - hvað heitir það nú aftur? - Já - Heilagur Andi – hóst - var eitthvað sem heili hans gat ekki móttekið né heldur samþykkt með neinu móti.

Þetta var honum of framandi og gersamlega í andstöðu við allt sem hann þekkti.

Átti hann ekki sjálfur börn með sinni konu. Og kviknaði ekki þetta líf í kviði hennar eftir sæðisgjöf frá honum? Hann vissi ekki betur.

Eingetinn Sonur Guðs. Heilagur Andi. Jesús, frelsari manna í heimi sem blæddi. Heimi sem fólk dó í eins og flugur af völdum samborgara og herja ríkjanna sem geystust fram á hestum og vögnum með sverðum, framhlaðningum og öðrum tólum til að sölsa undir sig lönd og eignir manna. Þvílíkt bull. Þvílíkt bull. Fuss og svei.

Augnablikið varð sífellt ruglingslegra og þversagnarkenndara hjá Böðvari en samt í grunninn áhugavert. Eitthvað líf hafði kviknað sem setti allt þetta af stað.



Var Böðvar formaður á Blesa RE virkilega að missa af einhverju áhugaverðu með því að ganga ekki sama veg og næturvörðurinn Ólsen Larsen og Hrafnkell formaður gerðu?

Spurning Ólsen olli honum hugsunum og pælingum sem ekki höfðu áður komið upp. Allt gerðist þetta innan um ys og þys, hróp og köll blandað saman við hófadyn og freti einstakra hrossa sem framhjá gengu.

Smá saman komst hann aftur í rétt samband við sjálfan sig.

Böðvar fór í vasa sinn og tók fram pípuna og tróð tóbaki í hana.

Hann hnippi í Hrafnkell sem stóð fyrir framan hann með hendur í vösum og fylgdist með gangi mála.

Eldspýtnastokkur Hrafnkels skipti um hendur og Böðvar snéri sér undan vindinum til að fá skjól. Hann tottaði stertinn sinn uns reykurinn tók að streyma út um hitt munnvikið.

Böðvar var ekki alveg í réttu sambandi við atburðarrásina sem gerðist í kringum hann akkúrat á þessu augnabliki með allar sínar spurningar.

Ólsen Larsen sem bar upp við manninn eina einfalda spurningu en beið ekki svars og hugleiddi heldur ekki hvað fram fór í huga hans. Og hvernig átti hann svo sem að geta gert það þegar engin svipbrigði sáust á þessum harðgerða sjóhundi og dugnaðarmanni sem bentu til einhverskonar átaka í honum sjálfum? Ólsen Larsen var eins og hver annar maður með sínar eigin takmarkannir. Að skyggnast inn fyrir hjá öðrum manni var honum einfaldlega ofviða.

Á stöðum sem margir komu saman á heyrðu menn oft nýjustu fréttir. Vinnan í kringum skip sem komu frá útlöndum flugu fljótt um bæinn. Þegar svo póstskipið sjálft lá við stjóra jókst forvitni manna um allan helming. Sjálf „, Drottningin „, var á legunni og kominn alla

leið frá Danmörku með farm innanborðs sem íslendingar höfðu lengi vænst og beðið eftir. Alltaf var gaman að fá sendibréf frá fjarstöddum ættingja hvort sem bréfið var langhundur eða fáein orð á miðju blaði með undirskrift. Komur erlendra skipa til höfuðborgarinnar höfðu ótrúlegt aðdráttarafli sem gerði að verkum að oft var margt um manninn við höfnina þegar vinna var kominn í gang og varan byrjuð að berast í skemmurnar og svo áfram í búðirnar. Fólkið fylgdist með hvað kom. Vöntunin sem oft var í matvöruversluninni og í öðrum deildum verslunarinnar jók verulega á áhuga manna.

Á póstsstöðinni í Reykjavík biðu allmörg bréf í sekkjum tilbúinn til að fara um borð. Þetta var nokkra vikna samansafn einkabréfa og bréfa viðskiptalegs eðlis. Eitt bréf ferðaðist mörg þúsund sjómílna leið áður en spenntar og oft skjálfandi hendur fengu það og gátu loksins rifið það upp og komist að innihaldinu. Bréfin flutt fólkinu ýmist gleðifregnir eða sorgarfréttir sem fólkið þurfti að fá að vita um og glíma við. Einhver hafði látist í fjölskyldunni af slysförum, af sjúkdómum eða með eðlilegum hætti sökum elli. Veikindafréttir bárust í bland við uppgang og hamingju. Öllu ægði þar saman. Er mannlífsflóran enda ein stór og víðáttumikil breiða atvika.

Engin borgarbúi gat neitað því að þessar skipakomur höfðu yfir ákveðnum sjarma að búa sem gáfu lífinu í Reykjavík annað yfirbragð þó ekki væri nema stutta stund. Margt var um að vera og fullt af nýjum og ferskum vörum sáust í búðunum. Þótt innanum og samanvið væri vara sem óþrúttinn náungi ytra læddi inn á milli og kom skemmd til landsins.

Bjargveig kona Hrafnkels lenti einmitt á möðkuðu hveiti sem hún verslaði í matvörubúðinni og hugðist brúka til baksturs heima. En kaupmaðurinn brást þegar við og lét hana fá annan hveitipoka lausa við óværuna. En gat þess svona í framhjálaupi við frú Bjargveig að maðurinn sá arna hefði nú engan drepið ennþá, og glotti um leið.

Þótt margt fólk heyrði og smjattaði svo á því sem það heyrði við aðra var fráleitt að slíkt ætti við um alla. Sumir voru vandaðir menn sem

gættu þess að flytja einvörðungu staðreyndir. Þetta fólk tilheyrði fráleitt þeim hópi manna og kvenna sem fluttu fiskisögu með engan grunn undir sér og sá um að hentist á ógnarhraða um bæinn sem í versta falli varð að risastóru fjalli hjá síðasta flutningsmanni. Svona fréttáflutningur var ekki eftirsóknarverður fyrir menn eins og Hrafnkell, Ólsen Larsen og Böðvar heldur hann einn sem greindi rétt frá atburðum.

„Drottningin „var svona lítil vin í huga margra reykvíkinga.

Í bréfi sem menn fengu til sín frá fjarstöddum ættingja ytra kom oft fram markverður atburður í bland við upplýsingar um eigin hag.

Alltaf voru einhverjir til að greina frá atburðum sem vakti áhuga nærstaddra. Sá lausmáli varð sem vonlegt er ekki langlífur í svona hópi og fréttáflutningur slíks manns fór fyrir ofan garð og neðan og fréttir sem hann flutti var ekki talið ástæða til að vera neitt að festa sér í minni né flíka frekar með. En rétt er það að stundum ratast kjöftugum satt orð á munn.

Hrafnkell gekk rólega að Ólsen Larsen og sagði:

„Jæja karlinn! Skildi þín bréf að utan? Þú átt marga ættingja í kónsgins Kaupenhavn sem neita að gleyma þér þykist ég vita. „ -

Ólsen Larsen bar vísifingur upp að velsnyrtu yfirvaraskegginu og strauk það samkvæmt vananum leit á Hrafnkell:

„Gleyma mér! Engin hefur enn gleymt mér kæri vinur og ég veit heldur ekki til þess að einhver sé að reyna slíkt. „ – sagði Ólsen Larsen ákveðinni rödd.

Í svari hans mátti greina eilítla móðgun sem ekki var ætlun Hrafnkels að framkalla hjá honum.

Ólsen Larsen vatt sér undan stundarkorn en snéri sér svo aftur að manningum:

„ En svo ég svari spurningu þinni þá á ég reyndar von á bréfi. Já, og ég bíð spenntur eftir að það berist mér. Bróðir minn sendir mér yfirleitt orðsendingu. Og eins og vanalega á hann einnig von á bréfi frá mér og minni fjölskyldu með þessu skipi. Bréfið lagði ég inn á Pósthúsið um daginn og er ofan í einhverjum pokanum sem Bói póstmaður kemur með á eftir. „ –

„ Já „ - sagði Hrafnkell:

„ Alltaf er gaman að fá fréttir frá fjarstöddum vinum sínum. „ –

Orðalag hans áðan hafði verið klaufalegt og talað gegn hans eigin vilja. En svona bara gerist. Líka hjá vandaðasta fólki.

Böðvar blandaði sér í samræðurnar:

„ Þetta minnir mig á að ég á von á nýrri segldulu á Blesa frá seglverksmiðju í kóngsins ká. Aðalseglið um borð er orðið fúíð og tími til komið að skipta því út fyrir nýtt segl. Sé seglið hins vegar ekki með í þessari ferð líða kannski margir mánuðir þangað til farmurinn berst mér. Síðasta skip sem kom hafði sendinguna ekki meðferðis þó að vonir stæðu til þess. En verslunareigandinn sem pantaði seglið fyrir mig reiknaði fastlega með því í þessari ferð. „

„ Piltar mínir! Piltar! Hvað er í gangi? „ –

Hrafnkell rétt upp hendi og bað um hljóð:

„ Ekki geyma Guði í öllu þessu ferli. Hann hefur margoft lofað að vel fyrir sjá og segist engum hafa gleymt. Og hefur hann ekki skilað okkur öllum heilum heim hingað til og varðveitt bæði knörr og áhöfn? –

Hrafnkell lagði hægri hendi sína vinstri öxl Böðvars og sagði:

„Böðvar! Drottinn er með sérstaka vernd yfir þínu lífi. Hann talaði þetta til mín rétt í þessu sem mér fannst ég knúin til að segja þér.

„Amen „ - hrópaði Ólsen Larsen.

Hróp hans yfirgnæfði hróp mannanna á bryggjunni og hafði sínar afleiðingar því að pilturinn sem í þessu bar sykursekk á öxlinni brá svo við hið skyndilega „neyðarvein„ - eins og hann sjálfur sagði síðar - að honum fípaðist gangan og missti pokann á bryggjuna sem rifnaði við höggið og hluti sykursins lak á milli rimlana og í sjóinn.

„ Hvað er að þér maður? Þarftu að öskra svona? Ertu orðin geggjáður? „ – heyrðist í sármóðguðu manngreyinu. Engu var líkara en hann talaði með grátstafinn í kverkunum. Hann bograði yfir pokanum og reyndi að taka hann þannig upp að ekki færi meira af verðmætum sykrinum til spillis. Ekillinn brá þegar við og vildi hjálpa til en við það kom ókyrrð á klárinn. Hreyfing komst og á nærstadda hesta og þeir hreyfðu hausana upp og niður órölegir óvissir um hvað væri að gerast. Sumir af þeim kröfsuðu fæti í trégólfíð til merkis um óróa sinn. Eklarnir voru allir kunnugir sínum klárum og gátu fljótt róað þá. Smá saman færðist allt í sama farveg og hestarnir hengdu aftur sinn haus. Smá spenna hafði myndast á staðnum sem fljótt hjaðnaði.

Atvikið hindraði Böðvar í að svara og var hann ekki frekar inntur eftir því. En orðin rótfestust í hjarta hans.

Hestar og vagnar skröltu á hjólum sínum eftir malarveginum ofan við flæðarmálið og beygðu til hægri inn á bryggjuna og stöðvuðu för við næsta vagn sem beið. Klárarnir jöpluðu á beislismélunum eins og einhverja næringu væri að hafa úr þessum mélum. Kúskar og sumir freknóttir og með derhúfur á höfðinu héldu í taumanna og stjórnunni öflugum skepnunum. Hrossin gengu með sínum stjórnanda á sama

hraða og þeir og stöðvuðust þegar stjórnandinn stoppaði. Samaband manns og hests var allgjört og ekki upp á annað boðið.

Kúskur kom akandi eftir veginum með fimm lýsistunnur úr tré á vagni sínum sem allar innihéldu hákarlalýsi sem kaupanda í kónsins Kaupenhavn hafði verslað af framleiðanda. Verðið var frekar lágt þessa daganna en samninga varð að halda og því ekki um neitt annað að gera nema senda vöruna út og vænta hækkandi verðs.

Á sumum vögnunum var saltfiskur sem staflað var í haug á kerrunum og á þar látið eins og tollði.

Þrír saltfiskvagnar stóðu hver á eftir öðrum og biðu næsta báts. Báturinn sem um það bil var að leggjast upp að var hlaðinn póstpökum sem margir biðu spenntir eftir.

Bói frá pósthúsinu beið með sinn vagn tilbúinn. Tilkynning hafði borist frá bátnum á undan að næsti farmur úr skipinu væri pósturinn. Þegar tilkynningin var kominn var maður á bryggjunni gerður út af örkinni sem næst skokkaði léttstígur upp bryggjuna og eftir veginum að pósthúsinu og bar orðsendinguna áfram til þeirra.

Bói, miðaldra maður, skellt upp húfu póstsins og íklæddist einkennisjakka fyrirtækisins. Hann greip með sér tvo poka sem hann skellti ofan á pallinn og linnu ekki látum fyrir heldur en allir tíu pokarnir sem áttu að fara um borð í „Drottninguna“ voru komnir út úr pósthúsinu. Klárinn beið rólegur á meðan og hengdi haus og virtist vera sofandi. Hann var orðin þessu vanur og var ekkert að kippa sér upp við það þótt kerran hristist lítið eitt er pokarnir skullu á henni. Hrossið lyfti hausnum og horfði aftur fyrir sig og á Bóa sem kom gangandi. Hvort hrossið var fegið komu hans eða ekki gat engin maður vitað um. Engin svipbrigði voru á skepnunni sem gaf eitt né neitt til kynna. Og engin maður veit heldur hvað í einum hestshaus býr.

Áður heldur en maðurinn hélt af stað tók hann fram neftóbakspunginn sinn haglega gerðan úr kindahorni og fékk sér eilitla " hressingu. " En honum var ekki lengur stætt og verk framundan. Bói bar vasaklút upp að nefinu snýtti sér með háum hveli og greip um beislistauminn og gekk af stað þessa nokkra mínútna göngu.

Á skjólborði vagnsins vinstra megin var ritað ritningarvers sem póstmaðurinn Bói vissi ekki hver skrifaði það né heldur hve lengi versið hafði verið þarna. Fyrir allmörgum árum og eftir frí helgarinnar voru þessi orð kominn á skjólborðið. Þar sem yfirmenn póstsins voru sátir við fráganginn og að hafa svona orðsendingu á vagni merktum fyrirtækinu leyfðu forsvarsmenn póstsins henni að vera þar áfram. Póstvagninn fór víða um borgina og margir borgbúar höfðu lesið þetta magnaða ritningarvers. Með tímanum og eftir margan barning við regn, vind, snjó og frost höfðu þau talsvert dofnað en voru þó enn vel læsileg. Orðin eru eftirfarandi:

**" Er nokkur sá faðir yðar á meðal, að hann gefi syni sínum, er biður um fisk, höggorm í staðinn: " (Lúk 11:11)**

Kunnugleg hljóð bárust mannum frá járnklæddum vagnhjólunum sem rúlluðu eftir malargötunni. Vagninn ýmist hallaðist til hægri eða vinstri eftir því sem hjólin lentu ofan í holunum á veginum.

Bói póstmaður stóð fremstur í röðinni og beið póstpokanna. Undireins og báturinn var kominn upp að bryggjunni handlönguðu röskir mennirnir pokanna sín á milli uns allir sekkirnir stóðu á vagninum. Bói lagði af stað eftir rimlaborðinu með sjóinn undir sér.

Kerran fyrir aftan Bóa bar saltfisk. Hver fiskurinn eftir annan gekk á eldingarhraða frá einni hendi til annarrar og hafnaði í bátum sem lítilllega ruggaði vegna vinnu manna og borð. Helmingurinn af farni næstu kerru fluttist yfir í bátinn en þá gat hann ekki borið meira og hann hélt þegar út í skipið.

Hrafnkell, Böðvar og Ólsen Larsen höfðu fengið nóg í bili. Séra Þorgrímur stjórnaði bátnum sem næst kom og sami hamagangur hófst.

Veðrið var gengið niður og ekkert sem benti mönnum á annað en að sjóveður yrði í bítíð morguninn eftir.

Á bryggjuendanum kvöddust mennirnir og Hrafnkell gekk inn í bænin og til sinna manna til að tilkynna þeim um að vera við bátshlið klukkan 05 næsta dag. Sama gerði Böðvar við sitt fólk og aðrir formenn einnig sem borgin hýsti. Þetta var þeirra hlutverk. Voru þeir enda mennirnir sem tóku ákvörðun um hvort og hvenær róid yrði.

Hrafnkell kom við í fjörunni eins og hann var vanur og aðgætti hvort allt væri á sínum stað í Fróða Ben og klárt til brotfarar.

Hrafnkell gekk upp eftir hólnum áleiðis heim. Þar nam hann staðar eins og oft áður og leit út á Flóann sem hafði verið vinnustaður hans í mörg ár. Kyrr sjór blasti við honum í stað ólgu og hvítra öldutoppa hvert sem lítið var daganna á undan.

Ungur maður kom gangandi sömu leið. Hákon Lúðvík sonur Hrafnkels hélt á svartri læknistösku. Hann hafði verið í læknisvitjun. Fyrr um daginn kom fólk á stofu hans og bað um að hann vitjaði sjúklings heima. Fólkíð óttaðist að manneskjan væri haldin Holdsveiki. En svo var Guði fyrir að þakka að við nánari skoðun reyndist hún ekki orsök sjúkleikans heldur vond ígerð og bólgá sem erfiðlega gekk að meðhöndla og græða.

Bygging Holdsveikraspítalans í borginni og var gjöf frá dönsku Oddfellow-reglunni til íslensku þjóðarinnar, miðaði vel og allt útlit fyrir að hægt yrði að taka bygginguna í notkun á næsta ári 1898.

Holdsveikraspítalinn var mikill bygging sem rúmaði marga og myndi verða bylting í aðhlyningu og meðhöndlun holdsveikra í landinu. Sem vonlegt var hugleiddi Hákon Lúðvík sem menntaður læknir



töluvert þetta mál og fagnaði stórhug Dönsku Oddfellow-reglunar og vináttu hennar til þjóðarinnar. Hákon Lúðvík hafði verið orðaður við spítalann sem einn af læknum hans.

Rétt fyrir klukkan tuttugu um kvöldið gengu Hrafnkell, Bjargveig og Hákon Lúðvík heiman frá sér til stundarinnar sem séra Þorgrímur bauð til fyrir um daginn. Fólkið var allt uppábúið og fannst það tilheyra svona samkomu.

Við höfnina var allt með kyrrum kjörum. Hreyfing var kominn á „Drottninguna „ sem átti næsta áfangastað á Ísafirði þar sem íbúar biðu komu skipsins með jafn mikilli eftirvæntingu og reykvíkingar.

Hrafnkell og Hákon Lúðvík tóku ofan höfuðfötin.

Hrafnkell bað:

„ Drottinn! Vertu með áhöfninni og verndaðu ferð skipsins og skilaðu öllum heilum heim. Amen."

## 5 kafli

Þegar Hrafnkell, Bjargveig og Hákon Lúðvík lækni komu inn í kirkjuna var þar fátt manna. Tveir karlmenn og ungur drengur sátu á bekk hægra megin aftarlega í salnum og tvær konur og maður þremur bekkjalengjum framar.

Vinstra megin voru þrjár manneskjur og aðrar tvær þar fyrir framan. Fólkið sat hljótt og teygði í sig friðinn á staðnum.

Orgelleikarinn sat við orgelið og steig fótstig tækisins og lék gamlan sálm. Tónarnir risu og hnigu eftir hljómfallinu og eins og léku við fólkið sem kom inn.

Hvorki Ólsen Larsen né Böðvar voru komnir. Spurning var um Böðvar en næsta víst að Ólsen kæmi og jafnvel kona hans og með þeim Andrés Ólsen. Andrés hafði gefið Jesús líf sitt á svona stund í Dómkirkjunni.

Séra Þorgrímur var hvergi sjáanlegur. Gat verið að sjálfur " sérann " væri fjarstaddur á boðaðri stund? Slíkt var ólíkt séra Þorgrími. En krosstré bregðast sem önnur tré.

Hrafnkell velti því fyrir sér hvort uppskipunin fyrr um daginn hafi staðið svo lengi og ekki unnist tími fyrir herra prestinn að eta, hafa fataskipti og mæta í kirkjunni á réttum tíma. Ekki var annað að sjá en að allt hafi verið hægt og hljótt á athafnasvæði bryggjunnar og báðir ferjubátarnir bundnir og mannlausir vaggandi sínum léttu veltum.

Hugleiðingar formannsins um " sérann " reyndust úr lausu lofti.

Séra Þorgrímur var kominn. Hann hafði verið inn í skrudshúsinu að sækja sönghefti sem geymd voru í læstum skáp til að dreifa meðal gestanna. Hefti sem alla jafna voru notuð í messunni sem fram fór á sunndögum. Að vísu var þetta ekki hefðbundinn messa en söngurinn

átti jafnmikið erindi nú eins og þá og ævinlega er fólk kom saman í Jesú nafni.

Séra Þorgrímur var sér vel meðvitaður um hvað söngurinn gerir fyrir hjarta mannsins. Til að menn gætu sungið sálamana voru heftin nauðsýnleg. Ekki var hægt að ætlast til af fólkinu að það kynni öll lög kirkjunnar utanbókar. Sjálfur notaðist hann við bókina þótt sömu löggin væru endurtekið sunginn í messu hjá honum. Hann átti í erfiðleikum með að læra stafkrók utanað og komst í mesta lagi í tvær línur áður en minnið sagði við hann í áminnandi tón:

" Þorgrímur! Hingað og ekki lengra. " – og hann neyddist til að teygja sig eftir skruddunni góðu og yfirgnæfa aðra í kirkjunni með fagurri bassarödd. Enda prýðilegur söngmaður sem stundum tók einsöng í kirkjunni.

Heftið var góð leið til að fá fylgt hinum eftir án ítrekaðra þagna og hökts og hiks eins og gerist þegar textinn gleymist og vandræðagangurinn byrjar.

Dómkirkjan er glæsileg bygging og vel hirt. Fólk sem þangað kom gekk gjarnan um hana og skoðaði fallega málverkið á veggnum sem sýndi Jesús upprisinn, með mikinn og öflugan englaher í kringum sig, baðaðan dýrð Föðurins og ljóma hans.

Bjargveig alltént elskaði þessa mynd. Myndin gaf henni styrk í hjartað í hvert sinn sem hún sá hana og minnti á hvað Jesús var fyrir henni. Að hann var styrkur sem fleytti henni yfir erfiðleika. Hve oft hafði hún ekki séð þessa mynd með sjálfri sér og látið huggast eftir að ritningaversið sem fylgdi með rifjaðist upp og gaf henni aukna von er veðrið tók skyndilega upp á þeim ósið að breyttast og sjórin að yfa sig og hvæsa framan í áhöfnina á Fróða Ben sem fiskaði í sig út á Flóanum?:

**" Þegar hann var að koma þar að, sem farið er ofan af Olúfjallinu, hóf allur flokkur lærisveina hans að lofa Guð**

**fagnandi hárra raustu fyrir öll þau kraftaverk, er þeir höfðu séð, og segja: Blessaður sé sá sem kemur, konungurinn, í nafni Drottins. Friður á himni og dýrð í upphæðum! "** (Lúk 19:37-38) - voru Orðin sem Drottinn á sínum tíma gaf og grópuðust í hjartanu og myndin góða á vegg kirkjunnar minnti hana stöðuglega á.

Dyr skrudshússins opnuðust og séra Þorgrímur steig fram með söngheftin í fanginu. Presturinn var klæddur borgarlegum fatnaði en með hvíta kragann hnepptan um hálsinn. Hempan var tekin fram við athafnir eins og skírnir, giftingar, greftranir og vitaskuld við sunnudagsmessunni góðu en hékk þess á milli á herðatré inn í fataskáp skrudshússins.

Þorgrímur bauð alla inni velkomna með þeim orðum að honum þætti gaman að sjá þau.

Ólsen Larsen kona hans og Andrés Ólsen komu inn í anddyrið. Ólsen tók ofan húfuna, strauk yfirvarskeggið samkvæmt vananum, fór úr frakkanum og hengdi hann á herðatré. Fólkið beið á meðan karlinn athafnaði sig án þess að taka sjálfst af sér eigin hlífðarfatnað. Saman gengu þau inn og fengu sér sæti við hlið Hrafnkels og hans fólks að aflokinni venjubundinni kveðju.

Hrafnkell snéri sér við og leit til dyranna:

" Ætli Böðvar blessaður komi? Mikið væri gaman að hafa hann hér með okkur í kvöld. Hann hefði gott af því að hlusta á sönginn og jafnvel að opna munn sinn og syngja með. Ég hef lengi haft trú fyrir því að jafnvel Böðvar minn frelsist og fái smakkað á kærleika og elsku Drottins. " – sagði Hrafnkell og tók fram pípu og tróð lúkunnar ofan í annan buxnavasa sinn til að sækja píputóbakið og gera sig svo líklegan til að kveikja sér í.

Bjargveig kona hans sá hvað verða vildi og snéri sér að honum:

" Hrafnkell Ámundason! Minn kæri eiginmaður! Svona gerir maður ekki inn í kirkjunni rétt áður en stund hefst. Stingdu þessu aftur á þig og láttu engan mann sjá þig gera svona lagað - mér liggur við að segja - Guðlast. " -

Ákveðin skipunartónn var í rödd Bjargveigar sem Hrafnkell svo sem kannaðist við af löngu hjónabandi sínu. En þar sem hún hafði lög að mæla aðhafðist hann ekki frekar:

" Fyrirgefðu mér. Ég er bara orðin pípustertinum svo vanur að maður seilist stundum eftir honum án þess að hugsa um það hvar maður sé staddur. Vitaskuld er ótækt að reykja inn í Guðshúsi. "

Hrafnkell ætlaði að standa á fætur og bregða sér fram á stétt til að svala tóbaksnautn sinni en Bjargveig greip í hann og Hrafnkell settist aftur. Hann gat bara fengið sér reyk eftir stundina og mundi áreiðanlega lifa af þangað til.

Ólsen Larsen snéri sér að Bjargveig og sagði:

" Þetta líkar mér. Taka karlinn föstum tókum og koma honum ekki upp með neitt múður. "

Bjargveig og Hrafnkell hlógu.

Hákon Lúðvík sat við hlið þeirra og las í Biblíunni án þess að fylgjast náið með orðaskiptum fólksins. Hann var einn af þeim sem gat fest huga sinn við verk sitt þótt fólk samkjaftaði ekki í kringum og var kostur sem oft kom sér vel fyrir hann í læknanáminu og Kaupmannahöfn.

" Ertu ekki sammála mér? " - sagði Ólsen við Hákon Lúðvík:

" Jú, pabbi mætti alveg minnka tóbaksnotkunina eilítið. En hann verður samt að fá að ráða þessu sjálfur. " - Hákon sökkti sér aftur ofan í lesturinn. Enda mesti lestrarhestur.

" Parna talaði læknirinn " - sagði Hrafnkell og tók fram vasaklútinn sinn. Hávær hvellur barst um salinn er Hrafnkell bar klútinn upp að nefinu og blés hraustlega í hann.

" Ég er alltaf að segja þetta við þig og jafnvel læknirinn er mér sammála. Þú heyrðir álit hans rétt áðan. " - Bjargveig sagði skoðun sína.

" Hverslags eiginlega ofsóknir eru þetta á mig vegna - stertsins. - Það er komnir þrír gegn einum. Leikurinn er ójafn og um leið ósanngjarn. Ef þetta heldur áfram í sama fari neyðist ég til að safna liði til ægilegra hefnda. " –

Ákveðin glettni var í röddinni. Hafði málið enda oft áður borist í tal bæði yfir matarborðinu heima og annarstaðar á heimilinu.

Fólkið talaði á léttu nótunum þótt ákveðin sannindi fælust í öllu gamninu sem Hrafnkell svo sem viðurkenndi með sjálfum sér án þess að gera neitt meira í því.

Mikill hósti barst fólkinu til eyrna utan að. Hóstinn stóð í smá stund.

Bjargveig hnippi í Hrafnkell og hvíslaði:

" Pípan minn kæri eiginmann. " Sterturinn. "

Hrafnkell krosslagði hendurnar yfir brjóstið og horfði beint fram fyrir sig og setti upp einkennilegan svip. Sannast sagna var hann búinn að fá sig fullsaddan á þessu tali. Eilítil þögn frá umræðuefninu væri kærkominn.

Maðurinn úti heyrðist stappa niður fótunum í ganginum.

Skömmu síðar birtist Böðvar í gætt innri dyra Dómkirkjunnar óviss í framan. Hann leit í kringum sig þar sem hann stóð á meðan hann

ákvað hvað gera skyldi. Tók svo af skarið, steig fæti inn fyrir og settist við hlið vinafólks síns.

" Minn maður bara mættur. Velkominn Böðvar minn. " – Hrafnkell gladdist í hjartanu yfir komu Böðvars.

Hitt fólkið á bekknum gladdist líka.

Séra Þorgrímur gekk eftir ganginum og tók í hönd hins seiga og duglega formanns. Hann eins og þau varð glaður að sjá Böðvar í kirkjunni sem allajafna vandi ekki komur sínar þangað. En hér var hann - óviss - eilítið hikandi og kannski líka hræddur en samt á staðnum sem menn hugðust fræðast um veg Drottins.

Klukkan var að verða tuttugu og stundin að hefjast.

Á sama tíma var maður á ferð út í myrkrinu klæddur úlpu með hettuna dregna yfir höfuðið. Hann gekk rösklega. Af öllu fasi hans sást að hann var að flýta sér. Innanklæða bar hann áhald sem menn allajafna ganga ekki með um götur borgarinnar. Hann hafði sína áætlun og hugðist hrinda í framkvæmd þetta kvöld. Maðurinn var léttur á fæti. Hjartað barðist í brjósti hans. Allar mannaferðir framkölluðu kipp hjá honum. Augun voru vakandi og rannsókuðu umhverfið.

Í daufum ljósum lýsisampanna ofan á toppi ljósastauranna sást skugga hans bregða augnablik fyrir.

Hann gekk eftir strætinu.

Ljós flöktu í gluggunum á hýbýlum manna. Einstaka manneskja gekk fyrir þessa glugga. Sumir höfðu kaffibolla, aðrir blað í hönd og en aðrir báru bara sjálfa sig og námu staðar við ljórann rýndu út í myrkrið án þess að veita manneskjunni úti athygli.

Kirkjubyggingin blasti við mannum.

Í um fimmtíu metra fjarlægð barst til hans orgelleikur og söngur og lágróma raddir manna og kvenna og svo skyndilega kröftug og mikil bassarödd. Raddir karlana og kvennanna voru samstilltar en greinilegt að hver söng með sínu nefni og fæstir inni æfðir söngmenn nema sá með bassaröddina.

Dauf ljós sáust í glugga kirkjunnar og sömuleiðis dauf týra út um kirkjudyrnar sem báðar voru galopnar og alveg inn í kirkjusalinn þar sem fólkið var.

Maðurinn eins og sogaðist að hljómfallinu og stöðvaðist við opnar dyrnar og horfði inn af götunni. Hann sá í hnakka nokkurra manneskja. Maðurinn svo sem þekkti sönginn þótt ekki væri hann fastagestur né heldur kirkjusækinn maður.

Hann varð mannaferða var og gott ef manneskjan var ekki líka einkennisklædd. Maðurinn tók á rás og hvarf fyrir horn kirkjunnar, blés þar meðinni og lét ekki á sér bæra.

Hann kíkti varfærnislega fyrir hornið. Hann hafði getið sér rétt til. Einn af lögregluþjónum borgarinnar var á sinni venjubundnu eftirlitsgöngu um hálfmyrkvaðar göturnar.

Lögreglumaðurinn var hávaxinn og kraftalegur maður um þrítugt. Í hendinni hélt hann á kylfu sem hann sveiflaði kæruleysislega fram og til baka á göngunni og blístraði lagstúf. Fram að þessu hafði kvöldið verið tíðindalaust og engin ástæða til að ætla annað en svo yrði áfram. Reynslan hafði kennt manningnum að aldrei væri hægt að útiloka neitt í þeim efnun.

Kirkjan flutti þessum tveimur mönnum sama sönginn þótt lögreglumaðurinn vissi ekki af hinum sem stóð við húshornið.

Lögreglumaðurinn stakk kylfunni í slíðrið og leit andartak inn í kirkjuna þaðan sem hann stóð:



" Jaah héra! Er þetta ekki Ólsen Larsen næturvörður sem ég sé standa þarna og syngja hástöfum með kerlingunni sinni og syni? Ekki vissi ég að Andrés væri kirkjusækin eins og faðir hans og frú eru. Stráknum kippir greinilega í kynið. " - sagði lögreglumaðurinn upphátt við sig sjálfan.

Maðurinn sem stóð við húshornið heyrði orð lögreglumannsins:

" Nú fór í verra. Ólsen Larsen næturvörður inni. Sami maður og reip mig glóðvolgan fyrir skömmu með ritvélina í fanginu. " - Honum var hætt að lítast á blikuna.

Hann greip um hálsmál skyrtunnar til að teygja örlítið á kraganum sem að hans álit þrengdi óþægilega mikið að þessu augnabliki.

" Hvað er með þessa löngu? Ætlar hún að setjast þarna að? " - hugleiddi maðurinn. Hann var eins og negldur upp við vegg og gat sig hvergi hrært.

Tíminn sniglaðist áfram. Svitinn spratt fram á enni hans og hjartað sló örar. Lögreglan var í aðeins örfáa metra fjarlægð og minnsta hreyfing gat hæglega veitt athygli hennar á honum og hún komist að raun um verkfærið sem hann bar innanklæða og getið sér til um hvað til stóð. Hann vissi að lögreglan í höfuðborginni kannaðist við sig.

Ljósið náði ekki til hans og hann því hulinn myrkrinu. Svo lengi sem hann bærði ekki á sér taldi hann sig öruggan.

Lögreglumaðurinn stóð kyrr í sömu sporum og fylgdist með fólkinu inn í kirkjunni. Ekkert fararsnið var á honum.

Loksins komst þó hreyfing á sterklegan lögreglumanninn og hann tók kylfuna aftur úr slíðrinu og sveiflaði henni fram og til baka eins og áður og gekk eftir götunni án þess að verða neinna mannaferða var.

Maðurinn við húshornið slapp í þetta sinn.

Hann andvarpaði feginn og settist á trékassa sem þarna var, þurrkaði svitann af enni sér og upphugaði næsta skref. Hann þurfti nokkrar mínútur til að losna við spennuna og taugatitringinn úr líkamanum sem nærvera lögreglumannsins olli honum.

Tónlistinn inni lék um hann og honum leið svo sem ágætlega undir henni þótt aðrar ytri aðstæður væru kannski ekki alveg eins og hann taldi æskilegastar.

Inni var fólkíð í nærveru Guðs. Söngurinn vann sitt verk.

Böðvar sat og las textann beint af bókinni en opnaði ekki munn sinn né lét hljóð út um hann berast. Sigurinn í málinu var að enn sat hann sem fastast og virtist una hag sínum ágætlega.

Þá steig séra Þorgrímur fram og las valin texta úr Orði Guðs:

**" Flýið, hverfið brott, felið yður djúpt niðri, þér íbúar Dedans! Því að Esaús glötun læt ég yfir hann koma, þá er ég hegni honum. Ef vínlestursmenn ráðast á þig, þá skilja þeir ekki neinn eftirtíning eftir. Ef þjófur koma að þér á náttarþeli, þá skemma þeir, þar til er þeim nægir. En af því að ég sjálfur afhjúpa Esaú, gjöri ber fylgsni hans, svo að hann getur ekki falið sig, þá verða niðjar hans unnir og frændþjóðir hans og nábúar, og úti er um hann. " ( Jer 49:8-10)**

" Þessi ritningarstaður kom svo sterkt upp í huga mér að mér fannst ég verða að lesa hann í upphafi stundar. Sjálfur valdi ég annað Orð sem upphafsorð " – sagði séra Þorgrímur í hálfgerðum afsökunartón:

" Þetta er Guðs Orð og við verðum að hafa djörfung og þor til að hlusta á allt Orðið en ekki einvörðungu valda og þægilega kafla úr því. " - sagði Ólsen Larsen næturvörður til að hughreysta prestinn.

Orð prestsins bárust út til Nonna sem enn sat á kassanum í horninu þar sem viðbyggingin og kirkjuskipið kysstust. Orðin komu ónotalega við hann og honum fannst eins og upp um áform sín hefði komist.

" Bull " - sagði Nonni við sig sjálfan til að stappa í sig stálinu:

" Engin veit hvað ég hyggst gera vegna þess að ég hef engum sagt frá því. "

Hann horfði kringum sig. Engin var á ferli. Hann tók fram járníð sem hann var með innan á sér, svona til frekari styrkingar:

" Ég og þú ætlum að vinna saman verk á eftir og ekki í fyrsta skipti. "

—

Lágvær hlátur barst út um varir hans sem undirstrikaði alvöruna sem að baki bjó.

Hann stakk járninu aftur á sig og stóð á fætur. Vegalengdin frá kirkjunni til áfangastaðarins var stutt. Um hálfur kílómetri í mesta lagi.

En þar var verslun sem Nonni skyndilega fékk augastað á sem eitt af sínum verkefnum.

Hann hafði fylgst grannt með verslunareigandanum og náð að sjá hvar í húsinu hann geymdi féð. Afrakstur dagsins. Og núna var réttur tími að seilast eftir þessum peningum mannsins og láta myrkrið fela sig á meðan.

Nonni setti hettuna betur yfir höfuðið og gekk sína leið.

Séra Þorgrímur stóð upp með Biblíuna í hönd og las upp textann sem hann hafði valið sem inngangsorð:

**" Og hann sagði við þá: Gætið yðar, og varist alla ágirnd. Enginn þiggur líf af eignum sínum, þótt auðugur sé." (Lúk 12:15)**

Nonni var í sama mund staddur fyrir framan dyrnar og textinn eins og skall á honum. Hann fann aftur eitthvað gerast innra með sér. Aftur þurfti hann að taka sér taki til getað haldið áfram án þess að samviskan nagaði og gerði honum lífið leitt:

" Bull . Það er engin lífandi Guð til. " -

Að lokum komst hann nægjanlega langt í burtu til að heyra ekki lengur orðin af vörum séra Þorgríms.

Útlegging séra Þorgríms á ritningaversinu var eftirfarandi:

" Jesús hefur lofað að vel fyrir sjá. Öll ágirnd mannsins mun hindra Drottinn í verki. Nauðsýnlegt er að menn átti sig á eigin stöðu og geri sér glögga grein fyrir hver Jesús er. Orð hans eru sannleikur. Eftir því sem maðurinn kemst nær hjarta hans vex trúin og honum vegnar betur. Allir þurfa að koma til Jesús og fá fyrirgefningu syndanna. Frami fyrir Guði eru allir menn jafnir..... " -

Augabrúnir Böðvars sigu lítið eitt við útlegginguna og skeifa reyndi að koma sér fyrir á munnviki hans. Á einum stað var engu líkara en að hann hefði fengið nóg því að formaðurinn gerði sig líklegan til að standa á fætur og yfirgefa bygginguna. En samt! Eitthvað hélt honum kyrrum í sæti sínu.

Nonni komst án frekari áfalla á áfangstað og stóð við bakdyr búðarinnar og mundaði kúbeinið. Smellur heyrðist er hurðin gaf sig. Hann leit í kringum sig. Niðamyrkrið mætti honum. Engin var nálægur. Hann rataði um húsakynninn og leit á dimmuna sem kæran vin.

## 6 kafli

### Við Dómkirkjuna.

Komið var að lokum stundarinnar. Böðvar sat með vinum sínum inni með augabryr sínar ýmist niðurdregnar eða uppi. Fór eftir því hvað verið var að fjalla um og hvernig hann skildi predikunina á hverjum stað.

Fólkinu var boðið að koma fram til fyrirbænar. Böðvar á Blesa RE var enn ekki tilbúinn undir svoleiðis „múnderingar. „

Samt hafði margt hafði áunnist hjá þessum harðgerða manni sem þekkti fátt nema vösbúð og þrældóm sjómenskunnar sem má segja hafi verið hlutskipti hans frá barnæsku er hann sem ungur drengur vann með föður sínum og öðrum heimamönnum og aðkomnu vinnufólki í heyönnum sumarsins. Faðir hans bjó búi á Álftanesi. Allt hafði þetta hert hann.

Skólaganga Böðvars var eins og gengur. Mest af sínum lærdómi hafði hann hlotið í foreldrahúsum. Þar var honum kennt að draga til stafs, reikna og skrifa í hálförökkrinu sem baðstofuloftið gaf í gegnum lítinn glugga á stafni hússins. Undir þessum glugga sat drengurinn við lítið borð með blað og blýant í hönd og naut leiðsagnar hinna fullorðnu.

Og en var Böðvar að læra þótt aldurinn færðist yfir og hann ekki eins kvikur í hreyfingum og áður var er hann hljóp uppi fótfráustu kindur og fór létt með.

Síðustu klukkutímanna hafði eitthvað nýtt fæðst fram í honum sem eins og strauk um hjarta hans og orsakaði að um hann fór góð og indæl tilfinning sem náði að mykja hjartatetrið þó að enn kynni hann ekki að bregðast við þessu né hugsaði mikið um Jesús og verkið sem hann ku hafa unnið fyrir mannkynið og séra Þorgrímur impraði á í

predikun sinni. Böðvar hafði svo sem heyrt Orðið: Ingunni amma hans sat stundum með hann í kjöltunni er bókalærdómnum var lokið og engin nema þau tvö heima og lesið fyrir hann upp úr Biblunni.

### **Nonni.**

Nonni var kominn inn í húsið. Hann gekk inn í myrkvaðan ganginn og rak tánna harkalega í stórann járnkassa á gólfinu sem við höggið færðist til um nokkra sentímetra og olli lítilsháttar hávaða sem þó hljómaði eins og stórt vatnsfall í eyrum hans. Við áreksturinn munaði litlu að hann félli á gólfið. Hann gretti sig af sársauka, færði kassann til hliðar, nuddaði á sér tærnar og gerði gangveginn og sína eigin flóttaleið hreina.

Hann stakk við fæti. Greinilegt var að kassanum hafði verið komið fyrir skömmu fyrir lokun. Sjálfur var hann staddur þar um fimm leitið sama dag og náð að skoða ýmislegt með kvöldið í huga. En þá var kassinn ekki þar sem hann nú stóð. Um þetta var hann handviss.

Hann kom að dyrum sem vísuðu inn í verslunina.

Hann steig fæti inn í verslunina. Spennan var í algleymingi. Skrifstofa kaupmannsins var við hinn enda herbergisins og þurfti að ganga meðfram búðarborðinu og ristastórum gluggum sem vísuðu út á götuna. Skyndilega birtist andlit þrekvaðna lögreglumannsins í einum þessara glugga. Greinilegt var að lögreglumaðurinn hafði snúið við rétt á hæla Nonna. Aftur eins og fraus blóðið í æðum hans. Með snöggri hljóðlegri hreyfingu dró hann sig til baka og faldi sig á bak við vegginn. Hann teygði hönd sína gætilega í dyrnar og hallaði þeim án þess að lögreglan úti yrði neins óþlilegs vör. Myrkrið var enn hans besti vinur.

Ekki varð atvikið sem næst gerðist til að þíða upp blóðrásina er skyndilega eitthvað loðið og mjúkt straukst við fæturna á honum og bjó til ískaldann svíta á enni hans. Músa- og rottuveiðarinn Sámur sem hafði aðsetur í versluninni kom til að heilsa manningum.

Nonna langaði til að öskra upp yfir sig og gefa kettinum ærlegt vinstri fóta spark svo að hann tækist á loft og flygi út í myrkrið langt í burtu frá honum. En í stað þess að sparka ýtti hann mjúklega við honum með fætinum og beið átekta. Kötturinn mjálmaði lágt og smeygði sér út um rifuna á hurðinni og gekk þvert yfir gólfið og stökk upp í gluggakistuna og settist þar.

Nonna varð ekki um sel og fannst hyggilegt í stöðunni að loka einnig bakdyrunum sem hann hafði komið inn um. Aldrei var að vita hvað þessum kumpánum í einkennisbúningunum dytti í hug og allur var varinn góður. Vel gat verið að lögreglumaðurinn kíkti á bak við hús og sæi þá opna hurðina og blési í litlu flautuna sem hann bar í festi um hálsinn og vektí allt nágrennið. Staðan var fráleitt góð.

Lögreglumaðurinn varð kattarins var og bankaði í glerið til að sjá viðbrögð dýrsins inni.

Bankið barst Nonna til eyrna. Hugsun skaust upp í kolli hans um að hætta við allt saman, læðast út og bíða betri tíma. Þjófseðlið og græðgin er harður húsbóndi sem enga vægð sýnir og hann vissi hvar peningarnir voru og vel gat verið að afrakstur heillar viku lægi á botni læstrar skúffunar í skrifborðinu inni. Fúlgur fjár.

Að hverfa burt var kæft í fæðingu.

Hann herti takið um kalt kúbeinið og gerði litla rifu á hurðina og aðgætti stöðuna. Lögreglumaðurinn var nú byrjaður að leika sér við köttinn og dró fingur sinn eftir glerinu utan frá sem Sámur músa- og rottuveiðari brást við með því setja loppuna á glerið þar sem fingur mannsins snerti það og fylgja honum og veifa skottinu og vakti upp í sér veiðieðlið:

„Nú líst mér á. Löggan byrjuð að leika sér. Eins og hún hafi ekkert þarfara að gera. Hvað er að hjá þessari löggú? Er ekki allt í lagi heima hjá þessum manni? Ætlar hún að verða mér til endalausra vandræða í kvöld? Iss. " – Nonni var að verða alvarlega hneykslaður.

### Við Dómkirkjuna.

Á stéttinni fyrir framan Dómkirkjuna spjallaði fólkið saman. Þar sem orðið var áliðið og fyrir séð róðraveður í bítið varð spjallið stutt og sjómennirnir á staðnum drifu sig heim til að ná sér í fáeinna klukkutíma svefn fyrir róðurinn.

Böðvar gerði sig líklegan til að yfirgefa fólkið en áður en til þess kom hnippti Hrafnkell í hann og spurði:

„Jæja Böðvar! Hvernig leist þér svo á? „ –

Bjargveig og Hákon Lúðvík stóðu honum sitt til hvorar handar.

Bjargveig brosti.

Böðvar var ekki alveg viss hverju skyldi svara:

„Nú „ - sagði hann og greip pípuana og tóbakið og byrjaði að troða í hana. Hann skyrpti á malargötuna. Og svo aftur, ræskti sig og sagði:

„Þetta hefði getað verið verra og söngurinn var svo sem ágætur og kirkjan hrein og fín. Einnig kom mér á óvart hve séra Þorgrímur hefur góða söngrödd. Ætli karlinn hafi numið söng á meðan hann enn var í prestaskólanum?

Jújú þetta var allt með miklum ágætum og aldrei að vita nema ég mæti á næstu stund í kirkjunni. Það er að segja ef maður verður ekki á sjó. Og svo einkennilegt sem það er rifjaðist upp atvik er ég sem barn sat á hnjám Ingunnar ömmu minnar sem las fyrir mig Guðs Orð og talaði um hann - hérna – ræsking -Jesús. „ –

Böðvar bar eld í tóbakið og saug að sér eins og hann ætti lífið að leysa. Glóðin í pípuhausnum varð skær og minnkaði til skiptist. Að



lokum barst reykurinn út um munninn og undirstrikaði gagnsemi logans og glóðarinnar.

Böðvar snéri sér að Hákon Lúðvík lækni:

„ Hvernig gengur með Holdsveikraspítalann. Maður hefur heyrt þig orðaðan við þá stofnum, sem einn af læknum þar. „

" Nú, byggingin gengur samkvæmt áætlun. Jú það er rétt. Yfirlæknirinn þetta undir mig fyrir skömmu og ég tók boði hans og hef þar störf undireins og verkinu líkur og sjúkrahúsið verður formlega opnað. „ - Hákon bretti upp kragann á frakkanum og stakk höndunum í vasana:

„ Húsið er gríðarleg bygging. En hvernig er annars ástandið á liðinu? Er fólkið sæmilega hraust í borginni? „ - Böðvar þyrsti í fréttir frá læknum.

„ Heilsufarið er ágætt. En vitaskuld koma alltaf upp tilvik sem skoða þarf betur. Og alltaf annað veiðið skreppur maður til Hafnarfjarðar til að sinna sjúklingum. Eftir að leiðin þangað er orðin jafn greiðfær og nú er með brúun Kópavogslækjar eru aðstæður allar orðnar betri bæði til gangs og reiðar. „ - Hákon Lúðvík hnepti betur að sér yfirhöfninni og lagfærði húfuna á höfði sér. Biblían stóð upp úr brjóstvasa flíkurinnar.

Böðvar lét á sig vettlinganna og sagði:

„ Því get ég trúað að brúin yfir Kópavogslæk geri gæfumuninn og furðulegt að slíkt þarfaverk hafi ekki fyrir löngu verið unnið.

En nú er best að kveðja og drífa sig heim og undirbúa sig undir langan dag á morgunn. Verið öll blessuð og þakka ykkur samveruna í dag. „

Er myrkrið hafði gleypst hann gengu þau í gangstæða átt.

**Nonni.**

Lögreglan var farin og Nonni kominn að skrifstofudyrum kaupmannsins. Sámur músa- og rottuveiðari sat áfram í glugganum.

Nonni stakk kúbeininu á milli stafs og hurðar og tók á járninu. Hurðin hrökk upp. Stykki úr hurðarkarminum féll á gólfið. Hann gekk brosandí og fullur eftirvæntingar í átti að skrifborðinu.

En hvað var þetta? Efsta skúffan var útdreginn. Hann lagði járníð frá sér á borðplötuna, kafaði ofan í skúffuna með fingrunum og fylltist örvæntingu. Fingurnir fimm renndu eftir sléttum botni fram og til baka en urðu einskis varir. Allt var farið. Skúffan var tóm. Gat verið að hann hefði tekið feil á skúffum? Brosið þurrkaðist af andlitinu og annar og dekkri svipur fékk þar rúm.

Hann opnaði allar hinar skúffurnar. Hálfgerð æði rann á Nonna. Hann gramsaði í örvæntingafullri leit og rótaði til blöðum og lauk upp möppum sem lágu ofan á borðplötunni eða stóðu uppraðaðar í hillunum. En allt kom fyrir ekki. Engir peningar voru á staðnum. Allt farið og tröllum gefið.

Ægilegur sannleikur rann upp fyrir Nonna. Einhver annar óprúttinn í borginni hafði verið með sömu áætlun en verið á undan honum að framkvæma verkið. Hvar og hvernig hafði sá gaur komist inn? Það var honum hulið. Kom hann ekki að öllu læstu? Hann vissi ekki betur.

Aftur langaði Nonna til að öskra. Hann greip um höfuð sitt og ruggaði sér fram og til baka eins og vitstola maður. Hvað var eiginlega að gerast og hvar ætlaði þetta að enda? Að lokum gat hann ekki þagað lengur og hrópaði:

„ ÞJÓFAPAKK!!! „ –

Nonni hrópaði heldur hærra en hann hafði ætlaði sér. Hann greip fyrir munninn og leit eldsnöggt í allar áttir. Hvergi var nein hreyfing. Engin hafði heyrt neitt. Hann andaði léttar.

Vegna þess sem á undan var gengið þurfti Nonni að tylla sér stundarkorn og jafna sig eilítið á vonbrigðunum og allri spennunni og svo gríðarlegum vonbrigðunum. Sámur músa- og rottuveiðari kom gangandi og stökk í kjöltu hans og settist. Nonni strauk honum um bakið og sagði við malandi köttinn:

„ Hverslags eiginlega þjófahyski býr í þessari borg? Er ekkert lengur hægt að hafa í friði fyrir þessum lýð? „ - Hann var alvarlega hneykslaður.

Hann tók köttinn og setti hann á gólfíð, stóð upp og gekk sömu leið og hann kom.

Eilítið svalara veður mætti honum utandyra og örlítil andvari einnig. Hann stakk járninu innan á sig gekk vonsvikinn af stað en stansaði við kamarinn. Þaðan gat hann horft niður götuna án þess að sjást. Hann aðgætti hvort ægilegi lögreglumaðurinn væri einhversstaðar á ferð. Gatan var mannlaus. Hann hélt áleiðis heim til sín og haltraði eftir áreksturinn við járnkassann á gólfinu.

Húsin við götuna voru myrkvuð nema einstaka hús sem enn sást ljósglæta í. Borgin var að festa svefn og menn og konur að ganga til hvílu sinnar og búa sig undir nýjan áttakadag.

Nonni settist í tröppur eins húsanna á leiðinni. Tröppurnar voru úr timbri og nýlega málaðar.

Nonni var ringlaður eftir atburði kvöldsins og vissi eiginlega ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Allt hafði gengið á afturfótunum.

Hann heyrði á tal manna sem nálguðust hann.

Hrafnkell, Bjargveig og Hákon Lúðvík komu gangandi og buðu sitjandi mannum góða kvöldið.

Hrafnkell þekkti Nonni sem sat þarna umkomulaus og lítill í sér.

„Sæll Nonni minn.“ - Sagði hann:

„Hvaða ferðalag er á þér svona seint að kveldi? „

„Nú - maður er bara á fá sér frískt loft fyrir svefninn. „

Járnið sem gekk niður hægri buxnaskálmína gerði að verkum að annar fóturinn stóð beint út frá honum. Hann rétti úr hinum fætinum til að gera allt eðlilegra.

„Það er gott að anda að sérferku lofti. Nóg eigum við til af því á Íslandinu góða. En hvað segirðu mér af sjálfum þér? „

„Jaa. - Það er allt gott að fréttu af mér. Ég hef verið að leita mér að plássi á bát en ekki tekist að fá neitt en sem komið er. „ - Nonni fitlaði við treyju sína og horfði niður og talaði lágum rómi.

„Ég skal hafa þig í huga Nonni minn ef eitthvað skyldi breytast hjá mér. En gaman að sjá þig og vegni þér vel í lífinu.“

„Sömuleiðis. „ -

Nonni og stóð á fætur og gekk af stað sínu haltrandi, staurfóta göngulagi af völdum kúbeinsins í buxnaskálminni og verksins í tanni.

### **Heima hjá Hrafnkeli.**

Vekjaraklukkan við rúmgaflið klingdi sínu skerandi klingi. Hrafnkell vaknaði og teygði hönd sína í klukkuna. Hávær hringingin

þagnaði. Vísarnir gáfu til kynna að tími var fyrir kaffilögg og súrt slátur áður en hann færi út úr húsi. Hann steig framúr rúminu, signdi sig, bað stutta morgunbæn og skellti sér í sjófötin. Hann gekk að glugganum á meðan hann hneppti að sér skyrtunni með buxurnar fráhnepptar og pokalegar utan á sér og axlaböndin lafandi niður og klaufina galopna. Þetta kallaði á ákveðið göngulag hjá honum sem hélt buxunum uppi á meðan hitt verkið var unnið.

Hrafnkell leit út. Veðrið var kyrrt. Hvít snjóföln lá yfir umhverfinu. Lítillega hafði snjóað um nóttina. Tunglskinið gaf sína birtu sem snjórinn magnaði upp. Hann sá för eftir ketti næturinnar sem strikuðu snjóinn og auðkenndu ferðir sínar um svæðið.

Á einum stað var töluvert rót í snjónum, sennilega vegna áfloga tveggja fresskatta sem börðust um yfirráðasvæði. Hann leit niður eftir glugganum. Og mikið rétt. Þarna sat högninn sigurviss og sleikti feld sinn. Ruðningurinn í snjónum var þá eftir hann og kattar sem seildist inn á yfirráðasvæðið sem hann var búinn að eigna sér.

Hann girti sig og setti axlaböndin á sinn stað á axlirnar. Yfir þetta allt saman fór svo hnausþykk ullarpeysa. Endastöðin var húfan sem tollði svo vel á höfði hans og verndaði hárlausa svæðið sem þar var efst og stækkaði með hverju ári sem leið.

Hrafnkell gekk að kaffikönnunni tók fram bolla og hellti í hann ísköldum, bleksvörtum leginum og skar sér slátursneið. Gekk svo að speglinum og leit á þykkt og mikið skeggið. Bitlítil skæri lágu við hlið spegilsins. Hann greip þau og klippti skeggið eilíftið til að neðanverðu.

Hákon Lúðvík svaf. Í morgunsárið beið hans ferð yfir til Hafnarfjarðar að vitja sjúklings sem hann hafði stundað og lá rúmfastur heima en var á batavegi.

Hettuúlpan hékk á snaga við útidyrnar. Hann snaraði sér í hana og vatt sér út í morguninn. Blíðan tók á móti honum en svalt í skeggið. Hann gekk götuna sem leiddi hann að Fróða Ben RE í fjörunni.

Skúrinn í fjöruborðinu var mannlaus og hann greinilega fyrstur af áhöfninni til skips. Hann klæddist sjófatnaðinum utan yfir hinn fatnaðinn, batt snæri um mjaðmirnar og herti þéttingsfast að. Og gekk svo að bátnum.

Fljótlega fór mannskapurinn að tínast niður eftir og klæðast sínum sjógalla sem hékk á snaga í skúrnum góða.

Andrés Ólsen kom. Hann hélt í skottið á dauðri rottu sem hafði álpast í eina gildruna. Dautt dýrið flaug í boga út yfir hafið og skall í sjóinn og rak til hafs og sökk til botns að skömmum tíma liðnum.

Þegar áhöfnin var mætt var brautin gerð fær til sjávar með hvalbeinum sem kjölur bátsins rann eftir. Mennirnir kipptu stöðunum undan fleyinu og ýttu á bátinn standandi sitt hvor megin við hann. Knörrinn rann hægt af stað og nálgaðist sjóinn.

Er Fróði Ben var kominn á flot undu mennirnir sér um borð og settust á sína þóftu. Og eins og vanalega við landingarstaðinn tóku þeir ofan höfuðfötin og Hrafnkell fór með bæn sem áhöfnin samþykkti með: „ Amen. „

Mennirnir gripu til árana og báturinn tók skriðið til hafs.

Hákon Lúðvík kom fram á eftir Bjargveig móður sinni. Hans beið heitt kaffi og morgunverður sem samanstóð af hafragraut, franskbrauðsneið með makarýni á og súru slátri úr tunnu sem stóð við húsgaflinn.

En hann fékk sína magafylli.

Tíminn leið og hann hafði verk að vinna.

Hákon Lúðvík kláraði af diskinum, stóð upp og klæddi sig í skjólgóðan fatnað, gekk inn í herbergið sitt og greip þar læknatöskuna sem í voru áhöld og lyf sem hann þurfti að nota í vitjuninni.

Bjargveig fylgdi honum til dyra og óskaði honum góðs ferðar og horfði á eftir syni sínum ganga röskum skrefum eftir götunni.

Í einu horni eldhússins var karfa með óhreinum þvotti í sem hún ætlaði fara með í Laugarnar.

Frá hæðinni sá Hákon Lúðvík að Fróði Ben og önnur fley sem þar lágu yfir nóttina höfðu öll haldið til hafs. Hann lagði frá sér töskuna stundarkorn tók ofan og bað Guð um að blessa allar þessar áhafnir og skila þeim heilum í höfn. Að bæn lokinni gekk hann áleiðis til Hafnarfjarðar. Taskan tók í en hann var sterkbyggður að eðlisfari og vanur svona ferðum.

## 7 kafli

Himininn var heiður. Kuldinn beit ögn í kinn. Gangan yfir til Hafnarfjarðar yrði þægileg með stilluna allt í kring. Borgin var vöknuð og töluverð umferð manna og hesta á götunum og lífið að komast í gang.

Hestvagnar með einn eða tvo hesta spennta fyrir mættu Hákonu Lúðvík. Sumir eklanna veifuðu honum. Aðrir buðu góðan daginn. Margir vissu deili á læknum.

Einhesta reiðmenn og aðrir með einn, tvo til reiðar voru og á ferð og sumir úr nærliggjandi héröðum.

Hákon Lúðvík kom auga á Bjarna sem reið niður Laugaveg. Bjarni bjó búi austur í Flóa og var á ferð í borginni við þriðja mann. Mennina hitti hann austan megin við Kambanna og urðu þeir honum samferða yfir fjallið og til höfuðborgarinnar. Þessir menn voru bændur í Ölfusi. Mennirnir voru með nokkra hesta sem gengu lestargang með töskur hangandi í klökkum á bakinu undir varning sem verslaður yrði í borginni. Þeir komu í bæinn kvöldið áður og gistu í borginni um nóttina. Þetta skírði veru þeirra svo árla dags.

Skrölt í vagnhjólum og einstaka hnegg í hrossi sem kallaði á félagsskap annarra hrossa heyrðist á svæðinu. Hrossin voru í vinnu ásamt eigendum sínum og umsjónarmönnum.

Hvatningahróp eklanna hvöttu hross sín áfram. Gamalkunn stemning og hljóð sem erfitt var að stjórna í miðri lífæð höfuðborgarinnar.

Hákon Lúðvík læknir átti ekki hross sjálfur en gat fengið fótfráan reiðskjóta lánaðan byði honum í grun að betra væri fyrir læknum að koma fyrir heldur en seinna til viðkomandi sjúklings. Stundum hafði hann rétt fyrir sér og gat afstýrt meiri skaða. Brjóstvitið var stundum látið ráða ákvörðun menntamannsins.



Skilti út í glugga verslana auglýstu varning sem kaupmaðurinn vildi vekja athygli viðskiptavinanna á:

" Gæða ostur til sölu á góðu verði! Kostakaup inn á hvert heimili! " – voru orð sem eins og æptu á fólkið frá skilti sem stóð við dyr einnar verslunar. Áhöld voru þó um hvort dulið hrópið næði að kveikja áhuga fólksins nægjanlega til að það léti glepjast og keypti auglýsta matvöru. En að knýja á var málið.

Umhverfið var kunnuglegt og vakti í sjálfu sér lítil viðbrögð hjá Hákonni. Hann líkt og margir aðrir var þarna á ferð eins og gekk þangað sem leið lá án þess að veita smáatriðunum í umhverfinu athygli.

Stór og mikill vagn sem tveir fagrir og frísandi fákar drógu kom akandi. Hreyfingar hrossanna voru hvíkar og líflegar og báru vilja hrossanna sitt merki. Hávaxinn reisulegur maður með háan pípuhatt á höfði og stóran vindill í munni sat í ekilsætinu og hélt um taumanna og hafði góða stjórn á sínum hrossum. Augljóst var að þar fór maður sem kunnir að aka vagni og að umgangast viljug hross. Í aftursæti vagnsins sátu tvær manneskjur. Mikil flíkin gerði maðurinn breiðari um sig en hann raunverulega var. Flíkin vakti og sína athygli vegfarenda. Ekki svo að skilja að maðurinn væri svo umhugað um athyglina en dýrindis flíkin einfaldlega talaði sínu máli og var eins og fáni á stöng. Flíkin bar sín merki um að hafa kostað eiganda sinn skildinginn. Klæðnaður farþegana bar þess og merki að hér væri ríkt fólk á ferð.

Á litlum palli aftan við öftustu sætaröðina stóðu tvær trétunnur með súru slátri í ásamt þremur sekkjum af hveiti og tveimur af korni til baksturs. Varninginn átti að selja í verslun kaupmannsins. Slátur-hveiti og korn var allt uppurið sem tunnunum og sekkjunum var ætlað að mæta.

Eigandi gripsins var Baddi Kidd kaupmaður í borginni með verslunarrekstur í Austurstræti. Vagninn, eins og veglegur klæðnaður mannsins, bar af öðrum vögnum í borginni fyrir glæsileika og góða

hönnun og olli því að mönnum varð starsýnt á hann hvenær sem þessi vagn sást á götum borgarinnar. Ekki spillti fyrir kom frá útlöndum. Og var ekki allt útlent gott? Svo var að minnsta kosti sagt.

Maðurinn tók ofan pípuhattinn og hneigði höfuð sitt er hann mætti Hákon Lúðvík lækni.

Þar sem borgarbyggðinni lauk og vegurinn til Hafnarfjarðar tók við varð hópur manna á vegi hans. Fólkið stóð í hnapp og rabbaði saman af miklum áhuga og móð. Húfur og hattar hreyfðust til á öllum þessum samankomnu höfðum og hlátrar bárust frá hópnum. Kannski var hópurinn samankominn til að heyra fréttir og segja samborgaranum markverða atburði. " Drottningin " hafði jú nýlega verið í höfn og vitað að margur reykvíkingurinn fékk póst frá útlandinu sem innihélt fréttir sem gaman væri að vita frekari deili á.

Flíkur, mest í dökkum litum, sáust á hreyfingu í hópnum í bland við marglita sokka sem náðu mönnum upp undir hné og huldu neðri hluta buxnaskálmanna og mynduðu eins og poka á lærunum. Sokkarnir voru eins og flestar hinar flíkurnar heimasamur handlaginna húsmæðra sem sjálfar saumuðu og þrjúnuðu mest af fatnaðinum sem þeirra fólk brúkaði.

Margar hendur í hópnum ýmist stungust ofan í buxnavasa eða drógust upp úr buxnavösum, stundum með bréfsnifsi, stundum vasaklút, nú eða ekkert. Allur gangur var á.

Er Hákon Lúðvík gekk framhjá var kallað til hans úr hópnum:

" Hæ, doksi! Hvert er verið að fara? Hefurðu heyrt um bóndann í Kjalarnesi sem fékk tvo kálfa í fyrradag? Það var aldeilis happafengur á bænum þeim. Báðir kálfarnir voru frískir og sprækir mjög? " - Maðurinn virtist leiða hópinn.

" Sælir strákar. Gaman að hitta ykkur.

Nei ég var ekki búinn að heyra þessa frétt og samkvæmt minni bestu vitund er frekar fátítt að kýr beri tveimur kálfum og að báðir lifi. En allt getur gerst í heimi hér.

Er kýr bóndans ástæðan fyrir því að þið hnappist hér saman og talið svo mjög? "

" Já og nei. Bæði og " - mælti maðurinn.

" Við vorum líka að ræða um sund og sundiðkun og að vekja borgaranna til frekari dáða á sundsviðinu. Mikilvægt er að börnin læri sundtökin og einnig fullorðnir sem enn kunna ekki sundtökin. Eftir að aðstaðan í Laugarnesi skánaði með gerð stíflunnar hefur laugin stækkað og sömuleiðis aðstaðan fyrir fólkið og sjálfsagt að hvetja menn til að notfæra sér þetta. Hér í hópnum höfum við sundmann mikinn og sundkonu góða. Hún er reyndar nýfarinn. En bæði hafa hjarta fyrir verkefninu og eru tilbúinn til að gefa af tíma sínum og leiðbeina fólki sem vill læra almennilegt sund.

Í seinustu viku áttum við fund með sjálfum verkfræðingi bæjarins sem tók vel í málið. Enda sjálfur áhugasamur um málefnið. " – Maðurinn tók ofan húfuna, skoðaði koll hennar, sló henni við lærið á sér, leit aftur á húfutetrið, burstaði óhreinindi af og skelltí henni svo á höfuðið. Hann benti Hákon Lúðvík á karlmann í hópnum sem væntanlegan sundkennara. Maðurinn sté fram, eilítið rogginn en samt vandræðalegur og hnoðaði húfuna milli handa sinna óstyrkur yfir óvæntri athyglinni.

Hákon Lúðvík kannaðist við manninn. Hann hafði séð hann synda í sjónum og vissi að þar fór afbragðs sundmaður.

Hópurinn var hættur að masa. Hvert andlit snéri í átt að mönnunum tveimur. Enda ekki á hverjum degi sem hámenntaður og önnum kafinn lækurinn staldraði við hjá þeim:

Hákon Lúðvík klóraði sér í kollinum undir húfunni.

" Svo sannarlega er full þörf á að kenna bæði ungum og öldnum sundtökin í þessu landi sem byggir svo mikið á sjósókninni.

Sjóslysið á Viðeyjarsundi fyrir fáeinum árum er bátnum hvolfdi með þremur ungum mönnunum í sem allir drukknudu og enn er talað um, hefur oft dregið fram umræðu í bænnum um nauðsýn góðrar og stöðugar sundkennslu. Mætustu menn í borginni fullyrða á opinberum vettvangi að allir þessir ungu menn hefðu bjargast ef sundkunnátta hefði verið fyrir hendi. Sundkennsla og áhugi manna á að læra sund er af hinu góða og má ekki dala né áhuginn að minnka.

"

Hákon Lúðvík bar hönd fyrir munninn og hóstaði:

" Við vorum einmitt að ræða þetta sjóslys er þig bar að garði. Grettir gamli og afrekið sem hann vann hefur örvað landann til sundiðkunar og dugað til að halda sundáhuganum vakandi á meðal landslýðs. En samt er eins þessi áhugi manna dali alltaf á milli. Og þá þarf aftur að kveikja elda áhugans.

Grettir Ásmundsson gamli var sko ekkert að tvínóna neitt við hlutina heldur barði sér á brjóst standandi í fjörunni og skelli sér svo út í ískalt hafið og linnnti ekki látum fyrir en landi var náð í Drangey. Landtökunni þeirri arna var hann víst lifandi feginn miðað við aðstæðurnar sem karl greyið var í á þeim tímamarki lífs síns. Enda útlægur gjör ásamt Illhuga bróðir sínum, sem frægt er orðið " – sagði maðurinn glettnislega.

Hlátur kvað við í hópnum.

" Ég heyrir að í ykkur býr eldur framkvæmdagleðinnar. Og kannski að hinn vaski og kjarkaði Grettir Ásmundsson hafi beðið bæn í Jesús nafni þarna í fjöruborðinu áður heldur en hann lagði í sitt frækna sund?" – sagði Hákon Lúðvík hlæjandi og tók upp töskuna sem hann hafði lagt frá sér og bjóst til að fara.

Maðurinn horfði á lækninn hugsandi á svip:

" Hver veit? - Sagði maðurinn: " Hver veit? "

Hákon bætti glaðlega við:

" Nú mér er ekki stætt á að vera hér lengur. Í Hafnarfirði bíður mín sjúklingur sem ég þarf að annast. Verið allir blessaðir og sælir. " -

" Þú þarft endilega að fá þér hross maður sem flytur þig hraðar á milli staða heldur en þínar eigin lappir fá gert. Læknirinn í borginni ætti nú að geta veitt sér slíkt. Bless doksi og góða ferð. " – Maðurinn veifaði hendi í kveðjuskini og snéri sér að hópnum sem þegar var kominn í hrókasamræður.

" Ja hérna. Menn eru bara stórhuga í dag og hundur skal ég heita ef ekki verður eitthvað úr þessu til styrktar sundkennslu- og sundáhuga borgarbúa. Frískandi sundsprettur hvort sem er í ísköldum sjónum eða í volgri lauginni á Laugarnesi hefur engan drepið hingað til. Svo er sund líka bráðhollt til anda og líkama og skemmtilegasta sport. " Hákon læknir greikkaði sporið.

Öskjuhlíð var framundan á hægri hönd svo einmanna og ber. Frá Öskjuhlíð sást út yfir Sundin blá og til Esjunnar í norðri. Í vestri blasti Álftanes við og Fossvogur til suðurs.

Húsin í Reykjavík voru í dálítilli fjarlægð frá hlíðinni en syðstu húsin samt sýnileg þaðan. Í gegnum tíðina hafði margt fólk gengið þarna um á leið sinni annaðhvort til höfuðstaðarins eða frá honum og allt suður með sjó. Ef Öskjuhlíðin fengi mál gætu hún sagt margar mergjaðar sögur og lokið upp mörgum leyndarmálum sem hvísluð voru í eyru frá því að Ingólfur Árnason fann sínar öndvegissúlur og nefndi staðin þar sem þær lágu Reykjavík.

Öskjuhlíð eins og aðrar hæðir var dauð í sjálfri sér og ófær um neitt nema að vera kyrr þar sem hún var niðurkomin.

Vegurinn til Hafnarfjarðar var framundan.

Í miðri brekkunni stansaði Hákon Lúðvík eitt augnablik og leit til baka.

Hann sá að fólkið stóð enn á sama stað án þess að láta hið eilitla svala loft hafa áhrif fundartímans. Áhuginn hefur enda getu og burði til að auka úthald manna og kvenna og jafnvel að lyfta Grettistaki. Og svo var líka alltaf hægt að berja sér til hita ef fundarmönnum fór að kólna óþægilega mikið og koma blóðinu aftur á eilitla hreyfingu.

Hákon Lúðvík lagði frá sér töskuna, tók ofan, laut höfði og bað til Drottins:

" Drottinn minn Jesús. Vertu með og finndu leið til að áform mannanna ná fram að ganga. Í Jesú nafni. Amen. "

Við bænina lifnaði yfir hjartanu og hann fann Guðlega gleði fara um sig.

Ritningarvers rifjaðist upp fyrir honum. Halda mætti að sjálfur Guð vildi eiga við hann tal þarna við Öskjuhlíðina:

**" Sjá, ég legg við hana umbúðir og græðslulyf og lækna þá og opna þeim gnægð stöðugrar hamingju, og ég leiði heim aftur hina herleiddu frá Júda og hina herleiddu frá Ísrael og byggi þá upp aftur eins og áður. "** (Jer 33:6-7)

Við Orðin lyfti Hákon Lúðvík upp höndum til Drottins:

" Takk Jesús að þú heyrir bænir sem beðnar eru af hreinu hjarta og í auðmýkt. "

Hann tók aftur upp töskuna. Áfangastaðurinn var Hafnarfjörður.

Margir voru á ferðinni. Flestir voru fótgangandi. Sumir brúkuðu þarfasta þjóninn sem spenntur var fyrir vagni undir varning.

Framundan var mannvirkið sem gerði mönnum kleyft að komast þurrum fótum yfir Kópavogslæk.

Hákon Lúðvík gekk undan brekkunni og nálgaðist brúna.

Hinum megin gekk miðaldra maður. Hann var einn þeirra sem hafði hest sem kerra var tengd við. Klæðnaður mannsins skar sig á engan hátt úr fjöldanum. Hann tilheyrði flokki venjulegra alþýðumanna og hvarf sem slíkur í fjöldann. Öndvert við opinbera fólkið, læknirinn, landsfeðurna, marga formenn, kaupmanninn og aðra svoleiðis kújóna. Hver maður í borginni og víða um landsbyggðina þekktu þessa menn í sjón og sumir voru þeim meira að segja málkunnugir. Og til voru aðilar sem meira að segja létu aðra vita um þessi kynni sín og töluðu um þau - í svona gortandi tilgangi: "Ég og herra bankastjórinn erum mestu mátar." – Þið skiljið. - Og þar fram eftir götunum.

Í um eitt hundrað metra frá suðurenda brúarinnar stansaði maðurinn, tróð hönd sinni ofan í annan buxnavasann og dró þaðan upp pípu og tóbak. Reykurinn var farin að hrópa hátt og ítrekað á manninn sem á endanum brást við og hlýddi þörf líkamans fyrir reyk. Tveimur mínútum síðar tók maðurinn aftur í beislistauminn og hélt ferð sinni áfram. Hesturinn tuggði beislismélin sem olli froðu í munnvikum hans

Stutt töf mannsins orsakaði að hann og Hákon Lúðvík stigu samtímis inn á brúnna frá sitt hvorum enda hennar.

Á miðri brúnni gerðist óhapp. Ró sem hélt vinstra hjólinu föstu skrúfaðist af án þess að maðurinn tæki eftir og hjólið rann út af öxlinum og rúllaði frá vagninum og mátti minnstu muna að það hafnaði ofan í vatninu. Hákon rétt náði að grípa það og forða hjólinu frá rúlla út af brúnni. Vagninn skall harkalega á hliðina. Skjólborðið

losnaði af og kassi sem þar var rann af stað og endaði á brúargólfinu með miklum dynk. Höggið kom upp um innihaldið. Hæurnar tíu sem kassinn geymdi gögguðu allar sem ein hæna væri sínu háværu gaggi og blökuðu vængjunum ofan í kassanum að vængjaþyturinn heyrðist í næsta nágrenni. Engu var líkar en að þær vildu segja:

" Hvaða högg og læti eru þetta svona árla dags? Er engin leið að slaka á? "

Ástæða veru þeirra var að þeim var ætlaður nýr eigenda í Kjósinni. Hespan sem hélt lokinu niðri hrökk að vísu af en án þess að lokið opnaðist og hleypti hænsnfuglunum út. Það hefði verið ægileg verkun. Hænsn eru nefnilega spretthörð dýr sem erfitt er að fanga.

Atvikið varð til þess að raska ró hestsins sem tók kipp, skvetti upp rassinum og sparkaði frá sér með öðrum afturfætinum í hallandi vagninn svo skall í. Þungt höggið sem hrossið gaf hefði ekki verið gott að verða fyrir. Allt ósjálfráð varnarviðbrögð dýrsins sem skyndilega upplifði sig í hættu statt.

Hesturinn þrjónaði og mátti minnstu muna að hann fældist og hlypi beint af augum með hallandi vagninn í eftirdragi með jafnvel slysum á fólki. Ástandið varð óvisst.

Eigandi hestsins reyndi að róa klárinn niður og tókst það eftir skamma stund og lítilsháttar kippi og lappastapp og dans hrossins þarna á brúargólfinu og önnur augljós merki um taugaveiklun skepnunnar:

" Svona karlinn. Svona karlinn minn. Vertu nú alveg rólegur. " - talaði maðurinn rólegri röddu og klappaði klárnum. Þetta hafði sín áhrif. Skepnan náði áttum og róaðist. Hún kannaðist við þessa rödd eftir langa og stundum stranga samveru.



Þegar allt var orðið rólegt var loksins hægt að kanna vegsummerki. Þá kom í ljós hvað hafði gerst. Róin sem skrúfaðist af lá þar sem hún féll á brúargólfíð.

Nú dreif fleira fólk að tilbúið til að rétta fram hönd til hjálpar. Ung kona úr Firðinum tók stöðu ekilsins og hélt í klárinn á meðan karlarnir röðuðu sér á þá hlið vagnsins sem niðri lá og lyftu honum samtaka upp eftir að Hákon Lúðvík hafði talið upp á þremur og hrópað " Lyfta. " Pallurinn komst í þá hæð að hjólið rann fyrirhafnarlaust á sinn stað á öxlinum og menn gátu látið vagninn síga rólega niður á járnklætt hjólið og sleppt taki sínu. Núna nægði alveg að ein maður styddi við efri hluta hjólsins á meðan frekari viðgerð fór fram. Sem betur fer þá marðist skrúfgangurinn ekki við höggið og eftirleikurinn með rónna því léttur.

Karlarnir sem lyft höfðu vagninum nudduðu auma lófa sína eftir áreynsluna. Kassanum með hænunum í var aftur komið fyrir uppi á vagninum og skjólborðið sem losnað hafði lagfært. Hæurnar voru hljóðar. Smá " gagg " heyrðist þegar kassanum var lyft:

" Margar hendur vinna létt verk " - sagði maðurinn glaðbrosandi eftir að búíð var að ganga frá öllu.

Hann var fólkinu þakklátur fyrir hjálpina. Útséð var að án aðstoðar allra þessara fúsu handa hefði hann verið eins og hver annar strandaglópur. Eins og maður á eyðiskeri. Að kom hjóli fyrir við slíkar aðstæður með engan lyftibúnað var ekki neitt eins manns verk.

Hann snéri sér að Hákon Lúðvík: "

" Jæja lækni. Ég biðst afsökunar á að hafa tafið þig Ég ávarpaði þig lækni því að engir nema lækna bera svona tösku og því alveg augljóst hvaða embætti þú gegni.. "

" Rétt er það og Guð er góður sem hefur haldið hlífi skyldi yfir mér og blessað mig í starfi. "

" Þú talar um Guð. Það er ánægjulegt.

Sjálfur trúí ég á upprisinn Jesús og er með lítið samfélag suður í Keflavík og lagði þaðan af stað eldsnemma í morgunn til Reykjavíkur.

Endilega kíktu við þegar og ef þú skildir vera á ferð suður með sjó. "

" Heyrðu! " - Hann horfði á Hákon. Skyndilega eins og kviknaði á perunni hjá manningnum úr Keflavík.

" Þú ert þó ekki sonur Hrafnkels Ámundasonar formanns og eiganda Fróða Ben? "

" Þú hittir naglann á höfuðið. "

" Ja hérna. Mikið er heimurinn lítill. Ég réri með föður þínum á yngri árum og má segja að hann hafi leitt mig til Krists. "

" Það gleður mig að heyra. Ég segi föður mínum frá þessu samtali næst er við hittumst. En hvert er annars nafn þitt? "

" Sveinn Óskarsson og þakka þér fyrir aðstoðina. "

" Ekkert að þakka og vertu blessaður Sveinn og Guð geymi þig." - sagði Hákon tók í hönd hans og gekk af stað.

Sveinn gekk fram með hestinum og greip í tauminn. Fólkið sem hjálpaði til var allt lagt af stað til síns áfangastaðar eftir að hafa þegið þakklæti mannsins sem í óhappinu lenti.

## 8 kafli

### Um borð í Fróða Ben.

Siglingin á miðinn gekk vel. Hrafnkell og hans menn réru út á Faxaflóa. Byggðin í Reykjavík fjarlægðist með hverju áralagi mannanna. Áramnar dýfðust samtaka ofan í sjóinn og runnu samtaka aftur með síðunni og lyftust samtaka aftur upp úr sjónum, og svo koll af kolli. Allt markvist, öruggt og taktfast.

Ullarfóðruð hönd formannsins hélt styrk um stýrissveifina. Hrafnkell hafði snjáðu, gulnuðu og mikið lesna Nýja testamentið sitt opið fyrir framan sig. Veðrið úti leyfði slíkan lestur. Hann svolgraði í sig 17. kafla Jóhannesarguðspjalls eins hungrað lamb gerir sem teygjar mjólkina í sig úr spena móðurinnar:

" Menn! Heyrið þetta! Þessi er frábær! " –

Mannskapurinn horfði á formann sinn án þess að fipast róðurinn. Hann vissi hvað til stóð. Hrafnkell hafði oft áður kallað upp úr þurru þegar hann var með Nýja testamentið opið fyrir framan sig til að lesa upphátt fyrir áhöfnina.

Hrafnkell las:

**" Faðir, gjör mig nú dýrlegan hjá þér með þeirri dýrð, sem ég hafði hjá þér, áður en heimur var til. Ég hef opinberað nafn þitt þeim mönnum, sem þú gafst mér úr heiminum. Þeir voru þínir, og þú gafst mér þá, og þeir hafa varðveitt þitt orð. Þeir vita nú, að allt, sem þú hefur gefið mér, er frá þér, því ég hef flutt þeim þau orð, sem þú gafst mér. Þeir tóku við þeim og vita með sanni, að ég er frá þér út genginn, og trúá því, að þú hafir sent mig. "**  
(Jóh 17:5-8)

" Amen " -

" Amen " – svöruðu mennirnir í samstilltum kór.

Aldan skall létt á kinnunginn og kyssti byrðinginn mjúkum kossi áður en hún rann aftur með síðunni og framhá mönnunum, eins og til að sjá andlit þeirra áður heldur en hún hvarf afturfyrir skipið. Svona gat aldan gert þótt stundum væru atlot hennar harðneskjulegri, já og grimvari. En ekki núna. Allt var eins og blómstrið eina og hvergi skýbólstri á himni. Einungis haf sem kyssti heiðbláan himininn við ystu sjónarrönd í vestri.

Um þremur klukkustundum síðar komust þeir á miðinn sem Hrafnkell vildi kanna aðstæður á. Hann gaf manskapnum skipun. Árarnar sex lyftust upp úr sjónum og stóðu beint út frá bátnum. Þrjár á hvert á borð. Manskapurinn beið frekari fyriræla formannsins á meðan knörrinn hægði smá ferðina.

Hrafnkell stóð upp í bátnum, bar hönd upp að enninu og myndaði skyggni sem hann litaðist um með. Hann sá bát framundan og ákvað að sigla að honum og tala við formanninn um gæftirnar. Hann gaf merki um að róa og árarnar stungust aftur í saltan lögin. Knörrinn jók skriðið. Nokkrum mínútum síðar var komið kallfæri á milli bátanna. Hrafnkell bjó til trekt með lófum sínum og hrópaði:

" Sælir menn! Eru þið að fá hann? "

Formaður hins bátsins leit upp frá veiðunum:

" Sæll Hrafnkell og velkominn. Hann er frekar tregur hjá okkur í dag og liggja einvörðungu fáeinir ýsusporðar í bátnum. " -

Frekar dauft var yfir manskapnum sem þessa stundina sat út við borðstokkinn og dró færi sín upp og niður í endurteknum hreyfingum og von um að fiskurinn biti hraustlega á og að líf færðist í tuskurnar. Ekkert nema glædd veiði gat kætt áhöfnina.

Allt í einu tók einn úr áhöfninni viðbragð og byrjaði að vinna við færið sitt sem færðist til og stóð um tíma beint út frá bátnum og dróst um sjóinn og myndaði litla rák með girninu sem skar sjóinn. Maðurinn var hugsanlega með stóran fisk á. Hann notaði alla kunnáttu sína og færni og gaf færið eftir, halaði það aftur inn og reyndi að fylgja fiskinum eftir til að ekki slaknaði of mikið á línunni og fiskurinn losnaði af króknum og veiðinn færi forgörðum. Nokkuð sem sjómaðurinn vildi vera laus við:

" Vá maður! " - Hróaði maðurinn upp yfir sig:

" Ég hef líklega sett í lúðu og hana ekki litla miðað við átökin. "

Við þetta færðist líf í fólkið og veiðigleðin gerði vart við sig í hópnum. Báturinn ruggaði undan hreyfingu mannanna og ákafa. Hróp og köll bárust úr bátnum og yfir til áhafnar Fróða Ben.

Nú urðu fleiri varir. Ufsatorfa var kominn á svæðið og liðug og spennandi veiði upphófst með viðeigandi handagangi og gleðihlátrum og æsingi mannskapsins.

Maðurinn sem fyrstur varð var hafði rétt fyrir sér. Eitt hundrað kílóa lúðuferlíki skaut upp hausnum rétt við bátshlið sem mennirnir náðu að setja gogg í hausinn á og draga upp í bátinn:

" Hrafnkell! Hví komstu ekki fyrr? Um leið og bátur þinn birtist glæddist veiðin og fiskur á hverjum króki. " – hróaði hinn formaðurinn glaðlega.

Mannskapurinn á Fróða Ben hló miklum tröllahlátri.

" Guð er góður " – kallaði Hrafnkell á móti.

" Amen " – heyrðist hátt og hveltt í Andrésí Ólsen.

Mennirnir á Fróða Ben settust á ný undir árar og Hrafnkell gerði sig kláran til að renna færum skammt frá hinum bátnum. Nú voru snör handtök brýn til að grípa veiðina sem fyrst. Ufsinn er dyntóttur fiskur sem hverfur jafn skyndilega af svæðum og hann kemur og því um að gera að vera nógu handfljótur að drífa veiðarfærin í sjó og innbyrða tittina og nýta tíman vel. Hver mínúta skipti máli í glímuni framundan.

Hrafnkell horfði á er bátsverjar hins bátsins höluðu spriklandi ufsann inn hvern á eftir öðrum. Innan tíðar voru öll færin kominn á rétt dýpi í sjónum og skakið byrjað um borð í Fróða Ben RE.

### **Hákon Lúðvík.**

Einum og hálfum klukkutíma eftir að Hákon Lúðvík gekk af stað frá Kópavogsbrúnni stefndi hann niður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði með voginn blasandi við sér. Við enda götunnar beygði hann til vinstri og gekk eftir Strandgötunni í bænum. Klukkan var byrjuð að ganga í fjórtán og hafði hann verið ívið lengur á leiðinni en ætlun hans hafði verið. Skíringarnar lágu svo sem klárar fyrir og yrði ekki erfitt að útskíra málið væri þess óskað.

Strandgatan lá meðfram sjónum og á háflóði stóð sjórin hátt og ekki var ólíklegt en að dálítils skvettugangs gæti í stífri vestanáttinni sem byggðin stóð opinn og að mestu óvarinn fyrir. Þetta þekktu bæjarbúar og þá einkum sjómennirnir í bænum vel og var til síðs að draga bátanna á þurrt þegar veðurútlitið var í þessa átt og roks að vænta.

Fimm, sex bátar voru í hnapp á kámpinum framundan honum á hægri hönd og stakur bátur örlítið norðan við hina bátanna og nær honum. Fjórar stoðir héldu bátunum á réttum kili. Hví bátarnir voru ekki á sjó í þessu blíðskaparveðri var ekki gott að segja til um. Margvíslegar ástæður gátu legið til grundvallar landlegunni.

Hjón með tíu ára dóttur komu gangandi á móti honum. Þau voru uppábúinn sem stakk svolítið í stúf við vinnufatnaðinn sem flestir klæðast á venjulegum vinnudegi á Íslandi.

Hákon Lúðvík bauð fólkinu góðan daginn. Maðurinn lyfti húfunni og kastaði kveðju á lækninn.

Fleira príðbúið fólk var á ferðinni sem allt gekk í sömu átt og hjónin með telpuna. Honum fór að gruna að eitthvað væri í gangi sem kallaði á allt þetta sparibúna fólk.

Hann leit til vesturs og sá áttæring stefna að landi með stefnuna beint á litla bryggjuhausinn innst í firðinum. Við þessa bryggju gátu mennirnir fleygt afla dagsins í land og ekið honum á handvögnum sem stóðu við enda bryggjunnar og flutt inn í húsið þar sem verkunin fór fram.

Eins og spariklæðnaður fólksins sem á vegi hans varð var komutími bátsins líka óvenjulegur.

Maður með digran vindill í munni sínum kom á móti honum. Hákon vissi lítillaga deili á honum og ákvað að stoppa hann og spyrjast fyrir um hvað væri um að vera í bænum.

Hákon gekk yfir á hinn vegarhelminginn:

„ Sæll veri maðurinn. „

Maðurinn tók ofan hattinn.

„ Sæll sjálfur! Hvað ferðalag er á lækninum í dag? „ – maðurinn klóraði sér í höfðinu og fylgdist með mönnum í bátum kasta aflanum upp á bryggjuna. Afli dagsins var rýr og samanstöð af aðeins fáeinum fiskum. Skömmu síðar fór báturinn frá bryggjunni og stefndi í lægið sitt útá.

Þrír menn urðu eftir og fluttu fiskinn þangað sem vinnslan var:

„ Nú þetta vanalega. Sjúklingarnir mínir þurfa sína vitjun og aðhlyningu. Og þessi sem ég er kominn til að hitta býr hér skammt frá.

Segðu mér eitt! Hvað er um að vera í bænum ykkar og hví mæti ég svo mörgu þrúðbúnu fólki? „

„ Þú veist auðvitað ekki hvað hefur gerst. En fyrir rúmri viku hné formaður á besta aldri örendur niður við bát sinn og á að jarðsyngja hann klukkan fjórtán þrjátíu í dag í Garðakirkju. Fyrr um daginn hafði maðurinn kvartað undan verki fyrir brjóstinu en taldi samt ekki ástæðu til að hætta veiðum og drífa sig í land. Á heimleiðinni fór honum svo hrakandi og geispaði golumni við bátshlið. " – Maðurinn tók gott sog úr vindlinum og blés bláleitum reyknnum frá sér út í loftið:

" Báturinn sem þú sást koma inn er einmitt fleyið sem þessi maður stýrði og stjórnaði til fjölda ára og mannskapurinn vildi vera við útförina og kveðja formann sinn, sem skírir veru þeirra í höfn svo snemma dags. „

Maðurinn dró upp úr vasa sinum lítinn minnismiða sem hann leit á og stakk honum svo aftur í vasa sinn:

„ Það var leitt að heyra. En engin veit víst ævina fyrr en öll er og einn dag förum við sömu leið og formaðurinn sálugi og lendum undir grænni torfu. Blessuð sé minning hans. „

Hákon Lúðvík vissi nú málavöxtu.

Maðurinn setti upp hattinn, skyrpti á jörðina og bætti við áður en þeir kvöddust.



„ Formaðurinn sá arna kneyfði ölið stíft og var oft drukkinn í landlegum. En hann var góðvinur minn vil ég fá að kveðja hann hinstu kveðju. Til að koma tímanlega er mér víst ekki stætt á öðru en að drífa mig af stað. Gangið þér allt í haginn og það væri gaman að hitta þig þegar betur stendur á og tíminn ekki svona knappur eins og nú. Hafðu mig afsakaðan og vertu blessaður. „

Maðurinn smellti vísifingri létt á samanvafið tóbakið. Askan fremst á vindlinum hrundi af og á jörðina. Hann gekk af stað og greikkaði sporið. Tíminn var orðin naumur og nokkur gangur enn til Garðakirkju norðan við byggðina.

Húsið sem sjúklingur Hákon Lúðvíks bjó í blasti við honum. Þetta var lítið mjótt timburhús með kjallara á tveimur hæðum. Húsið stóð fast við götuna með litinn túnblett fyrir framan. Á jarðhæð hússins var hurð inn í kjallarann. Þegar komið var bak við þetta hús blasti við meira rými. Kartöflugarður var í einu horni garðsins. Húsið var málað ljósgulum lit og gluggar hvítir og þak rautt og skar sig á engan hátt frá öðrum húsum í grennd.

Sjúklingur Hákon Lúðvíks var eins og margir hafnfirskir karlmenn sjómaður. Hann hafði orðið fyrir því óláni að fótbrotna er hann steig á fisklifur og renna til á sleipum botnfjöllum bátsins og mátti minnstu mun að hann dytti útbyrðis. Með snarræði tókst nærstöddum skipverja að grípa í manninn. En slysið skeði og brotnaði fóturinn rétt neðan við miðjan kálfa og varð að bera manninn heim til sín og kalla eftir lækni úr Reykjavík.

Þá kom símasambandið sem nýlega var komið á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sér vel. Í stað þess að senda erindreka til höfuðborgarinnar eftir læknum var nóg að fara í bygginguna sem síminn var tengdur í og biðja stöðvarstjóran um að hringja yfir og láta þá á hinum endanum vita hvernig ástatt væri. Hákon Lúðvík fékk tilkynningu og lagði umsvifalaust lagt. Þetta sparaði mönnum nokkrar klukkustundir sem fyrst og fremst kom fótbrotna manninum til góða sem fyrr fékk sína læknishjálp. Síminn var auðsjáanlega

mesta bylting þótt efi væri sannarlega til staðar í bæ og borg og þeir menn til sem töldu tækið þarflaust með öllu.

Umrætt slys gerðist fyrir um þrem vikum og batahorfur hafnifirska sjómannsins góðar. Hákon reiknaði með að geta fjarlægt gífsið utan af fætinum í þessari ferð og að hann yrði aftur orðin vinnufær og kominn um borð í bát sinn eftir fáeinar vikur.

Hákon stó fyrir framan hliðið. Hann lauk því upp og gekk upp tröppurnar. Hann bankaði.

Hundur gelti. Húninn hreyfðist og lítið feimnislegt og svolítið freknótt strákandlit blasti við læknum ásamt úfnum hundshaus með lafandi tungu. Báðir horfðu forvitnum augum á aðkomumanninn. Strákurinn reyndi að hindra hundinn í að sleppa út en seppi linnti ekki látum fyrir heldur en hann hafði troðið sér á milli stafs og hurðar og þefað af mannum á tröppunum og hlaupið niður tröppurnar og sprænt smávegis á hliðstaurinn áður en hann hljóp aftur heim til sín.

Strákurinn leit inn ganginn og hrópaði:

" Pabbi! Læknirinn er kominn."

" Láttu ekki manninn standa á stéttinni drengur. Hleyptu honum undireins inn. " - heyrðist í karlmanni inni.

Strákurinn stakk höfðinu aftur út um dyragættina og sagði:

" Gjörðu svo vel. Pabbi minn bíður eftir þér. "

Hákon Lúðvík gekk inn í forstofuna og tók af sér skóna.

Hundurinn kom á hæla hans og lagðist við fætur húsbónda síns, geispaði og sleikti fót mannsins.

Glaðlegur maður sat á stól við eldhúsborðið með gipsvafinn fótinn hvílandi á öðrum stól. Hann sötraði sjóðheitt kaffi. Úr eldhúsglugganum hafði hann útsýni til hafs og gat fylgst með bátunum og hluta hafnarlífsins:

" Sæll læknir og velkominn í mitt hús.

Þú hefur líklega heyrt um formanninn sem á að jarðsetja í dag? Ég réri með þessum manni einar þrjár vertíðir. Mikill ágætismaður. Verst að geta ekki verið í kirkjunni og kvatt blessaðan karlinn. En maður getur víst ekki verið á nema einum stað í senn. "

Maðurinn horfði út um gluggann og á mennina sem gengu frá bát sínum í kampinum.

Hákon Lúðvík setti töskuna frá sér á borðendann:

" Ég fékk fregnirnar rétt í þessu. " - sagði hann og sótti sér stól og fór höndum um veikan fótinn. Maðurinn beið eftir viðbrögðum læknisins:

" Heyrðu lagsmaður! Þetta lítur þokkalega út og engin þörf á að vera með fótinn lengur innpakkaðan í gips. Hvernig líst þér á að láta fjarlægja umbúðirnar? "

" Vel. Þú ert læknirinn og ég bara treysti þér fyrir þessu góurinn. " -

Mennirnir hlógu.

" Pabbi! " – sonur mannsins kallaði ofan úr einu herbergjanna á loftinu:

" Hvenær kemur afi? Hann ætlaði að lesa með mér í dag. "

Við rödd drengsins sperrti hvutti eyrun, stóð á labbir og gekk rólega í átt að hljóðinu og svo upp snarbrattann stigann.

" Afi þinn og amma og móðir fóru öll í jarðarförina í Garðakirkju. Hann mun aðstoða þig þegar hann kemur heim. Hafðu engar áhyggjur. Þú færð þína lestrarþjálfun. " – kallaði maðurinn á móti.

Maðurinn fékk sér sopa af kaffinu á meðan Hákon tók utan af fætinum æfðum, fumlausum höndum:

" Strákurinn er að byrja að lesa og er svolítið farinn að reikna og draga til stafs og hefur mikinn áhuga á náminu. " – sagði maðurinn á meðan Hákon glímdi við gífsið.

" Það er gleðilegt að heyra. Vitaskuld þarf fólk að kunna lestur, skrift og reikning. " – Síðustu leifar af gífsinu duttu á gólfið og hann skoðaði hvernig brotið hafði gróið saman. Hann vafði sárabindi utan um fótinn og var þá búinn í þetta skipti:

" Jæja minn kæri. Batinn er góður og þú verður aftur orðin ferðafær eftir nokkra daga. Ég kem á svipuðum tíma í næstu viku. En núna þarf ég að þjóta. Blessaður og Guð veri með þér. "

Blessaður og gangi þér allt í haginn. " – sagði maðurinn og rétti fram höndina.

" Bless læknir " – heyrðist frá loftinu. Smávægilegt gelt barst frá hundinum sem einnig vildi kveðja gestinn.

Klukkan var að verða fimmtán er Hákon Lúðvík stóð á tröppum hússins með tösku sína.

Við hliðið varð honum hugsað til föður síns sem fiskaði í bát sinn eftir brælukastið undanfarna daga.

### Um borð í Fróða Ben.

Áhöfn Fróða Ben setti grimmt í ufsann. Fleiri bátar voru komnir að og mokuðu upp ufsanum úr sömu torfu.

Hrópin í Böðvari á Blesa RE heyrðist út yfir hafflötin. Veiðieðli hans og einhver innri rödd hafði sagt honum að vitja þessara miða sem hann og hlýddi og sigldi beint inn í mokveiði.

Báturinn sem fyrstur kom bar ekki meira og mennirnir á honum gengu frá færunum og tóku fram árarar og réru í átt að landi. Stefna var sett á Hafnarfjörð.

Hálftíma síðar tóku áhafnarmeðlimir Fróða Ben færi sín inn fyrir og báturinn sigldi áleiðis heim til Reykjavíkur með fiskinn hvarvetna sem laust rúm fannst. Brælan hafði gert sitt gagn og rekið ufsann þangað sem mennirnir gátu sótt hann.

Á leiðinni sungu mennirnir gamlan söng sem þeir gjarnan kyrjuðu á heimsiglingunni eftir langan og strangan dag:

" Sjáið gjafir Guðs í bátnum okkar.  
Góður er hann, fólkið til sín lokkar.  
Hann leiðir okkur áfram hafið yfir.  
Og ennþá siglum við því Jesús lifir. "

Sönginn endurtóku þeir í sífellu á leið sinni heim.

**Hákon Lúðvík** gekk upp á hæðina skammt frá heimil sínu. Hann sá Fróða Ben sigla inn og leggjast upp að bryggjuhausnum. Í kjölfar hans kom bátur Böðvars, Blesi RE. Lengra úti voru fleiri bátar á innleið og sýndist honum allir bátarnir drekkhlaðnir.

Hann staldraði ekki lengi við þarna. Enda þreyttur eftir daginn og því feginn að komast heim og slaka á.

Heima beið hans kakó og pönnukökur sem Bjargveig var að baka er hann kom inn úr dyrunum.

## 9 kafli

Hákon sat við heimasníðaða eldhúsbordíð á einum af sex heimagerðum kollum sem stóðu uppraðaðir umhverfis bordíð og át pönnukökur með bestu lyst og drakk sjóðheitt kakóið með. Þessi þörfu húsgögn höfðu lengi fylgt fjölskyldu Hrafnkels og Bjargveig. Gott ef afi Hákonar í móðurætt hafði ekki smíðað bordíð og stólanna sex á sínum tíma og gefið dóttur sinni í brúðargjöf. Enda hagleiksmaður á tré í lifanda lífi:

" Jæja væni minn! Svo að þú ert kominn úr ferðinni til Hafnarfjarðar? Leið manningum með brotna fótinn ekki bærilega? „ - Bjargveig stóð við eldavélina og skellti nýju degi á pönnukökupönnuna sem þegar brást við með snarki og hvissi.

Hún hélt áfram:

" Þegar þú varst farinn út í morgunn fann ég mig knúna til að biðja fyrir þessum manni í Firðinum. Ég trúi því að Drottinn ætli sér eitthvað sérstakt með hann hvort sem er núna eða síðar á ævinni. Þetta Orð úr ritningunni kom einnig sterkt til mín.

Bjargveig gekk inn í stofu og koma að vörmu spori aftur og var þá með Biblíuna í hendi sinni sem hún fletti upp í. Hún fann ritningarversið:

*" Svo segir Drottinn: Þegar sjöttú ár eru umliðin fyrir Babylon, mun ég vitja yður og efna við yður fyrirheit mitt að flytja yður aftur á þennan stað. Því að ég þekki þær fyrirætlanir, sem ég hef í hyggju með yður segir Drottinn fyrirætlanir til heilla, en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð. Þá munuð þér ákalla mig og fara og biðja til mín, og ég mun bænheyra yður. "* (Jer 29:10-12)

" Amen. " – Bjargveig lokaði bókinni og lagði hana frá sér á eitt horn borðplötunnar.

Hákon hlustaði með athygli á Orðin:

" Ekki veitir af að biðja fyrir fólkinu og Drottinn mun blessa bæn þína. Orðin sem þú last voru og áhugaverð. Gaman hefði verið að flytja manningnum þessi skilaboð. Allt hefur sinn tíma og óvíst hvernig manngreyið hefði brugðist við þeim í sínu ástandi. " –

Hann bætti við: -

„ Ferðin suður til Hafnarfjarðar var þægileg og þannig séð án hnökra. Ég hitti mann á Kópavogsbrúnni sem þurfti aðstoðar við vegna smá vandræða með annað vagnhjólið á kerrunni sem hestur hans dró. Með góðra mann hjálp tókst að koma hjólinu fyrir undir kerrunni og ferð þeirra sem þátt tóku gat haldið áfram. Þessi maður réri á sínum tíma á bát föður míns. Hann er frá Keflavík og leiðir í dag lítið samfélag í heimabæ sínum, í kannski anda Hjalpræðishersins sem hóf starfsemi í Reykjavík fyrir, hvað, fjórum árum eitthvað svoliðis. Að sögn mannsins leiddi faðir minn hann til Krists. Sem voru ánægjulegt að heyra. „ -

Bjargveig skellti bakaðri kökunni á disk sem stóð við hlið hennar og ein kaka til viðbótar bættist við pönnukökustafinn sem orðin var myndarlegur og beið þess að gleðja munna og maga heimilismanna og hugsanlegra gesta.

„ Það var skemmtileg tilviljun. Heldur þú að Keflvíkingurinn starfi í anda Hjalpræðishersins? Manstu nokkuð hvað þessi maður heitir? „ - Nýtt deig rann á snarþeita pönnuna og þakti allan botn hennar þunnu lagi barma á milli.

„ Já, já. Það man ég vel. Maðurinn heitir Sveinn Óskarsson og gæti verið um sextugt. Kannstu kannski við hann? En þetta með Hjalpræðisherinn var ágiskun „- Hákon Lúðvík smurði sultu ofan á nýbakaða og vel heita pönnuköku og lét ögn af rjóma útá og stakk þessu svo upp í sig og sótraði rjúkandi kakóið. Hann beið svars.



Bjargveig hugsaði málið:

„ Sveinn Óskarsson úr Keflavík og réri með föður þínum hér á árum áður? „ – sagði hún eins og við sjálfa sig. Hugur hennar og minni neituðu að meðtaka þetta nafn:

„ Nei. Ég kem manningnum ekki fyrir mig. „

Hún stakk spaða undir baksturinn og snéri honum við á pönnunni. Þá var eins ljós rynni upp fyrir henni. Hún snéri sér snöggt að Hákonni sem í þessu kjamsaði á pönnuköku og átti í mesta basli með rjómann sem reyndi að smeygja sér út og renna á fót mannsins eða gólfíð. Bjargveig sagði áhugasöm:

„ Þú átt þó ekki við hann Svenna Mæju eins og hann var alltaf kallaður? Það passar. Hann var úr Keflavík og starfaði fyrir mörgum árum á Fróða Ben. Hittirðu Svenna Mæju blessaðan. Og þú segir að hann sé genginn til liðs við frelsarann. Það eru þá undur og tákni sem þú ert nú að flytja mér sonur sæll ef rétt reynist og við að tala um sama mann. Svenni Mæju þessi drakk illa og var verstí áflogahundur undir áhrifum áfengis og lenti oft í útistöðum og áflogum við menn út af litlu tilefni. Gaf og á kjaft og fékk á kjaft ein gengur með þessa aflogahunda. „ -

Bjargveig opnaði kómmóðuskúffu sem stóð upp við vegginn hinum megin og sótti sér hreint viskastykki sem hún lagði á axlirnar og tók sér aftur stöðu við heita eldavélina sem eldiviðurinn snarkaði í.

Hákon Lúðvík fékk sér sopa af kakóinu:

„ Ég þekki ekki sögu mannsins og veit engin frekari deili á honum nema að nú gengur hann með Guði og lofsyngur honum og virtist brenna fyrir Guð. „

„ Ææ, klaufi get ég verið. „ – Bjargveig teygði sig í gólfíð og tók þaðan upp pönnuköku sem óvart hafnaði þar.

„ Þessi er fyrir mig „ - sagði hún glettislega við Hákon sem horfði á móður sína stórum augum er hann horfði á hana strá sykri yfir þessa pönnuköku og rúlla henni saman og stinga upp í sig og eta með bestu lyst.

„ Mamma þó. „ – Hneykslunar gætti í rödd læknisins.

„ Svona má maður ekki gera. Veistu ekki að ýmsar bakteríur geta leynst á gólfinu sem kakan sagnar í sig undireins og hún lendir þar. Bakteríur sem fara illa í maga fólks og gera að verkum að það getur fengið ægilega kvíðverki og niðurgang? „

„ Iss maður. Blessaður vertu. Þetta gerir ekkert til. Hversu oft heldurðu að ég sé búinn að breyta eins í gegnum tíðina án þess að verða meint af. „ –

„ Jæja. „ - Hákon sat við sinn keip án þess að gefa neitt eftir í pönnukökuátinu. Þær runnu ljúflega niður hver á eftir annarri:

„ Þetta er þinn magi en ekki minn og þú verður víst að ráða sjálf hvað þú setur ofan í þig mín kæra móðir. Og svo ertu að segja að pabbi reyki of mikið. „

„ Hann reykir líka of mikið Hákon minn „ – sagði hún og enn ein kakan skall á bunkann á disknum og nýtt hviss barst um eldhúsið með nýja deiginu á pönnunni með lítillsháttar gufumekki.

Maður heyrðist stappa niður fótunum við útidymar. Hrafnkell formaður var kominn af sjónum. Strákarnir voru við bátinn að ljúka við að landa og gera allt klárt fyrir næstu sjóferð.

„ Sælt veri fólkið og hér sé friður Guðs „ – Hrafnkell dró stígvélin af fótum sér.

„ Það ilmar aldeilis vel hjá þér í dag Bjargveig mín. – sagði Hrafnkell og gekk til konu sinnar og heilsaði henni með kossi.

Hann snéri sér að syni sínum:

„Ég sé að þú Hákon minn ert kominn úr Firðinum. „

„Ég er ný kominn heim. Þið hafið verið snöggir að landa aflanum. Þegar ég stóð á hæðinni áðan voruð þið um það bil að leggjast upp að. Mér sýndist knörrinn vera allsiginn í dag. „

„Við lentum á ufsatorfu í Flóanum og fylltum Fróað Ben á held ég met tíma. Fleiri bátar voru á svæðinu sem allir settu íann með sama krafti. Eldsnemma í fyrramálið leggjum við enn til hafs til að nýta birtuna sem best. Vonandi setjum við þá í þorsk. Ufsinn er svona minna kræsilegur þótt vitaskuld sé engu sleppt og fyrir allt þakkað. „  
- Hrafnkell signdi sig.

Hann settist gegnt Hákonni Lúðvík við borðið.

Bjargveig opnaði skáp og tók fram þykkann hnall sem maður hennar drakk vanalega úr og hellti nýlögðuð, bleksvörtu og vel sterkt kaffi í hann og færði honum.

Hákon Lúðvík snéri sér með glettnisglampa í augunum að föður sínum og sagði:

„Veistu hvað mamma gerði áðan: „

Hrafnkell fékk sér sopa af kaffinu og stráði sykri yfir köku.

„Át hún upp úr gólfinu? „ – Hrafnkell svaraði spurningunni áður heldur en hún var borinn fram.

„Oh já. Það gerði hún. „

„Láttu mig þekkja mína konu. Enda sparsöm og nýtin og á vont með að fleygja mat. „

„ Gerðu svo vel. Hér kemur meira af rjóma til að setja út á kökurnar.  
 „ - Bjargveig varð starsýnt á pípuendann sem stóð uppúr brjóstvasanum á skyrtu Hrafnkels og setti upp gamalkunnan svip.

Hrafnkell tók pípunu upp úr vasa sínum, sló úr henni í öskubakka sem lá á borðinu miðju:

„ Hvaað! " – sagði hann með sérstakri rödd sem að hans álitu átti við undir þessum kringumstæðum. Gat hann enda átt von á aðfinnslum vegna reykinganna og fór ósjálfrátt í varnarstöðu. Tilbúinn í hvað sem er:

" Horfðu ekki á mig með þessum svip kona. Eftir langa og stranga ferð á sjónum er eitt það besta sem ég geri er að fá mér í pípu yfir kaffiglasi: "

" Ég hef svo sem orðið vör við það hjá þér karl minn. En hafðu þetta eins og þú vilt. Ég skipti mér ekki meira af því. " - Bjargveig gekk að eldavélinni og tók bakstursáhöldin sem hún hafði verið að nota til að þrifa þau og ganga frá eftir notkunina.

" Hvað er hlaupið í hana. Má maður ekki lengur grínast og gantast með hlutina. " - Hrafnkell kveikti á spýtu og bar hana í tóbakið sem tilreyktur pípuhausinn var úttroðinn af og saug pípuendann af mikilli áfergju. Pípureykurinn barst um húsið á undraskömmum tíma.

Hákon Lúðvík sagði ekki orð. Hann bara yppti öxlum sem sitt svar við spurningu föður síns. Enda með muninn fullan af kökum sem hann kjamsaði á.

Veðrið úti var gott. Lofthitinn fremur lár en samt nokkrum gráðum ofan við frostmark.

Er Hrafnkell var á heimleið varð honum litið út á fjörðinn og sá þá hvar tvær franskar skútur komu siglandi inn víkina með öll segl upp með stefnu inn í höfnina. Frönsku skúturnar voru mörgum

reykvíkingum kunnar. Skúturnar leituðu til hafnar að sækja sér vatn og vistir og halda svo áfram veiðum á íslandsmiðum og flytja mikinn og góðan afla út til Frakklands sem markaðurinn síðan bjó til verð á.

Heima var allt með kyrrum kjörum. Fljótlega eftir að pönnukökubakstrinum lauk fór Bjargveig að huga að eldamenskunni.

Hrafnkell hafði einmitt komið heim með ýsu sem slæddist með á öngulinn í allri ufsaflórunni sem hann upplifði á miðunum. Glæný ýsa var eitt af því besta sem heimilisfólk hans lagði sér til munns ásamt kartöflum og bræddu smjörlíki. Að vísu var rúgbrauð ófánlegt í borginni. Franskbrauð varð því að duga í þetta skipti með ýsuni.

Hrafnkell stóð á fætur, girti sig og gekk út að eldhúsglugganum. Til að byrja með var gatan. Svo sást um tíu ára strákur hlaupa eftir henni með einhverja skopparkringlu á undan sér sem hann rúllaði eftir götunni.

Eilítið líf færðist í götumyndina með manningnum sem kom akandi í vagninum sem hlaðin var fimm trékössum. Hvað kassarir geymdu var ómögulegt að geta sér til um. Hið kunnuglega hljóð frá járnklæddum hjólunum á malarveginum barst honum til eyrna ásamt " ho hói " – ekilsins sem hvatti hestinn til að herða ögn á sér og undirstrikaði með léttum slætti í bak hestsins með löngum beislistaumunum.

Ýmis krakkahljóð bárust til hans inn um gluggann. Kona með sex börn með sér og eitt liggjandi í barnavagni komu gangandi. Fólkið bjó í nágrenni formannsins og var svona ákveðin samgangur þarna á milli. Stundum þurfti að fá lánað hveiti, ögn af smjöri og mjólkurdreitol og hús Hrafnkels var stundum þessi vettvangur fyrir fólkið í nágrenninu. Granninn vissi að væri það til lægi hvorki Bjargveig né Hrafnkell á liði sínu. Borgunin kom. Nú eða hún kom ekki. Sumir voru enda fátækir. Hrafnkell vissi að ef getan væri fyrir

hendi hjá þessu fólki fengi hann sitt til baka. Hann hafði ekki áhyggjur. Blessun Drottins lét sig alltént ekki vanta.

" Ég sé að María er kominn með enn eitt barnið. Mér var ekki kunnugt um að fjölskylda hennar væri að stækka. Er þetta barn þá ekki númer, hvað, fimmtán hjá þeim hjónum? " – Hrafnkell saug pípuna.

Konan lagði frá sér hnífinn sem hún ætlaði að skera ýsuna með, kom að glugganum og sá hlæjandi barnaskarann og konuna með vagninn ganga framhjá:

" Í vagninum liggur fjórtándi fjölskyldumeðlimurinn. Hún María mín hefur verið iðin við kolann og getið af sér stóran hóp myndarbarna ásamt manni sínum. Það er ekki lítið verk að koma þeim öllum til mans. Guð hefur blessað fólkið og ég trúí að svo muni áfram verða. " - Bjargveig snéri sér aftur að ýsunn.

Innan örskamms tíma lágu þverskorinn ýsustykki í saltvatninu í pottinum sem lá ofan á heitri hellunni og annar pottur með jarðeplum í.

Lágvært bank barst inn til þeirra. Hákon Lúðvík stóð upp og gekk til dyra. Þrjú brosandli barnsandlit stóðu á stéttinni fyrir utan.

Það elsta í hópnnum hafði orð fyrir hinum:

„ Mamma bað mig að spyrja ykkur hvort þið gætuð ekki lánað henni kúst eitt augnablik. Skaftið á kústinum heima brotnaði og pabbi kemur ekki heim fyrr heldur en á morgunn til að laga hann. Við munum skila honum undireins aftur. „

„ Sæl börn. Við hljótum að geta bjargað þessu. „ Hákon Lúðvík teygði sig á bak við útihurðina þar sem kústurinn stóð upp við vegg og rétti barninu.

Bjargveig sem heyrði á tal fólksins kom til dyranna með disk með vænum slatta af pönnukökum sem búið var að breiða hreint viskastykki yfir:

„ Hérna! Takið þetta með ykkur og skilið mér diskinum þegar þið hafið tæmt hann. Hvernig líður litla barninu.? „

„ Vel nema hvað það grætur svolítið mikið á nóttunni, „ - sagði freknóttur strákur á sjötta ári.

„ Já. Það jafnar sig aftur. Hér hafið þið ykkar og Guð blessi Maríu og ykkur öll. Munið endilega eftir að borða pönnukökurnar. „

„ Bless Bjargveig og Hákon læknir og takk fyrir okkur, „ – sagði talsmaður hinna. Börnin gengu niður tröppurnar og hlupu á harða spretti niður götuna með kústinn og kökurnar með sér í átt að móður sinni og systkinum sem kominn voru spölkorn á undan þeim.

Maður sást á gangi skammt frá heimili hjónanna. Hér var kominn Sigahvatur vatnsberi sem sá fjölskyldu Hrafnkels fyrir vatni. Hann kom gangandi í þetta mund með sínar tvær fötur hangandi á sitt hvorum enda fjalarinnar sem hann bar á öxlum sér. Lítillega skvettist upp úr þessum fötum við göngu mannsins en samt ótrúlega lítið miðað við að báðar föturnar voru fullar á barma með engu loki yfir er hann lagði af stað og gekk sína leið um götur borgarinnar.

Bjargveig beið eftir honum utandyra.

Fætur mannsins voru tregir til gangs og hann sjálfur lotinn í herðum og með bogið bak af erfiði liðinna ára. Hann tilheyrði stétt sem hafði þessa þjónustu á hendi að bera vatn til borgaranna gegn smávægilegu gjaldi eða matarbita. Hann nam staðar fyrir neðan tröppurnar og beygði sig í hnjáliðunum uns föturnar tvær námu við jörð:

„ Sæll frú mín. Hér kem ég með vatnsopann fyrir yður. „

„ Sæll Sighvatur minn. Komdu með föturnar hingað og legðu þær hér vinstra megin við dyrnar. Við göngum frá þeim á eftir. „

„ Hrafnkell! Komdu hérna aðeins og greiddu Sighvati tuttugu aura fyrir vatnsburðinn. Honum veitir ekkert af aurunum. „

Hrafnkell kom fram með veskið sitt í höndunum og tók þaðan einn tseyring og tvo fimm aura peninga og rétti Sighvati vatnsbera:

„ Guð laun. Guð laun. „ Sighvatur þakkaði fyrir sig á venjubundinn máta og gerði sig líklegan til að hverfa sína leið.

„ Andartak vinur. Andartak. „ -

Maðurinn stoppaði og snéri sér við:

„ Má ekki bjóða þér að snæða með okkur nýveidda ýsu sem við erum um það bil að færa upp úr pottinum?

„ Þakka þér fyrir og Guð laun. En ég hef þegar fengið mína greiðslu frá yður. „

„ Hafðu engar áhyggjur af henni. Drífdú þig heldur inn og sestu til borðs með okkur. „ – Ekki kom til mála af hálfu Bjargveig að hleypa manningum frá heimili þeirra hjóna svo skömmu fyrir matmálstíma með fullan pott á eldavélinni sem ilminn lagði af og teygði sig til fólksins sem stóð í gættinni, vitandi sem var að Sighvatur tilheyrði einstæðingum sem fáir hirtu um:

„ Guð laun. Guð laun. „ – Vatnsberinn tók af sér hnausþykku ullarvettlingana sem hlífðu höndum hans ásamt húfunni af höfði sínu og gekk inn með fólkinu.

Hákon Lúðvík sat við eldhúsbordíð og las Biblíuna eins og hann oft gerði fyrir mat ynnist honum tími til.



“ Hér sé friður Guðs og mikið gleður það hjarta mitt þegar ég sé fólk með opna Biblíu fyrir framan sig og lesandi í henni. „ - Sighvatur rétti lækninum hönd sína sem greip þéttingsfast í þessa vinnulúnu, sigggrónu hönd mannsins og dró fram stól og bauð gestinum sæti sér við hlið.

„ Ertu ekki til í að lesa upphátt fyrir mig það sem þú varst að lesa? Sjónin er farinn að daprast og ég á orðið erfitt með lestur en heyrnin er í finu lagi: „

„ Sjálfsagt bróðir. Mín er ánægjan. „

Hákon Lúðvík las:

*„ En það er augljóst að fyrir Guði réttlætist enginn með lögmáli, því að hinn réttláti mun lifa fyrir trú. En lögmálið spyr ekki um trú. Það segir: Sá, sem breytir eftir boðum þess, mun lifa fyrir þau. Kristur keypti oss undan bölvun lögmálsins með því að verða bölvun fyrir oss, því að ritað er: Bölvaður er hver sá, sem á tré hangir. Þannig skyldi heiðingjunum hlotnast blessun Abrahams í Kristi Jesú, og vér öðlast fyrir trúna andann, sem fyrirheitið var. „ (Gal 3:11-14)*

„ Þetta er í Galatabréfinu? Ekki satt? „

„ Jú í þriðja kaflanum. „ - Hákon Lúðvík lokaði bókinni og lagði hana frá sér.

„ Góð orð og sannarlega eitthvað sem við þurfum að minna okkur á „ - Sighvatur var snortinn.

Hrafnkell, dró fram stólinn og settist við borðið.

„ Hér kemur ýsan svo rjúkandi og heit, kartöflurnar og núna brædda smjörlíkið. Allt er til reiðu í Guðs nafni. „ - sagði Bjargveig brosandí og fékk sér sæti með hinum.

Skellir í hnífapörum barst um eldhúsið samanvið og innanum önnur vel þekkt eldhúshljóð sem fylgir mátmálstímum fólks.

## 10 kafli

### Nýr dagur.

Hítinn úti var undir núllinu er Fróði Ben RE sigldi ásamt áhöfn út á opinn Flóann. Klukkan var byrjuð að ganga sex árdegis er þeir dýfðu árum í sjóinn að lokinni sjóferðabæn. Straumurinn vann gegn þeim og skriðurinn á fleyinu var eilítið minni en væri ef meðbyrðar nyti. Nokkuð sem engin af mönnunum kippti sér neitt upp við.

Áhöfnin nálgast skut Es. Camoens sem lá við stjóra í fimmtú metra fjarlægð frá fjöruborðinu og reis eins og trollaukið ferlíki framundan litlum knerrinum á bakborða. Mennirnir réru hljóðir, syfjaðir og sumir geispandi á sléttum og kyrrum haffletinum. Kunnuglegt hljóð barst er árarnar stungust í sjóinn og snérist á festingum sínum.

Hrafnkeli formanni fannst mannskapurinn full daufur í dálkinn:

" Róið menn " - sagði hann:

" Róið - róið - róið. " – Orðin sagði hann í hvetjandi tilgangi til að mennirnir héldu sér við verkefni sitt. Stundum langaði Hrafnkeli að vera með bumbu í klofinu sem hann gæti slegið á til að takturinn væru jafn í róðrinum og menn næðu fyrir samstillingu. En þetta var hugsun í gríni hjá formanninum.

Es. Camoens minnti á draugaskip með öll sín daufu ljós sem loguðu hér og hvar ofanþilja og í einstaka kýrauga á meðan dagsbirtan smá saman braust fram. Átök ljóss og myrkurs eru vel greinileg í Íslensku umhverfi á vetrartíma.

Hrafnkell sá enga hreyfingu um borð. Þegar betur var að gáð gekk um á afturþilfari skipsins mannveru. Séð frá litlum knerrinum var maðurinn hátt fyrir ofan þá.

Vökumaðurinn heyrði hvatningahróp formannsins og gekk að handriðinu aftast á skipinu og lagði handleggina á efsta rörið og fylgdist með mönnum róa í átt að skipinu og líða framhjá skutnum með stefnuna út á opið haf. Allt var svo hljóðlátt. Lítil báturinn með hvatningahróp formannsins var þarna eins og af gömlum vana.

Verkefni vökumannsins var að gæta skipsins og gera aðvart kæmi eitthvað óvenjulegt í ljós og að ræsa út mannskapinn klukkan hálf sjö til sinna starfa og matsveininn hálf tíma fyrir. Nóttin var tíðindalaus og öll uppbrot var honum kærkominn. Lítil Íslenskur fiskibátur á leið til hafs var ágæt tilbreyting í hálf sofandi tilveru.

Maðurinn blés í lófa sína og gekk fram og til baka eftir þilfarinu.

Fimm aðrir bátar voru á útstími um svipað leiti og sigldu í halarófu allir í sömu stefnu. Þeir höfðu legið á öðrum stað í fjörinni og sigldu fjær skipinu en bátur Hrafnkels. Lengra út á Flóanum skildu oft leiðir og hver formaður hélt þangað sem hann hafði ákveðið að dýfa færi eða leggja línustubbinn. Stundum reiknuðu menn rétt og fengu góðan afla. Stundum kvað við annað hljóð og afli dagsins rýr. Á hverjum róðradegi voru menn samt vonglaðir. Reynslan hafði þó kennt þessum mönnum að miðinn voru gjöful eða ekki gjöful og aldrei á vísan á róa og því best að láta bara veiðina koma í ljós. Alltaf mátti samt vona.

ES. Camoens kom til Reykjavíkur seint kvöldið áður frá Kanada. Skipið hafði flutt allmarga íslendinga þangað á umliðnum árum. Ferð sem tók allt að tveimur mánuðum hjá burt fluttum íslendingum áður en nýjum heimkynnum hinum megin hafs var náð. Ferðir sem í síðasta lagi voru farnar í lok júlí frá Íslandi vegna vetrarins. Til að vera laus við hann var talið heppilegt að fara ekki seinna frá Íslandi en í júlí.

Ástæða veru skipsins í Reykjavíkurhöfn var að Smith Wicham, enskur hestakaupmaður, vildi kaupa íslenska hesta af bændum og flytja yfir hafið. Þessi Enski hestakaupmaður hafði nokkrum sinnum áður komið til landsins slíkra erinda. Sum af þessum hrossum sem

herra Wicham keypti á Íslandi beið vist í Skoskum kolanámum. Íslensku hrossin þóttu henta vel við drátt vagnanna sem runnu eftir teinum námanna fulllestaðir blökku jarðefni til upphitunar húsa og vélar skipa sem notuðu gufu. Að ógleymdum miklum járnbrautumum sem menn töluðu um að geystust eftir lögðum teinum ofan á jörðinni og gengju fyrir gufu og færðu á geysihraða með fjölda vagna í eftirdragi um Ensk og Skosk lönd. Vögnum með klefum í þar sem menn meira að segja gátu lagt sig á lengri leiðum. Þvílík voru þægindin að sögn íslenskra manna sem sögðust hafa augum litið slík ferlíki og ferðast með þeim.

Íslenski hesturinn sem herra Wicham verslaði hérlendis var á vissan hátt aðili að þessum þægindum mannfólksins í rykugu og loftlitlu umhverfi námanna. Ekki spillti smæð hrossanna í iðrum Skoskrar jarðar.

Reykvíkingar gátu búist við að sjá mikið hrossastóð rekið niður Laugarveg og eftir Austurstræti og stöðvast við flæðarmálið þar sem hrossanna beið mikill prammi sem flutti þau út í hið mikla skip.

Auglýsingar í blöðum vísaði borgarbúum á að menn væru á ferðinni vítt og breytt um landið á vegum herra Smith til að versla hross og koma með þau til Reykjavíkur.

Margur landinn taldi vist hestanna yfir hafið vonda og voru lítt hrifnir af þessum flutningum og hraus hugur við afdrifum skepnanna í fúlum, Skoskum kolanámum. Kvæðaskáld ortu tilfinninga þrungnar vísur og birtust sumar vísanna í dagblöðum og báru hug kvæðamanna til þessara dýraflutninga yfir opið og úfið haf. Þar mátti lesa hug kvæðaskáldanna til íslenska hestsins og frelsissviptingu dýranna. Og um þessa hestasölu og flutninga yfirleitt.

Koma herra Smith Wicham og hans manna varð mörgum mannum og konunni í borginni umræðuefni.

Lífið í borginni hélt áfram sínum vanagangi.

**Hákon Lúðvík** gegndi læknaströfum eins og venjulega og kom inn á stofu sína á Vesturgötunni klukkan níu á morgnanna. Opnunartími stofunnar var hálf tíma síðar. Á nýju ári tæki hann væntanlega við stöðu á Holdsvéikraspítalanum án þess þó að til stæði að loka stofunni sem hann nú rak. Hrafn Höskuldsson yfirlæknir Holdsvéikraspítalans var enda samþykkur þessu og manna fróðastur um þörfina á þjónustu lækna í hægt vaxandi borgarsamfélagi.

**Ólsen Larsen** næturvörður kom heim til sín eftir næturvöku á götunum í Reykjavík. Hann þurfti að hafa afskipti af einum áhafnarmedlimi ES Camoens sem brá sér einsamall í land á skipsbátnum með leyfi skipstjóra. Þar fór hann inn á krá og knefði ölið og eyddi restinni af kvöldinu á og gerðist fljótlega ölvaður sem best sást af óstöðugu göngulagi hans. Bekkur í borginni varð á vegi hans og hefði orðið hans svefnstaður um nóttina ef Ólsen Larsen hefði ekki borið að og dröslað erlenda og drukkna mannum á stöðina til að láta hann sofa úr sér þar.

Um morguninn kvartaði hann undan verk í vinstri öxl og gekk Larsen með honum til læknisins og lauk vaktinni eftir stutt orðaskipti við Hákon Lúðvík. Fyrsti sjúklingur dagsins Hákon Lúðvíks var því fremur fram lár og dauflegur maður með líflaus augu mælandi á enska tungu sem barðist við verk í öxl, ólgu í maga og hamrandi timburmenn.

Læknirinn kom fram og kallaði manninn inn til sín og leit á öxlina. Maðurinn var ekki brotinn en töluvert marinn og hafði tognað lítilsháttar sem stafaði af falli sem rekja mátti til ástands mannsins kvöldið áður. Ekkert alvarlegt sem mundi jafna sig á nokkrum dögum.

## **Bjargveig**

**Bjargveig Halldórsdóttir** sinni þörfum heimilisins og sá um að halda öllu í röð og reglu. Hver gerði sitt og árekstrar inn á heimilinu fátíðir og úrleysanlegir. Jesús var yfir. Eins og endranær þá gerði bæninn sitt gagn.

Á umliðnum dögum hafði óhreinn þvottur safnast saman heima hjá henni og lá hann í trékassa undan ávöxtum í einu horni eldhússins með handklæði breiddu yfir. Allnokkur gangur var heiman frá henni upp í Þvottalaugarnar. Búið var að reisa á svæðinu þetta líka fína hús sem konurnar gátu athafnað sig inn í. Húsnæðið bætti alla aðstöðu kvennanna og kom í stað hússins sem fauk af grunninum í miklu ofviðri sem gekk yfir Reykjavík fimmtán árum fyrr. Ekkert hús kom í staðin fyrir það sem fauk og var þvottasvæðið húslaust uns þetta hús var reist af framtakssömum aðilum í borginni.

Við þvottinn þurfti að sýna aðgæslu. Augnabliks kæruleysi gat hæglega búið til brunasár á höndum eða fótum. Brunasár voru þó ekki algeng hjá konunum sem brúkuðu þægilega þvottaaðstöðuna.

Áætlunarvagninn sem eitt sinn gekk upp Laugavegin og til Þvottalaugana var ekki lengur í notkun. Þessi áætlunarferð var hugsuð til að létta af fólkinu tauburðinn. Fáeinum mánuðum síðar barst tilkynning um að þessum ferðum væri hætt vegna ónógrar þátttöku. Fólk hafði nóg annað við peningana sína að gera en að eyða þeim í brúðl, eins og ferðir með vagninum voru af mörgum taldar vera.

Unnt var að leigja vagninn gegn ákveðnu gjaldi og kom fyrir að útlendingar brygðu sér í útsýnisferð með þessum stóra og mikla vagni með ýmist einn eða tvo hesta spennta fyrir. Sjálf fór Bjargveig aldrei með vagninum á meðan hann var í notkun þótt oft hafi hún séð hann og líka mætt honum er hún gekk sína leið berandi þvottinn sinn í bala. Vagninn og áætlanuferðirnar voru liðin tíð og tókst eigandanum ekki að vinna hylli borgarbúa.

En allt tekur enda og núna bar hún ekki lengur tauið á sér sjálfri heldur hafði bóndi hennar útbúið hjólatík sem hægt var að leggja tauið á og draga á eftir sér.

Ákveðin saga var á bak við efnið sem notað var í þessa hjólatík og má segja að það hafi rekið upp í hendurnar á Hrafnkeli og gerðist með þeim atburðum að eitt sinn er Fróði Ben RE var á siglingu til

Reykjavíkur - eftir fremur rýran dag - kom formaðurinn auga á reka á sjónum og vildi huga nánar að. Kom þá í ljós þrjár fjögurra metra langar úrvalsspýtur og gæðaviður sem greinilega höfðu skolað útbyrðis af skipi sem átti leið um. Fjalirnar voru samanbundnar og ráku um æginn engum til gagns. Hrafnkell skipaði mönnum sínum að innbyrða timbrið með þeim orðum að aldrei væri að vita nema not væri fyrir svo vænt og efnismikið timbur.

Er í land kom og afli dagsins kominn í hús setti hann sjóreknu spýturnar á axlirnar og gekk áleiðis heim. Á leiðinni sá hann hvar roskin kona dró hjólatík á eftir sér hlaðinn varningi og sú hugmynd kviknaði hjá honum að útbúa svona apparat handa Bjargveig til að hún blessunin þyrfti ekki lengur að bera allan þvott á sér sjálfri upp í Þvottalaugarnar sem vanalega tók hana daginn. Sumt fólk meira að segja gisti í tjaldi á staðnum yfir sumarið og kláraði svo næsta dag.

Hrafnkell vissi því áður en heim var komið í hvað spýturnar ættu að fara.

Heima stakk hann spýtunum inn í kjallarann til þurrkunar.

Í næstu brælu tók Hrafnkell fram hamarinn sinn og sögina og hóf að smíða hjólatíkina samkvæmt fyrirmyndinni sem hann hafði séð. Bjargveig samþykkti verkið og sá gagnsemina undireins og Hrafnkell nefndi þennan einfalda hlut.

Gamall barnavagn sem fyrir löngu var hætt að nota og stóð í kjallarannum missti sín fjögur hjól ásamt tveimur öxlum sem yfirferðust á nýsmíðina sem óðum tók á sig endanlega mynd. Fimmtíu sinnum sextíu sinnum sjötíu sentímetra kassi var smíðaður. Um kvöldið sama dag stóð einföld en samt notadrjúg hjólatík tilbúin til notkunar. Og frá þeim tíma hafði Bjargveig dregið þetta farartæki á eftir sér upp og niður Laugavegin daginn sem hún þvoði á.



Bara Laugavegurinn og leggurinn út frá honum að sjálfum Laugunum var mikil bylting og brúin yfir Fúlalæk kom í veg fyrir að fólk þyrfti að vaða lækinn til að komast sína leið.

En þvottinn heima þurfti að afgreiða. Menn urðu vitaskuld að hafa hrein fót til að fara í. Ekki dugði að ganga í sömu lörfunum til eilífðarnóns. Bjargveig minntist reyndar Ísraelsmannanna sem Móse að beiðni Drottins leiddi út af Egyptalandi sem ráfuðu stefnulausir og kvartandi og kveinandi um eyðimörkina í fjórtíu ár án þess að fötin utan á þeim né skórnir sem þeir gengu í slitnuðu. Þarna í eyðimörkinni hafði Guð, skapari himins og jarðar, opinberaði mátt sinn og megin á alveg sérstakan hátt sem kom þó þvotti á fötum heima á Íslandi lítt við. Að dýfa fatnaði í vatn og nudda var enn í fullu gildi og ástæða þess að hún horfði til þvottlauganna og undirbjó ferðina þangað upp eftir með sinn þvott.

Hjólátíkin beið hennar neðan við tröppurnar. Bjargveig gekk að kassanum í eldhúsinu og bar fang af fötum út og setti í kassann. Hún fór inn klæddi sig í skjólgóða flík og svo aftur út og niður tröppurnar, greip í reipið sem bundið var í hjólátíkina á tveimur stöðum fremst og gekk af stað með hana skröltandi á eftir sér.

Strákur kom hlaupandi eftir veginum og gekk spölkorn með Bjargveig án þess að hvorugt segði orð. Bjargveig kannaðist við guttann og vissi að hann var einn af sonum Maríu.

„ Hvað er að fréttu af foreldrum þínum „ - spurði Bjargveig strákinn.

„ Allt gott. Hún eins og þú ætlar að þvo í dag. „ – Strákurinn saug upp í nefið og lagaði húfuna á höfði sér:

„ Það var skemmtileg tilviljun. „

Bjargveig leit á kassann og sá að vel mátti setja meira í hann:

„ Heyrðu væni minn? Hlauptu heim til þín á undan mér og segðu mömmu þinni að ég sé á leiðinni og að hún geti lagt óhrein fót í kassann minn til að þurfa ekki að bera þetta alla þessa leið. Og svo er líka skemmtilegra að hafa félagsskap en að arka leiðina ein. „

Strákurinn tók hana á orðinu og spretti úr spori og hljóp léttstígur veginn framundan og var horfinn eftir dálitla stund.

Bjargveig gekk áfram og framhjá húsunum sem stóðu við götuna. Þessi hús kannaðist hún vel við og íbúana einnig. Inn í sum hafði hún komið og þegið kaffitár. Húsið framundan henni á vinstri hönd var hún eitt sinn beðinn að kom í og biðja fyrir aldraðri konu sem lá sjúk. Og kraftaverk gerðist og konan læknaðist og reis á fætur alheilbrigð. Frá þessu atviki voru liðinn allmörg ár og konan kominn í faðm Jesús og hitt fólkíð allt flutt vestur til Kanada. Fólkíð sem nú bjó þarna var ungt fólk að hefja búskap og fyrsta barn þeirra hjóna á leiðinni. Það leyndi sér ekki og konunni:

„ Guð blessi ófætt barnið og fjölskylduna „ – sagði Bjargveig og signdi sig.

Gatan sem hún fór um var mjó en samt nógu breið til að aka um hana tveimur hestvögnum úr gangstærði átt án þess að vagnarnir rækjust hvorir utan í annan. Mölin náði fast upp að húsunum á báðar hendur en á bak við þau var gróður og gras og garðar.

Eins og vanalega leit hún yfir höfnina og sá að skip lá þar við stjóra og vissi að um erlent skip var að ræða. Hún hafði séð auglýsingarnar í blaðinu frá Smith Wicklund.

Við hliðið heima hjá sér stóð María og beið Bjargveigar. Hún brosti breytt og teygði sig eftir þvottinum sem hún hafði lagt sér við hlið. Þvottinum hafði hún troðið ofaní strigapoka. Strákurinn stóð við hlið móður sinnar og hélt í hönd hennar. Hann vildi fá að koma með þeim og varð María við þeirri bön. Hann myndi bara hafa gott af því að fara og jafnvel rétta þeim hönd til hjálpar. Eldri börnin gættu yngri

systkina sinna á meðan María vann fjarri heimilinu. Svona gekk þetta fyrir sig á hennar heimili.

„ Sæl og blessum María mín og mikið er nú gaman að sjá þig. Mér fannst alveg upplagt að bjóða þér að nota hjólatíkina mína með mér úr því að pláss var í kassanum og ég sé að strákurinn blessaður hefur flutt þér skilaboðinn: " Bjargveig strauk lófa sínum um koll drengsins sem brást hálf feimnislega við.

Konurnar tóku utan um hvora aðra þarna við hliðið.

Er poki Maríu var kominn í kassann var ljóst að ekki varð meira sett í hann í þetta skipti.

María snéri sér að syni sínum og sagði:

„ Langar þig ekki til að breyta þér smá stund í dráttarklár og leysa Bjargveig af? „

Strákurinn var til í það og Bjargveig gaf honum það eftir og rétti honum bandið. Eftir nokkra skrefa göngu sagði stráksi svolítið rogginn:

„ Bjargveig! Viltu ekki setjast ofan á þvottahauginn og hvíla þig stundarkorn á gönguunni. Ég get vel dregið þig líka. „

„ Jah héna. Ég heyrir að þú átt dugnaðar pilt María mín, „ - sagði Bjargveig hlæjandi.

„ Kannski að ég tylli mér og hvíli lúin bein. „

Strákurinn varð himinlifandi og spenntur eftir því að sýna móður sinni hvað hann væri orðinn öflugur og sterkur strákur.

Bjargveig settist rólega á þvottinn og sagði:

„ Af stað svo! „

Það strekkist á bandinu og pilturinn tók á honum stóra sínum en þyngslin voru svo ungum manni ofviða að eftir aðeins nokkra metra gang við þessar aðstæður varð ekki lengra komist.

„ Jæja „ – sagði Bjargveig:

„ Nú ætla ég að standa á fætur og þá verður þetta létt verk fyrir þig væni minn. En mikið varstu duglegur. „

Strákurinn var hinn hróðugasti yfir afreki sínu og lét bandið yfir báðar axlirnar og dró vagninn á eftir sér með bakið í hann:

„ Það sem þessum guttum dettur í hug og eru tilbúnir að framkvæma er alveg makalaust. „ -

María hafði skemmt sér vel yfir tiltæki stráksins. Enda uppátektarsamur og á margan hátt óútreiknanlegur. En svona bara eru börnin. Þau þurfa að læra og gera það yfirleitt með því að reka sig sjálf á.

Laugarnar blöstu við konunum. Gufan steig upp af heitu vatninu úr iðrum jarðar. Konur á öllum aldri voru á svæðinu og sinntu þvottastörfunum.

Strákurinn neitaði að eftirláta konunum tauminn og dró tauið mestan hluta leiðarinnar.

En ferðin tók enda og þær stóðu við Laugarnar og undirbjuggu sig fyrir verkið framundan. María tók strigapokann og hvolfdi úr honum í tóman bala sem lá ónotaður á jörðinni. Laust pláss var við enda vatnsstæðisins sem þær báðar gátu athafnað sig við.

Bjargveig fór með bæn og bað Drottinn um vernd og varðveislu og að engin færi sér að voða við snarpheitt vatnið. Og þvottavinnan hófst. Nærbrækur, bolir, vinnuföt, skyrtur, handklæði, viskastykki, sængurfatnaður. Allt var þvegið. Öllu skyldi skilað hreinu heim. Annað var ósæmandi. Ofan í heitu vatninu náðist undraverður árangur með flíkurnar og engin furða að fólk legði á sig langa göngu til að fá notað svo vandfundin þægindi við sínar eigin bæjardyr.

## 11 kafli.

Svitinn lagaði af konunum sem hömuðust við þvottinn. Heit gufan sjóðhitaði fólkinu og líkamshreyfingarnar bættu um betur. Hitinn frá vatninu olli vissulega ákveðnum óþægindum en samt eitthvað sem ekki mátti hindra fólkið í verki. Það var hér til að taka til hendi. Hreinlæti, hreinar brækur, hrein skyrta, þrifaleg peysa að ógleymdum gljáandi hreinum nærfatnaði var kostur en ekki löstur. Í hreinu leið manningum betur.

Hver flík var handleikin, hún nudduð, undin í höndunum, dýft aftur ofan í heitt vatnið, dreginn upp og nudduð á þvottabrettinu. Aftur var dýft í. Aftur undið. Aftur var Grænsápa borin á og meira nuddað og þvottabrettið strokið upp og niður með flíkunum á í endurteknum hreyfingum og allt skolað á milli. Svona var verkið endurtekið uns þvottakonan varð sát. Hve endurtekningarnar voru margar fór eftir því hve hreina manneskjan vildi hafa flíkina. Vandvirknin var einstaklingsbundin. Tíminn sem hver þvottur þurfti var og mislangur. Samt var ljóst að flíkurarnar kölluðu allar eftir sínum afmarkaða tíma hvort sem tíminn var stuttur eða langur:

Hér áttu versin í þriðja kafla Predikarans vel við:

*" Að fæðast hefir sinn tíma og að deyja hefir sinn tíma, að gróðursetja hefir sinn tíma og að rífa það upp, sem gróðursett hefir verið, hefir sinn tíma, að deyða hefir sinn tíma og að lækna hefir sinn tíma, að rífa niður hefir sinn tíma og að byggja upp hefir sinn tíma, að gráta hefir sinn tíma og að hlæja hefir sinn tíma, að kveina hefir sinn tíma og að dansa hefir sinn tíma, að kasta steinum hefir sinn tíma og að tína saman steina hefir sinn tíma, að faðmast hefir sinn tíma og að halda sér frá faðmlögum hefir sinn tíma, að leita hefir sinn tíma og að týna hefir sinn tíma, að geyma hefir sinn tíma og að fleygja hefir sinn tíma, að rífa sundur hefir sinn tíma og að sauma saman hefir sinn tíma, að þegja hefir sinn tíma og að tala hefir sinn tíma, að elska hefir sinn tíma og að hata hefir sinn tíma, ófriður hefir sinn tíma, og friður hefir sinn tíma." (Préd 3:2-8)*

Við Þvottalaugarnar mátti sjá fáeinar flissandi, bendandi og hvíslandi unglingsstúlkur, ungar konur, gamlar konur og einstaka roskinn karlmann sem fylgdi konu sinni, dóttur eða frænku. Karlmann sem sjálfur hafði lítið við að vera heima fyrir sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum en vildi leggja hönd á plóginn og létta undir með sínu fólki - " Til að gera eitthvað gagn." – eins og þeir sjálfir komust að orði - og struku flötum lófanum eftir höfði sínu ofanverðu.

Á staðnum var minna um unga karlmenn og menn á miðjum aldri. Þeir voru í sinni vinnu. Margir af þessum ungu og miðaldra mönnum voru starfandi sjómenn og stunduðu róðra þegar veður leyfði. Þeir fremur en aðrir gátu ekki verið á tveimur stöðum í einu.

Í brælum og landlegum mátti helst sjá þessa menn við laugarnar. En ekkert var sjálfgefið í þeim efnum.

Börnin á staðnum komu af sjálfdáðum, eins og sonur Maríu, eða að mæðurnar höfðu ekki tók að láta gæta ungra barna sinna heima og urðu því að taka þau með sér. Allskonar ástæður lágu til grundvallar og allskonar mál sem fólk varð að leysa áður en af stað var farið. Og það sem ekki var leyst í upphafi leystist úr á staðnum.

Þvottavinnan fór mest fram á hnjúnum. Það sem var óþvegið lá allt í kringum þvottakonurnar. Þveginn þvottur fór undin í bala eða ofan kassa hjólatíkarinnar. Nokkrar hjólatíkur voru á svæðinu og fór þeim frekar fjölgandi en hitt. Var gangsemin líka augljós.

Smíði tókanna var svona upp og ofan. Sum var hrákasmíð en önnur bar með sér listilegan frágang hagleiksmanna. En hrákasmíðin jafnt hún með betri fráganginn gerðu bæði sitt gagn og sparaði fólki þreytandi burðinn á sjálfu sér.

Þvottalaugarnar fyrir utan Reykjavíkurbýggð var æð sem oft var mikið líf í kringum. Þangað komu margir og margt spjallað og oft hlegið. Laugarnar voru og vettvangur fréttaflutnings eins og ávallt þar sem margt fólk kom saman. Fréttin flaug vegna þess að fólk

heyrði og sagði öðrum frá. Og þannig er líka kristindómurinn. Hann lifir með kynslóðunum. Ávallt er til fólk eins og Bjargveig, Hrafnkel, Ólsen Larsen, Hákon Lúðvík, Svenni Mæju í Keflavík, sem segir sinn vitnisburð og lofsyngur lifandi Guði í áheyrn annarra. Alltaf eru til endurfæddar manneskjur sem staðfesta í eigin lífi að Jesús er upprisinn og að dauðinn fékk honum ekki haldið. En umfram annað var tilgangurinn í grunninn sá að koma heim með stífhreinan þvott fyrir sitt fólk. Þvottalaugarnar voru vettvangurinn og besta aðferð sem völ var á.

María og Bjargveig komu sér fyrir í auðu plássinu.

Konan við hlið Bjargveigar var með slæðu yfir höfðinu. Og vegna slæðunnar vissi Bjargveig ekki hverjum hún ætti að heilsa. Málið var þó ekki alvarlegt. Hún átti hvort sem er eftir að eyða meginhluta dagsins þarna og konan var einnig nýkominn sem sást á stafla af óhreinu taui sem hún hafði sér við hlið. Tækifæri gæfist til að heilsast að góðum og íslenskum sið þótt síðar væri.

Fyrsta flík dagsins var tekin fram og henni dýft ofan í vatnið. Er Bjargveig hafði þvegið í nokkrar mínútur leit konan við hlið hennar augnablik upp frá þvottastarfinu. Kom þá í ljós " Dóra gamla geðilla " - eins og hún var kölluð í daglegu tali manna. Sjálf hafði Bjargveig alltaf undrast þessi nafngift. Samkvæmt kynnum hennar af Dóru gömlu geðillu var hún vænsta kona og fráleitt geðillri heldur margt annað fólk.

En rétt var það að stundum var hún fljót upp og átti þá til að vera hörð í orðum og brúkaði munn til hægri og vinstri og gætti sín vel á láta hann eða hana sem hún átti í hnútukasti við ekki eiga neitt inni hjá sér að aflokinni þeirri rimmu.

Dóra gamla sat á hnjánum við heitt vatnið og fékkst við vinnubrök mansins síns. Hún nuddaði blett á sitjanda buxurnar sem var illur viðureignar og eins og sagði við sjálfa sig:



" Ég veit ekki á hvað hann Karl minn hefur sest. Tjörublettinn er ekki nokkur lifandi leið fyrir mig að skola úr brókinni hans. Sá skal aldeilis fá orð í eyra þegar ég kem heim fyrir að vera svona kærulaus. Eins og maður hafi ekki nóg að gera. Svei attan. "

Dóra gamla geðilla tók á öllu sem hún átti og nuddaði og nuddaði, skoðaði, nuddaði og leit aftur á blettinn. En því miður. Hann var ekki bara jafn stór og áður heldur hafði hið óvænta gerst og bletturinn breiðst út við nuddið og þakti stærri blett á brókinni en var í byrjun. Málið var að verða pirrandi fyrir svo skapstóra og oft einnig vanstillta manneskju.

Bjargveig sem var byrjuð með sinn þvott heyrði hvað frúin sagði. Hún snéri sér að Dóru gömlu:

" Sæl Dóra mín. Og þú verður að fyrirgefa að ég þekkti þig ekki fyrir slæðunni sem að mestu huldi andlit þitt og höfuð. "

Heit gufan leik um konurnar og sveiflaðist fram og til baka eftir því hvernig vindurinn blés um svæðið.

" Sæl og blessuð. Formannsfrúin bara mætt með þvottinn sinn - og María líka. Oh hafðu engar áhyggjur af því. Sjálfur er maður of önnum kafin til að fá fylgst með öllum sem hingað koma - nú eða fara. "

María heilsaði.

Dóra gamla tók fram brók bónda síns og leit einu sinni enn á blettinn. Hún var orðin úrkula vonar um að ná honum úr. Sennilega yrði hún að klippa hann burt og sauma bót á í staðinn:

" Alveg er þetta furðulegt að fullorðnir menn skuli ekki gæta betur að sér og á hvað þeir setjast. "

" Hvað amar að hjá þér? " - Bjargveig sá að pírings gætti hjá Dóru gömlu geðillu.

" Nú þetta hérna! " - Dóra rétti fram brókina og benti á tjörublettinn sem hún hafði glímt við drykklanga stund án neins sýnilegs árangurs.

Bjargveig tók brókina og skoðaði vegsummerkin. María blandað sér í málið. Og loks konan hægra megin við þær. Mörg augu sameinuðust um einn blett á brók bónda Dóru gömlu og mældu hann út hver á sinn hátt. Andlit voru og hugsandi og hugur þælandi og reiknandi út möguleikanna í stöðunni.

María bað um flíkina og bauðst til að maka Grænsápu beint á tjörublettinn með þeim ráðleggingum að best væri að láta sápu liggja á í korter, tuttugu mínútur og leyfa sápu að leysa blettinn almennilega upp. Og leggja þá til atlögu við hann sem lokatilraun verkefnisins.

Dóra gamla samþykkti ráðahaginn og tók við brókinni eftir að búið var að þekja blettinn með sápu og lagði hana til hliðar um stundarsakir og greip næstu flík. Vinnan við þvottinn hélt áfram.

Eftir umtalaðan tíma tók Dóra gamla geðilla fram brók Karls bónda síns í von um að koma með hana hreina heim og blettlaus, eins og annan þvott.

Hún tók buxurnar og dýfði þeim ofan í sjóðheitt jarðvatnið og tók þær upp og setti á brettið og nuddaði. Svo aftur ofan í vatnið og öllu haldið niðri með lítilli spýtu og keyrt fram og til baka ofan í hreinu og heitu vatninu. Sápan leystist upp og myndaði froðu á yfirborðinu sem barst burt með hægu rennslinu þangað sem allt vatn endar. Í söltum leginum þar sem fiskarnir eiga heima.

Og en var brettið notað og enn skoðað. Breitt bros færðist yfir andlit Dóru gömlu. Hið ómögulega hafði gerst. Bletturinn var að henni sýndist horfin eins og hann hefði aldrei komið á flíkina þá arna:

" Þetta gerði sitt gagn mín kæra María. Brókin hans Karls er sem ný. Svei mér þá. " - Dóra gamla lyfti flíkinni á loft og grandskoðaði. Ekki bar á öðru. Óhreinindin voru á bak og burt og allt orðið hreint og fínt. Dóra gamla snéri sér að Bjargveig:

" Varstu nokkuð að biðja á meðan ég beið eftir að sápan ynni sitt verk? "

„ Vitaskuld hefur hún beðið. Þú veist að Bjargveig ákallar Guð sinn í tíma og í ótíma. „ – Einn karlinn á svæðinu átti leið framhjá konunum á þessu andartaki og heyrði setningu Dóru gömlu og vildi blanda sér í samtalið.

Dóra gamla geðilla snéri sér eldsnöggt í átt að þessari rödd og sagði hvasst:

" Hver var að tala við þig og hver bað þig um ráð? Ég ráðlegg þér að setja upp húfu til að þér verði ekki kalt á skallanum. Hypjaðu þig svo heim til þín á meðan þú enn ratar og mundu eftir að skríða undir feldinn þinn þegar þangað er komið og komdu ekki undan honum fyrr heldur en ákvörðun liggur fyrir. Fuss og svei. " – orðin bunuðu út um munn Dóru gömlu líkt og best gerist hjá vönnum og vel æfðum ræðumanni og án hiks og fums.

Bjargveig snéri sér að Maríu og hristi höfuðið. Orð Dóru gömlu komu henni svo sem ekki algerlega í opna skjöldu en voru samt eitthvað sem óþarfi var að segja. Málið hefði vel mátt afgreiða með mildari og kurteisari hætti. Verknaður mannsins var enda ekki alvarlegs eðlis:

" Nú ert þetta þú Dóra mín. Það hlaut að vera. Ég bið forláts. Ég hélt að konan við hlið Bjargveigar væri frænka mín. Hún sagðist alltént verða hér í dag og yfirhöfnin sem þú erti í er alveg eins og hennar, og baksvipur þinn villti mér sýn. En við tölum stundum á þessum nótum hvort við annað í þá gríni og þekkjum takta hvors annars ágætlega. Nú varð mér heldur betur á í messunni. Afsakið frúr og mér þykir

leitt að hafa truflað: " – maðurinn gerði sig líklegan til að halda sína leið.

" Gott að þú biður afsökunar. " - sagði Dóra gamla og vatt buxurnar sem hún hafði loksins klárað:

„ þetta er nú meiri hitinn á þessu vatni og það yrði lagleg útreið fyrir manneskju sem dytti kylliflöt í það.„ – sagði Dóra gamla og leit um leið á manninn með allt öðru en hlýlegu augnaráði.

" Guð blessi þig og eigðu góðan dag í dag. " – sagði Bjargveig við svolítið skömmustulegan manninn til að gera gott úr öllu saman.

Dagur var að kveldi kominn og seinasta flík Bjargveigar kominn á hjólatíkina ásamt poka Maríu.

Dóra gamla geðilla lauk við sitt á undan og lögð af stað heim. Þær horfði á eftir henni ganga í átt að Laugavegi áleiðis í bæinn.

En þeim var heldur ekki til setunnar boðið. Síðasta flíkin í törninni búin að fá sína sérstöku vatnsmeðferð, vindingu og aðra viðeigandi afgreiðslu og kominn samanbrotinn niður í kassa hjólatíkarinnar.

Bjargveig tók í spottann og tíkinn fór af stað og elti. Núna var hún eilítið þyngri í drætti vegna vatnsins sem þvotturinn geymdi í sér. Það lak úr kassanum út um þrjú boruð göt neðst sitt hvoru megin. Lokatlöguna við vatnið myndi vindurinn og þurrkurinn gera eftir að búíð var að hengja allt upp á snúrurnar heima. Veður var gott og engin fyrirstaða fyrir þvottinn að hanga úti.

Sonur Maríu hafði fundið sér leikfélaga og stytta þeir sér stundir við leik og ærsl og hlaup í bland við hlátra eins og ferskra og heilbrigðra stráka og barna er siður.

En núna var móðir hans búinn að þvo og komið að heimferðinni og ekki um annað fyrir hann að gera en að kveðja vin sinn og að fylgja

móðir sinni sömu leið og þau höfðu komið. Vegurinn að heiman er nefnilega líka vegurinn heim.

Bjargveig, María og strákurinn gengu rólegum skrefum eftir veginum og nálgudust veginn til byggðar:

„Heyrðu! „ –

María horfði á jörðina. Bjargveig leit á hana og beið eftir að hún segði meira. Annað veiði mátti heyra ískur í hjólum hjólatíkarinnar sem svolítið lag af tólga myndi lagfæra:

„ Er það rétt hjá þér að þú hafir beiðið fyrir flíkinni sem Dóra gamla geð...hm... glímdi svo mjög við og að tjaran hafi leyst upp vegna bænarnar? Trúir þú þessu sjálf? „ - María var eitt spurningarmerki í framan og greinilegt að atvikið hafði snert streng og valdið henni sínum hugsunum.

„ Ég það og tjörubletturinn hvarf við seinasta þvott. Já, María mín ég trúi að hér sé um bænastar að ræða. „ -

Konurnar komust upp á veginn sem lá til Reykjavíkur. Hinar sem eftir urðu yfirgáfu Þvottalaugarnar skömmu síðar. Gufan ein varð eftir og steig upp í loftið eins og hún hafði gert öldum saman. Þessi áður líflegi staður varð nú þögull, mannlaus með umhverfisljóðunum einum og skýjunum yfir. Næsta dag myndi allt færast í sama horf og líf og fjör koma með fólkinu sem vildi þvo sínar óhreinu flíkur og fara með hreinar heim:

„ Merkilegt. – Afar merkilegt. „ – sagði María hugsandi.

Framundan þeim var Dóra gamla geðilla sem bar poka á bakinu með hreinum þvottinum í. Fyrir framan hana gengu nokkrar konur með sína byrði á sér sjálfum eða dragandi á eftir sér hjólatík áþekkri þeirri sem Bjargveig notaði. Pokinn á baki Dóru gömlu var mikill um sig.

María hafði skyndilega þörf fyrir að tjá sig:

„ Þú veist að við hjónin höfum orðið margra barna auðið og að öll eru þau heilbrigð og hraust. Þrátt fyrir fremur bágan efnahag hefur aldrei fallið úr máltíð vegna skorts. Börnin og við sjálf stöndum ævinlega mett upp frá borðum og höfum átt fót til að klæðast. Þú veist! Skjólgóðar flíkur. Maðurinn hefur aflað tekna sem dugar okkur til framfærslu. Vitaskuld hefur það hjálpað til að bæði erum við reglusöm og líka sparsöm. Og ekki truflar vinið okkur. En stundum skynja ég eins og æðri hönd haldi utan um þetta. Getur verið að Jesús vaki yfir fjölskyldu minni, manni og börnum þó að hvorugt okkar biðji til Jesús og mér vitanlega engin af börnunum heldur? „ - María var hálf feimin við að opinbera svona sínar innstu hugsanir og fannst þær allar saman ósköp barnalegar og broslegar en ákvað samt að ríða á vaðið á meðan þær voru enn á veginum. Svo var hún líka forvitin og hjartað opið fyrir boðskapnum.

„ Ég trú því að Jesús vaki yfir fólki og sé oftar að verki en menn gera sér grein fyrir. Kannski er einhver í þinni fjölskyldu María sem biður fyrir ykkur. Engin vafi er í mínum huga að Jesús heyrir bænir. Við urðum báðar vitni að bænheyrslu fyrir nokkrum mínútum með tjörublettinum í buxunum sem náðist úr. Drottinn mætir þörfum og sér um sína. Líka hjá fólki sem er hryssingslegt í viðmóti og notar ónægætín orð. „ -

María vissi við hverja var átt og skellti uppúr. Enda fátt annað hægt miðað við það sem á undan var gengið:

" Karl greyið! Sá fékk aldeilis yfirhalinguna hjá Dóru gömlu, Maður gat ekki annað en vorkennt honum " - sagði María hlæjandi.

Hróp og köll heyrðist fyrir aftan þær og hófadynur frá mörgum hrossum. Mikið hrossastóð var rekið eftir veginum sem einn reiðmaður fór fyrir en aðrir fylgdu eftir til hliðanna og tveir reiðmenn komu á eftir. Hrossastóðið nálgadist konurnar sem viku úr vegi til að hleypa rekstrinum framhjá.

Mennirnir voru komnir alla leið úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu og höfðu komið við á mörgum bæjum til að falast eftir hrossum til kaups og útflutnings hjá bændunum. Þeir voru á vegum herra Smith Wicham og á leið í sinn seinasta áfanga þar sem skipið beið eftir að geta flutt hestastóðið um borð og svo áfram yfir hafið til Skotlands og Írlands.

Hestarnir voru allmargir og reiknaðist Bjargveig til að þeir væru ekki færri en tvö hundruð. Herra Smith var með í þessum hópi og tók þátt í rekstrinum til borgarinnar. Hann hafði mætt hópnnum á Kambabrun og slegist í för með þeim það sem eftir var leiðarinnar. Enda sjálfur vanur slíkum hrossarekstri bæði hér uppi á Íslandi og í heimalandi sínu Englandi.

Fáeinum mínútum síðar horfðu þær á eftir seinustu reiðmönnum sem óðum fjarlægðust. Hrossaréttinn var í fjöruborðinu þar sem pramminn lá bundinn sem nota átti í hrossaflutninganna út í skipið. Tíu saman í ferð.

„ Þeim hefur orðið vel ágengt og greinilegt að margir bændur hafa verið tilbúnir til að láta hross af hendi til útflutnings miðað við fjöldann sem hljóp framhjá okkur áðan.“ - sagði Bjargveig við Maríu.

Þær nálgudust Dóru gömlu. Hún tindi upp flíkur sem lágu í götunni. En svo var Guði fyrir að þakka að hestarnir hlupu framhjá fatnaðinum án þess að snerta eina einustu flík.

„ Guð minn góður! Hvað kom eiginlega fyrir? „ - spurði Bjargveig í forundran:

„ Nú pokaskömmin gaf sig og botninn hreinlega rifnaði frá og innihaldið hafnaði á götunni. Skyndilega fann ég á sjálfri mér að allt léttist og er ég leit til baka var slóðinn merkt flíkum frá mér. Og svo þegar allar þessar hlaupandi bikkjur komu eftir veginum og æpandi og blístrandir karla á hestbaki fór að renna á mig tvær grímur og mér

ekki að standa á sama og bjóst allt eins við því að skepnurnar hlypu eftir slóðinni sem fötin voru á. Og þá hefði öll vinna dagsins verið til einskis. En betur fór en á horfðist. „

Dóra gamla tók pokann og skoðaði botninn og sagði:

„ Ég er ekki undrandi þótt að öll fötin í pokanum hafi skilað sér niður. Sjáið! „

Hún tók á striganum sem þegar rifnaði:

„ Pokinn sá arna er grautfúinn. Enda kominn til ára sinn og margnotaður. „

Sængurver var tekið fram og liggjandi fötin tekinn upp og sett ofan í það. Konurnar hjálpuðu Dóru gömlu við að tína dótíð upp úr götunni. Dóra gamla tók sekkinn, sveiflaði honum og skellti á bak sér. Nú var ekki langt eftir. Aðeins um tíu mínútna gangur.

Konurnar gengu áfram veginn. Dagurinn var orðin langur og þreytu farið að gæta.

Við hliðið heima hjá Maríu skildu leiðir. Hjólatíkinni var ögn léttari eftir að María tók sitt. Hún gekk að þvottasnúrunum og hóf að hengja upp. Vægur vindurinn sem fór um svæðið gerði að verkum að tauið tók viðbragð og eins og lifnaði.

Skömmu síðar stóð Bjargveig við eigin þvottasnúrur.

Hrafnkell kom heim úr róðri á meðan Bjargveig enn var við snúrurnar.

Hákon Lúðvík sat í eldhúsinu og spjallaði við Ólsen Larsen sem var í heimsókn.



Hrafnkell dró af sér stígvélin við innganginn gekk inn í eldhúsið.  
Hann heilsaði fólkinu og hellti sér nýuppáhelltu kaffi í fantinn sinn.

Bjargveig lauk sínu verki og kom inn eftir að hafa sett tíkina inn í  
kjallarann og tók þátt í umræðunni sem fram fór við borðið.

## 12 kafli

Fróði Ben RE kom að landi með sæmilegan afla. Núna höfðu þeir sett í þorsk, dálítið af ýsu og væn lúðulok sem áhöfnin skipti á milli sín. Mannskapurinn var sáttur með sitt. Glæný og soðin lúða yrði á borðum Hrafnkels í kvöldmatnum og kannski líka lúðusúpa.

Heppnin var með Böðvari á Blesa RE sem bar að landi fullfermi af þeim gula og var fengsælastur bátanna sem réru.

### Hestarnir fluttir um borð.

Hrossin hímdu ráðvillt í fjöruborðinu í einum hnapp. Þau biðu þess sem verða vildi.

Hrafnkell taldi víst að hestarnir væru nýlega komnir á svæðið. Um morguninn var þar engin hestur og engin hreyfing. En núna iðaði þarna allt af hestalífi.

Hann gekk heimleiðis með aðra höndina í vasanum. Með hinni hendinni hélt hann á einni lúðunni sem þeim hafði áskotnast í túrnum.

Hann lagði lúðuna ofan á stórann stein sem á vegi hans varð tók fram pípunu og kveikti sér í. Greip svo aftur um sleipan lúðusporðinn og gekk af stað. Reykinn lagði frá honum.

Vinnan við ms Camoens gekk eins og vænta mátti. Hestunum fækkaði í fjörunni. Þá sem upp á vantaði stóðu í lest skipsins. Hestur hékk neðan í króknum og var einmitt verið að vingsa honum yfir lunningu skipsins er Hrafnkell leit augnablik þangað. Hrossið sveiflaðist lítillaga þarna í lausa loftinu. Voldugur pramminn lá bundinn við skipshlið. Þrír hestar biðu á honum eftir sinni hífingu. Þá fyrst gátu mennirnir í landi fleytt prammanum yfir hafflötinn að bryggjunni.

Kaupmannsbryggjurnar stóðu í röð meðfram fjörunni og lágu skáhalt nokkra metra út í sjóinn og niður fyrir stórstraumsfjöru.

Ein bryggjanna var notuð undir hestaútflutninginn. Þar var hópur manna sem sá um að koma hrossunum sína leið undireins og pramminn var kominn. Fimm fílefldir karlmenn héldu um það sem festur var í prammann Til að fá hreyft svo stórt ferlíki og koma því á skrið þurfti að taka vel á. Byrjunin var þyngst en léttara að halda ferð eftir að af stað var komið. Málið fyrir karlanna var að vera samtaka - " Til að ná góður starti, " - eins og þeir sögðu.

Aðrir sáu um að velja tíu hross og reka eftir hallandi bryggjunni á réttum tíma. Svona gekk flutningurinn fyrir sig. Allir gerðu sitt.

Menn voru við ýmsu búinir þegar hrossin voru annarsvegjar. Þau gátu tekið upp á allskonar kúnstum á leið sinni út í flekan og óöruggi gripið þau með sínum afleiðingum og jafnvel sundspretti í ísköldum sjónum. Allt svoleiðis gat endað með ósköpum. Það vissu menn.

Á árinu á undan lenti Hrafnkell og hans menn í litlu ævintýri er MS Camoens lá við stjóra í einum af sínum hestaflutnings ferðum til Íslands, þá nýkomið frá Kanada með hóp íslendinga alfarna frá Íslandi til nýrra heimkynna í vestri.

- Dagurinn var ósköp venjulegur á Flóanum. Ágætis veður með þokkalegum afla. Er þeir áttu skammt eftir grillti Hrafnkell í eitthvað framundan bátnum á bakborða sem eilítið hreyfðist og gáraði á. Í fyrstu sýndist honum þetta vera selur. - En samt ekki. Lagið á þessu var í raun ekkert selslegt. Hvað gat þetta verið?

„ Sækýr? „ – hugsaði Hrafnkell með sjálfum sér og strauk úfið skeggið og klóraði sér í höfðinu undir vel þæfðri ullarhúfunni.

„ Varla! Enda þjóðsaga. „ - Hann brosti yfir eigin hugsunum.

Flosi Alfreðsson háseti sat á þóftu bakborðsmegin í bátnum og réri með mönnunum. Hann veiti athygli formanninum sem horfði íbygginn út á hafið og snéri höfði sínu þangað til að sjá sjálfur hvað vekti athygli formannsins:

„ Hey strákar! Hafmeyja á sundi! Hafmeyja maður! " – hrópaði Flosi yfir þögulan mannskapinn. Mennirnir hlógu og litu þangað sem Flosi benti:

„ Róið menn. Haldið ykkur við efnið. Róið. Kíkjum á hvað þarna er á ferð " - Róleg rödd formannsins gaf sína skipun.

Hrafnkell beygði knerrinum eilítið á bakborða til að komast nær þessu. Báturinn nálgadist hægt og málið tók að skírast. Hestshaus blasti við bátsverjum með nasirnar upp í loftið. Dýrið synti sem ótt væri og virtist honum skepnan vera að strjúka frá þessu öllu saman og synda til hafs áttavíllt.

Á bryggjunni stóðu menn í greinilega miklu fátí. Sumir mannanna mynduðu trekt með lófum sínum og hrópuðu út til þeirra á meðan aðrir bentu og enn aðrir gripu um hár sitt í sínu úrræðaleysi og æddu fram og til baka á bryggjunni. Engin bátur var tiltækur sem þeir gátu stokkið um borð í og róið í veg fyrir skepnuna. Mennirnir hrósuðu happei yfir því að Fróði Ben skildi einmitt vera á ferðinni þegar þeir þurftu svo sannarlega aðstoðar við.

Uppi varð fótur og fit er áhöfnin gerði sér grein fyrir aðstæðum. Hestur á sundi var ekki daglegt brauð fyrir íslenska sjómenn sem höfðu Faxaflóa sem sitt aðal vinnusvæði. Þorskur og ýsa hvalur við bátshlið og jafnvel beinhákarl var í lagi með. En syndandi hestur. Öðru máli gegndi um hann.

Nýtt líf færðist í mannskapinn og hann herti róðurinn og knerrinum tókst að sigla í veg fyrir skepnuna. Með hrópum, handapati og slætti árána ofan á yfirborð sjósins tókst að beina dýrinu aftur til lands. Hesturinn synti á töluverðri ferð og undruðust menn þrekið og

hraðan á dýrinu. Hrossið sveigði hausinn eilítið til hliðanna til að fylgjast með bátnum sem kom í humátt á eftir sér. Áhöfninni þótti vissulega öruggara að fylgja skepnunni fast eftir uns séð varð að hún tæki land og gæti dröslað sjálfri sér á þurrt og hristi sig þar duglega. Í fjöruborðinu beið dýrsins móttökunefnd vaskra mann sem færðu hana aftur í stóðið. Nokkuð var af hrossinu dregið. Sundspretturinn virtist ekki hafa haft nein veruleg áhrif á það. -

Atvikið gerðist fyrir ári síðan og enn stóðu menn í útflutningi á hrossum frá Íslandi og á svipuðum slóðum í fjörinni í Reykjavík.

Menn gátu greinilega átt von á ýmsum uppákomum sem bregðast þurfti við strax. Og þeir lærðu. Við bryggjuna lá bundið lítið far sem hægt var að hoppa í og bregðast við svona uppákomum. Far sem gamall maður í borginni átti og brá sér stundum einsamall á og réri út á Flóann til að renna öngli og veiða sér í soðið. Hann var tilbúinn til að lána knörrinn sinn til að mæta með óvæntum uppákomum hrossanna.

Tveir menn vöktuðu hrossin.

Flekinn nálgadist land. Mennirnir á bryggjunni toguðu jafnt í spottann. Tóíð hringaðist niður við fætur aftasta manns. Allstór tóhaugur var við fætur hans er pramminn var kominn á sinn stað við bryggjuna.

Göngubrú var lögð út í prammann. Hestarnir gengu niður hallandi bryggjunni. Þeir voru varkárir og hnsuðu af bryggjugólfinu. Þrír menn fylgdu á eftir. Grindverk þvert yfir bryggjuna við göngubrúna beindi stóðinu í rétta átt.

„ Hoho „ - heyrðist úr mannsbörkunum er stífla myndaðist við endann og hestarnir hikuðu við að stíga upp á samansettar fjalirnar sem lágu út í prammann. Hrópin héldu áfram með viðeigandi handahreyfingum og blístrum og ekki linnt látum fyrir heldur en hrossin höfðu áttað sig á hvert þau ættu að fara og fyrsti hesturinn sá

göngubrúnna og gekk um borð. Ungt hross í hópnum reyndi að smeygja sér framhjá verði og hljóp upp bryggjuna. Við það mögnuðust hrópin í mönnunum:

„ Gætið ykkar! Látið hann ekki sleppa „ - hrópaði maðurinn sem stjórnaði aðgerðum. Mennirnir sem drógu prammann stukku til og mynduðu einfalda röð þvert yfir bryggjuna. Folinn sá sitt óvænta og snéri við og gekk um borð og endaði við hlið hinna.

Grindur úr tré afmörkuðu svæði á miðjum prammanum. Tvær grindur sem snéru að landgöngubrúnni voru bundnar við hana á tvær hliðar og mynduðu „ Vaff. „ eða " Öfuga trekk. "

Eftir að öll hrossin voru kominn voru böndin losuð og göngubrúin dregin á land og grindurnar dregnar hvor að annarri og bundnar með reipi. Hestahópurinn þéttist og svigrúmið til að hreyfa sig minnkaði. Þetta þótti nauðsynlegt til að þau síður tækju upp á einhverju sem gæti haft afdrifaríkar afleiðingar og valdið töfum og jafnvel fjárhagslegu tjóni fyrir Smith Wicham, eiganda hrossanna. Stutt var í sjóinn og grindurnar til þess að gera veikbyggðar. Samandregnar grindurnar bjuggu til færa leið fyrir mennina að ganga hringinn í kringum hrossin á prammanum.

Einn mannanna sem dró tók upp veifu og sveiflaði henni yfir höfði sér. Þetta var merki til skipverja um að allt væri klárt fyrir þá að gera sitt. Vírinn strekktist og kom og kom upp úr sjónum. Flekinn fór á hreyfingu og sigldi á hægri ferð í átt að skipinu. Fjórir menn voru á prammanum. Mannvanur hestur treystir manningum og verður fyrir vikið rólegri.

Við skipshlið beið bóman yfir höfðum manna og hesta með krókinn dinglandi neðan í sér. Skipverji á Camoens fylgdist með frá lunningunni. Stroffum var slegið undir kviðinn og króknum slakað og honum húkkað í lykkjuendanna. Lúgumaðurinn fékk merki og flutti þau áfram til spilmannsins upp á pallinum sem tók í stöngina. Vindan snérist. Stroffurnar strekktust um kvið hestsins og hertu að uns klárinn fór á loft með lappirnar dinglandi niður. Mennirnir sáu

undir kvið skepnunnar uns hún hvarf yfir lunninguna. Stundum brutust hrossin um og sveigðu sig og beygðu til að sleppa úr sinni spennitreyju. En allt kom fyrir ekki og æsingurinn stóð vanalega stutt. Skepnan gerði sér grein fyrir að hún gat sig hvergi hrært þótt hjartasláttur væri ör og sviti sprytti fram og vætt feld.

Þar sem Reykjavík var fyrsti viðkomustaður Ms Camoens var rúmt um dýrin. Eftir að hringnum var lokað og seinustu höfn náð og búið að loka og ganga frá lestarlúgum og ferðin yfir hafið hafin var orðið þrengra um skepnurnar sem húktu í dimmum og loftlausum lestum skipsins. Ms Camoens fór út með á milli níuhundruð og eitt þúsund íslenska hesta þegar best lét. Er ekki varð meira sett í lestarnar var gripið til þess ráðs að koma þeim fyrir á afturþilfarinu og dýrin látin hýrast undir berum himni yfir úfið Atlantshafið. Tölurnar stemmdu því ekki alltaf er út var komið. Þetta gaf mönnum ákveðna vísbendingu um að skepnum hefði skolað útbyrðis á leiðinni yfir hafið.

Misjafnar skoðanir voru á þessum útflutningi.

### **Á heimili Hrafnkels.**

Fólkið sat við eldhúsbörðið heima hjá Hrafnekli og Bjargveig og sötraði sjóðheitt nýlagað kaffið sem lækurinn hafði hellt upp á er hann varð þess var að engin væri heima.

Lúðan lá á eldhúsbörðinu með sín brostnu og köldu augu. Hennar beið sjóðheitt vatn og að næra svangt fólk og gefa því kraft sem næringunni er ætlað að gera. Ekkert meira og heldur ekkert minna.

Hrafnkell stóð á fætur og gekk yfir eldhúsgólfíð. Hann leit út um eldhúsgluggann. Hann sá lögreglumann við sín eftirlitsstörf í þágu samborgaranna. Nauðsýnlegt var fyrir lögreglumanninn að vera sýnilegan. Aldrei var að vita hvenær þörf væri á aðstoð hans né heldur hvenær borgarinn lenti í hremmingum sem lögreglan gæti liðsinnt honum í.

Hrafnkell leit til hliðar og sá að Nonni gekk á móti manningnum sömu megin og líka er hann tók sveig þvert yfir götuna. Maður sem brýtur lögin er á varðbergi gagnvart laganna vörðum og ekkert sólgin í að verða of mikið á vegi þeirra. Að mæta þeim merkti yfirleitt aukinn hjartslátt og oft einnig vandræðalegt ástand, eins og hendur sem stungust ofan í buxnavasa eða fitluðu skyndilega við jakkavasann innanverðan. Allt ósjálfráð viðbrögð manns sem veit að samviskan er ekki alveg eins hrein og hún gæti verið.

Lögreglumaðurinn bauð Nonna góðan daginn og hélt sína leið.

Nonni tuldraði eitthvað fyrir munni sér sem gat vel verið: „ Góðan daginn. „

Olsen Larsen stóð á fætur og leit út. Fyrsta sem hann rak augun í var maðurinn sem hann hafði því miður lent í að handtaka vegna brots á lögum:

„ Nei, hvað sé ég? Nonni bara á ferðinni „ – sagði hann.

„ Hefur hann ekki verið til friðs undanfarið " – Hrafnkell gerði sig líklegan til að sinna þípunni.

„ Ekki veit ég annað. En kæra barst til lögreglunnar frá einum kaupmanninum sem brotist var inn hjá fyrir fáeinum dögum og peningum stolið úr skúffu á skrifstofunni sem kaupmaðurinn ætlaði með í bankann daginn eftir. „

„ Og er Nonni grunaður um verkið? " – Hrafnkell kveikti á eldspítu og bar hana í tóbakið og saug.

„ Nonni var sóttur og yfirheyrdur en sór við sárt og lagði að hafa þar hvergi komið nærri og við lögðum trúnað á orð hans og slepptum honum. Málið er enn rannsókn. „



„ Það sem Nonna vantar er Jesús og bara Drottinn Jesús. Þá myndi hann umsvifalaust losna undan þessari ánauð sem núverandi þjófseðli er honum og hann taka upp aðra og betri siði. „ – Bjargveig stóð á fætur eftir að hafa lagt sitt til málanna. Hennar beið saxið og að hluta lúðuna í hæfilega bita til suðu:

„ Hákon Lúðvík minn! Farðu og sæktu handa mér svolítið vatn frami. „

Hákon stóð á fætur og kom að vörmu spori inn aftur með vatnslögg í fötu sem hann hellti í pott á eldavélinni. Eldviðurinn var klár í eldhólfinu og eftir stutta stund logaði glatt í honum. Potturinn tók að hitna.

„ Sammála þér frú mín góð. Fullkomlega sammála. „ Ólsen Larsen settist á nýjan leik við borðið:

" Jesús er lausnin fyrir alla menn. " - Ólsen teygði sig í bollan og fékk sér sopa af kaffinu.

Reykjarmökkurinn stóð út um munn Hrafnkels. Hann hafði tyllt sér á borðplötuna sem var áföst veggnum undir gluganum.

Hrafnkell bað Hákon um að rétta sér Biblíuna til að lesa nokkur vers fyrir fólkið. En áður en til þess kom var bankað þéttingsfast á útidyrnar. Mikið hósti heyrðist inn.

Bjargveig fór fram og kom inn aftur. Með henni var Böðvar á Blesa RE:

„ Hér er bara orðið fundarfært „ – Böðvar og settist við eldhúsbörðið.

Mennirnir heilsuðust allir og Bjargveig kom með hreinan bolla með svörtu kaffi í sem hún færði gestinum að góðum íslenskum sið.

„ Gott að þú komst. Ég var einmitt að hefja ritningarlestur er þú bankaðir. „

„ Hvað - kem ég bara beint í messu hjá þér Hrafnkell minn. Hvar er þá orgelið og kórinn? „ – sagði Böðvar og leit í kringum sig og teygði sig í stertinn innanklæða.

Fólkið inni hló.

„ Hér er að vísu ekkert orgel en kór getum við hæglega myndað. En nú vil ég fá að lesa: „ -

Hrafnkell las:

„ *Á leið sinni sá hann mann, sem var blindur frá fæðingu. Lærisveinar hans spurðu hann: Rabbí, hvort hefur þessi maður syndgað eða foreldrar hans, fyrst hann fæddist blindur? Jesús svaraði: Hvorki er það af því, að hann hafi syndgað eða foreldrar hans, heldur til þess að verk Guðs verði opinber á honum. Oss ber að vinna verk þess, er sendi mig, meðan dagur er. Það kemur nótt, þegar enginn getur unnið. Meðan ég er í heiminum, er ég ljós heimsins. Að svo mæltu skyrpti hann á jörðina, gjörði leðju úr munnvatninu, strauk leðju á augu hans og sagði við hann: Farðu og þvoðu þér í lauginni Sílóam. Sílóam þýðir sendur. Hann fór og þvoði sér og kom sjáandi. Nágrannar hans og þeir, sem höfðu áður séð hann ölmusumann, sögðu þá: Er þetta ekki sá, er setið hefur og beðið sér ölmusu? Sumir sögðu: Sá er maðurinn, en aðrir sögðu: Nei, en líkur er hann honum. Sjálfur sagði hann: Ég er sá. Þá sögðu þeir við hann: Hvernig opnuðust augu þín? Hann svaraði: Maður að nafni Jesús gjörði leðju og smurði á augu mín og sagði mér að fara til Sílóam og þvo mér. Ég fór og fékk sjónina, þegar ég var búinn að þvo mér. Þeir sögðu við hann: Hvar er hann? Hann svaraði: Það veit ég ekki. „ (Jóh 9:1-12)*

„ Eins og þið heyrðuð voru lokaorðin sem lesin voru er læknaði maðurinn var spurður af því hver hefði læknað hann „ Það veit ég

ekki. „Þessi maður þekkti ekki Jesús á þeirri stund. Síðar fékk hann að kynnast honum, eins og við sjáum ef við lesum ögn lengra í kaflanum. Þannig er þetta stundum hjá okkur að við fáum lækningu en vitum ekki að það var Jesús sem læknaði okkur. Þessi sannleikur rennur ekki upp fyrr heldur en hinn upprisni mætir okkur í eigin persónu og við stöndum upp sem endurfæddar manneskjur og skoðum líf okkar í Heilögum Anda. „ - Hrafnkell útlistaði í fáum orðum það sem hann hafði lesið:

„Merkilegar eru þessar pælingar lærisveinanna um hvort blinda hans stafi af synd annaðhvort hans sjálfs eða foreldranna og enn merkilegra er svarið sem Jesús gefur. Og sannarlega urðu máttarverk Drottins opinber öllum sem þarna voru með fullri sjón mannsins og þeirri gleði sem hún hefur fært honum sem fæddist blindur en fékk á andartaki fulla sjón. „ – Ólsen Larsen lagði sitt á vogarskálina.

Nokkur umræða skapaðist við borðið um ritningarversin.

Böðvar var ekki fráhverfur þessari umræðu þótt ekki tæki hann beinan þátt. Enda ekki Biblíufróðastur manna við borðið. En eyru hafði hann og hann gat hlustað.

Lúðan sauð ofan í söltu vatninu og kominn tími til að veiða stykkin upp og færa fólkinu ásamt kartöflum og bræddu smjörflki. Gestunum var boðið að snæða með heimilisfólkinu. Umræðan hafði búið til ákveðið tímaleyfi við eldhúsborðið. En það gerði ekkert til. Lúðan sú arna nægði öllum og vel það.

Klukkutíma síðar yfirgáfu gestirnir heimili Bjargveigar og Hrafnkels mettir og ánægðir í hjarta sínu. Hjónin fylgdu fólkinu til dyra. Tauíð blakti í golunni. Bjargveig vonaði að hann héldist þurr til morguns og að hún gæti tekið inn skraufþurran þvott til að brjóta saman að morgni dags.

### **Á bryggjunni.**

Hrossaútskipunin hafði gengið vel. Seinustu hrossin voru kominn á flekann og á leið út í skipið.

Mennirnir voru orðnir þreyttir eftir að hafa unnið í marga klukkutíma á bryggjunni og voru fegnir þegar síðasta hrossið hvarf ofan í lestina og flekinn komst á sinn stað til geymslu og þeir gátu yfirgefið svæðið og farið heim til sín.

Áhöfn Camoens gerði sjóklárt. Skrölt í ankerskeðjum heyrðist. Þungt ankerið kom upp úr sjó. Á ankerisflaugunum voru leirklessur. Næsti áfangastaður var norðurland. Líkleg Akureyri. Skipstjórinn þeytti skipsflautuna og bakkaði skipinu utar til að getað snúið því og stefnt út á Flóann. Staður Camoens varð aftur auður með öldurnar einar sem vildu komast í land og kyssa sand. Hrossatað og rót á jörðinni voru einu ummerkin um veru hestanna í flæðarmálinu. Logn var úti og fegursta haustveður.

## 13 kafli

### Áramót 1898.

Gamla árið kvaddi og nýtt ár kom sem ýtti hinu út. Nýja og gamla árinu var enda ekki ætlað að starfa saman. 1897 leið burt og leystist upp og hvarf með vestanvindinum sem blés yfir borgina.

Aftek nýliðins árs var að skilja eftir sig bæði gott og vont í minningu fólksins. Nýliðið ár féll vel að öðrum árum og hafði svipaða sögu að segja.

Sumir voru hrifnir burt frá ástvinum sem við gröf í vígðum garði horfðu á eftir kistu síga í jörð og mold skella á kistuloki á meðan hempuklæddur prestur las ritningarorð. Tár runnu niður kinnar þau opna gröfina sem hönd með klút í bar upp að kinn og þerraði þau burt. Fólk yfirgefur sína jarðvist og er ekki lengur þátttakendur í lífsbaráttunni og staður þess minnst þeirra ekki framur og deyr svo endanlega með samferðarmönnum.

Á árinu fann ungt par ástina. Þau gengu í heilagt hjónaband og stofnuðu eigið heimili og væntu magra Guðsgjafa á nýju ári með mörgum tækifærum og vonum til blessunar nýstofnaðri fjölskyldu. Í eldhúsinu á heimili ungu hjónanna hékk haglega útskorinn skjöldur úr tré með þessu letri:

„ Drottinn blessi heimilið. Jesús lifir! „

Hjónakornin urðu glöð í bragði þegar í ljós kom að frúin bar barn undir belt. Í Reykjavík myndi fjöldi barna fæðast á nýbyrjuðu ári ásamt því að af hinum endanum hyggist og þeir kveðja sem búnir voru að skila dagsverki og orðnir saddir lífdaga. Menn vonuðu og trúðu að lífsþráður þjóðarinnar lengdist með eilítið fleiri fæðingum heldur en dauðsföllum. Hlutföllin voru nokkuð jöfn þótt fjöldi

fæðinga hefði lítillega vinninginn. Þjóðinni fjölgaði hægt. En henni fjölgaði.

Nýja árið framkallaði engar breytingar á himinhvolfinu. Engar eldglæringar. Engar þrumur sem riðu yfir frá austri til vesturs. Engir skýstólpar sem snérust í einhverjum óskiljanlegum tilgangi. Engin tákn á himni. Engin fingur sem benti. Engin rödd sem ómaði, hvatti, kallaði, þrumaði úr tóminu.

Ekkert.

Myrkrið eitt blasti við borgarbúa sem horfði upp í himininn. Engin stjarna sem blikkaði. Aðeins vindurinn sem blés úr vestri. Einnig vindurinn var í engu öðruvísi en áður. Ský huldi manningnum sýn upp í gímaldið. Myrkrið grúfði yfir augnablikinu. Frekar en önnur ár mundi nýja árið ekki heldur opinbera hvar vindurinn á heima og hefur aðsetur sitt.

Eina sem vestanvindurinn gerði var að leika um manneskjuna á götunni og framkalla kuldahroll og gæsahúð.

Sami vestanvindur hélt bátaflotanum við bryggju eða í fjörukampinum studdan stoðum sem héldu fleyjunum á réttum kili. Bátum sem þaktir voru nokkra sentímetra íslagi sem hvöss norðanáttin með frosti bjó til daganna á undan og hlóð utan á þá með hjálp sjóúðans sem feyktist yfir og frostið sá svo um að líma á þessa báta sem stóðu mannlausir rétt ofan við sjávarmál. Með innreið hlýrrar vestanáttarinnar hopaði ísinn og rann letilega niður eftir byrðingnum í dropatali. Kannski var ísskánin eilítið fúl yfir því að fá ekki að vera þar lengur og safna eilitlu meira íslagi á þessa báta í fjörunni.

Hringrásin var til staðar og sýnileg.

Framundan hjá sjómönnum borgarinnar var hefðbundin vetrarvertíð. Óvíst var hvort mikið yrði róíð út á Flóann í janúar. Aldrei var samt

að vita. Fór eftir þolinmæði formannanna og ákvörðunum þeirra. Flóinn togaði endalaust í þessa menn eins og hann vildi segja:

„Komið! Komið! Hér er ég og mér leiðist. „ -

Vermenn Íslands gengu yfir fjöll og firnindi til að stunda sjóinn í Þorlákshöfn, Stokkseyri, Eyrabakki, Keflavík, Dritvík, Hellnum og á fleiri stöðum. Bændur sendu þessa menn út af Örkinni. Var enda lítið við að vera á búunum yfir háveturinn. Örfáar hendur gátu sinnt gegningum og öðrum vetrarverkum sveitarinnar.

Menn sváfu á sitt græna eyra í Reykjavík og biðu morgundagsins. Að eiga orku í átök næsta dags var mikilvægt. Þessu gat hið nýja ár ekki breytt. Þetta mundi áfram viðhaldast í mannheimum.

Fólk sem kneyfði ölið hélt þó út fram á rauðanótt. Sumum þessara nætursvallara gat næturvörðurinn þurft að drösla á stöðina og láta sofa úr sér þar er líða tók á morgunninn. Einstaka manneskja spyrnti við fæti og reyndi að snúa sig út úr aðstæðum með fruntaskap og háværðu og stundum óviðeigandi orðaflaumi sem gerði að verkum að næturvörðurinn tók brögð sem honum hafði verið kennt sem í versta felldi manninn til jarðar með haustaki og réttri sveiflu yfir bak og smella járnum á úlnliði liggjandi mannsins og koma þannig með hann á stöðina. Og járnklædd hurð small að karmi að baki ólátabelgsins og lás heyrðist smella með viðeigandi lyklaglamri og fótataki eftir gangi og stundum hósta, hnerra eða háværnum og hressilegum snýtum.

Ósköp venjuleg áramót. Engin veruleg átök. Veturinn allsráðandi og dimmust nótt. Eina merkjanlega breytingin var að núna þurfti fólk að skrifa og segja 1898 í stað 1897 eins var fyrir miðnætti og 12 mánuðina á undan.

Á legunni lágu nokkur skip.

Stóra franska herskipið sem kom fyrir tveimur dögum lá þar enn með ankerið fast í botni og stefnið upp í vindinn. Póstskipið var og við sitt legufæri fyrir aftan herskipið nýkomið frá Kaupmannahöfn. Póstpokarnir um borð geymdi allvænan haug af allskonar bréfum sem stíluð voru á borgarbúa. Sum þessara bréfa voru síðbúnar jólakveðjur að utan. Önnur bréf voru almenns eðlis.

Ofan í öllum þessum póstpökum voru innanum og samanvið kærkomnar fréttir sem greindu mis ítarlega frá gangi mála. Mest þá í kóngsins Kaupmannahöfn. Fólk sem áttu sína að í Kanada gátu og vænst bréfs. Var skipið enda að koma frá Danmörku. Þaðan sem allur póstur sem hingað kom barst fyrst til.

Í lestunum var og varningur sem kaupmaðurinn beið eftir. Sumt af þessum varningi var uppurinn í versluninni og því kærkomið að geta stillt honum aftur upp þar.

Um tvöleitið um nóttina byrjaði að snjóa. Klukkustund síðar var úrkomnan orðin allmikill í bænum. Þök húsanna lituðust hvít af öllum þessum grúa snjókorna sem á þau féllu.

Ólsen Larsen gætti stöðu sinnar. Hann var sem betur fer í námunda við stöðina þegar hvít og mjúk mjöllin byrjaði að falla. Veðrið mátti ekki hindra manninn í að gæta skildu sinnar. Borgarbúar væntu þess og gerðu körfu um að hann gegndi embætti sínu af skyldurækni og festu og vektu á meðan þeir svæfu.

Ólsen Larsen nærurvörður átti það enn til að ganga út í vaktina með bjartsýnina að leiðarljósi gleymandi því að veðrið á Íslandi breytist fljótt og að hitastigið hleypur upp og niður hitamælinn á ægihraða yfir vetrarmánuðina án frekari boða á undan sér. Og enn einu sinni upplifði hann slíkt án þess að vera undir það búin.

Ólsen barði sér og greikkaði sporið. Hann taldi sjálfan sig heppinn að vera svona nálægt stöðinni.



Inni beið hans skjólgóður fatnaður sem hann vatt sér í og strunsaði svo aftur út. Nú stóð hann keikur í sínum skjólgóða fatnaði og hrósaði sigri þegar snjókoman jókst og féll með auknum hraða á allt sem fyrir varð:

„ Það má íslenska sauðkindin eiga að hún gefur ekki bara af sér frábært kjöt heldur einnig ull sem er öðrum ullum betri og hlýrri. „ – Ólsen Larsen var fullur þakklætis yfir hitanum sem ullarfatnaðurinn veitti honum.

Ofankoman viðhélst. Fótspor í snjó merktu leið mannsins. En ekki lengi. Fljótlega fennti í þessi spor og engin merki um þau sáust að baki honum.

Á göngu sinni að næturlagi fór Ólsen stundum framhjá Hold sveikraspítalanum og sá hvernig honum miðaði. Áætlanir gerðu ráð fyrir að spítalinn yrði tekin í notkun á síðari hluta ársins. Sagt var að „ byggingin væri á tíma. „ –

Þessi mikla bygging fór ekki framhjá borgarbúum og fannst þeim mikið til hennar koma. Svo stórt og glæsilegt hús hafði aldrei áður verið byggt í Reykjavík.

Allskonar þankagangur var á meðal fólksins er talið barst að gjöf Oddfellowhreyfingarinnar.

Hús Hrafnkels formanns og Bjargveigar var framundan næturverðinum hægra megin á götunni. Ljós logaði í herbergi Hákon Lúðvíks. Líklegt var að lækurinn blaðaði í lækaskýrslum.

Ólsen Larsen var vel kunnugt um að Hákon væri ætlaður staður innan veggja Holdveikraspítalans. Kannski stafaði ljósið í herbergi hans af vinnu þeirri sem framundan var hjá honum. Starf sem vissulega kallaði á aga lækisins og skipuleg vinnubrögð.

Ólsen Larsen var glaður fyrir hans hönd og sannfærður um að Holdsvéikraspítalinn nyti góðs af lækniskunnáttu hans og næmni við sjúklinga sína. Oft hafði hann orðið vitni að næmni mannsins er Larsen þurfti að láta lækni líta á skjólstæðing sem hafði dottið eða lent í ryskingum í sínu ölvunarástandi.

Önnur ljós sáust ekki við þessa götu.

Hann gekk áfram með snjóinn yfir sér og undir fótum sér.

Útidyrhurðin á heimili Hrafnkels opnaðist og út kom formaðurinn, syfjaður og geispandi. Hann klóraði sér í úfnum og ógreiddum kollinum og strauk sér um þétt skeggið. Maðurinn var íklæddur hettuúlpu. Skinnsokkurinn hafði þrýst á og rekið hann á fætur. Nú var tíminn til að skvetta úr þessum skinnsokki og rýma til fyrir nýjum birgðum. Verk sem gerðist við enda hússins.

„ Hann eys yfir okkur snjónum. Ef áfram heldur sem horfir verða komnir allvænir skafar þegar fólkið fer á fætur með morgninum „ – hrópaði Ólsen til mannsins sem stóð við upp við húsvegginn og sprændi.

Hrafnkeli brá við óvænt hróp næturvarðarins og missti tökin og bunan stóð eitt augnablik á vinstri buxnaskálmína en beindist fljótlega aftur á húsvegginn og þaðan í snjóinn og litaði gulan. Hann hafði einskis orðið var er hann steig út. Myrkrið og syfjan sáu til þess að sjóndeildarhringur mannsins varð lítill. Mann í myrkri og þéttri snjókomu var ógerningur að koma auga á og reyndar útilokað að gæti gerst hjá hálfsofandi manneskju best geymdri undir hlýri rekkjuvoð við hlið konu sinnar.

„ Sæll Ólsen næturvörður. Já, ekki ber á öðru. Hann snjóar grimmt þessa stundin, " – kallaði Hrafnkell til mannsins og leit upp til himins á meðan hann lauk sér af:

„ Hvað er að fréttu úr borginni. Eru allir kátir og frískir og rólegir „ - spurði formaðurinn og hneppti buxnaklaufinni.

„ Nú svo sem lítið. Áramótin hafa farið vel í borgarbúa og ekki meiri ölvun heldur en í venjulegu árferði. Samt er aldrei að vita hvað gerist er líða tekur á nóttina. Þú veist að áfengisdrykkja er verk næturinnar og að undir morgunn kemur í ljós hverjir verða til vandræða og hverja ég þarf að meðhöndla og eiga við og færa á stöðina. En best er að hugsa ekki um það núna. Tíminn einn leiðir sannleikann í ljós. „

„ Það er nú meiri þorstinn í þetta áfengi hjá sumu fólki. Það heldur að ekki megi halda upp á áramót né að skemmta sér án þess að ölið sé kneyst. Frekar skal ég beygja kné og lyfta höndum og biðja og lofa minn Herra á himnum í þakklæti og auðmýkt hjartans heldur en að missa ráð og rænu af áfengi. „ – sagði Hrafnkell á meðan hann gekk þessi fáu skref yfir til mannsins.

„ Sammála þér, kæri bróðir. Sammála. En málið er að ekki eiga allir Jesús í sínu hjarta líkt og við gerum og áfengið er eina leiðin sem margt fólk hefur sem vill gera sér glaðan dag þótt þessi glaði dagur endi því miður oft í andhverfu sinni og umbreytist í mórall og skömm, vanblessun og grátandi og skelfdum börnum sitjandi einum í keng út í horni.

Við erum lukkunnar pamfflar Hrafnkell minn og getum þakkað það Honum sem leyfir okkur í náð sinni og miskunn að fylgja sér á hverjum nýjum degi sem við fáum að vakna inn í. „ – Ólsen Larsen benti fingri uppí loftið til að undirstrika orð sín og meiningu.

„ Amen“ - sagði Hrafnkell og gerði pípuna klára fyrir notkun.

Ljós logaði enn í herbergi Hákonar Lúðvíks. Ljosið flökti til í vindhviðu sem smeygði sér inn um hálf opinn glugga herbergisins:

„ Er Hákon ekki orðin spenntur eftir að hefja störf á nýja spítalanum?  
 „ – spurði, Ólsen Larsen og nuddaði saman höndunum til að fá eilítinn yl í þær.

„ Þú getur nú rétt ímyndað þér. Og ekki bara það heldur mun meðhöndlun hinna holdsveiku gerbreytast. Menn í heilbrigðistétt binda miklar vonir við að með húsnæðinu og starfsemiinni verði hægt að vinna bug á holdsveikinni í landinu. Sem væri mikil Guðsblessun. Hákon var einmitt á fundi með yfirlæknum í gær þar sem þeir fóru í sameiningu yfir stöðuna og lögðu línurnar og komu með hugmyndir. Skilyrðin sem gefandi setur fyrir sinni gjöf er að ekki aðrar en menntaðar hjúkrunarkonur starfi við spítalann. Þar sem engar menntaðar hjúkrunarkonur eru til í landinu var gripið til þess ráðs að ráða danskar hjúkrunarkonur sem munu koma þegar spítalinn tekur til starfa og þjálfar og kenna íslendingum þessi mikilvægu fræði og senda efnilegasta íslenska starfsfólkið til frekara náms í kóngsins Kaupenhafn. „ -

Ljósíð í herbergi Hákons slokknadi.

„ Það er best að drífa sig inn áður en maður fennir hér í kaf. Gaman að hitta þig og gangi þér vaktin vel. „ - Hrafnkell tottaði pípuna og gekk inn í húsið með reykjarstrókinum út um munnvikið.

Ólsen Larsen bretti upp kragann, lagaði hufuna á höfði sér, barði sér nokkrum sinnum og gekk eftir götunni. Hann átti eftir að dvelja á þessum götum í drykklanga stund til viðbótar og vonaði eins og ævinlega og að allt yrði rólegt og menn í lagi sem á annað borð væru á ferli.

Næturnar gátu verið einmannalegar þegar ekkert kvikt sást á götunum og menn og konur hrotu á koddum sínum og söfnuðu kröftum fyrir slaginn sem nýr dagur bauð þeim í. En næturnar gerðu honum kleyft að spyrja Drottinn spjörunum úr um ýmislegt sem brann á honum og hann þurfti að fá svör við.

Sem næturvörður hafði Ólsen Larsen lengi haft þann sið að fara inn í Dómkirkjuna á sínum næturvökum og setjast á fremsta bekk og lúta höfði í hljóðri bæn og eiga stutta en notalega stund inn í byggingunni með Guði sínum. Næturnar í kirkjunni voru svo friðsælar. Engin á ferli til að trufla og allt svo ofur hljótt. Eina sem gerði vart við sig var vindurinn þegar hann blés og gnauðaði við gluggann, eða regnið þegar það lamdi rúðurnar. Á sumrin gat lognið verið algert og í morgunsárið sungu fuglarnir svo fagurlega á húspökunum eða á trjágreinum í námunda við kirkjuna. Fuglarnir fögnuðu nýjum degi með sínum hætti. Nýr dagur boðaði þeim nýja fæðu. Fuglunum var kunnugt um að þeir þyrftu einvörðungu að koma og gogga fæðuna upp í sig og eta sig metta. Skaparinn sá þeim fyrir daglegu viðurværi og stað sem þeir gátu dvalið á. Öndvert við eingetinn Son Guðs sem sagði:

*" Þá kom fræðimaður einn til hans og sagði: Meistari, ég vil fylgja þér, hvert sem þú ferð. Jesús sagði við hann: Refar eiga greni og fuglar himins hreiður, en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla." (Matt 8:19-20) – Hann fann sig hvergi velkominn með sinn boðskap. Öndvert við alla aðra sköpun Guðs sem átti sér sitt eigið og afmarkaða afdrep. En Orðið fékk hvergi neitt fast rúm. Sem eru öfugmæli í þessu öllu saman.*

Stundum er Ólsen sat hljóður á fremsta bekk Dómkirkjunnar og hugleiddi Orð Drottins kom þessi magnaði ritningatexti upp í hugann. Hann mundi ekki hve oft á lífsleiðinni hann hafði hugleitt þessi orð Meistarans og ávallt fundið til í hjartanu yfir þeim sem hafna fagnaðarerindinu.

Hvarvetna þar sem Ólsen var þar var líka Drottinn. Að ná til hans var lítil fyrirhöfn. Nafnið Jesús nægði og hann var kominn til að eiga með honum stuttan eða langan fund. Frábært. Stórkostlegt. Fullkomið.

Hvít mjöllin þakti hvern fermetra borgarinnar og náði langt út fyrir borgarmörkin. Hvergi sást orðið á dökkkan díl.

Framundan heyrði hann hófadyn. Greinilegt var að um nokkur hross var að ræða sem hlupu eftir götunni á móti honum. Snjókoman og myrkrið úti blindaði honum sýn. Heyrnin ein virkaði. Ólíklegt var að reiðmaður væri á ferð á þessum tíma sólahringsins. En þó var aldrei að vita. En samt var líklegt að önnur skíring væri á ferðum skepnanna og líkast til um strokuhesta að ræða sem sloppið höfðu út úr húsi eða girðingu sem þeim hafði verið komið fyrir í. Annað slagið þurfti næturvörðurinn að afgreiða slíkan flótta og jafnvel að kalla til liðsauka.

Ólsen gerði sig líklegan til að stöðva för dýranna. Girðing sem lögreglan notaði stundum við svona aðstæður var skammt þar frá.

Leirljóst hross kom hlaupandi út úr hríðarkófinu og á eftir honum þrjú hross. Sá leirljósi virtist leiða hin. Ólsen Larsen stökk í veg fyrir dýrin veifandi höndunum og hrópandi. Fát kom á þann leirljósa sem stansaði og hnusaði ráðvilltur út í loftið og snérist í hringi. Hin hrossin stöðvuðust og gengu fram og til baka á litlu svæði hnusandi, frísandi og krafsandi í snjóuga jörðina. Hrossin vildu fá að njóta frelsis og fara hvert sem þau sjálf vildu.

Maður heyrðist söngla inn í hríðarkófinu. Söngl mannsins kom úr sömu átt og hrossin. Maðurinn kom í ljós lotinn í herðum og gekk með hendur í vösum. Á öxlunum bar hann tvö beisli:

„ Nú hér eru þau þá hér. Ég tók eftir því er ég leit út um gluggann áðan að hrossin voru ekki þar sem þau áttu að vera. Og þegar ég kom út og hugði betur að sá ég að hliðið stóð opið og hrossin á bak og burt. Einhver óprúttinn hafði komið og opnað fyrir hestunum og kannski líka rekið þau út. Þótt nótt væri vildi ég skima eftir hrossunum og koma þeim aftur heim, ef mögulegt væri. Þakka þér fyrir herra næturvörður að stöðva hestanna. „ -

Geiri garmur var kominn. Geiri var bóndi skammt frá Reykjavík og bjó hefðbundnu búi með kindur og kýr, nokkur hænsn og hesta, bæði til dráttar og reiðar eins og algengt var í sveitinni. Hann ásamt konu sinni hafði komið ríðandi í bæinn daginn fyrir Gamlárskvöld til að

hitta vinafólk sitt í Reykjavík og gista þar nokkra daga á nýju ári eins og undanfarin ár.

" Svona karlinn. Svona karlinn. Alveg rólegur. " - Geiri garmur talaði við þann leirljósa. Hann gekk hægum skrefum að hrossinu með framréttu hendi, talandi rólegri rödd við það. Ólsen Larsen myndaði eins konar girðingu fyrir aftan hestanna með útréttum höndum tilbúinn til að taka á sprett í veg fyrir þann sem reyndi flótta. Er Geiri var kominn nógu nálægt leirljósum rétti hann hönd sína varlega í átt að dýrinu og greip snöggt í hökuskeggið og náði góðu taki. Hrossið kipptist við og steig nokkur skref afturábak og rétti upp hausinn. Maðurinn fylgdi á eftir og hélt fast í. Leikurinn var tapaður fyrir öflugan klárinn. Eftirleikurinn varð léttur. Mennirnir höfðu nú yfirtökin. Geiri brá hönd yfir háls dýrsins og beislaði, burstaði snjóinn af baki hans og brá sér svo á bak og þakkaði Ólsen Larsen veitta hjálp, sló í klárinn og hélt sömu leið og hann kom. Næturvörðurinn stuggaði við hestunum sem áttuðu sig og fylgdu leiðtoga sínum inn í hríðarkófið.

Að vísu voru svona hestaæfingar ekki daglegt viðfangsefni á götum borgarinnar að næturþeli en fráleitt einsdæmi. Að hestar hlypu um göturnar án manns og beislis gerðist alltaf annað veifið. Voru enda víða girðingar innan borgarmarkanna sem hægt var að hleypa dýrunum í þar sem eigendurnir gátu svo vitjað þeirra og komið á rétta staði.

Nóttin leið í rólegheitum.

## 14 kafli

### Aflaleysi í mars.

Marsmánuður hófst og hefðbundin vetrarvertíð í gangi. Tregfiskeri einkenndi miðin. Fiskileysið teygði anga sína víða. Fréttir frá byggðunum báru allar sama keim. Miðin voru geld og hvergi ugga að hafa. Aflaleysið setti strik í alla reikninga manna.

Sum árin voru þessi mið mönnum gjöfull og fiskurinn streymdi til lands frá bátaflotanum og sjómaður sem sat við lunninguna gat vætt lófa sinn með því að renna hönd sinni lítillaga niður með síðu hlaðins fleys og saltur lögurinn umlukti hana.

Öðru máli gegndi í aflaleysi. Þá komu bátarnir jafn háreistir að landi og þeir höfðu farið um morguninn með í mesta lagi fáeina horaða fisktitti - og mikið borð fyrir báru.

Hver ástæðan væri fyrir tregðunni var spurning sem brann á mörgum borgarbúa. Hann var sér vel meðvitaður um bresku veiðiskipin sem fyrir - hvað - tíu árum hófu að veiða við landið með nýrri og afkastamikilli tegund veiðarfæris sem í daglegu tali var kölluð botnvarpa. Ensku botnvörpungarnir voru stór og aflmikil stálskip og stungu verulega í stúf við litlu bátsskeljarnar sem Íslendingar réru á. Lá ekki aflatregðan einmitt í þessari nýjung sem enskir brúkuðu á miðunum og drögu eftir sjávarbotninum?

Bátar Íslendinganna voru oft í námunda við þessi stóru og öflugu erlendu botnvörpunga sem veiddu „alveg upp í „kálgorðum. „-Sögðu að minnsta kosti karlarnir og stungu neftóbakspungunum upp í nasir sínar hölluðu höfðinu afturábak og fengu sér vænan slurk af neftóbaki og snýttu sér svo á jörðina með fingrunum.

Auðvelt var að upplifa sig smáan um borð í litlum knerri innanum allar þessar fljótandi stálborgir haldandi um grannt færi klæddri vel



þæfðum ullarvettlingi. Færi með tveim til þremur beittum önglum á til að lokka fiskinn. Gamalgrónar aðferðir íslensku sjómanna voru afkastaminni heldur en togaranna sem drógu gímald á eftir sér áfast við víra sem lágu fastir í vindu á dekki stáltröllanna. Og skipin mokveiddu þótt afli íslensku bátanna væri rýr á sama tíma, á sömu miðum. Fiskurinn var á svæðinu en leit ekki á beituna. Þetta gat ekki farið framhjá íslenskum sjómönnum sitjandi á þóftum báta sinna sem á sömu stund horfðu á Bretanna innbyrða vörpur sínar með kannski tveimur til þremur pokum í af falletum fiski.

Fyrir kom að „ þessir ógurlegu stálrisar " stefndu beint á litlu knerrina á toginu og að formennirnir yrðu að gera hlé á veiðunum og færa sig úr stefnunni til að forða árekstri. Af slíkri tilhliðrun var mesta óhagræði. Hún dró úr afla dagsins. Sjómenn þekkja manna best hve fiskurinn er dyntótt dýr sem heldur sig á litlum bletti og hverfur jafn skyndilega og hann birtist og því um að gera að láta hendur standa fram úr ermum á meðan hann er enn undir.

Sem vonlegt var voru menn lítt hrifnir af svona framkomu Enskra og fannst þeir sýna sér yfirgang. Tafir eru enda versta eitur í beinum ákafs og vinnuglaðs sjómanns.

Sumir - reyndar allmargir menn – áttu vart til nógu ljót orð í eigin orðasafni til að lýsa þessu veiðarfæri Tjallanna - trollinu. Fuss og svei.

Þegar yfirvöld svo sögðu Bretum stríð á hendur og vildu búa til eigin landhelgi sem færði Enska út fyrir ákveðna línu tók ekki betra við. Breskir sendu strax öflug herskip á vettvang og landinn lét í minni pokann fyrir ofureflinu.

Sýslumaður á vestfjörðum vildu gera tilraun og taka skip sem togaði upp í landsteinum langt inn á firði og færa til hafnar. Hann fékk til liðs við sig nokkra knáa menn úr plássinu sem saman réru að skipinu: - „ Í kartöflupptöku „ – eins og spéfuglarnir sögðu.

Verk sýslumannsins knáa og manna hans tókst ekki betur til en svo að skipstjóri togarans setti á fulla ferð um að bil sem mennirnir ætluðu að stíga um borð með þeim skelfilegu afleiðingum bát mannanna hvolfdi og allir um borð lentu í ísköldum sjónum. Skipið hélt sinni stefnu og hvarf út fyrir sjóndeildarhringinn og skildi mennina eftir á kili knarrarins.

Einn maður úr hópnum hvarf í hina votu gröf og sást ekki meira. Eftir björgunina sagði sýslumaðurinn nú vita hvernig tilfinning það væri að drukna.

Menn voru sér meðvitaðir um að hægt væri að ganga of nærri fiskistofnunum og að lítil hyggindi fælust í að deyða einu almennilegu mjólkurkú þjóðarinnar.

En staðreyndin blasti við köld og óhugnanleg. Vertíðinni bauð mönnum þunnan kost og mið sem neituðu þeim um fengin sem þeir sóttu í og töldu sig eiga vísa veiði.

Þótt veðrið hamlaði mönnum oft umgengnina um miðin við strendurnar var því ekki til að dreifa í þessum marsmánuði. Bátarnir réru daglega. Á hverjum morgni sáust árar stingast takfastar ofan í sjóinn og svo aftur að dagsverki loknu er bátarnir komu aftur til hafnar. Bretarnir einir veiddu jafnt og þétt.

Að áliti spéfuglanna sem aldrei tóku neitt alvarlega virtust rottugildrurnar sem lágu uppspenntar á moldargólfum veiðikofanna vera fengsælustu veiðarfærin um þessar mundir. Í mars höfðu menn veitt töluvert af kvikindinu í gildrur sínar inn í skúrum sjómanna. Og er menn gengu út úr þessum skúrum að morgni dags íklæddir alklæðnaði sjómannsins - skinnbrók og yfirhöfn - var ekki óalgengt að þeir héldu í skott einnar eða fleiri rottna sem ekkert líf var lengur í.

Með þetta göntuðust spéfuglar bæjarins. Eins og aflbresturinn væri eitthvað til að hæðast að?

Minnkandi afli teygði sig inn til landsins og hafði meiri áhrif þar eftir því sem lengra leið á fisklitla vertíðina. Íbúarnir hugsuðu jafnvel til næstu máltíðar og hvort þeir hefðu yfirleitt eitthvað matarkyns til að færa upp á diskinn sinn.

Fiskverkafólkið í landi stóð verkefnalaust og saltfiskbreiður sem svo oft einkenndu fiskreitina víðsvegar í borginni voru vart sjáanlegar og skipulega raðaðir steinarnir sem mynduðu þessa fiskreiti bara lágu þarna lítt- eða með öllu ónýttir gónandi til lofts. Engar konur sáust bogra á saltfiskreitunum og svæðið umbreyttist frá að vera iðandi og ferskt mannlíf yfir í eins og lífvana og andlitslausa auðn sem ekkert var að gerast á og sem fáir fóru um.

Var þá allt að fara norður og niður í landi Ingólfur Árnasonar?

Sumir voru á þeirri skoðun.

Sem fyrr kemur trúin á upprisinn Jesús fólkinu til hjálpar. Hún fær það til að sjá hið jákvæða í stöðunni og tækifærin. Fiskleysið var fráleitt alvont og vonlaust efni þótt svartsíni og bölmóður upphæfist meðal margra landsmanna og menn byrjuðu að sjá sjálfan dauðann í hverju horni og skúmaskoti.

En ekki hinn trúaði. Hann vildi bretta upp ermar og láta rödd sína berast upp í hæðirnar og alla leið til eyrna síns Himneska Herra sem heyrir bænir.

Aflabresturinn vildi kenna bæna- og trúmanneskjunn mikilvæga lexú. Menn og konur Krists drifu sig á hnén og létu til sín taka til bjargar landi og þjóð. Aflatregðan var tími bæna og hróps upp til Drottins sem bregst við hrópum fólksins þótt síðar verði. Aflatregðan þjappaði hinum trúuðum saman utan um aflið sem felst í bæninni.

Reykjavík – höfuðborg Íslands - líkt og mörg önnur landssvæði - státaði af einstaklingum sem gengu veg Drottins. Einstaklingum sem af eigin rammleik þekktu mátt Jesús og getu til að breyta svörtu yfir í

hvítt og breiða út blessun og lífga við sem virtist dautt og í andarslitrunum. Og stóð ekki eftirfarandi í sjálfri Biblíunni?

*„ Jesús segir við þá: Drengir, hafið þér nokkurn fisk? Þeir svöruðu: Nei. Hann sagði: Kastid netinu hægra megin við bátinn, og þér munuð verða varir. Þeir köstuðu, og nú gátu þeir ekki dregið netið, svo mikill var fiskurinn. Lærisveinninn, sem Jesús elskaði, segir við Pétur: Þetta er Drottinn. Þegar Símon Pétur heyrði, að það væri Drottinn, brá hann yfir sig flk hann var fáklæddur og stökk út í vatnið. En hinir lærisveinarnir komu á bátnum, enda voru þeir ekki lengra frá landi en svo sem tvö hundruð álnir, og drógu netið með fiskinum. (Jóh 21:5-8)*

Hrafnkell fór eins og aðrir menn ekki varhluta af aflaleysinu. Hann réri á hverjum morgni. Vitaskuld sveið honum í hjartað að horfa á alla þessa Bresku togara veiða rétt við nef sitt og hirða upp fiskinn á sama tíma sem hann og menn hans urðu vart varir. En sem sannkristnum manni var honum kunnugt um ofanritað ritningarvers og minnti Drottinn á þetta er hann kraup annað hvort við rúmstokkinn heima með Bjargveig konu sinni eða einsamall í skúrnum sem sjóklæðin héngu í. Næðið sem gafst á útleiðinni nýtti hann oft til bænahalds.

Hve oft hafði formaðurinn Hrafnkell Ámundason ekki orðið vitni að því er líf kviknaði í umhverfinu eftir hressilega bæn og hróp upp til Drottins að jafnvel rotturnar í skúrnum þögðu á meðan bænin varði. Eins og þær skynjuðu kraftinn og héldu niðri í sér andanum uns bænamaðurinn hafði lokið sér af.

Já, beðin bæn virkar hvar sem manneskja er stödd. Bænin einskorðaðist ekki bara við sali fagrar Dómkirkjunnar hjá séra Þorgrími.

Í aflaleysi eins og nú komu sjómennirnir, sem trúðu, reglulega saman í Dómkirkjunni til að hrópa til Herra síns - hvort sem séra Þorgrímur var á staðnum eður ei.

Málið var að höggva stöðuglega í sama knérunn og linna ekki látum fyrir heldur en bænasvarið væri komið og bátarnir aftur farnir að fiska. Verkaþólknið beið óþreyjufullt eftir vinnukvaðningu.

Flatningsmennirnir höfðu flatningshnífanna klára og flugbeitta í slíðrum sínum sem einnig stóðu ónotaðir upp á vegg. Góður flatningsmaður gerir sér grein fyrir mikilvægi beitts hnífs.

Allt var tilbúið. Eina sem vantaði var fiskur til að vinna.

En allt hæfist þetta á byrjuninni. Hjá sjómönnum sjálfum. Bátunum sem sóttu sjóinn. Sjómennirnir urðu að þrauka. Þeir máttu ekki missa vonina um að úr rættist. Bátur bundin við bryggjuhaus færir engan fisktitt að landi. Ekki svo mikið sem einn titt. Öndvert við hina sem ýta úr vör og freista þess að sá guli bíti á. Þeir vissu að einn daginn breyttist allt og þorskurinn byrjaði að veiðast á hefðbundnum miðum. Það var reynsla undangengina ára.

Hrafnkell formaður hafði svo sem áður séð hann jafn svartan. Enda lengi stundað dyntóttann sjóinn og þekkti mörg miðanna á Flóanum eins og sína eigin lófa.

Þrátt fyrir um þriggja vikna skak voru tonninn fá sem báturinn kom með að landi á þessum tíma.

Böðvar á Blesa RE - hin þekta aflakló - bjó við sömu kjör á Flóanum og starfsbræður hans.

Lítilsháttar mannbreytingar höfðu orðið á Fróða Ben RE er Flosi Alfreðsson yngsti hásetinn um borð lenti í óhappi um það bil sem Hrafnkell kallaði menn sína saman til að gera bátinn kláran um mánaðarmótin febrúar mars. Ljóst var að Flosi yrði óvinnufær um tíma. Og honum vantaði einn mann til að fylla upp í þetta skarð sem þarna myndaðist.

Nokkrum dögum áður en Hrafnkell kallaði áhöfn sína saman hafði hann gengið sem oftast til Dómkirkjunnar ásamt Hákonu Lúðvík lækni og rekist þá á Nonna sem vatt sér að honum og spurði formanninn beint út hvort honum vantaði ekki háseta á bát sinn á komandi vertíð. Með veikindum Flosa opnaðist Nonna leið að sjónum og að standa við stóru orðin.

Margir vissu að Nonni var laginn með kúbeinið og að opna allskonar læstar hirslur og læðast óséður um götur og stræti borgarinnar að næturþeli og að þræta svo fyrir allt saman í yfirheyrslu á Lögreglustöðinni. Allt svoleiðis fórst honum einkar vel. En hvernig sjómaður var drengurinn? Það átti eftir að koma í ljós. Hrafnkell var góðhjartaður maður sem vildi gefa fólki tækifæri. Sjómennskan var enda heiðarleg vinna og ágæt leið fyrir þá sem vildu snúa við blaði.

Og þarna í kirkjunni í lok stundarinnar handsöluðu þeir ráðninguna og Hrafnkell bað Nonna um að mæta til skips morguninn eftir klukkan sjö og hjálpa til við að standsetja Fróða Ben.

Nonni gekk glaður í hjarta út úr Dómkirkjunni. Hann var léttstígur og bauð fyrsta manni sem hann mætti gott kvöld. Kveðjan varð þess valdandi að sá sem hana fékk dauðbrá og snéri sér við og horfði á eftir manningnum sem labbaði blístrandi á miðjum vegi með hjarta sitt fullt af lífi. Hve oft hafði ekki einmitt þessi maður sést ganga eftir sömu götum með hendur í vösum og niðurlútur með sjóndeildahring sinn við það sem þar var? Þröngan og ómarkvissan?

„Nú hefur Nonni fengið sér ærlega í staupinu. Ætti maður kannski að láta lögguna vita. Aldrei er að vita upp á hverju hann tekur í sínu ásigkomulagi. Nei ætli það sé rétt. Kannski lá bara vel á karl anganum, „ – hugsaði maðurinn með sér, hristi höfuðið og hélt sína leið.

Daginn eftir var Nonni í hóp hinna mannanna sem svo lengi höfðu róið undir formennsku Hrafnkels. Þeir vissu af þessari ráðningu og höfðu svo sem ekkert um hana að segja. Hrafnkell var formaðurinn og réð sjálfur mannskapinn sem hann vildi hafa um borð. Allir vissu

um bakrunninn. Samt voru þeir glaðir að sjá að maðurinn vildi breyta um stíl og voru tilbúnir til að taka hann í sinn hóp. Og vantaði ekki mann á eina þóftuna? Og var Nonni ekki með tvær hendur? Kannski var hann ágætis verkmaður þegar upp var staðið? Gat hann ekki orðið brúklegur háseti eins og hver annar eftir að hafa fengið sína verkþjálfun um borð í Fróða Ben RE?

Þótt Nonni væri ekki vanur fiskimennsku hafði hann samt oft róið út á Flóann og hélt því takti með manskapnum strax frá byrjun og var engin eftirbátur hinna þegar kom að áralaginu. Að hafa mann sem var klaufskur með árina var erfitt og olli því að báturinn náði ekki almennilegu skriði. Samstilling mannskapsins var brýn.

Vertíðin hélt áfram. Á hverjum degi réru menn til hafs en komu með tómann bát að kveldi.

Nonna var svo sem sama. Hann kundi ágætlega við sig innanum þessa stæltu og glaðværu karla. Alla tíð hafði hann litið upp til formannsins sem var einn af fáum í borginni sem virti hann viðlits og meira að segja spjallaði við hann endrum og sinnum á götu. Stundum talaði Hrafnkell um Guð við hann. Nonna var einnig sama um að heyra um Guð. Hrafnkell mátti alveg trúna á Guð. Það kom honum ekkert við. Eina sem Nonni gerði sér ekki grein var að orðin sem Hrafnkell talaði til hans úr Orðinu settust að í hjartanu. Það voru þessi Orð sem síðar ráku hann inn í kirkjuna eftir hafa gert á honum breytingar innanfrá og knúið til að söðla um og fara á sjóinn og gerast ærlegur maður. Nonni var nefnilega kominn með Jesús í hjartað. Handsalið sem þeir Hrafnkell gerðu á gólfi Dómkirkjunnar leysti úr læðingi kraft Heilags Anda sem þaut inn í hjarta mannsins. Heilagur Andi gerði að verkum að þjófsáráttan hvarf og Nonni gekk léttur í lund út úr Dómkirkjunni og bauð manneskjunni sem varð á vegi hans kvöldið góða sitt - gott kvöld.

Sumir um borð töldu nýliðann vera verstu fiskifælu og minntu hann á að vart hefði veiðst uggi síðan hann sté fæti sínum um borð.

Nonni benti mönnum á móti á að svipað væri uppi á tengingum hjá öðrum bátum og að vart stæðist álit þeirra nánari skoðun.

Á síðasta degi marsmánaðar kvað við annar tónn. Hrafnkell vildi breyta til og reyna fyrir sér á miðum sem voru eilftíð dýpra á Flóanum. Engir aðrir bátar voru sjáanlegir á svæðinu. Til að byrja með valt Fróði Ben einskipa með sín mannabein í maganum. Og viti menn. Mannskapurinn hafði ekki fyrr rennt færum í sjó en fiskurinn greip. Nonni hafði heppnina með sér og var sá fyrsti sem varð var:

„Hó hó. „ Nonni hrópaði upp yfir sig:

„ Það er fiskur á hjá mér og sá tekur aldeilis í. Svei mér þá ef ég er ekki með fisk á hverjum öngli. „

Skyndilega tóku færi hinna einnig á rás í sjónum og stóðu beint út frá bátnum. Líf var greinilega undir kjöl og sá guli loks farinn að líta við lokkandi beitunni sem hékk á banvænum krókum.

Andrés Ólsen, sonur Ólsen Larsen næturvarðar, snéri sér að Nonna og sagði glaðlegur í framan:

„Ég tek aftur orð mín um fiskifæluna þig. Þú skilur? Enda bara sögð í gríni. „ –

„Engar áhyggjur. Nú er ekki tími til orðaskaks heldur - hm - að taka á því. „ - Nonni var fullur áhuga. Hann upplifði gleði áhafnarinnar. Engin tími var fyrir kjaftæði um löngu liðinn orð sem hvort eð er skiptu engu máli.

Bátur sást stíma til þeirra. Árarnar skullu taktfastar í sjóinn. Báturinn var á góðu skriði. Formaður bátsins hafði eins og Hrafnkell fengið hugboð um að reyna fyrir sér þarna. Böðvar á Blesa RE var kominn. Böðvar var eins og sumir sögðu: - Maðurinn með nefið sem fann lykt af fiski langar leiðir og hvar fangs væri að vænta. -



„Vá maður! Hvert í hoppandi! Það er lúða á hjá mér! „ - Nonni gaf færi sitt út til að gefa kvikindinu olnbogarími. Hann iðaði allur á þóftunni af einskærum spenningi. Eftir stutta viðureign lá hátt í fimmtíu kílóa spraka á botninum innanum gapandi þorska í andarslitrunum.

Fimm klukkustundum síðar var svo allt afstaðið. Hrafnkell ákvað að halda til lands.

Mennirnir drógu inn færin og settust undir árar og töluðu á léttum nótum á leiðinni í land. Fiskarnir sem lágu blóðgaðir við fætur þeirra höfðu létt alla lund.

Enskur botnvörpungur togaði í nokkra sjómílna fjarlægð. Kolsvartur kolareykur steig upp. Langþráður afli barst loks að landi. Vonin vaknaði og fiskisagan flaug um borgina. Verkafólkið fékk sína langþráðu kvaðningu. Bátarnir voru byrjaðir að fiska.

## 15 kafli

Gaman var að lifa og að vera til þegar eins og birti til í boginni með afla knarranna. Nú sýndi sig hvernig þrautgóðir á raunastund sigra. Nú sáu bæði sjómenn og aðrir hversu öflugt vopn það er að missa ekki móðinn. Þeir sigruðu og voru þátttakendur og á staðnum er skyndilega rofaði til. Og enn stóðu þeir hér og fylgdust með er allt lifnaði við með bátunum sem á nýjan leik voru farnir að fiska og Flóinn vaknaður til lífsins.

Um mánaðarmótin mars apríl 1898 braust sólin fram í höfuðborg Íslands Reykjavík í mörgum döprum hjörtum.

Sigurinn og langþráð birtan birtist með komu Fróða Ben RE. Blesa RE og allra hinna knarranna sem sigldu í land með fisk innanborðs.

Bryggjur kaupmannanna útötuðust fiskislori, lítilsháttar fiskiblóði og lifrabitum sem gekk út af blóðguðum fiskinum er hann skall á bryggjuna. Þaðan sem hann fór á vagnanna sem annaðhvort maður ýtti á undan sér eða þarfasti þjóninn var spenntur fyrir og dró í hús og bættist við kösina og beið eftir flatningsmönnum og flugbeittum bröndum þeirra sem runnu eftir hrygg.

Fæsta renndi í grun að glaðningurinn sem borgarbúar nú upplifðu var vegna bænafólks sem knúði dyra hjá Drottni og þreyttist ekki á að biðja. Grunaði ekki að fólk eins og Hrafnkell, Ólsen Larsen, Bjargveig, séra Þorgrímur, Hákon Lúðvík læknir já og Nonni upp á síðkastið eyddu töluvert af tíma sínum á hnjánum frami fyrir Guði fullvissir um að bæn beri árangur. Hafði enga hugmynd um að á meðan manneskja biður mun blessunin viðhaldast í þessu landi. Vissi ekki að áhyggjurnar og bölmóðurinn og allt svartnættið sem hvolfdist yfir sumt fólk í borginni og bæjunum hringinn í kringum landið stafaði af hörðum hjörtum og trúleysis um getu almáttugs Guðs sem öllu ræður og mun vel fyrir sjá.

Með afla bátanna blasti annar veruleiki við borgarbúum. Veruleiki sem færði inn líf. Og bjartar vonir kviknuðu og fólkið upplifði að ekki var öll nótt úti og að enn fengi atvinnulífið næringu og tækifæri til að braggast og taka við sér og gefa fólki nauðsýnlega afkomu sem dygði til daglegs reksturs heimilanna og örlítið meira heldur en það.

Strangt til tekið þá var aldrei neitt að óttast. Vanlíðanin kom vegna skorts á trú á krossfestan og upprisinn Jesús.

Trúaðar konur sem giftar voru starfandi sjómönnum knúðu dyra hjá himneskum Föður og ákölluðu blóð og miskunn Jesús Krist yfir bátanna, menn sína, syni, áhafnirnar og sig sjálfa og trúðu að úr myndi rætast og héldu fyrir vikið ró sinni og spekt. Þessum konum óx ásmegin í bæninni þegar aflaleysið viðhélst. Öndvert við marga sem gerðust æ vonminni um að ástandið skánaði. Orðnir handvissir um að allt væri komið í kalda kol og enskir búnir að þurrka upp mið landsmanna með stórvirkum veiðarfærum sínum.

En bátarnir komu og færðu birtu sem kviknaði af mörgum vænum þorskum og fólkið gat enn og aftur rokið af stað og flutt borgurunum fagra og uppbyggilega fiskisögu - og alveg sanna.

Við fregnina brá margur borgarinn sér í útiflík, setti upp hatt og fékk sér göngutúr niður á bryggju og horfðu á sjómennina fleygja afla sínum á land og handvagnanna aka upp og niður bryggjuna. Fólkið hirti ekkert um það þótt eilífið slor slettist á brók eða á skó. Fiskurinn var farinn að gefa sig. Slorið var ekkert tiltökumál sem auðvelt var að skola af sér í flæðarmálinu.

Bryggjan iðaði af lífi. Bjartsýni gætti í hópnum.

Strákar á stuttbrókum léku sér í fjörunni og létu slétta valda steina fleyta kellingar eftir haffletinum. Sá sigraði sem fleytti sínum steini lengst.

Aldraður sjómaður sem nýlega hafði látið af sjómennsku gekk eftir bryggjunni sem bátar Hrafnkels og Böðvars lágu við. Hver fiskurinn eftir annan kom svífandi í loftinu og skall í hauginn sem kominn var á bryggjuna. Margri fiskar voru samtímis á lofti á þessari bryggju frá bátaflotanum. Maðurinn gekk nokkur skref áfram og staðnæmdist við Fróða Ben. Eftir dálitla stund opnaði maðurinn munn sinn:

" Hvar gaf hann sig til núna Hrafnkell? "

Hrafnkell kastaði fiski upp á bryggjuna, rétti úr sér og leit á manninn:

„ Blessaður Brynjar. Ég tók ekki eftir þér. Jú aflann þann arna fengum á miðunum norðvestur af Gróttu í um tveggja sjómílna fjarlægð. "

Við orð formannsins glaðnaði yfir hinum nýkomna. Brynjar stakk hönd sinni í vasann og dró upp vasaklút:

" Grunaði ekki Gvend. " – sagði hann og þurrkaði sér um augun með klútnum:

" Draumurinn sem mig dreymdi fyrir þremur dögum var þá réttur. Hann var á þá leið að mér fannst ég vera staddur á Flóanum og þar á ákveðnum stað þegar skyndilega mikið magn af fiski synti að knerrinum og nánast lyfti bátnum á loft. Í hjarta mínu vissi ég að skammt væri í að bátarnir settu í hann og að Flóinn umbreytast úr ördeyðu í skjól og öryggi fyrir fólkið sem býr við Flóann sinn. En samt... -

Þú þekkir þetta Hrafnkell og veist hversu stutt er í efann hjá manni. Maður er nefnilega aldrei alveg viss. Þess vegna er líka svo gott að fá staðfestingu. „

Brynjar lét rönd af neftóbaki á handarbak sitt og saug hressilega í nefið.

Maðurinn studdist við staf sinn og horfði á bryggjugólfið og ýtti við þorski með fætinum og bar höndina upp að munnum og hóstaði:

„ Stundum vitjar Drottinn mín í draumi. " – bætti Brynjar við lágum rómi og leit í kringum sig eins og hann óttaðist að rangur aðili heyrði orð hans og henti gaman að. Allir á svæðinu voru uppteknir við annað og hættuástandi samstundis aflýst. Í þetta skiptið að minnsta kosti:

Hrafnkell beygði sig og gramsaði svolitla stund í fiskhaugnum á botni báts síns:

" Hérna. - Færðu fránni þessar ýsur í soðið. " – Hrafnkell fleygði til hans soðningunni:

" Ég fann engar fallegrí handa þér í kösinni. Þessar verða bara að duga. „

Hrafnkell þurrkaði mest af fiskislorinu af höndum sínum í sjóklæðnað sinn, teygði hendi sína uppundir stakkinn og fór í brjóstvasann þar sem pípan hans og tóbakið var, tróð tóbakinu í hausinn, kveikti sér í og saug að sér reykinn. Hann sagði:

„ Ég hef ekki getað reyktt í allan dag. „ – Og hélt áfram:

„ Já vinur minn. Rétt er það. Stundum er stutt í efann þótt við segjumst trúa og reynum í veikum mætti að gera örlítið betur en í gær. En draumur þinn gladdi mig og ég trúi að þessi draumur sé gefin af Guði. Ég get ekki þrætt. "

Hrafnkell ýtti við fiski með fætinum máli sínu til stuðnings:

" Bróðir Brynjar! Við eigum magnaðan Guð sem svo sannarlega hefur verið með mér og sýnt mér mátt sinn og megin ótal sinnum á ferðum mínum um hafið.

Dómkirkjusöfnuðurinn hefur komið reglulega saman til að biðja fyrir aflaleysinu og er bænheyrslan hér fyrir augum okkar í þessum feita og fallega fiski.

En þakka þér fyrir spjallið og endilega kíktu við hjá okkur í kirkjunni eða heima hjá mér og þiggðu kaffitár. Muni ég þetta rétt ætlaði fólkið að koma saman þar í kvöld og lofa Drottinn stutta stund. Þú kannski kíkir?

Nú er mér ekki lengur til setunnar boðið. " – Hrafnkell beygði sig niður og vann við hlið manna sinna.

Brynjar fylgdist með og greip svo gjöfina, þakkað fyrir sig og hélt heimleiðis með tvær glænýjar ýsur. Ljóst var að soðin ýsa yrði í hádegismat næsta dag á hans heimili. Mennirnir á Blesa RE. fóru mikinn og heyrðist hljóð úr sumum börkum um borð:

" Drengur minn! Láttu hendur standa fram úr ermum og hættu þessum leikaraskap " – Böðvar talaði höstugum rómi við einn hásetann sinn, unglingspilt sem stoppaði augnablik til að rétta úr sér og hvíla sitt unga bak. Engin stund gafst til gláps á bryggju þegar stafli af fiski beið löndunar og augnablikið beinharðir peningar.

" Hér dugar ekkert nema harkan sex " - sagði Böðvar við ungan manninn og tók tvo þorska og fleygði þeim í land:

" Svona gerum við þetta. "

Áhöfnin á Fróða Ben lauk lönduninni. Bátur dólaði skammt frá bryggjunni og beið eftir að geta lagst að. Þeir leystu landfestar, stungu niður árum og réru bátnum til síns næturstaðar, drógu hann þar á land og gengu frá honum fyrir nóttina. Þá fyrst gátu þeir afklæðst að mörgu leiti óþægilegum sjófatnaðinum og hengt hann upp.

Hrafnkell var fyrstur inn og beið manna sinna. Er allir voru mættir bað hann sitt fólk að lúta höfði og þakka Jesús fyrir gæftir dagsins.

Mennirnir tóku ofan húfur sínar og voru þátttakendur með honum í verkinu.

Hrafnkell bað:

„Ég þakka þér Jesús minn að þú bænheyrir og hefur auga með þínu fólk og bregst ekki. Ég þakka þér að þú sendir þorsk á miðinn og lífgaðir mörg döpur hjórtu í borginni sem voru farin að örvænta og fyllast áhyggjum. Ég þakka þér Herra minn. Í Jesús nafni. Amen.“

„Amen „ – Mennirnir signdu sig.

Svona gerði þessi reyndi og harðgerði sjómaður sem svo marga glímu hafði háð við sjóinn á sínum sjómannsferli og ævinlega komist heill heim. Svona lægði Hrafnkell sjálfan sig frami fyrir mönnum sínum sem urðu vitni að er formaður þeirra lagði allt í hendur hans sem hann trúði á og hafði lengi fylgt, fullviss um að best fyrir sig væri að fara þessa leið til að allt sitt fengi gott og öruggt skjól.

Hrafnkell stakk höndum sínum í vasann og gekk áleiðis heim. Nonni gekk samferða honum upp á götuna þar sem leiðir skildu.

Efst á hólnum staldraði hann stundarkorn og horfði út á Flóann sinn. Hann sá þrjá báta stefna í land. Lengra úti gaf að líta mastur fjögurra enskra botnvörpunga sem toguðu á bleyðu sem bátar bæði úr Hafnarfirði og Reykjavík voru oft á með færi sín og önnur veiðarfæri. Lítillega hafði dregið úr afla togaranna upp á síðkastið. Engu var líkara en að þorskurinn vildi ólmur komast um borð í íslensku knerrina og gefa Enskum dálitið frí.

Hrafnkell var ekki bitur út í þessa Ensku stráka. Að hans álitu voru þeir samstarfsmenn en ekki andstæðingar. En spurninguna sem brann á honum og mörgum öðrum sjómönnum gat hann ekki ýtt frá sér.

Hvort ekki væri brýnt fyrir þjóðina að losna við þessi afkastamiklu skip úr fjöruborðinu.

Hrafnkell horfði en stutta stund og fylgdist með ferðum bátanna. Hann hneppti að sér treyjunni og hélt ferðinni áfram. Bjargveig kona hans beið eftir honum heima með rjúkandi kakó og nýbakaðar kökur. Ef hann þekkti konu sína rétt hafði hún fengið pata af afla bátanna og mundi mæta honum með sínum sérstaka hætti. Einhverju nýmeti.

Hrafnkell var sæll maður.

### **Fiskurinn verkaður.**

Næsta morgunn myndi líf kvikna inn í fiskverkahúsunum og á fiskreitunum. Inn í þessum húsum umbreyttist aflin sem Flóinn færði fólkinu í verðmæta útflutningsvöru og peninga sem fólkið og allt samfélagið naut góðs af.

Á mörgum þessara gömlu og grónu vertíðarsvæða kom þorskurinn skyndilega og án þess að gera boð á undan sér - og á svipuðum tíma hringinn í kringum landið, af fréttum að dæma. Mennt fóru allt í einu að glíma við þann gula þótt lengi vel væri hann þeim fjarlægur og menn horft brúnaþungir á Enska botnvörpunga sem virtust afla ágætlega.

Dag einn í mars apríl var Íslandssagan svo aftur endurtekinn og sjórinn byrjaði að blessa íslenska þjóð. Sjómennirnir voru enn og aftur þeir sem báru hitann og þungan af þessu. Á þeirra herðum hvíldi sú skilda að dýfa færi í sjó á þessum miðum eða hinum.

Þóru gömlu geðillu var eins og öðrum fiskverkakonum í Reykjavík farið að leiðast biðin. Og ekki var laust við að " vægar " skapsveiflur gerðu annað veifið vart við sig hjá henni en urði þó tíðari eftir því sem biðin varð lengri og útlitið að hennar álitu ísbyggilegra.



Æ oftar heyrðist hún romsa upp úr sér við sig sjálfa eða mann sinn þessi orð standandi við eldhúsgluggann og horfandi út:

" Það væri réttast að taka þessa Tjalla og svoleiðis snúa upp á eyrun á þeim að þeir kenndu til. Já, alveg niður í tær. Að ræna svona fiskinum frá fátækri þjóð með þessum - þarna - botnvörpum er synd. Og hana nú! " – Ekki var óalgengt að bolli heyrðist skella harkalega ofan á borðplötu sem endapunktur setningarinnar, án þess þó að brothljóð fylgdu með.

Karl, maður hennar, var mesti rólyndismaður, ættaður af vestfjörðum. Hann vitaskuld varð oftast fyrir barðinu á sveiflum kerlu sinnar en brást við þeim með því að fá sér vænan vindil, setjast í besta stólinn í stofunni, láta fætuna upp á borðið, teygja vel úr þeim og lesa nokkrar blaðsíður í góðri bók, taka vindillin út úr sér með beinum fingrum og sérstakri handarhreyfingu eins og hann hafði svo oft séð bankastjórann í borginni gera. En hann gætti þess samt vandlega að engin vindlaaska dytti á gólfið heldur lenti undantekningarlaust í öskubakkanum. Og þarna sat hann uns storminn inni lægði. Sem vanalega tók fljótt af.

Og svo kom blíður blærinn. Svo ljúfur og yndislegur.

Þóra gamla gat nefnilega líka verið glöð og ósköp ljúf á manninn. Ekki vantaði það. Og glöð varð hún er aflafregnin barst henni og vinnukvaðningin kom frá verkstjóra Fiskhússins sem sama kvöld barði að dyrum hjá henni og bauð að hún skildi mæta klukkan sjö næsta morgunn.

Unnur Ísabella, unnusta Andrésar Ólsens, var einnig kvödd til vinnu af sama verkstjóra. Þóra gamla og Unnur Ísabella höfðu starfað saman í Fiskhúsinu um skeið. Unnur Ísabella var vel kunnugt um skapsveiflur Þóru en vissi einnig að inn við beinið bjó ágætis manneskja sem engum vildi neitt nema vel.

Unnur Ísabella og Andrés Ólsen bjuggu í einu herbergi í húsi foreldra Andrésar. Þau höfðu trúlofast fyrir um tveimur mánuðum í Dómkirkjunni og blessaði séra Þorgrímur sambandið og flutti stúlkan fljótlega á eftir til foreldra mannsefnisins. Um haustið var gifting fyrirhuguð og var ákveðið að nota sumarið til að leita sér að húsnæði og jafnvel að eignast sitt eigið í næsta nágrenni þar sem þau nú bjuggu. Leit sem að öllum líkindum lenti mestmegnis á konunni vegna starfa Andrésar til sjós.

Eldsnemma næsta morgun sást fólk hvarvetna í borginni á leið til síns vinnustaðar. Sumir gengu geispandi og syfjulegir haldandi á pakka með nesti í með hugann fastengdan koddanum sínum og rúmi heima. Aðrir báru sig mannalegar og voru ferskir og fallegir og léttstígir á sinni göngu.

Innandyrja mætti fólkinu kærkominn sjón. Hundruð þorska sem allir störfðu lífvana augum í stórum haug á gólfinu. Þorskarnir eins og biðu eftir því að hendur manna og kvenna færi um ískalt hold þeirra og umbreyttu í verðmæti og gæða fæðu, fært upp á borð manna heima og í útlöndum.

Þekkt hljóð barst um salinn frá flatningsmönnum sem stáluðu hnífa sína af miklum móð. Sveðja hausarans lá tilbúinn. Allt í bland við hósta, ræskingar og hnerra.

Flatnings- og aðgerðarborð voru tekin fram og þau sett upp og allt gert klárt fyrir aðgerðar- og flatningsmennina.

Ungur maður kom sér fyrir í fiskhaugnum með sting í hendi sem hann stakk í haus þorsks og hóf hann á loft og skellti upp á borðið. Hausarinn var snöggur til. Aðgerðarmaðurinn tók við og risti á og fjarlægði gumsið sem inn í fiskinum var. Glæðbeittur flatningsmaðurinn brá flugbeittum brandinum og fékk sýnt getu sína og hraða við flatninguna. Hann kunni til verka.

Enn fór fiskurinn af stað og rann eftir hálu og blautu tréborðinu og skall með gusugangi ofan í karið sem staðsett var við enda borðsins. Og þar veltist hann í nauðsýnlegu vatnsbaði.

Við eina saltfiskstæðuna stóðu menn með skóflur og horfðu græðgilega á karið sem baðaði fiskinn. Þeir biðu eftir sendingu úr þessu kari til að fá notið sinnar kunnáttu í ferlinu sem svo margir í borginni höfðu lengi beðið eftir. Þeirra verk var að leggja fiskinn í lög og strá salti yfir hann uns hvergi sást í beran blett. Margar myndarlegar saltfiskstæður höfðu þessir menn búa til og líka afgreitt fullverkaðan fisk út úr húsi sem fluttur var um borð í Drottninguna, Díönu eða Camoens og svo yfir hafið til kóngsins Kaupenhavn eða annarra hafna erlendis.

Verkstjórinn, maður á að giska sextugur, kom út úr kompu sinni, leit í kringum sig stundarkorn, klóraði sér í höfðinu, eins og hann gerði stundum (var svona kækur hjá honum) tróð í pípuna sína og gekk að mönnunum við borðið, skoðaði handbragðið og nikkaði höfði sem samþykki sitt við verkslagið. Á meðan verkstjórinn stóð við bættu mennirnir við sig snúningi en hægðu strax aftur ferðina og niður í sinn fyrri hraða er yfirmaðurinn var farinn.

Aðalatriðið var að vinnsla á góðum afla var hafinn og verðmæti byrjuð að skapast í landinu.

Saltfiskstæða í hinum enda skemmunnar beið eftir að komast út í góða veðrið. Boð voru látin ganga út um að eftir matinn yrði breytt.

Handbörur voru gerðar klárar til notkunar. Þær voru nauðsýnlegar til að koma fiskinum í breiðslu á reitnum sem lá meðfram fjörunni. Unglingarnir fylgdust með.

Eftir hádegismatinn stóðu nokkrir af þeim við dyr Fiskhússins og biðu komu verkstjórans. Starf þeirra var að bera fiskinn á handbörum tveir og tveir saman út til kvennanna sem sáu um að breiða hann samkvæmt kúnstarinnar reglum.

Búið var að fylla börurnar saltfiski og unglíngunum því ekkert að vandbúnaði að hefja starf sitt.

Hálftíma síðar var ys og þys á reitnum sem vikurnar á undan hafði verið hljóður með vindinn einan og fugla loftsins leikandi og fljúgandi um og yfir sér.

## 16 kafli

Unglingarnir gripu um handföng baranna og báru þær út fullar af söltuðum fiski. Að vera með góða nýtingu skipti máli.

Við saltfiskstæðuna inni voru nokkrir fullorðnir karlmenn og fáeinir unglingar. Konurnar biðu á reitnum. Undireins og börurnar komu til baka var biðtími innimanna á enda og fiskar hófust á loft og höfnuðu á börunum uns ekki varð meira á þær látið og ungar hendur gripu um handföng og allt lyftust frá gólfi og fjórir jafnfljótir fætur gengu samstíga út. Einn tveir, einn, tveir. Hringrásin viðhélst. Sífeldar endurtekningar.

Þar sem ekki var breitt fyrir en eftir hádegishléið var tíminn sem eftir var til kvelds stuttur og því um að gera að láta hendur standa fram úr ermum og vera sem fljótastur að koma fiskinum út og leyfa frekar köldum norðanvindinum og sólarljósinu að gera sitt. Saman unnu vindur og sól gagn og rétt bragð fékkst af afurðinni sem gerði íslenska saltfiskinn að eftirsóttum gæðum.

Pressa var á mannskapnum. Áður en vinnutíma lauk um kvöldið þurfti að taka allt saman aftur. Hróp og köll og einstaka skammir heyrðust frá fólkinu ýmist inn í húsinu eða úti á reitnum.

Verkstjórinn gekk eftir gólfinu með hendur í vösum. Hokin í herðum af erfiði liðinna ára. Hans starf var að halda Fiskhúsinu fullmönnuðu og að verkunin væri eins og til var ætlast. Slæpingsháttur var ekki vel séður á vinnustaðnum. Þeir sem vildu slæpast gátu haldið sig heimavið og slæpst þar.

Dökkleit sandfjaran smá saman skipti litum af fiskinum og varð hvít í námunda við Fiskhúsið. Vegalengdin sem krakkarnir þurftu að ganga með hlassið á milli sín varð meiri eftir því sem fiskbreiðan stækkaði og teygði sig lengra eftir sandinn. Sumpart óreyndir vöðvar unga fólksins sögðu til sín í aukinni þreytu þegar líða tók á daginn. En verkinu miðaði. Þreytuna varða að afgreiða síðar.

Og sagði ekki Biblían svo frá:

**„ Og við manninn sagði hann: Af því að þú hlýddir röddu konu þinnar og ást af því tré, sem ég bannaði þér, er ég sagði: Þú mátt ekki eta af því, þá sé jörðin bölvuð þín vegna. Með erfði skalt þú þig af henni næra alla þína lífdaga. Þyrna og þistla skal hún bera þér, og þú skalt eta jurtir merkurinnar. Í sveita andlitis þíns skalt þú neyta brauðs þíns, þangað til þú hverfur aftur til jarðarinnar, því að af henni ert þú tekinn. Því að mold ert þú og til moldar skalt þú aftur hverfa! „ (1Mós 3:17-19)**

Þreytan mundi ekki skaða þessa krakka neitt og með léttum leik mundi þeir lifa hana af. – sögðu alltént þeir sem þekkingu þóttust hafa og reynslu.

Hið gleðilega var að vinnan gaf þeim aura í aðra hönd og þau fundu að gagn var af vinnu handa þeirra og þau partur af heildarmynd samfélagsins.

Allir höfðu gott af svolítilli vinnu með sínum eigin höndum? Sagði að minnsta kosti afi tólf ára stráks sem bar ásamt jafnaldra sínum og féлага eina af börnunum sem notaðar voru við breiðsluna.

Burðurinn að og frá húsinu gaf þeim sitt tækifæri til að spjalla um allt á milli himins og jarðar.

Afinn, sem annar strákurinn vitnaði í, sagði vinnufélaga sínum meira og bar honum sitt fegursta vitni og sagði hann sterkan mjög og öflugan og kannski sterkasta afann í öllum heiminum.

Hinn strákurinn flissaði og vildi sínar sannanir.

Og þær lágu sko á lausu hjá hinum.

Hann sagði að eitt sinn er hann var í heimsókn kom afi gamli inn í eldhúsið þar sem strákur sat við eldhúsborðið og sötraði kakó.

Samkvæmt frásögn piltsins ku afi þessi hafa haft með sér um eitthundrað blaðsíðna doðrant sem hann bar í vinstri hönd sinni og borið upp við hann spurningu og spurt hvort hann tryði því að hann gæti rifið þessa bók sem hann héldi á í tvennt eða ekki og glott um leið við tönn og veifað bókinni fyrir framan hann á meðan hann beið svars.

Strákurinn sagðist þá hafa stungið upp í sig jólakökusneið, sötrað lítillga á sjóðheitu kakóinu sett meira af þeyttum rjóma út í á meðan hann velti spurningunni betur fyrir sér íbygginn á svip:

" Útilokað afi minn. Útilokað. „

Við það hafi breytt bros afans fölnað eilítið og minnkað úr breiðu í örlítið minna. Afiinn sagðist þá einfaldlega sanna sitt mál. Næsta sem gerðist var að afinn læsti sterklegum og þykkum fingrum sínum utan um blaðsíður bókarinnar og tók á öllu sem hann átti til með þrístingi handa sinna í sitt hvora áttina með blaðsíðurnar á milli. Æðarnar á hálsi hans og enni þrútnuðu. Vöðvarnir undir skyrtuermunum þöndust út. Roði færðist yfir andlitið sem breiddi úr sér uns það allt varð eins og eldhnöttur. Ofan á allt hitt bættist við sviti sem hóf að renna niður eftir andliti mannsins eins og til að slá á gríðarlegan hitan sem varð til við ógurleg átökin.

Og viti menn. Blaðsíður skruddunnar byrjuðu að rifna og eftir dálitla stund hélt afinn á tveimur vænum bréfabunkum í sitt hvorri hendi sem hann veifaði og sýndi furðu lostnum og orðlausum piltinum. Afiinn ku víst hafa gengið upp og niður af mæði og blásið eins og físelgur. Og ekki að furða miðað við hrikaleg átökin:

„ Vá maður! Þetta er aldeilis sterkur afi sem þú átt „ - sagði félaginn og leit á féлага sinn með undrun í augum og stoltum svip yfir því að eiga vin sem átti svo sterkan afa. Í hrifningu sinni og góðri afasögu gætti hann ekki að sér og rak tánna í stein sem næstum því felldi hann. Með snarræði og sveigjum og beygjum og fótafimi reykvíkingsins tókst honum að halda jafnvægi og flutningurinn út á reitinn hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Þóra gamla geðilla sem bograði á reitnum og vann við breiðsluna sá strákinn er hann sté sinn dans í sandinum. Hún reisti sig upp og hrópaði til þeirra:

„ Gætið að hvar þið stigið drengir og verið með hugann við verkið. „  
– Strákarnir litu á hvern annan og flissuðu.

Strákurinn með afasöguna lét ekki staðar numið hér. Seinna um daginn hafði hann meira af þessum gríðar sterka afa sínum að segja. Nú kvað hins vegar við annan tón og frásagan kominn með annan blæ.

Nokkrum dögum eftir fyrra atvikið var hann enn staddur í húsi afa og ömmu. Amman hafði skenkt honum mjólkurglasi og smurt franskbrauðsneið með magarín og kæfu og fært honum. Þá kom afinn inn í eldhúsið. Hann gekk yfir eldhúsgólfíð og staðnæmdist við skáp sem festur var á vegg gegnt innganginum. Skápin opnaði hann upp á gátt og leit yfir hillur hans, dró fram skúffurnar. Þegar það sem hann leitaði að var hvergi að finna spurði hann konu sína, á meðan hann hélt leit sinni áfram:

„ Hefur þú nokkuð séð bókina sem ég er að lesa. Ég bara finn hana hvergi og hún er ekki heldur á sama stað í bókahillunni og áður. „

Við þessa spurningu byrjaði amma að hlægja og hló dátt og skellt sér á lær af einskærri kátínu að small hátt í og sagði:

„ Nú ég henti bókinni. Hvað annað átti ég að gera við hana. „

Þá ku afinn hafa litið snöggt á konu sína, dregið andann djúpt niður í lungun, eins og hann ætlaði að hækka róminn og æsa sig, en hætt við:

„ Hvaða meining var það hjá þér að fleygja bókinni kona? Veistu ekki að hér var um fágætan grip að ræða og að auki skemmtilega lesningu eftir frægan og virtan höfund í útlandinu? „



„ Mér var vel kunnugt um það. En bók sem búið er að rífa í tvennt eftir einhverjar kraftaæfingar í þér karl minn er ekki brúkhæf né í lestrarhæfu ásigkomulagi. „

Útskýringu ömmunnar bjuggu til undrunar svip á afann sem spurði:

„ Hvað!! - Tókstu til í bókhillunni og raðaðir öllum skræðunum sem þar eru upp á nýtt? „

Og amman:

„ Nú. Ég tek stundum fram tuskuna og nota hann til að þurrka ryk af einu og öðru á heimilinu. Og bókahillan sú arna fær sína venjubundnu tiltekt einu sinni á ári. Og þetta veistu vel minn kæri eiginmann. " – Amman ku víst hafa talað þetta út með munninn fullan af hlátri. Afanum var ekki jafn vel skemmt. Honum var reyndar ekki hlátur í hug.

Málalok urðu þau að afinn gekk út úr eldhúsinu og lagðist upp í hjónarúmið án þess að fá vitað hvernig sagan sem honum fannst svo skemmtileg endaði og ósvíst hvort skræðan sú arna væri fánleg í bókabúðinni. Og bækur voru fráleitt gefnar.

Strákarnir hlógu dátt. Afinn sá arna varð æ skemmtilegri í eyrum hins eftir því sem hann heyrði meira:

„ Hingað strákar. Komið losið börurnar hérna „ - sagði Þóra gamla við strákanna sem samkjöftuðu ekki og benti á auðan stað í sandinum. Unnur Ísabella var kominn við hlið Þóru og greip þegar tvo fiska undireins og fisknum hafði verið varpað á jörðina og lagði þá á autt svæði þar skammt frá. Málið var að nýta svæðið eins vel og unnt var með sem minnstu bili á milli hvers fisks en þó þannig að þeir lægju ekki alveg saman. En allt lærðist þetta með tímanum og vant fólk gat kastað sínum fiski langar leiðir og látið hann falla niður nákvæmlega þar sem honum var ætlaður staður. Strákarnir snérist á

hæl og löbbuðu léttstígir í átt að dyrunum sem stóðu galopnar á Fiskhúsinu.

Sögurnar af sterkum og bráðskemmtilegum afa voru búnar í bili.

Vindurinn lék um svæðið og feykti til þilsum kvennanna og slæðum sem að mestu haldi andlit þeirra til varnar sólarljósinu. Að verða brún í andlitinu af sólinni var órækt merki til samfélagsins um að þar færi verkakona og að bera slíkt augljóst merki utan á sér var margri ungri og eldri konum versti þyrnir í augum. Þar kom höfuðskýla í góðar þarfir.

Ský dró fyrir sólu og var dökkt á að líta. Menntu upp og spurðu sjálfan sig hvort regns væri að vænta. Líklega myndi það sleppa í dag. Þetta voru traudla regnský. Til þess voru þau of ljós yfirlitum. Margt af þessu fólki kunni allvel að lesa í útlit skýjanna og gátu oft sagt til um það með undraverðri nákvæmni hvernig veðrið framundan yrði. Að vera veðurglökkur og lesa rétt úr aðstæðum taldist til mannkosta á Íslandi. Að ekki sé talað um á meðal sjómanna, jafn háðir og þeir voru öllu veðri.

Fjölmarginir máfar flögruðu gargandi yfir reitnum og Fiskhúsinu. Vargurinn sveif fram og til baka svo létt og leikandi.

Frá reitnum sást út á Flóann.

Frá reitnum mátti oft sjá Enska togara að veiðum. Þennan tiltekna dag var engin Enskur togari sjáanlegur og allur flotinn utan sjónsviðs fólksins. En á Flóanum var hann. Svo mikið var víst.

Nokkra metra frá landi skaust selshaus upp úr sjónum og fylgdist áhugasamur með fólkinu sem erfiðaði í fjörinni. Og þarna var hann og synti rólega fram og til baka um svæðið á milli þess sem hann kafaði. Á bak við selinn blásti Esjan bláleit við í öllu sínu veldi.

Gikk fingur sumra karlanna á staðnum hreyfðist við sjónina og þeir sáu úrvalsfæðu handa sér og sínum syndandi fáeina metra frá landi án þess að fá aðhafst neitt í málinu. Selkjöt vara góð tilbreyting við venjubundna ýsu og lambakjötið sem var á borðum reykvíkinga og annarra landsmanna mestan part ársins.

Karl um fimmtugt rétti stundarkorn úr hryggnum, ýtti við kollega sínum á svipuðu reki og bendi út á fjörðinn og sagði með eilítili eftirvæntingu í sínu hjarta:

„Lagsmaður! Þessi væri finn í tunnuna og svei mér þá ef ég ýti ekki jullunni minni á flot eftir vinnu og ræ á þessar slóðir og svipast um eftir kvikindinu og gefi honum eitt í hausinn með byssuhólknnum mínum. Maður verður að bjarga sér og ekki er það á hverjum degi að selur komi upp í flæðarmál okkar reykvíkinga. Nýveiddur selur kæmi sér vel á mínu heimili. Tunnan með söltuðu selskjötinu í kláraðist nefnilega fyrir um viku síðan. Maður minn! Selskjöt er afbragðsfæða..“

Hinn tók í sama streng:

„Ég held að ég bregði mér bara með þér og svo er líka aldrei að vita nema meiri veiði leynist á svæðinu úr því einn selur er hér sjáanlegur. Og sjáðu þarna! „

Maðurinn benti út á hafið. Annar selur synti um í námunda við hinn. Tveir selir voru skyndilega komnir leitirnar.

Gamli verkstjórinn gekk út og sá hvar mennirnir voru í hrókasamræðum, bendandi til skiptis út á hafið. Hann myndaði trekk með lófum sínum og hrópaði:

„Hvílið munninn menn. Látið hendurnar heldur tala. Mikið liggur við að fiskurinn komist sem fyrst í breiðslu. „

Mennirnir tóku viðbragð og voru augnbliki síðar komnir með fiska í sitt hvorra hendi til að leggja á sandinn.

Máfagerið sveimaði yfir staðnum sem selirnir voru á og einstaka máfur lækkaði flugið, svona til að sjá betur hvað þarna væri á ferð en hækkaði sig svo aftur þegar hann komst að raun um að bitin væri of stór fyrir sinn litla en samt gráðuga gogg og flaug aftur upp í sína fyrri hæð. Hringsól varganna hélt áfram í endalausum sveigjum og beygjum.

Einstaka kona á reitnum sást benda út á sjóinn. Hún hafði orðið selanna vör.

Fiskhaugurinn sem mætti mönnunum um morguninn hafði minnkað verulega og ljóst að flatningsmönnum mundi takast að hreinsa upp áður en afli dagsins bærisk inn í húsið.

Saltfiskstæðan, afrakstur dagsins, var orðin allvæn. Nokkrir karlmenn unnu við aðra saltfiskstæðu í húsinu og umstöfluðu henni. Margt var að gerast á sama tíma í Fiskhúsinu. Allt nauðsýnleg störf ætti að takast að framleiða vöru sem kaupendur sóttust eftir.

Lífið sem bátarnir höfðu fært borgurunum kvöldið áður birtust í iðandi lífi á vinnustöðum borgarinnar. Atvinnurekandinn sá að hann gæti staðið við gerða samninga, greitt bæði laun og skuldir fyrirtækis og að fiskur færi frá sér til útlanda upp úr miðjum maí, eins og samningar gerðu ráð fyrir. Hann trúði að afli bátanna mundi viðhaldast og að vinnsla héldi áfram inn í húsinu.

Eftir vinnu sóttu mennirnir hólkana sína heima eins og þeir höfðu talað um og hittust við jullu mannsins. Þegar jullan flaut rúlluðu þeir sér um borð og eigandinn tók fram árárnar og réri þangað sem selshausarnir tveir höfðu sést fyrir um daginn. Eins og í hin skiptin var sýnd veiði ekki sama og gefin veiði.

Árarnar skullu jafnt í sjóinn á bæði borð. Báturinn náði þokkalegu skriði. Maðurinn var vanur og brá sér stundum eilítið frá landi með færi í hönd eða byssuhólkinn sinn aðallega þá til fuglaveiða. Hólkarnir voru klárir við borðstokkin og fljótlegt að grípa til þeirra kæmust þeir í færi. Hinn maðurinn sat í stefni og fylgdist með.

Eftir dálftinn róður blasti Fiskhúsið við bátsverjum á hægri hönd. Nú gildi að hafa augun opin ef ske kynni að selirnir væru ennþá á svipuðum slóðum.

Á þessu augnbliki fundu þeir ekki til þreytu sökum spennings og veiðigleði.

En hvað var þarna framundan þeim á bakborða?

„ Þarna er hann! Þarna er hann maður! Hann hefur þá ekki farið af svæðinu. „ – hrópaði maðurinn í stefninu og benti út á sjóinn. Selurinn skaut upp hausnum og skyggndist um.

Róðramaðurinn beygði knerrinum á bak og stefndi beint á veiðina. Nú gildi að vera nógu snöggur og koma sér sem næst bráðinni og að skjóta dýrið og setja krók í hræið áður en allt sykki til botns.

„ Hvar er hann? Hvert fór kvikindið? Ég sé hann ekki? „ - hrópaði róðramaðurinn.

Hinn leit sínum haukfráu augum yfir hafflötinn. Selurinn hafði kafað og var ekki sjáanlegur í augnablikinu. Maðurinn var kominn með ríffillinn í skotstöðu og tilbúinn að hleypa af. Hann var ágætt skytta og kunni vel að beita vopninu.

Dýrið skaut upp hausnum í fáeina metra fjarlægð. Maðurinn miðaði vopni sínu.

„Bang“

Sjórinna litaðist rauður á litlu svæði. Steindauður selurinn flaut og var hægðarleikur einn fyrir mennina að setja í hann og draga að bátinum og binda sporðinn fastan við bátinn.

Gleðin streymdi um æðar mannanna og þeir vildu ólmir halda áfram og reyna að fanga hinn selinn líka ef mögulegt væri.

En nú fór að blása af vestri og slétt yfirborð hafflatarins byrjaði strax að gárast. Ekki var óhætt fyrir mennina á sínum agnarsmáa knerri að haldast við lengur ef hann bætti í vindinn. Róðurinn í land tæki enda lengri tíma með selinn hangandi á síðunni.

Nokkrir strákar léku sér í fjörunni og fleyttu heimasníðum fleytum sínum út á sjóinn með bandi í. Þeir fylgdust með mönnunum og viðureign þeirra við selin og heyrðu skothvelling og sáu selshræið dregið að bátinum. Slík sjón var reykvíkingum ekki með öllu óþekkt þó fráleitt væri hún algeng þar um slóðir. Aðrir landshlutar nutu meiri hlunninda á þessu sviði heldur en reykvíkingar og íbúar Faxaflóasvæðisins.

Fengurinn tók í. Báturinn nálgast legu sína. Vindurinn var á móti og þyngdi róðurinn. Selshræið veitti mótspyrnu.

Fiskibátarnir voru að koma í land og voru sumir signir eftir veiðar dagsins.

Fróði Ben sást sigla inn og Hrafnkell sitja í skut bátsins og halda um stýrið.

Hrafnkell sá julluna koma siglandi sem beygði og sigldi svo samhliða þeim. Hann hrópaði til mannanna.

„Sælir ágætu menn! Ég sé að þú, Frímanna minn, hefur sett í sel. „

„Heldur betur „ - sagði Frímanna og tók á árunum til að geta fylgt bát Hrafnkels eftir.

„ Hægið á ykkur menn. Hægið á ykkur. „ - Hrafnkell gaf mönnum sínum skipun.

Fróði Ben hægði á sér og sigldi á sama hraða og bátur Frímanns:

„ Við Helgi sáum kvikindið í dag og ákváðum að athuga málið eftir vinnu í kvöld. Og ferðin var ekki árangurslaus eins og þið sjáið. „

„ Já „ – sagði Hrafnkell og tók fram pípuna til að fá sér reyk:

„ Þeir fiska sem róa. Hinir missa af. Þetta er lögmál sem engin getur breytt og fólk verður að beygja sig undir. „

Frímann tók undir með þessum gamalreynda formanni. Hann sagði:

Ég sé að Fróði Ben er siginn. Þið hafið þá sett í ann í dag. „

„ Það er mokveið þarna úti og við hefðum getað verið fyrir í land ef Tjallar hefði ekki neytt okkur til að færa okkur af bleyðunni. Þeir eru svakalegir þegar þessi gállinn er á þeim og ekki um annað að gera en forða sér vilji maður afstýra árekstri. „ – Hrafnkell tottaði pípuna. Reyk lagði út um öll vit hans er hann blés reyknun frá sér. En nú skildu leiðir og Fróði Ben beygði á bak og stefndi að höfninni til að landa afla sínum en Frímann í lægi sitt í fjörinni með sína sérstöku og að mörgu leiti óvenjulega veiði.

Brátt gæti hann boðið sínu fólki saltað selspik og aðrar selsafurðir. Guð er góður.

Aflin viðhélst og stöðug vinna var hjá landfólkinu.

Enskir sátu við sinn stöðja og skófu botninn í Flóanum fram og til baka með ágætum afla per dag. Stundum lentu þeir í festum og fengu veiðarfærin þá oftast nær rifin upp. Það kallaði á viðgerð og bið. Enskir voru áfram aðgangsharðir á miðunum og héldu uppgefni

togstefnu. Bátar í línunni urðu bara að víkja. En stundum héldu skipin sig líka utan veiðisvæði knarranna og veiddu annarstaðar en þó ekki lengra en svo frá þeim að sjómenn litlu knarranna gátu séð þá frá bátum sínum jafn hámastra og þau voru.



## 17 kafli

Bátur Frímanns og Helga renndi að landi. Mennirnir stukku til og gerðu sig klára í að verka selinn og að drösla honum á land og nógu hátt til að allt sæti fast á sínum stað en bærlist ekki aftur út með léttri og leikandi ölduna sem rann mjúklega eftir sandinum í endurteknum hreyfingum.

Lítið, hrörlegt en brúkhæft borð stóð fyrir utan einn skúrinn í fjöruborðinu sem þeir vissu að þeim var heimilt að nota. Þeir gengu þangað og tóku undir sitt hvorn enda borðsins og báru það á milli sín og staðsettu við selshræið. Borðið riðaði á illa negldum löppunum. Allt var hey í harðindum og ekki um annað að velja enn að spila úr því sem til var á staðnum - nú eða bogra yfir veiðinni og fá í bakið? Um þessa tvo hluti var að velja. Og hvað gerði gjóktandi en brúkhæft borð til?

Kona Frímanns vann eldhússtörf heima. Hún vissi um ferðir bónda síns út á Sundin. Eftir vinnu hafði hann komið æðandi heim og gripið byssuhólkinn og kvatt konu sína á hlaupunum með þeim orðum að selur hefði sést á sundi út á Sundinu austur af Viðey sem þeir vildu fanga. Úr eldhúsglugganum heima sá hún hluta hafnarsvæðisins. Og þó hún sæi ekki svæðið þar sem selsins hafði orðið vart gat hún samt séð bátanna sigla út og koma að landi þaðan sem hún var. Hún vissi því er maður hennar réri litlu jullunni að land með veiðina bundna á síðuna. Hún kallaði á Berglindi, elstu dóttur þeirra hjóna, og bað hana um að rúlla trétunnunni sem stóð neðan við tröppurnar á undan sér niður í fjöru til föður síns.

Litli bróðir sem sat undir eldhúsborðinu og litaði og teiknaði á bréfsnifsi sem móðir hans rétti honum heyrði beiðnina og skreið samstundis undan eldhúsborðinu og vildi ólmur fá að fara með systur sinni og linnti ekki látum fyrr heldur en beiðni hans var samþykkt og hirti ekkert um það þótt stóra systir setti upp vandlætíngarsvip og segði:

„ Ohh. ”

Drengnum langaði til að vera hjá föður sínum og sjá hvað hann tæki sér fyrir hendur í fjörunni.

Krakkarnir klæddu sig í skjólgóðar flíkur og gengu út á viðarklæddan pallinn fyrir utan heimili sitt og áfram niður tröppurnar.

Lítill fugl tyllti sér á þverslá undir pallinum en flaug gargandi undan honum þegar hann varð fyrir truflun og settist í nærliggjandi tré í garði nágrannans og lét þaðan í sér heyra.

Tunnan stóð á sínum stað við tröppurnar. Lokið var fast á og haggaðist ekki er telpan skellti tunnunni flatrí á jörðina og rúllaði henni á undan sér eftir hörðum malarveginum. Bróðir hennar gekk við hlið hennar og fékk annað slagið að ýta tunnunni með systur sinni:

„Gaman að sjá þig Berglind mín og þú hefur leyft bróðir þínum að koma með þér. Það var fallett gert. „

„Hann vildi endilega koma með mér og byrjaði eins og vanalega að suða og hætti því ekki fyrr heldur en ég gaf eftir. „ – Berglind saug upp í nefið og greiddi hárið aftur á hnakka með fingrunum sem vindurinn feykt jafnharðan fyrir augun.

Frímann snéri sér að drengnum sínum og sagði:

„Jæja karlinn! Svo að þú hefur beitt systir þína þvingunaraðgerðum til að ná þínu fram. „

„Mig langaði bara til að koma og sjá hvað þið væruð að gera. „ – sagði drengurinn sakleysislegur í framan og gerði hring með fætinum í sandinn.

„Allt í lagi. Allt í lagi. En munduð þið eftir að fara með bænirnar ykkar í morgun áður en þið klædduð ykkur í fötin?

„ Jaháá. „ – sagði Berglind hátt og skírt og ljómaði öll. Hún vildi að svar sitt misskildist ekki:

„ En ég veit samt ekki með hann litla minn. Hann var allavega á undan mér í fötin og að fara út þótt hann hefði vaknað á eftir mér. „

„ Víst mundi ég eftir að fara með bænirnar mínar. Og ég meira að segja það fyrir þér „ – sagði hann dálítið móðgaður.

„ Svona svona börn. Nú er nóg. Haldið í friðinn og strjúkið á ykkur kviðinn. Og úr því að bæði mundu eftir bænunum er engin ástæða til að vera staglast meira á því. Og segir ekki Jesús að við skulum fyrirgefa? Og var ekki fyrirgefningin þemað í ræðu séra Þorgríms í messunni síðastliðinn sunnudag í Dómkirkjunni sem við öll vorum á? „

„ Jú „ - sagði Berglind og horfði til bróður síns:

„ Fyrirgefðu „ – sagði hún og setti hönd á höfuð litla bróður sínum, beygði sig svo niður og tók á tunnunni sem hún hafði komið með og reisti hana upp við enda borðsins og náði að plokka lokið af með litlum fingrunum.

„ Fyrirgefðu „ -sagði bróðirinn.

„ Jæja! Úr því að málið er afgreitt og kominn á friður getum við snúið okkur að verkinu og hafist handa við að flá selinn og koma kjötinu fyrir ofan í tunnunni þeirri arna. Ekki satt Helgi? „ – Frímann sló hendi létt á öxl vinar síns sem jánkaði og gerði sig kláran að sínu leiti.

Berglind settist í fjöruna og fór að róta upp sandinum til að byggja eitthvað fallett úr honum. Hún gerði stóra hrúgu með berum höndunum. Litli bróðir settist stundarkorn hjá henni og hjálpaði til við sandbygginguna. En svo varð hann leiður á verkinu og vildi gera eitthvað annað og meira spennandi.

Hann stóð upp, dustaði sandinn af buxunum og gekk að selshræinu og skoðaði það í bak og fyrir og lét sem hann tæki ekki eftir því þótt aldan flæddi og fyllti skóna sem hann var í og næði honum upp á miðja kálfa og að vatnið sullaðist upp úr skónum hans í hvert sinn er hann steig niður fæti.

Drengurinn leit upp frá iðju sinni og þælingum í átt að Esjunni og sá þá Blesa RE bát Böðvars formanns sigla í átt að hafnarstæðinu í dálítilli fjarlægð. Böðvar kom stöku sinnum í heimsókn til foreldra hans til að spjalla og þiggja kaffitár og var fjölskyldunni vel kunnugur:

„ Pabbi, pabbi þarna er hann Böðvar á bátnum sínum og hann er ábyggilega með fullt af fiski um borð. Böðvar veiðir alltaf svo mikið. „ – sagði drengurinn og brosti sínu breiðasta brosi og snéri sér í hina áttina veifandi öllum skönkum og hrópandi af öllum lífs og sálarkröftum út yfir sjóinn:

„ Hæ Böðvar! Var þér nokkuð kalt á sjónum? „

Hrópin úr landi vöktu athygli Böðvars formanns sem eins og vanalega sat á þóftu sinni aftast með traust tak ástýrissveifinni. Hann leit til hliðar og kom þá auga á drengnökkann sem stóð í fjöruborðinu og baðaði út öllum öngum. Hann lyfti hendi á móti og veifaði brosandí til hans. Sama gerðu nokkrir áhafnarmedlimir. En fjarlægðin var of mikil til að hann gæti greint orðin sem komu úr skrækum barnsbarkanum. Báturinn skreið áfram og færðist nær hafnarstæðinu með hverju áratogi manna.

Esjan blasti áfram við í baksýn svo fögur, svo blá og trónaði eins og veggur til varnar norðanáttinni. Snjórin í hlíðum hennar var að mestu horfinn þótt enn mætti sjá hvíta bletti í skorum fjallsins.

Tíminn leið.

Frímann og Helgi höfðu unnið langan vinnudag og voru orðnir dálítíð slæptir og auðvitað hungurgraðir. Að verka selinn var ekki svo mikið mál fyrir menn eins og þá, sem kunnu til verka og höfðu réttu áhöldin. En einhvern tíma tók hún samt og því fyrir sem þeir hæfust handa því fyrir kæmust þeir að borðinu heima þar sem maturinn beið þeirra. Og verkun selsins byrjaði með fláningu. Að henni lokinn kom að kjötinu og meðhöndlun þess. Þá kom gjöktandi borðið að góðum notum. Girnileg kjötstykki höfnuðu upp á borðinu og voru skorin í mátulega bita og svo látnir í tunnuna og salti stráð yfir. Selurinn var vænn, fullvaxinn og spikfeitur og gaf af sér nokkrar máltíðir fyrir fjölskyldur mannanna. Dýrið hafði auðsjáanlega hafst við í umhverfi sem mikið æti var í.

„ Það hefði verið mesta ósvinna að fara ekki út og skima eftir selnum sem eins og kom til að segja: - Hér er ég. – Og hefðum við leyft letinni að ráða för stæðum við ekki hér og verkuðum sel. Í þessu líka fína veðri maður. Kvöldið hefur gefið okkur heilmikla launauppbót. „ – sagði Helgi og ýtti síðasta kjötstykkinu fram af borðbrúninni og ofan í hálfulla tunnuna og gekk niður að sjónum til að skola af höndunum. Frímann jánkaði orðum Helga á meðan hann lokaði tunnunni og gerði hana klára til flutnings.

Sandhrúgan sem Berglind hafði hrúgað upp hafði tekið á sig mynd báts ekki ósvipuðum þeim sem stundum voru í fjörunni tugum saman á brælundögum.

Litli bróðir sat nú við hlið hennar og fylgdist áhugsamur með verkinu. Hann var orðin svolítið leiður og fannst biðin vera orðin full löng. Hann gekk að borðinu þar sem faðir hans var, lagði handarbök undir hökuna með handleggi sína langsum uppi á borðinu og horfði á föður sinn:

„ Hvenær förum við heim? „ - sagði hann:

„ Við erum búnir og eigum bara eftir að taka afganginn og ganga frá honum væni minn, og svo höldum við heimleiðis. „ -

Frímann benti á skúr í fjöruborðinu og sagði:

„ Krakkar! Sækið handvagninn þarna og komið með hann til okkar. Við notum hann til að flytja tunnuna á heim. Ég labba svo með hann til baka seinna í kvöld eða strax í fyrramálið um leið og ég fer í vinnuna. „

Berglind og litli bróðir stóðu eins og elding á fætur og tóku sprettinn í átt að skúrnum í kapphlaupi um hvor yrði á undan að vagninum. Sandurinn rótaðist upp undan fótum krakkanna svo mikill var spretturinn og áhuginn á að verða á undan. Berglind sem var eldri hafði vinninginn. Krakkarnir tóku undir sitt hvort handfang vagnsins og fluttu til karlanna.

Frímann og Helgu lyftu tunnunni með kjötinu í upp með samstilltu átaki og komu henni fyrir á miðjum vagninum.

Allt var afstaðið og öll ummerki selsins horfin af svæðinu. Beinagarðurinn og annað sem afgangs varð af dýrinu hafnaði í sjónum sem þegar greip tækifærið og flutt úrganginn frá landi þar sem hann svo sökkt og varð að fæðu fyrir fló og önnur kvikindi hafsins.

Krakkarnir fengu að sitja fremst á vagninum og skemmtu sér konunglega. Þau skríktu og hlógu og pikkuðu hvert í annað á meðan vagninn hossaðist á harðri götunni undan smásteinunum sem urðu fyrir járnklæddum tréhjólunum með ruggandi tunnuna fyrir aftan sig.

Heimilið blasti við framundan. Fuglinn var hvergi sjáanlegur. Þögnin ein var allsráðandi.

Tunnunni var komið fyrir á sama stað við tröppurnar og þangað þurfti Helgi eins og vanalega að sækja sitt vildi hann fá selskjöt til að borða heima. Svona hafði fyrirkomulagið verið hjá þessum vinum í langa hríð og engin ástæða til að breyta því. Var enda samgangur á milli heimilanna töluverður og oft daglegur og ein tunna dugði

báðum. Eftir tiltekinn tíma í salti yrði kjötið tilbúið til suðu og átu og að kitla bragðlaukanna. Þeir urðu bara að hafa biðlund. Ekki var laust við að vatn kæmi í munninn við tilhugsunina um vænan bita af selskjöti.

Þar sem áliðið var og mennirnir búnir að vinna langan vinnudag var ekki við annað komandi heldur en að Helgi borðaði með Fríamanni og fjölskyldu. Það voru glaðir og svolítið þreyttir menn sem gengu inn og tóku af sér yfirhafnirnar og settust við eldhúsborðið og skenktu sér hollri soðningunni á disk til að næra sig á.

### Lífið í borginni.

Dagur var að kveldi kominn og nóttin um það bil að draga sig yfir menn og máleysingja.

Von var á „ Drottningunni " í maí með pósti og fréttir frá útlandinu. Þá rann tími Bóa póstmanns aftur upp sem tók pósthúfuna sína af snaganum við útidyrnar og lét hann á höfuð sitt. Pósthúfan var merki póstsins og staðfesting til umhverfisins um að þar færi þeirra starfsmaður. Þá rann líka upp tími gamla gráa vagnhestsins sem notaður var til dráttar póstvagnsins. Þá var tími til kominn að fara í hagan og sækja gripin beisla hann og spenna fyrir vagninn.

Eigandi Fiskhússins vissi að „ Drottningarinnar „ væri að vænta í maí og því um að gera að hafa afurð sína fullverkaða og tilbúna til afgreiðslu á hafnarbakkanum. Bygging Holdsveikraspítalans var langt kominn og reiknað með að vígja hann og taka í notkun á síðari hluta ársins. Búið var að manna flestar yfirmannastöðurnar á spítalanum. Enn vantaði nokkuð upp á að allar stöður hjúkrunarkvennanna fylltust vegna kröfu Oddfellow-hreyfingarinnar um hæfi og menntun kvennanna.

Þekkingarleysið á Holdsveikinni var þess valdandi að menn voru kærulausir með þetta smitaða fólk og sendu það oft í sveit eftir að sjúkdómurinn ágerðist og fólkíð að mestu orðið óvinnufært vegna

veikinnar sem plagaði það. Og í sveitinni bara var þetta holdsveika fólk með sitt smit. Aðhlyning þessara sjúklinga var lítil á bæjunum og allt merkt vankunnáttu og fáfræði þótt með góðum huga væri.

Menn væntu mikils af byggingu spítalans og töldu að með henni mætti losna við veikina úr landinu í eitt skipti fyrir öll.

Landsbankinn reisti sitt mikla bankahús í Austurstræti. Smíði byggingarinnar átti að ljúka um svipað leiti og Holdsveikraspítalans. Tvær stórar og gríðarmiklar byggingar voru í smíðum á sama tíma í borginni sem báðar mundu þjóna sínum tilgangi á meðal borgarbúa og landsins alls. Byggingarnar vöktu umtal, athygli og að mörgu leiti aðdáun fyrir stærð og hakvæmni.

Hjálpræðisherinn var reglulega með útisamkomur á lóðinni framan við hús sitt. Þar stóðu hermennirnir með gítara sína og Biblíur og sungu hressileg lofgjörðarlög sem dró fólk að. Þá myndaðist oft mikill mannfjöldi fyrir framan húsið sem tók þátt og hlýddi á sönginn og gladdist með í hjörtum sínum. Uppákoma Hersins var góð tilbreyting fyrir borgarana sem spókaði sig í sparifötunum á sunnudegi með fjölskyldum sínum. Upplagt var að staldra við í mannþrönginni og hlýða á gítarhljómana og raddaðan sönginn sem kórinn samanstóð af og heyra kjarnyrtan boðskapinn af vörum ræðumanns sem valdi fyrir sig að þjóna lifandi Guði.

Í byrjun maí lauk hefðbundinni vetravertíð bátanna.

Sandfjaran í Reykjavík þar sem bryggjur kaupmannanna voru í röðum fylltist bátum og mönnum sem unnu við sína báta ásamt að spjalla um liðna vertíð og aflahorfur sumarsins.

Böðvar á Blesa RE fékk loksins seglin sem hann ítrekað bað um að sér yrðu send frá Kaupmannahöfn og ekkert lengur að vanbúnaði fyrir hann að setja þau upp.



Búið var að ýta Fróða Ben RE niður í fjöruborðið og nógu langt út í sjóinn til að sjórin léki um hann á allar hliðar án þess að báturinn flyti almennilega. Þetta var algengt hjá sjómönnum og útgerðarmönnum í borginni sem vildu hreinsa botn báta sinna. Báturinn hallaði á bakborða og var svo velt yfir á hina hliðina þegar hliðin sem stóð upp hafði verið afgreidd og eins gert hinum megin. Hrafnkell stóð með kúst í hönd og nuddaði botn bátsins. Sumstaðar var gróðurinn svo fastur á að nota þurfti sköfu til að fjarlægja hann. Nonni var með sitt verkfæri og þreif sinn hluta bátsins. Annar byrjaði við stefnið en hinn við skutinn og unnu sig inn að miðju. Aðrir áhafnarmedlimir Fróða Ben voru í skúrnum þeirra ofar á kantinum og fóru yfir veiðarfæri ásamt að lagfæra það sem hafði farið aflaga um veturinn og taka til í honum og koma reglu á innanstokksmuni. Á meðan vertíðin varði og hasarinn hvað mestur áttu menn það til að kasta ýmsu þarna inn án þess að ganga frá hlutum sem gerði að verkum að of mikill tími fór orðið í að finna það sem leitað var að. Vertíðarlok voru góður tími til að koma skikki á bát og það sem skúrin geymdi.

### **Hrafnkeli berst tilboð.**

Hinn norski Oliver Henry var foringi í Hjalpræðishernum í Reykjavík í um tvö ár. Hann var einn af mörgum hermönnum sem stóðu fyrir utan Hjalpræðishersbygginguna á útisamkomum starfsins á sunnudögum.

Gott veður var úti og dæmigert vor í lofti. Grasið allt að taka við sér og lifna ofan í moldinni. Þennan dag gekk Oliver foringi eftir götunni sem bryggjur kaupmannanna stóðu við. Hann sá mennina sem unnu við báta sína við venjuleg vorstörf í lok vertíðar. Suma kallanna þekkti hann. Aðra kannaðist hann lítillega við. Hann kom auga á Hrafnkel sem stóð við bát sinn með kúst í hönd og skrúbaði botn bátsins af miklum móð. Pípan var í munni hans og gekk reykur út um annað munnvikið með jöfnu millibili. Oliver vissi að Hrafnkell elskaði Jesús og fjölskylda hans einnig.

Þar sem Oliver Henry hafði rúman tíma var hann ekkert að flýta sér og gekk í átt að Fróða Ben. Sporinn að baki honum leyndu sér ekki og sýndu vel í hvað átt hann gekk. Hrafnkell snéri baki í manninn og veitti honum ekki athygli:

„ Góðan daginn sjómenn góðir. Það er bara verið að þússa og kemba fleyð eins og bændurnir gera við klára sína áður en þeir leggja hnakkinn á þá og halda í sína kaupstaðuferð og koma til baka með eða án kaupstaðalyktarinnar. „ - Maðurinn tók ofan húfuna og klóraði sér í þéttu hárinu sem eilítið var byrjað að grána í vöngunum.

Hrafnkell tók upp eldspýtu og kveikti sér í nýrri tóbakshleðslu sem hann rétt áður hafði troðið í pípuhausinn.

„ Hvað sé ég! Heilann Hjálpræðishersmann á gangi í búningi og öllu tilheyrandi! „ - sagði Hrafnkell og lagði frá sér kústinn og fór til mannsins. Þeir tókust í hendur:

„ Nú, stundum yfirgefum við skjólið og kíkjum á lífið fyrir utan. Segir ekki Jesús líka að hvítir akrarnir sem okkur er gert að starfa á séu þar? „ - Oliver Henry veifaði til Nonna sem skrúbbaði eins og hann ætti lífið að leysa en varð að gefast upp við verkið og taka fram sköfu.

Eftir samtal um heima og geima snéri Oliver Henry sér að Hrafnkeli og spurði:

„ Heyrðu Hrafnkell. Mér datt í hug hvort þú vildir ekki segja nokkur orð við fólk á næstu útisamkomu Hersins á sunnudaginn kemur. Þú hefur margt til málanna að leggja með alla þína Guðlegu visku og reynslu af lífinu til sjós og lands. Og þar sem nú gefst stund milli stríða hjá ykkur finnst mér það alveg vera gráupplagt. Hvað segir þú nú minn kæri bróðir? „

Greinilegt var að Hrafnkell var ekki undir þessa spurningu búinn en hann fann Guðlega leiðsögn yfir henni og sagði því. „

„ Alveg sjálfsagt og takk fyrir gott boð. Klukkan hvað byrjar stundin hjá ykkur?„

„ klukkan 15,00 „ - sagði Oliver Henry.

## 18 kafli

Mennirnir kvöddust. Hrafnkell snéri sér aftur að botnhreinsuninni með Nonna. Nonni vildi festa sig við trúna og sjómenskuna. Á meðan Hrafnkell skrúbaði notaði hann tímann og bað til Drottins og leitaði vilja hans varðandi komandi sunnudag. Málið var að hafa ræðuna samkvæmt vilja Herrans til að söfnuðurinn mætti hafa af uppbyggingu.

Oliver Henry dró slitna hanska upp úr öðrum frakkavasa sínum og smeygði þeim upp á fingur sínar. Hann gekk rólegum skrefum eftir fjörunni til að spjalla við sjómann sem vann við bát sinn skammt frá Fróða Ben RE. Hrafnkell horfði á eftir honum og vissi hvað til stóð og bað hljóða bæn til Drottins um að maðurinn mætti verða snertur af því sem Oliver segði honum um Guð. Svo vel þekkti Hrafnkell hinn norska mann að hann vissi að Orðið bæri á góma í samtali mannanna.

Þessi sjómaður hafði oft hent gaman að trú Hrafnkels og virtist eiga langt í land með að festa sig við Jesús. Þetta var ástæðan fyrir bæn Hrafnkels.

Maðurinn var með allan hugann við vinnu sína og veitti því frakkaklædda manningum ekki athygli. Hann gekk meðfram bát sínum og lagðist yfir lunninguna við miðjan bát og teygði sig eftir einhverju á botninum.

Oliver Henry nam staðar við hlið bátsins þeim megin sem maðurinn bograði og þreifaði fyrir sér með höndunum orðin rauður í framan af auknu blóðstreymi til höfuðsins. Kristniboðinn virti fyrir sér það sem fyrir augun bar án þess að mæla orð af vörum. Skyndilega leit bátseigandinn til hliðar og varð gestsins var og rétti sig snögglega upp og hélt á goggi, hlutnum sem hann leitaði að. Andlit mannsins fékk aftur á sig réttan lit.

Fjarlægðin á milli bátanna var of mikil til að Hrafnkeli greindi orðaskil. Samt sýndist honum að Henry yrði lítið ágegn. Þetta merkti hann af handahreyfingum mannsins, höfuðhristum og hlátrum. Greinilegt var að Orðið var komið á dagskrá hjá mönnum. Þau vöktu sín viðbrögð hjá þessum sjómanni og starfsbróðir Hrafnkels.

Allt í einu greindi Hrafnkell orð frá manninum sem nú talaði á háu nótonum:

" Níuhundruð ára gamlir. Nei, hættu nú alveg minn kæri vinur og slakaðu örlítið á.... " – gríðarleg hlátursroka barst yfir til hans í kjölfar orðanna. Hrafnkell heyrði ekki meira en gat sér til um að Oliver hefði minnst á ritningavers í 1 Mósebók sem talaði um gríðarháan aldur manna. Sjálfur Nói (þið vitið, sá sem flaut upp með Örkinni í flóðinu sem þakti alla jörðina) var orðin níuhundruð og fimmtíu ára gamall er hann lést.

Öðru hvoru leit maðurinn yfir til báts Hrafnkels handviss um að hann ætti þarna hlut að máli og að þessi Hjálpræðishermaður væri á honum tengdur. Sem var alrangt. Hinn norskí Henry Oliver gegndi bara sínu hlutverki sem boðberi Jesús á jörðinni.

Nonni sá til þeirra og gat ekki orða bundist og sagði hlæjandi:"

" Karlinn er alltaf jafn þversum þegar kemur að trúmálum og jafn tilbúin til vandræða og áður og að henda gaman að þeim sem tala um frelsisverk Jesús. Alveg er þetta makalaus framkoma og skammsýni í mönnum. " - Á meðan Nonni talaði skoðaði hann verkið sem hann vann til að athuga hvort blettur hefði orðið eftir á þeim hluta botnsins sem hann taldi sig hafa lokið við:

" Já Nonni minn. Mönnum gengur misvel að meðtaka Jesús. Sjálfur var ég manna verstur að þessu leiti og vildi lengi vel lítt með þetta hafa. Ekki svo að skilja að aðrir mættu ekki trúa fyrir mér. Að trú væri eitthvað sem ég sjálfur þyrfti á að halda var af og frá. En eitt

leiddi af öðru uns Drottinn opinberaðist mér í dýrð. Síðan þá hef ég ekki verið sami maður. Sem segir mér að maður skildi aldrei fyrirfram dæma neinn mann úr leik. Drottinn hefur leiðir með hvert og eitt okkar. Sem er hið dásamlega við verkið og gefur manni sjálfum svo mikla von og vissu um að Orðið snýr ekki tómtil baka heldur festir djúpar rætur og ber ávöxt sem sést í trú manna og kvenna. " – Hrafnkell stakk höndunum í buxnavasann og gramsaði í honum án þess að finna það sem hann leitaði að. Eldspýtnastokkurinn sem hann stakk í vasa sinn um morguninn hafði losnað í sundur og var vasinn hálfullur af eldspítum. Sumar af þeim voru brotnar.

Nonni var ánægður með verkið:

" Jæja best er að gefa ekki út of stórar yfirlýsingar. Sjálfur var maður ekki til beinnar fyrirmyndar. " – Nonni greip kústinn og lauk verkinu. Þá var hægt að velta bátnum á himna hliðina og gera sama þeim megin.

Hrafnkell stakk hendinni í hinn buxnavasann og svo í rassvasann og fann þar bréfssnifsið sem hann hafði hripað á nokkur atriði sem hann vildi láta vinna og helst ljúka fyrir kvöldið.

Hann leit á miðann á meðan hann talaði:

" Oft er það líka ágætt ráð fyrir menn.

Væri fortíð manna skoðuð og grafinn upp á yfirborðið kæmi margt fram sem þætti ekki mikil fyrirmynd að. En Jesús horfir ekki á hana. Og segir ekki Páll á einum stað að hann geri eitt og gleymi fortíðinni en horfi fram á veginn. " - Hrafnkell vildi ekki setja sig í dómarsæti hvorki varðandi þennan mann né heldur nokkurn annan aðila. Guð ein var enda sá sem á endanum dæmir: -

Þú ert bara búinn með hliðina. Dugnaðarforkur ertu. " -

Hrafnkell sá að Oliver Henry dvaldi enn með mannum og var kominn með Biblíuna í hönd og byrjaður að lesa upphátt fyrir hinn harðgerða og stífa mann og starfsbróðir.

Allt í einu tók maðurinn bakföll af hlátri og benti með hendinni sem var greinilegt merki til kristniðans um að nóg væri komið. Að nú skyldi hann loka Biblíunni og gefa sér vinnufrið. Mennirnir tókust í hendur og kvöddust eins og síðuðu fólki sémir.

Þvergirðingurinn úr sjómannastétt horfði á eftir Oliver Henry ganga upp fjöruna og stinga bókinni aftur í vasa sinn. Hann snýtti sér með fingrunum, hristi höfuðið og bar hendurnar upp að munninum og kallaði yfir til Hrafnkels:

" Hættu svo að senda trúboðana þína yfir til mín. Þú veist að verkið er bara tímaeyðsla. " - sagði maðurinn hlajandi og hélt áfram við verkið sem hann var tafinn við af gestinum.

Engin illska eða ásökun var falinn í orðum hans. Í gegnum tíðina höfðu þeir oft deilt ýmsu hvorir með öðrum varðandi miðinn á Flóanum og þegið góð ráð sem mismunandi reynsla gaf þeim. Hinu var samt ekki að neita að trúin gerði þarna ákveðin aðskilnað. Sem er fullkomlega eðlilegt. Er enda fátt sameiginlegt með svörtu og hvítu, myrkri og ljósi, góðu og illu.

Hrafnkell brosti. Orð mannsins komu honum í sjálfu sér ekki á óvart. Hann hafði allt eins átt von á slíkri sendingu úr þessari átt. Seinna myndi honum vinnast tími til að skíra út fyrir honum að hann hefði enga hlutdeild átt í komu Olivers. Heimsókn Hjálpræðishersmannsins var bara enn ein sönnun þess að Guð hafði sérstakan áhuga á að fá hinn harðgerða sjóhund í sínar raðir. Og til þess þarf stöðugt að hamra steininn og suma steina oftast en aðra steina.

Kaupmannsvagninn ók eftir götunni sem bryggjur kaupmannanna stóðu við. Tveir glæsilegir hestar voru spennir fyrir vagninn og sat

ekillinn í sæti sínu og hélt um langa taumanna. Baddi Kidd kaupmaður sat í ekillssætinu íklæddur dýrindis yfirhöfn eins og oftast áður er hann fékk sér ökutúr í fína vagninum sínum. Spariklætt fólk sat í sætinu fyrir aftan manninn einnig klætt vefnaði sem almenningur hafði trauðla efni á að kaupa sér. Við hlið hans sat ungur drengur sem virti spenntur fyrir sér það sem gerðist í kringum þessa glæsikerru. Vel hirtur vagninn endurkastaði sólargeislunum af krómuðum listum sem gerði vagninn enn glæsilegri.

Ekki var laust við að eilítill ónotatilfinning færi um hjarta Nonna þegar hann sá vagninn aka eftir götunni og nálgast staðinn sem bátur Hrafnkels var á. Sannast sagna var samviska hans ekki alveg hrein þegar kom að þessum manni því að kvöld eitt fyrir um þremur árum hafði hann með aðstoð kúbeinsins brotist inn í verslun Badda Kidd í Austurstræti og hirt þaðan peninga sem hann hvarf með út í myrkrið til eigin nota. Verknaðurinn hafði aldrei upplýst þótt hann hafi verið tekinn til yfirheyrslu og fluttur á stöðina í vörslu hins danskættaða Ólsen Larsen naturvarðar.

Vagn Badda Kidd stöðvaðist á veginum fyrir ofan Fróða Ben. Um fimmtíu metrar aðskildi þá hvora frá öðrum. Baddi Kidd snéri sér að fólkinu í aftursætinu og talaði við það. Greinilegt var að umræðuefnið voru sjómennirnir sem unnu við báta sína í fjörunni sem sjá mátti á því að fólkið horfði til bátanna hneigði við og við höfuðin og sýndi orðum kaupmannsins áhuga.

Sú hugsun læddist að Nonna að Baddi Kidd væri að tala um sig. Og vegna hugsanna sinna valdi hann að láta lítið fyrir sér fara og bátinn hylja sig. Hann þóttist þurfa að skoða blett örlítið nánar alveg niður við kjöl. Þaðan gat hann svo séð upp á veginn og þangað sem vagn Badda var. Nonna fannst eitt augnablik að hann væri aftur kominn í sitt gamla far og ákvað því að hrista slenið af sér. Gamla var farið og ófært að vera að taka það aftur upp núna til þess eins að láta slá sig út af laginu og skemma fyrir sér annars prýðilegan dag. Nonni vissi hverjum hann þjónaði og einnig að þjófurinn í honum var dauður. Kannski að þetta óuppgerða mál væri ástæðan fyrir neikvæðum viðbrögðum hans. Í einni ræðu séra Þorgríms Dómkirkjuprests sem



Nonni hlýddi með athygli á hafði hann rætt um mikilvægi þess að menn hreinsuðu af borðinu með hjálp Drottins. Orð prestsins töluðu sig inn í hjarta Nonna.

Baddi Kidd sló taumnum létt í bak hrossanna sem þegar tóku viðbragð og vagninn hélt áfram.

Eilítið létti á Nonna. Nonni sá nú að það að eiga eitthvað óuppgert í lífinu var ekki gott og brást rétt við er hann bað Guð um að gefa sér styrk til að klára málið andspænis Badda Kidd.

Dagur var að kveldi kominn. Áhöfninni tókst að ljúka sínu verki og voru karlarnir fegnir er Hrafnkell lokaði skúrnum og hver hélt til síns heima að lokinni þökkalegri vertíð. Fróði Ben RE lá fyrir ofan stórstraumsflóð á hefðbundnum stað studdur nokkrum stoðum sem reknar voru niður í sandinn sem héldu fleyinu á réttum kili.

Ljóst var að ein til tvær vikur mundu líða uns sumarróðrarnir hæfust. Menn sáu fram á eilítið frí nema saltfiskvinnslan kallaði eftir kröftum þeirra á biðtímanum. Slík liðsbón verkunarinnar var ekki með öllu óþekkt í Reykjavík.

### **Sunnudagur. Predikun Hrafnkels.**

Sunnudagurinn rann upp. Bjargveig tók undir með Oliver Henry um að maður hennar hefði margt til málanna að leggja þegar kristinni trú var annars vegar. Læknirinn Hákon Lúðvík var sama sinnis og móðir hans og hvatti föður sinn til dáða og verka. Lengi hafði Hrafnkell verið tregur til að stíga í ræðustól en í þetta skipti var hann handviss. Fólkið heima staðfesti vissu hans með jákvæðum viðbrögðum.

Venjan var að sunnudagssamkomur Hjálpræðishersins færu fram á Lækjartorgi. Þar spilaði hersveitin og lofaði sinn Guð allt frá því að herinn nam hér land nokkrum árum fyrr. Hver samkoma fyrir sig gegndi margþættu hlutverki. Hún byggði upp og margir fengu að heyra um Krist, jafnvel í fyrsta skipti. Sumir tóku á móti Jesús.

Reykvíkingar voru orðnir vanir því að sjá einkennisbúið fólk með gítara sína syngjandi margraddaða sálma með innlifun hins trúaða.

Hrafnkell, Bjargveig og Hákon Lúðvík voru öll klædd spariklæðnaði. Böðvar á Blesa RE kíkti í heimsókn fyrir um morguninn. Er hann frétti hvar Hrafnkell ætlaði að eyða deginum brást hann fyrst við með hlátri. Þegar hann sá alvöruna breyttist afstaða hans og Böðvar sagðist koma og hlýða á ræðuna.

Er skipstjórinn á Blesa var á leiðinni út eftir að hafa þegið kaffitár og brúnköku hjá heimilisfólki snéri hann sér við í dyrunum:

„ Klukkan hvað byrjar þetta þarna á Lækjartorgi? ” -

„ Klukkan þrjú vinur! Mundu eftir að bjóða konunni með. Hún hefur svo gaman af því hressilegum lofgjörðarsöngvum. „ - sagði Hrafnkell sem stóð fyrir framan spegil í eldhúsinu með skæri í hendi og snyrti skegg sitt eftir hálfgerða vanhirdu á vetrarvertíðinni:

„ Ég skal nefna þetta við hana en ég lofa samt engu. En sjálfur kem ég. Sé eitthvert barnabarnið í heimsókn er aldrei að vita nema það fái til að koma með afa sínum. „ - Hurðin lokaðist að baki honum. Á leiðinni niður tröppurnar fékk Böðvar enn eitt hóstakastið sem keyrði hann í keng og hann neyddist til að styðja hendi á handriðið uns kastið leið hjá. Þá fór hann í brjóstvasa treyjunnar og tók fram pípuna og tóbakið, tróð í hausinn og kveikti sér í og saug reykin djúpt ofan í lungun:

„ Böðvar er allur að mýkjast „ - sagði Hákon Lúðvík og renndi upp bindishnútnum:

„ Það kæmi mér ekki á óvart þótt Böðvar karlinn ætti eftir gefa Jesús líf sitt og að styttra sé í það heldur en okkur grunar. „ - Hákon losaði beltið og buxnastrengin og girti skyrtuna ofan og buxurnar og leit yfir öxlina á föður sínum og skoðaði andlit sitt í speglinum. Hvít

skyrtnan fór vel við svart bindið og dökku jakkafötin hans. Og ekki dapraði nýklippt hárið þessa spegilmynd.

„Já, það hefur orðið gríðarleg breyting á manningum á síðustu vikum og mánuðum. En ég er alltaf jafn hissa á því að karlinn skuli ekki hætta þessum pípureykingum sínum vegna hóstans. „ - sagði Bjargveig sem stóð við hurðina og beið eftir karlpeningnum í húsinu:

„Ertu viss um að hóstinn stafi frá reykingunum? „ - sagði Hrafnkell og klippti síðasta klippið af skegginu og lagði skærin frá sér í gluggakistuna renndi fingrum í gegnum hárið:

„Jæja, þá er ég tilbúinn um leið og ég er kominn í jakkann. „ - Hrafnkell gaf konu sinni ekki færi á að svara síðustu athugasemd sinni.

Á Lækjartorgi var allt tilbúið fyrir stundina. Fólk var byrjað að tínast á staðinn og benti margt til margmennis þegar herlegheitin byrjuðu stundvísleg klukkan fimmtán.

Oliver Henry var mættur ásamt föngulegri sveit Hjálpræðishermanna. Á slaginu fimmtán byrjuðu gítararnir, tromman og lúðrarnir að hljóma um svæðið. Vel æfður söngurinn bættist við og úr varð samfelld fegurð sem einungis næst þegar hjarta mannsins er beintengt við skapara sinn og frelsara Jesús Krist.

Fólk var enn að tínast á svæðið í sínu fínasta pússi og sáust hattar og húfur hreyfast til og frá um Lækjartorg. Úti var logn og öðru hvoru sól sem baðaði umhverfið sterkum geislum uns skýin drógust fyrir og lokuðu henni leið. Halda mætti að ægileg barátta stæði skýjum ofar um athygli manna og kvenna á jörðu niðri.

Hrafnkell var tilbúinn með ræðu sína og búinn að merkja við ritningarstaðina sem hann hugðsit leggja út af í ræðunni.

Söngurinn þagnaði og Oliver Henry sté fram og kynnti ræðumann dagsins fyrir samkomunni. Klapp barst frá fólkinu og Hrafnkell steig í þútið laut höfði og bað fólk að biðja með sér stutta bæn:

„ Ágætu áheyrendur! Bræður og systur! Það er mér sérstakur heiður að fá að deila með ykkur Orði Guðs í dag. Og gaman að sjá þig hér meðal okkar Þorgrímur minn. „ -

Séra Þorgrímur brosti uppörvandi til ræðumanns og lagaði húfuna á höfði sínu:

„ Það sem ég hyggst tala um við ykkur er mál sem lengi hefur brunnið mér á hjarta og tengist vitaskuld því sem ég hef fengist við alla mína ævi sem er líkt og mörg ykkar vita sjósókn. Þar hef ég notið þeirra forréttinga aftur og ítrekað að sjá hönd Guðs vera yfir fleyinu. Hingað til hefur fleyið skilað mér og áhöfn minni heilli í höfn. Margir af mínum mönnum er trúað fólk sem eins og ég biðja bænir og leggja ferðina alfarið í hendur hans sem öllu ræður. Og er það gríðarlegur styrkur fyrir hinn trúaða sem nýtur slíkra forréttinga að hafa annað fólk í kringum sig sem líka leggur traust sitt á sama Guð. „ -

„ Amen „ - barst frá nokkrum úr áhorfendahópnum.

Töluvert hafði bæst við af fólki og ekki fjarri lagi að hann teldi orðið þrjú- til þrjúhundruð og fimmtíu sálir:"

„ Allir borgarbúar vita að mikið gæftaleysi var í upphafi vertíðar og kenna margir Enskum um fiskileysið og þessum öflugum veiðarfærum sem þeir brúka og draga eftir botninum á sínum gríðaröflugum og stóru skipum. Ef við horfum aftur í tímann - sem erum komnir til ára okkar - er gæftaleysið engin ný bóla og óvíst um hvort botnvarpan spili þar einhverju lykilhlutverki. Og svo er það nú bara þannig að erlendir sjómenn hafa lengi veitt við strendur landsins og hefur svo sem ríkt ágætt samvinna við þessa menn. Það sem er hins vegar breytt og líka svolítið frekt af enskum er hversu einstrengingslegir

þeir eru á miðunum og lítt sveigjanlegir. Í vetur sem leið þurftum við í nokkur skipti að hífa inn veiðarfærin og færa okkur til að togari stímdi ekki á okkur. Formaður má ekki hætta líf manna sinna og báts síns. Það segir sig sjálft. Og er ég var á leið hingað áðan og staddur upp á hólnum mínum, eins og ég kalla hann, og leit út á Flóann sá ég í mastur þriggja togara sem veiddu upp í harða landi.

En hvað getum við gert nema að biðja til Drottins um réttlæti okkur til handa? Ekki svo að skilja að mér sé þægð í því að hrekja enska í burtu af veiðisvæðinu heldur að samið verði við þá með einhverjum hætti og virtur aldagamall réttur reykvískra- og hafnfírskra sjómanna og annarra sjómanna er stunda veiðar á Flóanum til að sinna sínu starfi með reisu - eins og verið hefur. „ -

Í þessa veru var ræða Hrafnkels og mæltist hún vel fyrir hjá áheyrendum. Í öllu þessu lofaði hann Drottinn sinn og lausnara og gaf honum alla dýrð og trúði því að allt myndi fara vel að lokum og réttur þjóðarinnar virtur þegar til lengri tíma væri litið.

Á meðan ræðan stóð leit Hrafnkell annað veiðið yfir hópinn og sá Böðvar og konu hans í mannfjöldanum og hélt Böðvar í höndina á sonarsyni sínum. Skammt fyrir aftan hann sást í hinn hávaxna næturvörð Ólsen Larsen sem einnig var með konu sinni. Andrés var þar líka og með honum Unnur Ísabella. Nonni mætti og sá Hrafnkell hvar hann olnbogaði sig áfram í þvögunni til að komast sem næst púltinu. Þetta kveikti bros á vörum hans er hann sá falslausan áhuga mannsins.

Og hvert í hoppandi! Stóð ekki Þóra gamla - héra - geðilla þarna og með henni Karl maður hennar. Og beint fyrir framan hann var Sighvatur gamli, sá sami og færði borgurunum vatn í fötum og tilheyrði stétt vatnsbera.

Eftir ræðuna sté Oliver Henry fram ásamt hljóðfæraleikurum og söngvurum. Um fimmleitið var svo allt yfirstaðið og hver fór til síns heim eftir vel heppnaða stund í anda Krists.

## 19 kafli

Sólin vildi ólm fá að baða mannautt torgið geislum sínum. Dropar féllu úr lofti. En sólin var úr leik að sinni

Engin hamarshögg heyrðust frá mikilli steinbyggingunni sem Landsbanki Íslands reisti í Austurstræti undir fé einstaklinga og fyrirtækja. Smiðirnir voru í frí eins og flestir aðrir reykvíkingar á sunnudegi. Sjálfum kirkjudeginum og dags messunnar hvort sem var hjá séra Þorgrími inn í Dómkirkjunni eða öðrum prestum sem þjónuðu sínum söfnuðum í Reykjavík. Á mörgum stöðum mátti sjá þjóna Guðs að störfum á sunnudegi.

Róninn sem oft sást á svæðinu og virtist hafast þar við hvenær sem því var við komið tók sér þó ekki pásu á þessum degi heldur hímdi þar sem hann oftast studdi öxl við vegg og bragðaði á veigunum. Stundum stóð hann í mannhafinu umhverfis fólkið í einkennisklæðnaðinum sem spilaði og söng til lofs og dýrðar Drottni. Stundum fengu þessir tónar hann til að líða ögn skár, stundum ekki. Allt eftir því hvort nóg væri á flöskunni sem hann bar í beltinu eða farið var óþægilega mikið að grynka á birgðunum og hann orðin smeykur um að þynnast upp. Boðskapurinn náði ekki alla leið inn til hjartans. Hjartað fór því jafntómt og það kom. Í hvert sinn sem róninn stóð þarna innanum lofgjörðina og predikunina má samt segja að upp úr steininum hafi kvarnast. Drottinn klárar verk sem hann byrjar á og gefur sér allan tíma sem þarf. Allir fá sinn möguleika á að láta steinhjartað víkja fyrir hjarta úr holdi, sem er gjöf Guðs.

Róninn var einn af fjöldanum sem hlustaði á ræðu Hrafnkels. Hann gladdist í hjarta sínu við að sjá sinn gamla formann standa í púltinu og tala svo fallega um Drottinn. Vitaskuld vissi hann um trú Hrafnkels. Hún hafði aldrei farið leynt hjá þessum virta formanni í borginni, hvorki um borð í Fróða Ben né heldur annarstaðar þar sem þessi maður var. Róninn átti um stund í mesta basli með tárin sem heimtuðu að komast út og renna sína leið niður kinnar örþreytt mannsins sem svo oft var óhirtur á götunni með vínið sem sín einu

verðmæti. Stundum varð hann fyrir aðkasti í borginni og menn hreyttu hreyttu í hann ónótum og að hætta þessu rónastandi sínu. Eins og eyndin af völdum vinnotkunarinnar væri ekki nægjanleg refsing fyrir hann. Og hvernig átti hann að fá losnað frá því sem hann var rammflæktur í? Engin gat svarað honum þessu nema sá sem átti Jesús í hjarta sínu.

Vissulega hafði róninn átt sína góðu daga og vissulega hafði honum liðið vel um borð í Fróða Ben og fundist gott að lúta stjórn Hrafnkels sem að hans áliti var sanngjarn maður og réttlátur og ekkert hörkutól við menn sína heldur mildur og nærgætinn.

En þetta var fyrir mörgum árum og gerðist áður heldur en Bakkus náði á honum tókum og flæmdi hann út á göturnar þar sem hann nú hafðist við hvernig sem viðraði árið um kring. Og með öxl upp við húsvegg reyndi hann að skýla sér fyrir regninu sem hertist á án þess að veggskömmin megnaði að veita hið fullkomna skjól. Þeir voru tímar að hann átti heima við tiltekna götu í tilteknu húsi í borginni og deildi kjörum með foreldrum og systkinum og gat sest í stóllinn sem faðir hans hafði átt en gefið honum. Er foreldrar hans báðir voru látnir og hann kominn í greipar Bakkusar beið gatan eftir honum. Í engin hús var lengur að venda.

Fólkið sem hópaðist saman á þessu torgi og hlýddi á fagran sönginn og predikun formannsins slapp við regnið. Nema það sem var lengst að komið.

Sem fyrr þurfti róninn að láta ofankomunni yfir sig ganga og þakka fyrir hvert skjól sem unnt var að skjótast í til að verða ekkil líka jafn blautur að utan og hann alla jafna var að innan.

Kominn var hellirigning. Þökin við Austurstræti skiluðu vatninu til jarðar. Vatnspollar mynduðust á götunni. Dropahljóð heyrðust er vatnið skilaði sér ofan af þökunum og skall til jarðar. Stundum feyktist vatnið langar leiðir til hliðar er vindhviðurnar gripu með sér dropanna uns aðdráttaraflið greip í taumanna og dropinn missti flugið og skall niður þar sem hans beið að fletjast út.

Húsmóðir sást koma út í garðinn heima hjá sér og hlaupa að snúrunum og taka í miklum flýti saman þvottinn sem hún hafði hengt upp um morguninn. Á eftir henni kom krakki. Móðir og barn unnu sitt verk í miklum flýti og hlupu svo í skjólið heima með fullt fang af hreinum þvotti úr þvottalaugunum. Regnið kallaði fram skjót viðbrögð fólks sem biðlaði til þurrsins og vonaði að hann héldist uns þvotturinn væri orðin þurr. Að þessu leiti var reykvíska húsmóðurin á sama stað og bóndinn sem nýttar tún til heyskapar. Bæði voru háð veðri og vindum til fá unnið sitt verk. Stöðug aðgæsla var það sem gildi vildu menn sleppa með skrekkinn

„Hvaða kall situr þarna úti í rigningunni? Hví fer hann ekki heim til sín áður en hann rignir í kaf? „ - heyrði róninn barnið spyrja móður sína:

„Hann á hvergi heima og er bara þar sem stætt er hverju sinni. „ – svaraði móðirin barninu án þess að líta á manninn sem barnið nefndi. Hún þurfti ekki að gá. Vissi við hvern var átt:

„Er hann þá fyllibytta „ – barnið hélt áfram að í sakleysi sínu.

„Uss barn. Svona talar maður ekki. „

Hurðin skall að stöfum. Róninn heyrði ekki meira. Eina sem nú barst til hans voru vinduhviðurnar og regnið sem allt vætti.

Hann skellti í sig vænum sopa og gekk yfir götuna og inn í skotið sem útidyrhurð verslunarinnar á móti var í. Verslunin seldi fatnað og ýmsan annan tauvarning. Á bak við læstar dyr stóð stórt skilti sem á var lettrað:

„Ódýrustu fötin í borginni fást hér. Saumuð úr úrvals efni. Komið og gerið góð kaup. „ – Ör fyrir neðan textann vísaði veginn að versluninni. Að morgni nýs dags yrði þetta auglýsingaskilti aftur sett út og vísa veg.



Rónin horfði á úlpugarminn sinn sem skyldi efri hluta líkamans og svo buxnaðarmanna og skóræflanna. Úlpan var slitin en gerði samt sitt gagn. Enda fóðruð innan með lambsskinni sem veitti vitaskuld sína vernd. Bæði hnén á buxnaðörmunum voru götött og skórnir „ brostu „ orðið og hleyptu inn vatni í gegnum lausa sólana fremst og slitna og tærða götótta botna.

Hann kíkti á gluggann og sá allan fallega fatnaðinn inni:

„ Mikið væri gaman að eignast þó ekki væri nema einn jakka „ – hugsaði maðurinn og lét sig dreyma um flíkina. Eins og ósjálfrátt fór höndin á hurðarhúnninn. Og viti menn. Dyrnar lukust upp. Búðareigandinn hafði gleymt að læsa á eftir sér er hann yfirgaf vinnustað sinn fyrir helgina. Á dauða súnnum átti hann von en ekki að útidyr fataverslunarinnar væru ólæstar. Aldrei áður hafði hann upplifað neitt þessu líkt. Manninum brá.

Hann leit á buxur sínar og svo á fallegu brókina sem hékk snyrtileg á herðatré í fáeina metra fjarlægð. Á vegg gegnt honum stóðu þessir líka fínu skór. Hér var ákveðinn vandi kominn upp. Samviskan sagði nei en aðstæðurnar já. Ægileg togstreita byrjaði hjá honum. Þótt hann væri róninn í bænum hafði engin samt hermt upp hann þjófnað. Vissulega stóð hann frami fyrir stórra freistingu með hálfónýta leppa yst sem innst og dýrindis fatnað á herðatrjáum spölkorn fyrir framan sig og engin maður sjáanlegur.

Róninn steig aftur út og hallaði sér upp að rúðunni við hlið hurðarinnar og andaði nokkrum sinnum djúpt að sér, eins og til að nægt súrefni bærast örugglega ofaní lungun. Eitt augnablik náði óttinn á honum tókum og svitinn spratt fram á enninu. Hjartað barðist um í brjósti hans vegna þess sem hann upplifði. En svo sveigðist hugsunin inn á aðra braut tengt eigin aðstæðum og hann íhugaði að fara inn og leggja sig litla stund á bekk eða á gólfið og komast í eilítið skjól þó ekki væri nema stutta stund:

„ Nei, þetta geri ég ekki. Ég er engin þjófur bara drykkjumaður. „ – Hann teygði sig í smekklásinn og smellti upp takkanum og lokaði dyrunum.

Regnið skall með miklum gusugangi á jörðina. Róninn var orðinn þreyttur og átti orðið í mesta basli með að haldast vakandi. Fætturnir vildu gefa eftir en viljinn til að standa var enn til staðar. En fætturnir höfðu vinninginn og maðurinn byrjaði að síga rólega niður eftir veggnum.

Lögregluþjón á vakt koma gangandi niður Laugaveg. Hann blístraði lagstúf fyrir munnni sér og sveiflaði kylfunni til hægri og vinstri á göngunni eins og regnið og aukin vindurinn kæmi honum ekkert við. Engin var á ferli í þessu veðri og rólegt framundan. Neðst á Laugaveginum stoppaði hann stundarkorn og skoðaði í búðarglugga. Verslunin seldi ýmsan varning og muni til skrauts. Hann hugðist snúa við og halda sömu leið til baka en eitthvað fékk hann til að hætta við. Hann snéri við og hélt áfram. Er hann kom yfir í Austurstrætið sá hann andlit blasa við sér og þekkti undireins manninn sem það átti:

Róninn tók ekki eftir lögreglumanninum og rann í brjóst og byrjaði aftur að síga niður vegginn á fótum sem voru lúnir og svolítið fúnir en styrktust á milli og lyftu manninum upp.

Lögreglumaðurinn gekk til hans þreif í öxlina á honum.

Rónanum brá við:

" Hvað, hvað er í gangi? – sagði hann og skrúfaði tappann af flöskunni.

„ Jája karlinn. Hér stendur þú þá og skýlir þér og orðin frekar þreklítill. Komdu og gakktu með mér niður á stöð og sofðu í klefanum til morguns. „

„Æ „ – sagði róninn:

„ Slepptu mér nú í þetta skiptið og láttu mig í friði. „

„ Kemur ekki til mála góði minn. „ – Lögreglumaðurinn tók undir handlegg hins og togaði hann af stað. Róninn stympaðist eilítið á móti en lét fljótt undan og gekk með lögreglumanninum sömu leið og hann hafði svo oft áður gengið. Stundum í fylgd sama lögreglumanns, stundum annarra. Og einstaka sinnum Ólsen Larsen sem gekk sína næturvakt með embættishúfuna uppi. Á leiðinni leit hann um öxl til að fullvissa sig um að dyrnar væru örugglega lokaðar. Hann ákvað að vera ekkert að segja lögreglumanninum frá ólæstri versluninni. Það myndi bara misskiljast.

Engin var á ferli við Austurstræti eftir að róninn og lögregluþjóninn voru farnir. Ekki einu sinni fuglar flögruðu um svæðið. Aðeins regnið sem hamaðist við að stækka pollana og breyta götunum í vatnselg aur og leðju.

### **Heima hjá Hrafnkeli.**

Hrafnkell kom heim ásamt sínu fólki. Allir voru glaðir og ánægðir eftir blessunina sem þeir upplifðu á samkomu Hjálpræðishersins. Með þeim kom Ólsen Larsen og kona hans og Andrés ásamt unnustu sinni Unni Ísabellu. Bjargveig hafði tekið sig til og bakað pönnukökur og gert kakó sem hún hugðist bera fram að stund lokinni. Þótt þetta væri ekki reglan á heimil Hrafnkels voru kakó og pönnur samt algengar eftir stund.

Regndropar heyrðust falla á járnplötur þaksins:

„ Nú vorum við heppinn. Við vorum rétt stiginn inn fyrir dyrnar er fyrstu droparnir féllu „ – sagði Ólsen og settist í stól í stofunni:

„ Þetta eru bara blessunarskúrur sem gera gróðrinum gott „ – sagði Hrafnkell og fór úr jakkanum og hengdi hann á herðatré og gekk að

speglinum og greiddi skeggið með bursta sem lá á hillu undir speglinum:

„ Á meðan þú varst að tala áðan varð mér litið í kringum mig. Og hvað sé ég? Albert Leifsson sjálfan vera á stjái innanum fólkið og það á kristilegri útisamkomu á Lækjartorgi og kominn innanum allt skrítna fólkið sem varð honum svo oft aðhlátursefni. Karlinn er þá ekki eftir allt saman eins harður í sinni afstöðu og hann lætur í veðri vaka. „ – sagði Andrés sem stóð við stofugluggann og fylgdist þaðan með andapari sem gekk sínu vaggandi göngulagi um túnblettinn:

„ Hvað segirðu? - sagði Olsen Larsen faðir hans undrandi og vætti vísifingur sinn munnvatni og strauk yfirvarseggið með sérstakri natni:

„ Ertu viss um að þetta hafi verið Albert sem þú sást? Það væri þá nógu ánægjulegt. „

„ Alveg handviss! Þegar hann kom auga á mig var ekki laust við að karlinn yrði svolítið flóttalegur í framan. Og kannski var ég verstí maðurinn sem hugsast gat fyrir hann til að rekast þarna á., - Andrés fylgdist enn með öndunum og sá hvernig regnið jókst. Endurnar hófu sig til flugs og hurfu í suðurátt. Hann snéri sér að fólkinu inni:

" Er andaparið á blettinum fyrir utan gluggann. " – spurði Hrafnkell. Hann hafði tekið eftir því að eitthvað utandyra vakti áhuga Andrésar:

" Já, en núna eru þær flognar burt: " -

" Þessar hafa komið árum saman á vorin og haldið tryggð við heimilið.

Jæja já! Var Alfreð blessaður á svæðinu. Ég veitti honum ekki athygli úr púltinu þó að ýmsir bæru fyrir augu mín. Svo sannarlega vona ég að Oliver Henry hafi komið auga á manninn. Það hefði örugglega glatt hann eftir meðferðina sem hann fékk um daginn er

hann hitti karlinn við bát sinn. „ - sagði Hrafnkell og settist í sófann sem brást við skyndilegum þunganum með langdregnu braki.

„ Já, varð Albert dálítið skritinn í framan er hann sá þig Andrés minn? Þetta getur gerst hjá fólki sem tekur stórt upp í sig og heldur sig við sitt en meinar samt ekki allt sem það segir og gerir meira svona til að fá þvargað um eitthvað og að vera á móti, svo einkennilegt og það nú er. „ - Hrafnkell hló.

„ Ég vona að allir sé svangir því nú ber ég fram pönnukökurnar sem ég bakaði í gær og kakóið sem ég útbjó áður en við fórum á samkomuna. „ - Bjargveig kom inn með sneisafullan disk af girnilegum pönnsum, sykurskál fulla af sykri og berjasultu í annarri skál og lagði allt frá sér á borðið í stofunni og snéri við til að sækja drykkinn, bollanna og áhöldin.

Unnur Ísabella stóð á fætur til aðstoða Bjargveig:

„ Elskan mín! Þetta er ekkert mál. Sittu bara áfram og láttu fara vel um þig. „ - sagði Bjargveig við ungu konuna og kom að vörmu spori inn með restina:

„ Gjörið svo vel og bragðið endilega á öllum tegundum.

Bíðið aðeins! Förum fyrst með stutta bæn og þökkum Drottni velgjörðir hans. - Ólsen ert þú ekki til í biðja fyrir okkur? „ - Bjargveig gat ekki hugsað sér að hefja borðhaldið án bænar.

„ Þó það nú væri. „ - Olsen Larsen laut höfði ásamt öllum inni:

„ Kæri almáttugi Faðir! Ég þakka þér stundina í dag og einnig fyrir að Albert skyldi láta sjá sig. Varðveittu hann og okkur öll og leiddu hann til þín og inn í þitt hús. Við þökkum fyrir mat og drykk og biðjum þig að varðveita heimili okkar, Fróða Ben og áhöfnina og gefa Hrafnekli áframhaldandi visku til að leiða áhöfn sína farsællega um Flóann og að fisksæld verði á komandi sumri og að engin

mannskaði verði á Flóanum. Ég legg bændurna fram og bústofninn. Verndaðu þetta land. Í Jesús nafni. Amen. „

„ Amen „ - kvað fólkið inni í samstilltum kór.

Glamur í leirtaui barst um inn í stofunni. Kakói var hellt í glös og bolla og mjólk bætt úti. Pönnukökurnar fengu og sína athygli fólksins. Allt hvarf þetta ofan í maga fólksins og vermdi það innan.

Meðfram þessu var rætt um landsins gagn og nauðsynjar og nauðsýn þess að viðhaldast í trúnni á upprisinn Jesús og láta rödd hans óma og hljóma í umhverfinu. Allir inni voru sammála um að ekki veitt af eins og ástandið væri orðið og allt kuklið sem viðgekkst í borginni.

Á sama tíma var Sveinn Óskarson úr Keflavík í borginni ákveðinna erinda. Hann reið klárnum sínum með annan til reiðar. Aukið regnið lenti vitaskuld á honum eins og öðrum sem voru utandyra. Ekki þýddi að fást neitt um það. Hann hafði mælt sér mót við mann á þessum degi. Engin ræður yfir veðrinu nema Guð einn. Og menn sinna sínum erindum eins og ráð var fyrir gert.

Til að stytta sér leið beygði hann klárnum til vinstri og reið inn þvergötu. Fákar stóðu bundnir við steina við nokkur hús við þessa götu. Hrossin voru merki um að heimsókn stæði yfir og voru ósköp aumlegir standandi óvarðir í allri vætunni.

Regnið viðhélst. Svenni Mæju var orðin blautur í gegn. Mjúk jörðin undan bleytunni kæfði að mestu hófadyninn.

„ Mikið væri gaman að komast í húsakjól litla stund og fá ærlegan kaffisopa og einhverja hressingu til að ylja sér aðeins og komast inn úr þessu veðri þó ekki væri nema stutta stund „ – sagði Svenni Mæju við sjálfan sig. Hús Hrafnkels formanns var framundan á hægri hönd. Hann mundi vitaskuld eftir þessu hús. Þangað kom hann til að sækja hlut sinn á meðan hann réri á bát Hrafnkels:

„ Kannski að ég ái litla stund og berji að dyrum hjá mínum gamla formanni og heilsu upp á hjónin. Við getum alltént beðið saman og uppörvað hvort annað í Orðinu. „ – Hann sló í klárinn sem þegar greikkaði sporið. Innan tíðar kom hann að húsinu. Sveinn fór af baki, batt kláranna við stein sem stóð við enda hússins tók upp vasaklút og snýtti sér og gekk að útidyrnum. Hrossin fnæstu og kröfsuðu fótum í jörðina.

Hann bankaði. Og svo aftur. Fótatak heyrðist. Hurðarhúnninn snérist og brosmilt andlit eldri konu blasti við.

„ Góðan daginn! Byr ekki Hrafnkell Ámundason í þessu húsi? - Hann kannaðist ekki við þessa konu enda langt um liðið síðan hann réri á Fróða Ben.

Konan kvað já við spurningu mannsins og bauð honum að stíga inn fyrir.

Hrafnkell kom fram og Sveinn þekkti hann undireins:

„ Blessaður Hrafnkell. Ekki veit ég hvort þú manst eftir mér en ég réri sem háseti á bát þínum fyrir margt löngu og var á ferð hér um og ákvað að láta verða af því að kíkja við. „

Hrafnkell virti manninn fyrir sér stutta stund. Bros færðist yfir andlit hans eins og gerist hjá manni sem skyndilega kviknar á perunni hjá:

„ Svenni minn úr Keflavík. Sannarlega man ég eftir þér og hann sonur minn færði mér góðar fréttir af þér. Orðin kristinn og þjónn Drottins. En endilega taktu af þér yfirhöfnina og sestu hjá okkur. Við erum með gesti og drekkum kakó og etum pönnukökur og alltaf má bæta við einum í viðbót. Þú ert gegndrepa drengur. Eru hestarnir ekki tryggilega bundnir fyrir utan húsið?„

„ Jú, Ég hnýtti þá við stóra steininn. „ - Sveinn ræksti sig og barði sér með höndunum til að fá blóðrásina á meiri hreyfingu:

„ Það á að duga. „ - sagi Hrafnkell:

„ Má ég kynna gamlan háseta minn sem söðlaði um og gerði Kristi að herra yfir sínu lífi Svein – hérna – Hann snéri sér að gestinum:

„ Hvers son ert þú aftur Sveinn? -

Óskarson."

„ Já. - Má ég kynna Svein Óskarson úr Keflavík, nýja sköpun í Kristi. Sveinn var eitt sinn háseti á bát mínum.

Hvað er langt síðan? „ - Hrafnkell beindi spurningunni til gestsins sem var sestur við hlið hans í sófanum sem brást við með hærra og langdregnara braki en í fyrra skiptið.

„ Ár og dagar. Sannast sagna mann ég ekki lengur hvaða ár þetta var en eitt veit ég að mikið vatn hefur runnið til sjávar og margt breyst til batnaðar í lífi mínu. En ég heilsa ykkur öllum í Jesús nafni og tek mér það Bessaleyfi að færa góða kveðju úr heimabæ mínum Keflavík þar sem fram fara bænastundir tvisvar til þrisvar í viku. - Gaman að sjá þig aftur Hákon Lúðvík lækni: „

Hákon stóð á fætur og tók í hönd hans. Sama gerðu aðrir inni og kynntu sig um leið.

„ Ef þú hefðir verið fyrir á ferðinni hefðirðu náð samkomunni sem Hjálpræðisherinn var með á Lækjartorgi fyrir í dag og var svo almennilegur að bjóða Hrafnkeli að predika á. – sagði Bjargveig og hellti kakói í bolla og skellti sultutau í pönnu og rétti gestinum:

„ Gerðu svo vel og velkominn í mitt hús. „

„ Amen. Sannarlega hefði verið ánægjulegt að deila tíma með ykkur á Lækjartorgi en því miður. Ég er langt að kominn. „ - sagði Sveinn



og sötraði varlega á sjóðheitum dryknum og beit í gómsætt bakkelsið.

## 20 kafli

Sveinn Óskarson var glaður. Hann hafði óvænt hitt hóp af kristnu fólki. Heimsóknin var honum mikils virði. Ekki skemmdi fyrir að kakóið hjá Bjargveig bragðaðist vel og pönnukökurnar voru yndislegar og fóru sannarlega vel í munni og maga eftir að þær höfðu verið smurðar með sultu og þykku lagi af þeyttum rjóma og brotnar saman samkvæmt kúnstarinnar reglum. En tíminn leið og eins og hnippti í hann með reglulegu millibili:

„ Sveinn! S-V-E-I-N-N! Vaknaðu! Ætlar þú að láta fundinn þér úr greipum ganga og koma tómhentur heim til þín eða ekki? „

Hrossin hímdu fyrir utan og tuggðu mélin. Annað hrossið hneggjaði eins og til að kalla á eigandann og fá aftur eilitlea hreyfingu. Vosbúðin kældi dýrið. Hesturinn sem var hnakklaus hristi sig. Vatnið í feldi hans gekk í gusum af honum og lenti að einhverju leiti á hinum hestinum sem lét sér fátt um finnast og tók þessum aukabirgðum af vatni yfir sig með stóískri ró hins vel tamda íslenska hests. Feldur hans tók enda ekki við meira af vatni og allt aukavatn lak af honum niður á jörðina. Eitt gat hann samt gert. Hrist sig eins og hinn hesturinn gerði þótt hnakkurinn væri kyrfilega spenntur á baki hans. Vatnið skvettist af honum - og ístöðin. Engu var líkara en að þau hefðu fengið í sig hroll við skyndilegar hristur dýrsins.

Sumar fuglategundir notfærðu sér veðrið og komu sér fyrir á túnblettinum neðan við hús Hrafnkels og gogguðu upp í sig maðkinn sem skaut upp á yfirborðið undan vætunni. Maðkurinn flúði upp á yfirborðið undan þessari skyndilegu vætu og lentu margir af þeim fyrir vikið í kjafti gráðugra fugla sem kunnu sér vart kæti af fögnuði yfir magafyllingunni sem í vændum var hjá þeim.

Hringrásin var sýnileg fyrir sjáandi augu sem þekktu Drottinn og vissi hvernig hann blessar alla sína sköpun.

Sveinn leit á klukkuna og sá sér til armæðu að tíminn æddi áfram. Slíkur æðibunangur klukkunnar er þó vel þekktur þegar menn eru í góðra vina hópi og líkar vel þar sem þeir eru niðurkomnir og eru sjálfir ekkert að flýta sér. En för hans til borgarinnar var að vinna ákveðið verk sem fráleitt gat gerst hjá honum í sitjandi stöðu í öðru húsi en maðurinn sem hann hugðist hitta bjó í.

Og honum var ekki sætt lengur. Maðurinn var líklega farinn að bíða eftir honum. Þeir höfðu mælt sér mót á þessum degi um þetta leiti fyrir um hálfum mánuði síðan. Hann stóð á fætur þakkaði gestgjöfunum innilegar móttökur og frábærar veigar. Á tröppunum faðmaðist fólkið og óskaði hvert öðru velfarnaðar.

Þótt himininn yfir höfðum fólksins væri grár og gugginn var samt uppstyttu í augnablikinu. Menn vonuðu að regnið væri gengið yfir.

Á götunni framan við húsið gaf að líta mismunandi lagaða polla. Ef ekki bættist við mundi þetta vatn síga niður í jörðina og skilja eftir sig eilítið stærri holu sem tæki meira vatni til sín í næstu rigningum.

Hrafnkell gekk með gestinum að hestunum. Sveinn tók taum reiðhestsins og smeygði honum yfir hausinn á hrossinu. Hrafnkell leysti hinn klárinn og hélt í tauminn sem hann rétti Sveini undireins og hann var orðin klár til áframhaldandi ferðar. Á bak við þessi miklu ský á himnum var sólin. Allt gat gerst og hann hellt meira úr sér af lífgefandi vatninu. Staða og litur skýjanna gaf það til kynna. Pollarnir mynduðu ákveðið munstur þegar horft var eftir götunni. Skaparinn hefur getu til að breyta landslaginu og búa til nýtt með hverri rigningu sem fellur af himnum. Ekkert er eins þótt svo virðist við fyrstu sín.

Ólsen Larsen stóð á stéttinni og ræddi við Bjargveig og Hákon Lúðvík lækni ásamt Andréssi syni sínum og Ísabellu. Engin asi var á fólkinu og fékk Ólsen allan þann tíma sem hann þurfti fyrir sitt spjall. Hann tilkynnti þarna á stéttinni um að séra Þorgrímur Dómkirkjuprestur hafi beðið sig að predika í kirkjunni. Dagsetningin var ekki kominn á hreint. Fólkið fékk þarna mikilvægt bænarefni.

Sveinn steig á bak og tók við taumnum úr hendi formannsins. Andrés sá hvar annað hrossið lyfti líttillega taglinu. Hávær og langdreginn fretur ruddist frekjulega út. Atvikið kveikti lítið bros á vörum mannsins. Aðrir á svæðinu létu sem þeir hefðu ekki heyrt.

Hrossið sem Svenni Mæju sat á gerðist órólegt og vildi ótt halda af stað. Það krafsaði framlöpp í regnvota jörðina og sveigði fagurlega gerðan hálsinn upp og niður á meðan það steig sín dansspor á staðnum með manninn sitjandi á baki sér og sýndi óróleika sinn á þann máta. Var biðin enda orðin löng fyrir viljugt dýrið sem gladdist við að spretta úr spori og blés ekki úr nös þótt langt væri farið og fátt um hvíld á leiðinni frá Keflavík til Reykjavíkur. Enda í góðri þjálfun af stöðugri notkun eiganda síns. Ferðirnar þeirra saman voru orðnar ótalmargar á umliðnum árum. Hrossið var ýmist spennt fyrir kerru undir varning eða eins og nú með hnakk á baki sér og í fylgd annars hross til að fá hvílt sig á ferðinni og hlaupið með án byrðanna á baki sér.

Útidyr á húsinu til vinstri, í tveggja húsa fjarlægð hinum megin götunnar laukst upp. Skellurinn sem barst er hurðin skall harkalega að stöfum vakti athygli mannanna. Út gekk maður í efnismiklum frakka með húfu á höfði og hnausþykka ullarvettlinga sem hann klæddi sig í á meðan hann gekk að klári sem bundin var við tré í garði hússins. Maðurinn var gestkomandi í húsinu og búsettur í Hafnarfirði. Þaðan sem hann réri á sexæringi sem bar hið sérkennilega nafn Sextándi sem engin virtist vita nákvæma skíringu á hvernig til var komið. Systir mannsins og maður hennar bjuggu í þessu húsi ásamt tveimur sonum sínum ungum að árum. Aldraðir foreldrar mannsins bjuggu í einu herbergi í kjallaranum sem komist var í í gegnum lúgu á gólfi eldhússins og eftir mjóum, bröttum stiga. Skellurinn sem barst yfir til mannanna kom ekki vegna óvinskapar fólksins eða að menn hafi skilið ósáttir heldur vindsins sem komst inn um opinn glugga baka til í húsinu og náði taki á dyrunum.

Hrafnkell vinkaði til mannsins og bauð góðan daginn. Maðurinn svaraði brosandi í sömu mynnt. Hann bar líttillega kennsl á formanninn á Fróða Ben sem stundum renndi bát sínum upp að

Sextánda á Flóanum til að afla sér upplýsinga um afla og annað álíka sem að gagni mátti koma fyrir áhöfnina. Slíkur samgangur var ekki óalgengur hjá bátaflotanum á Flóanum. Og með tíman verða menn kunnugir hvorir öðrum. Allavega málkunnugir.

Hestur hafnirðingsins hengdi haus þar sem hann stóð bundin við tréð og lét sér fátt um finnast þótt eigandinn brygði sér á bak án þess svo mikið sem strjúka honum eilítið um ennið og snoppuna eins og hann stundum gerði. Með jafnvel brauðmola falin í lófa sínum. Ekkert svoleiðis gerðist núna. Maðurinn sló tvisvar, þrisvar í klárinn með báðum fótum og talaði skipunarómi til hrossins sem að lokum lallaði sér af stað sínum hægu skrefum með hausinn beint fram eins og hann vildi skoða jörðina undir fótum sér vel og gaumgæfilega á ferð sinni eftir blautri götunni. Áhugaleysið og viljaleysið var augljóst:

„ Iss maður! Þetta er meiri letibikkjan sem maður orðið á. Nennir varla að hreyfa sig úr sporunum. Af sem áður var þegar líf var í hverjum limi og vöðvum og viljinn slíkur að stundum þurfti maður að hafa sig allan við til að hemja skepnuna. En samt er hann greyið betri en engin. Góð hross eru svo sem ekki gefin í dag. Og ekki veður maður í aurnum. „ - Sagði maðurinn um leið og hann reið framhjá Hrafnekli og Sveini sem enn voru í hrókasamræðum:

„ Hann er nú búinn að þjóna þér vel þessi í gegnum tíðina og með aldrinum fer líka í flestum tilvikum fjörið út í móa. „ – sagði Hrafnkell:

„ Rétt minn gamli vinur. Þessi er búinn að vera mér og mínum lengi til halds og trausts en er nú kominn á aldur og fer hver ferð úr þessu að verða hans síðasta. Og svona er bara lífið. Já, rétt er það og maður skal þakka það sem liðið er og gott. „

„ Guð blessi og varðveiti þig og fjölskyldu þína. Láttu sjá þig oftari í Dómkirkjunni. Allir hafa gott af því að lofa Drottinn eilítið meira: „ – sagði Hrafnkell og horfði á eftir manningnum. Fæturnir skullu með reglulegu millibili í síðu hrossins.

„ Sjáum hvað setur! Sjáum hvað setur. Aldrei er að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Þótt hafnfirðingar séu duglegir að sækja borgina heim tekur ferðin samt sinn tíma. Og svo er nú alltaf annað veiðið sunnudagsstundir í Garðakirkju sem ég sæki ásamt konu minni þegar hlé er á sjómenskunni. Ég er nú ekki alveg týndur í þessu. „ -

„ Gott að heyra. Drottinn hefur margt sem hann vill að þú eignist og vitir um. „

Maðurinn veifaði aftur hendi til manna án þess að svara. Gusurnar gengu til hliðanna er járnaðir hófar hrossins skullu ofan í pollanna á götunni:

„ Alveg er þetta magnað og líka dæmigert. Sá grái minn er einkar laginn við að þræða pollanna og skvetta vatninu úr þeim í allar áttir. „ - Sagði maðurinn hlējandi og beygði við næsta götuhorn til hægri og hvarf þeim sjónum.

„ Þú hlýtur að getað stjórnað hrossinu. „ – heyrðist í Bjargveig af tröppunum. En maðurinn var horfin og heyrði ekki athugasemdir konunnar. Ekkert svar barst handan við húshornið.

Stund kveðjunnar var aftur runninn upp. Svenni Mæju rétti Hrafnkeli hönd sína öðru sinni og bauð honum að mæta á bænastund í Keflavík ætti hann leið þar um. Heimsókninni var lokið.

Samkoman á Lækjartorgi hafði heppnast vel og menn sátir með það sem þeir höfðu upplifað.

Sveinn reið af stað og fór mikinn. Hann hélt í taum fylgdarhrossins. Honum lá á að komast til fundar við manninn sem líkast til var farinn að bíða og gerast ópolinmóður.

Maðurinn var útgefandi og rak prentsmiðju sem Sveinn hafði haft spurnir af og við það fengið hugmynd að litlu blaði sem hann vildi fá prentað í ákveðnu upplagi til boðunar fagnaðarerindisins í heimabæ

sínum Keflavík. Eitt leiddi af öðru og nú var hann hér til að leggja lokahönd á spennandi verk. Uppkast að útliti blaðsins og efnistöku var tilbúið í hnaktöskunni sem vafið var inn í handklæði.

Ólsen Larsen næturvörður stoppaði hjá Hrafneki ásamt sínu fólki:

„ Biðjum fyrir þessum bróðir okkar úr Keflavík að fundurinn fari eins og að var stefnt og að menn gangi sáttir frá þessu borði og einnig fyrir því sem þeir eru að gera þarna í Keflavík. Drottinn þekkir málið: „ – sagði hann og strauk yfirvaraskeggið með vísifingrinum af venjubundinni natni.

Allir á staðnum voru sammála. Fólkið laut höfði. Ólsen bað:

„ Kæri himneski Faðir! Blessaðu þennan bróðir okkar og veittu þitt brautargengi. Snertu við manneskjunnar sem hann fer til fundar við til að einnig hún megi kynna dýrð þinni, kærleika og elsku. Þú þekkir hjartað. Í Jesús nafni. Amen. „

„ Amen „

Svæðið varð mannautt. Grámygluleg ský huldu andartakið sínum lit. Vindhviða gekk eftir götunni og varð sýnileg er hún sveigði lítillaga hin fáu tré sem stóðu við þessa götu og tilheyrðu íbúðarhúsum. Nú voru þessi tré sem óðast að komast í fullan skrudá vegna sumarsins sem sífellt varð fyrirferðarmeira í veruleika fólksins.

Einmannalegt skjótt hross labbaði hægum skrefum eftir götunni og stöðvaðist við hross sem enn var bundið fyrir utan hús með eiganda sinn inni svolgrandi sitt kaffi. Það leitaði að félagsskap og hélt sig hafa fundið hann í hrossinu sem á vegi þess varð. En svo var ekki. Hrossið sem bundið var rak nefnilega upp ýlfur og sparkaði í aðkomuhrossið sem við höggið hrökkladist í burtu og hélt sína leið. Bundna hestinum varð brugðið við skyndilega gestakomuna og snérist til varnar. Viðbrögðin hjá því gáfu vísbendingar um taugaveiklun. Að hross gangi laus í borginni var ekki með öllu

óþekkt. Lausagangan stafaði af hirðuleysi eigendanna sem ekki hirtu um að lagfæra girðingar sem áttu að halda skepnunum kyrrum. En þessir reitir voru víða innan borgarmarkanna sem fólki var heimilt að nota. Íbúarnir voru ekki sérlega hrifnir af þessari lausagöngu og fannst slæmt að vakna upp að morgni dags með kannski þrjú dýr í garðinum sínum að háma í sig grængresið af blettinum. Að ekki sé talað um færur þau í matjurtargarðinn og rótuðu upp því sem þar átti að spretta eigendum sínum til blessunar og nytjar á komandi vetri. Sumarið framundan var nefnilega tími sprettu og vaxtar og núna voru margir einmitt nýbúnir að sá í sína garða góðu sæði.

Dagur var að kveldi kominn.

Tíminn leið.

Með hverjum nýjum degi styttist í að sumarvertíðin hæfist hjá bátaflotanum sem stundaði Flóann. Fróði Ben RE lá á sínum stað í fjörunni. Báturinn var skínandi fagur svona nýmálaður og allur hreinn og strokinn að innan eftir þrifin sem sjómennirnir gerðu í vertíðarlok. Misjafnt var hvaða áherslu formennirnir lögðu á þennan þátt málsins en Hrafnkell hafði alla sína formannstíð haft ákveðna reglu þarna sem hann lét mannskapinn uppfylla í lokin. Sum fleyjanna voru illa hirt með flagnandi málninguna utan á sér eins og fleiður sem engin fegurð var í. Bátar þessara manna voru skítugir með fiskiblóðið smurt á innanverðan byrðinginn sem vatn og sápa inni auðveldlega á. En til þess að svo yrði þurfti að bretta upp ermar og vinna verkið.

Litlu árabátarnir stóðu á þurru á meðan stærri skip lágu við stjóra út á höfninni og biðu flest losunar eða lestunar.

Annað veiðið sást lítill árabátur stefna frá þessum skipum með einn, tvo eða fleiri kalla innanborðs sem vildu skreppa land til einkaerinda eða á vegum skipstjóra eða útgerðar. Stundum bárust frá þessum flota hróp og köll frá mönnunum sem unnu við eitthvað sem skipið kallaði eftir og nauðsýnlegt var að sinna. Of seint gat verið að ganga í verkið eftir að út á miðin var komið og veiðarnar að hefjast.



Meginhluti flotans sem lá við sinn stjóra fáeina metra frá landi voru fiskibátar og flestir útlenskir. Flotinn sá arna skírði vel fjöldann af erlendum sjómönnum sem þrómmuðu um götur borgarinnar og voru svolítið fyrirferðarmiklir í reykvísku mannlífi.

Sumir af þessum mönnum ráfuðu drukkni um göturnar og sumir fyrirferðarmeiri en aðrir vegna afleiðingar ölvunarinnar sem lenti á lögreglumanninum á vakt að afgreiða. Sjómaðurinn kann því vel að stíga á fast land og svona aðeins að teygja úr sér eftir volkið og veltinginn um borð. Eftir nokkra daga landlegu fór hafið samt að draga að sér athygli sinna manna sem urðu fegnir er stjórninn var aftur kominn um borð og fleyið stímdi út með nýjar birgðir af vistum og alla tanka og tunnur fulla af fersku vatni. Staðurinn sem skipið lá á varð aftur eins og hann áður var með sjóinn einan og einstaka fugl syndandi um. Eftir sitt úthald hurfu erlendu sjómennirnir af miðunum og sigldu yfir hafið og til síns heima uns aftur kom að nýrri sjóferð og nýtt úthald hófst.

Hold sveikraspítalinn var að mestu fullbyggður og styttest í að hann yrði tekinn í notkun og að þjóna sjúklingum sem þjádust af þessum hræðilega sjúkdómi holdsveikinni.

Hákon Lúðvík var undirbúin undir sinn þátt málsins. Glæsileg byggingin heillaði hann eins og flesta aðra borgarbúa. Að starfa innan veggja hússins voru forréttindi. Að vinna bug á holdsveiki var verðugast verkefna á Íslandi.

Fiskreitirnir í borginni stóðu auðir þótt sól skini í heiði. Hróp og köll og skipanir bárust ekki frá þessum svæðum af öllu þessu stritandi fólki sem þar sinni sinni vinnu á meðan vinnudagur var og nóg af fiski til að vinna með. Núna var nefnilega sunnudagur og hvíldardagur fyrir margan borgarbúann.

Póstskipið „Drottningin“ lá við ankeri á legunni.

Hrafnkell gekk einsamall upp á hólinn skammt frá heimili sínu á leið sinni niður í fjöru. Bjargveig kæmi síðar og með henni Hákon Lúðvík. Hann stansaði augnablik á hólnum og skimaði út á Flóann sinn sem hafði verið honum svo gjöfull og kær í áratugi. Reykur úr skorsteini ensks togara sást:

„ Skyldu þeir vera að setja í hann „ - hugsaði hann og klóraði sér í þéttu og miklu skegginu.

Hann stakk höndunum í buxnavasa sína og gekk áfram. Innan tíðar myndi hann kalla saman áhöfnina og róa til fiskjar á gamalkunnum miðum Faxaflóa. Hann átti ekki von á neinum mannbreytingum hjá sér og var fegin að svo var ekki. Áhöfnin var enda samstillt og vann vel.

Böðvar á Blesa RE stóð við bát sinn og skoðaði seglbúnaðinn. Gríðarleg hóstakast vakti athygli þeirra sem í kring voru - og þó ekki. Hóstinn virtist vera eitt af einkennum Böðvars og tilheyrta honum.

Hrafnkell gekk eftir sandinum í fjörunni og til Böðvars. Þeir tókust í hendur. Tími var kominn til að troða tóbaki í pípuana og fá sér reyk. Reykjarstrókarnir gengu út um munn beggja mannanna sem ræddu um Flóann sinn og þessi gjöfulu miðinn. Sögurnar glöddu þessa þaulreyndu formenn.

Klukkan í turni Dómkirkjunnar hringdi. Klukknastringin minnti þá á. Hrafnkell og Böðvar slógu úr pípuhausunum og stungu þeim í vasa sína og gengu á hljóðið. Stund var að hefjast í kirkjunni sem þeir vildu ekki missa af. Inni sátu Bjargveig og læknirinn Hákon. Hrafnkell fékk sér sæti hjá fólkskyldu sinni og Böðvar hjá sínu fólki sem sat eilítið framar í kirkjunni. Við altarið stóð séra Þorgrímur í fullum skrúða prestsins og fletti í Biblíunni. Er messan hófst var hvert sæti kirkjunnar skipað þrúðbúnu fólki. Fótstigið orgelið hljómaði og kórinn þandi raddböndin og fagur söngurinn barst um salinn og út um opnar dyr kirkjunnar og til þeirra sem leið áttu hjá.

Hrafnkell laut höfði í sæti sínu og bað hljóða bæn til Drottins um vernd og varðveislu fyrir sig og fjölskyldu sína og mikil og góð aflabrogð á komandi sumarvertíð.

Lífið í Reykjavík sat við sitt heygarðshorn og gekk sinn vanagang og Drottinn heyrir bænir.

Endir.